**MEÐ VEISLU Í FARANGRINUM**

*Furuvín og njólajafningur*

Matur

allt Í MIÐJU BLAÐSINS






**MENNTAVEGURINN**

*Afreksfólk á sérstakri braut í FB*

Sérblað um framhaldsnám

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. júní 2007 — 153. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## FÖSTUDAGUR

### Kirsuberjagarður á tíu mínútum



Árni Pétur Guðjónsson leikari tekur þátt í dansleikhúskeppni Borgarleikhússins og Íslenska dansflokksins.

MENNING 32



### Lét sérmerkja bjórinn

Áhöfn Bjarts frá Neskaupstað lét sérmerkja sér bjór fyrir sjómannadaginn.

FÓLK 50

### Árni í raunveruleikaþætti



Þingmaðurinn Árni Johnsen eldaði eggjahræru úr svartfugls- og fýlseggjum.

FÓLK 50

**sirkus**

**KALLI BJARNI:**

Dópið tók fjölskylduna, ferilinn og frelsið.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




## VEÐRIÐ Í DAG




**ÁFRAM HÆGVIÐRI** - Í dag verður hæg breytileg átt. Dálítil rigning sunnan til, einkum síðdegis. Hætt við smáskúrum annars staðar, síst þó austan til á landinu. Hiti 10-17 stig, hlýjast til landsins.

# Styrkja leikskólana

**Minnka á starfsmannaveltu og fjölga faglærðum kennurum í leikskólum úr rúmum 42 prósentum í 70 prósent samkvæmt tillögu starfshóps Reykjavíkurborgar.**

**MENNTUN** Stórfjölga á fagfólki í leikskólum Reykjavíkur og minnka starfsmannaveltu með markvissum aðgerðum samkvæmt nýrri skýrslu starfshóps sem leikskólaráð Reykjavíkur setti á laggirnar í október 2006.

„Í fyrrahaust þegar vinnan fór af stað stóðum við frammi fyrir mikilli manneklu. Við brugðumst við henni á þeim tíma með skammtímalausnum en aðalvinnan í starfshópnum fól í sér að koma með langtímalausnir sem koma okkur til góða næstu tíu árin,“ segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi og formaður starfshópsins.

Starfshópurinn leggur til að leikskólastarfsfólki með stúdentspróf verði gert auðveldara að ljúka fjarnámi í leikskólafræðum samhliða starfi. Lagt er til að þeir sem hafa starfað í eitt ár eða lengur í leikskólum borgarinnar geti sótt um að stunda fjarnám í leikskólafræðum með starfi og án launaskerðingar.

> **LEIKSKÓLASTARFIÐ**
>
> **Styrkleikar:**
> - Lítil starfsmannavelta meðal leikskólakennara
> - Góður vinnustaður og gefandi vinna
> - Jákvæðni í garð leikskólakennara
> - Hlutastörf í boði
> - Mikil þekking og reynsla
>
> **Veikleikar:**
> - Starfsmannaþjónusta fáliðuð
> - Vanmat, of lítið sjálfstraust
> - Skortur á fagfólki
> - Lág laun
> - Of mikið vinnuálag

Þorbjörg segist mjög ánægð með fagnámskeið í samvinnu við Eflingu stéttarfélag sem ófaglærðum starfsmönnum leikskóla hefur staðið til boða. „Ég held að þetta nám eigi eftir að hjálpa leikskólunum mjög mikið. Starfsfólkið sem sækir þetta nám býr yfir gríðarlegri reynslu og fær í raun staðfestingu á því að það sem það gerir í starfi sé fræðilega séð rétt,“ segir hún.

Í skýrslunni kemur einnig fram að fjöldi nýráðninga á árinu sé sjöhundruð en Þorbjörg segir mikilvægt að lækka þá tölu. „Það er augljóst að það er minni starfsmannavelta á þeim leikskólum þar sem skipulag er gott, þróunarverkefni af ýmsum toga og áhersla á endurmenntun. Nú erum við með tölu fyrir framan okkur og þá fara hlutirnir að gerast og markmiðið er að sjálfsögðu að lækka hana,“ segir Þorbjörg.

Hún segir að nú auglýsi hver leikskóli fyrir sig eftir starfsfólki og það hafi reynst vel því þá gefist leikskólunum tækifæri til að kynna sína eigin hugmyndafræði og stefnu og fá um leið betri umsóknir. „Starfsmannavelta er mjög kostnaðarsöm þannig að til lengri tíma litið er betra að leggja fjármuni í vandaðar atvinnuauglýsingar. Það skilar sér á endanum,“ segir Þorbjörg. - lbb




**RÓIÐ Á ÞURRU LANDI** Þessir krakkar skemmtu sér konunglega á siglinganámskeiði þegar ljósmyndara bar að garði í gær þótt ekki væru þau enn enn komin á flot. Á námskeiðinu, sem siglingaklúbburinn Siglunes stendur fyrir, er börnunum kennt að róa kanó, kajak og árabát, og að lokum er farið í ævintýralegar sjóferðir. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Landsliðsþjálfaramál knattspyrnulandsliðs karla til umræðu:

# Raunhæft að ráða erlendan þjálfara

**FÓTBOLTI** Eftir slakt gengi íslenska karlalandsliðsins undanfarna viku hafa margir óskað eftir því að Eyjólfur Sverrisson segi starfinu lausu. Árangur liðsins undanfarna átján mánuði er ekki góður og hefur Eyjólfur ekki staðið undir þeim væntingum sem til hans voru gerðar.

Það er raunhæft fyrir KSÍ að ráða erlendan stórþjálfara til að taka við íslenska landsliðinu. Heimildarmenn Fréttablaðsins segja að vel væri hægt að fá þekkt nafn úr þjálfaraheiminum og greiða honum 20-30 milljónir í árslaun.

KSÍ er vel stætt og gæti hæglega borgað þessi laun af vaxtatekjum sambandsins einum saman sem í fyrra námu þær rúmum 77 milljónum króna. Að auki á KSÍ um 200 milljónir króna samkvæmt síðasta ársreikningi sambandsins.

Það er algengt í knattspyrnuheiminum að þær þjóðir sem ekki hafa náð miklum árangri í fótboltanum ráði til sín þekkta þjálfara. Gott dæmi um það eru Finnar sem fyrir átján mánuðum réðu Englendinginn Roy Hodgson til starfa.

Íslendingar og Finnar hafa svipaðan fjölda atvinnumanna utan föðurlandsins og segir Timo Jarvio, einn virtasti íþróttablaðamaður Finna, að sér komi á óvart hversu slakt gengi hefur verið hjá íslenska landsliðinu.

„Mér hefur alltaf fundist Íslendingar eiga betri leikmenn en við Finnar. Samt virðist það sjaldan skila sér í bættum árangri íslenska landsliðsins,“ sagði Jarvio við Fréttablaðið í gær.

Undir stjórn Hodgsons hafa Finnar náð ágætis árangri og mun betri en sá sem íslenska liðið getur státað sig af. Það er einnig athyglisvert að á þessum átján mánuðum hefur Hodgson stýrt Finnum í sjö vináttulandsleikjum en Eyjólfur því íslenska í aðeins tveimur.

- esá / sjá síður 42, 43, 44 og 46

Hollenskir námsmenn:

## Selja unglingum alkóhólduft

**HOLLAND** Hollenskir nemar hafa fundið upp alkóhólduft sem má selja unglingum með löglegum hætti.

Duftið kallast Booz2Go og er selt í 20 gramma pakkningum sem kosta um eina evru hver. Aðeins þarf að bæta vatni við duftið til að fá drykk með límónubragði og þriggja prósenta áfengishlutfalli.

„Þar sem áfengið er ekki í vökvaformi megum við selja það unglingum undir 16 ára,“ segir Martyn van Nierop, einn uppfinningamannanna. -sgj

Rannsókn á Gjástykkissvæði:

## Landsvirkjun veitt leyfi

**STJÓRNMÁL** Jón Sigurðsson, fyrrverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, veitti Landsvirkjun rannsóknarleyfi á Gjástykkissvæðinu í nágrenni Mývatns tveimur dögum fyrir alþingiskosningarnar 12. maí síðastliðinn. Leyfið var veitt 10. maí og gildir það í þrjú ár, til 10. maí 2010. Þetta er eina rannsóknarleyfið vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda sem veitt hefur verið á þessu ári.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir veitingu leyfisins „í skjóli komandi kosninga“ vera forkastanlega. - mh

Fjármálafyrirtæki veltumikil:

## Mest verslað með bréf í Glitni

**HLUTABRÉF** Helmingi meiri velta var með hlutabréf í Glitni en hjá öðru veltumesta fyrirtækinu í Kauphöll Íslands á fyrstu fimm mánuðum ársins. Alls námu viðskipti með bréf Glitnis 334 milljörðum króna á tímabilinu. Kaupþing kom þar á eftir með 211 milljarða króna veltu.

Sex fjármálafyrirtæki skipuðu efstu sætin yfir veltuhæstu fyrirtækin. - eþa / sjá bls. 22







## SPURNING DAGSINS



*Kristján, ertu örviti?*

„Það eru mín örlög.“

Dr. Kristján Leósson eðlisverkfræðingur hlaut hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs. Kristján hefur rannsakað nýjar tegundur örrása.

Tekist á um friðland í Þjórsárverum og verndun Þjórsár á Alþingi í gær:

# Vill takmarka heimild til eignarnáms

**STJÓRNMÁL** Illugi Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, vill kanna hvort takmarka eigi heimildir iðnaðarráðherra til eignarnáms vegna jarða sem verða fyrir áhrifum virkjanaframkvæmda. Þetta kom fram í jómfrúrræðu hans á Alþingi í gær. Tekist var á um friðland í Þjórsárverum og verndun Þjórsár á þingfundinum.

Auk þess sagði Illugi ríkisábyrgð á lántöku vegna framkvæmda þar sem um er að ræða orkuvinnslu og sölu fyrir einn einstakan stóran notanda „í hæsta máta óeðlilega“. Hann nefndi einnig að nauðsynlegt væri að leggja mat á verðmæti þeirra vatnsréttinda sem eru í eigu ríkisins.



**SKRAFAÐ Í FORSETASTÓL** Iðnaðarráðherra hvíslar orð í eyra forseta Alþingis við umræður í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/Hörður

Vinstri grænir lögðu fram þingsályktunartillögu um að fallið verði frá áformum um Norðlingaölduveitu og að ekki verið ráðist í neinar frekari virkjunarframkvæmdir í Þjórsá.

Guðfríður Lilja, varaþingmaður Vinstri grænna, spurði hvers vegna enn þyrfti að ræða um hvort Þjórsárver væru óhult. „Hvers vegna kostar það erfiða og linnulausa baráttu að bjarga því sem hver einasti Íslendingur á að vera stoltur af að vernda og flagga? Það er dapurlegt að við séum ekki komin lengra en þetta í verðmætamati og sýn á náttúruvernd.“ - sþs

Drykkur hefur aukaverkanir:

# Maður kærir krónískt holdris

**BANDARÍKIN** 29 ára maður í New York hefur kært framleiðendur heilsudrykks, en hann segir drykkinn hafa valdið holdrisi sem stóð linnulaust í tvö ár.

Maðurinn drakk heilsudrykkinn 5. júní árið 2004. Morguninn eftir vaknaði hann með holdris sem hann gat ekki losnað við. Í kjölfarið gekkst hann undir aðgerð til að laga blóðflæðið í getnaðarlimnum og hafði hún tilætluð áhrif.

Drykkurinn vítamínbætti heitir Boost Plus og er framleiddur af svissneska lyfjafyrirtækinu Novartis. -sgj



**Í BÍL** Börn eiga að vera vel fest í bílnum.

Könnun á öryggi barna í bíl:

# 14 prósent ekki nægilega varin

**UMFERÐ** Um fjórtán prósentum barna er ekið til leikskóla í óviðunandi öryggisbúnaði. Af þeim eru um fimm prósent algjörlega óvarin og þar af leiðandi í lífshættu. Þetta er meðal niðurstaðna í árlegri könnun um öryggi barna í bílum sem Landsbjörg gerir ásamt fleirum.

Börn þeirra ökumanna sem notuðu ekki bílbelti voru laus í þrettán prósentum tilfella en í aðeins 1,8 prósentum tilfella hjá þeim sem voru í belti. Búnaður 1944 barna var skoðaður.

Í umferðarlögum segir að ökumaður beri fulla ábyrgð á því að farþegar undir fimmtán ára aldri noti öryggisbúnað. - sþs

## BANDARÍKIN

### Á fleygiferð fastur í stuðara

Tvítugur hreyfihamlaður Bandaríkjamaður hlaut óviljandi rússíbanareið á dögunum þegar hjólastóllinn hans festist í stuðara flutningabíls. Hann fór sex kílómetra vegalengd á 80 kílómetra hraða en slapp ómeiddur.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Garðvinna stöðvuð um nótt

Maður í austurborginni ákvað að slá garðinn sinn aðfaranótt fimmtudagsins. Nágrannarnir festu ekki svefn og höfðu samband við lögreglu sem kom á staðinn. Sláttumaðurinn tók tilmælum lögreglunnar vel og slökkti samstundis á vélinni.

# Ældi upp poka sem innihélt fíkniefni

**Ungur karlmaður var fluttur með sjúkraflugi frá Egilsstöðum til Reykjavíkur í fyrrinótt með fíkniefni innvortis. Lögreglumaður fingurbrotnaði í átökum við manninn. Maðurinn er í gengi sem tengist tveimur líkamsárásum í bænum.**

**LÖGREGLUMÁL** Liðlega tvítugur karlmaður ældi upp poka með fíkniefnum á lögreglustöðinni á Egilsstöðum aðfaranótt fimmtudags. Maðurinn var handtekinn við Menntaskólann á Egilsstöðum en lögreglunni hafði borist kvörtun um ólæti drukkinna manna skammt frá skólanum. Mennirnir gerðu sig líklega til slagsmála og þegar lögregla ætlaði að skakka leikinn brást maðurinn illa við. Hann slasaði lögreglumann í átökunum og var að lokum handtekinn og færður á lögreglustöðina.

„Hann byrjaði að kasta upp fljótlega eftir að hann kom á stöðina svo við kölluðum eftir aðstoð læknis,“ segir Óskar Bjartmars, yfirlögregluþjónn á Egilsstöðum.

Við frekari uppköst kom í ljós lítill poki með ætluðum fíkniefnum. Ákvað læknirinn þá að senda manninn með sjúkraflugi til Reykjavíkur enda taldi hann hættu á að fíkniefni sem maðurinn kynni að geyma innvortis yllu honum skaða.

Óskar segir efnið sem maðurinn hafði gleypt líkast til amfetamín. Ekki var um mikið magn að ræða, aðeins nokkur grömm.

Hópurinn sem lögreglan hafði afskipti af við skólann hefur áður komið við sögu lögreglunnar. „Þetta eru fimm aðkomumenn sem hafa haldið til hérna undanfarið og þessum hópi tengjast tvö líkamsárásarmál sem komu upp um síðustu helgi,“ segir Óskar.

Maðurinn var nýkominn til Egilsstaða frá Reykjavík en ekki liggur fyrir hvort hann hafði fíkniefnunin með sér þaðan. Rannsóknardeild lögreglunnar á Eskifirði fer með rannsókn málsins.



**SLAGSMÁL Í UPPSIGLINGU** Maðurinn var handtekinn við Menntaskólann á Egilsstöðum í útjaðri bæjarins í fyrrinótt. Við komu á lögreglustöð kom í ljós að hann hafði gleypt poka með fíkniefnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR

Ófeigur Þorgeirsson, yfirlæknir á slysa- og bráðamóttöku Landspítalans, segir að maðurinn hafi ekki verið hætt kominn. Ekki fundust meiri fíkniefni innvortis við komuna til Reykjavíkur og var maðurinn útskrifaður af sjúkrahúsi í gær.

Lögregluþjónninn sem slasaðist í átökum við manninn er fingurbrotinn og með brákað rifbein. Hann verður frá vinnu í að minnsta kosti þrjár vikur.

thorgunnur@frettabladid.is

EFTA og Kanada semja loks:

# Fríverslun milli ríkja samþykkt

**UTANRÍKISMÁL** EFTA-ríkin og Kanada hafa skrifað undir samkomulag um fríverslunarsamning milli ríkjanna. Þannig lýkur samningaviðræðum sem hófust í Reykjavík vorið 1998 þegar Ísland gegndi formennsku í EFTA. Þetta segir í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu.

Samkomulag varð um niðurfellingu á öllum iðnaðarvörum og ýmsum öðrum vörum sem Ísland framleiðir og flytur út. Í staðinn veitir Ísland Kanada tollfrjálsan aðgang fyrir iðnaðarvörur og sambærilegan aðgang fyrir landbúnaðarvörur og frá Evrópusambandinu. - sþs

Dómi í héraði snúið við:

# Kaupréttur telst hluti af launum

**KJARAMÁL** Kaupréttarsamningar eru hluti af útreikningum launum þeirra átta starfsmanna FL-Group sem hafa hæst laun, í skilningi eftirlaunasamnings Sigurðar Helgasonar við fyrirtækið.



Sigurður Helgason

Hæstiréttur felldi þennan dóm gær og sneri við dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í fyrra.

Í eftirlaunasamningi Sigurðar, fyrrverandi forstjóra Flugleiða, eru eftirlaun hans tengd meðallaunum átta launahæstu starfsmanna fyrirtækisins. Sigurður krafðist þess að viðurkennt yrði að kaupréttarsamningar væru hluti af útreiknuðum launum, héraðsdómur sagði nei, en Hæstiréttur sneri dómnum við. - sþs


BÍLL DAGSINS

TOYOTA RAV4

Nýskr. 06.07 - Sjálfskiptur - Ekinn 22 þús. km.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020


Gunnar Smári telur Nyhedsavisen geta orðið vinsælasta blað Danmerkur:

# Nyhedsavisen vinsælla en Berlingske

**FJÖLMIÐLAR** Íslensk-danska fríblaðið Nyhedsavisen er nú orðið vinsælla meðal danskra lesenda en áskriftarblöðin gömlu, Berlingske Tidende, BT og Ekstra Bladet. Samkvæmt könnun Gallup lásu 391.000 Danir Nyhedsavisen á degi hverjum í síðasta mánuði og er það aukning um 100.000 lesendur frá mánuðinum á undan.

„Ég er viss um að við verðum stærsta blaðið í Danmörku í lok þessa árs. Við erum eina blaðið sem vex og stækkar,“ segir Gunnar Smári Egilsson, forstjóri útgáfusjóðsins Dagsbrún Media. Nyhedsavisen var með 249.000 lesendur í ársbyrjun.

Í stærstu borgum og bæjum Danmerkur, Kaupmannahöfn, Árósum og Óðinsvéum, er Nyhedsavisen vinsælast allra blaða. „Það var okkar fyrsta markmið að ná góðri fótfestu á þessum markaði, sem við teljum mikilvægasta markaðinn í Danmörku.“

Fríblöðin 24timer, MetroXpress og Urban mælast með hlutfallslega fleiri lesendur á landsvísu og trónir MetroXpress á toppnum með 560.000 lesendur. Gunnar Smári bendir á að tvö þau síðarnefndu hafi verið gefin út í fimm ár og falli nú í lestri. 24timer hafi einnig hafið göngu sína á undan Nyhedsavisen sem nú saxi smám saman á forskot hinna fríblaðanna.

Á landsvísu er Nyhedsavisen með 57,2 prósenta lestraraukningu á árinu, en í þéttbýli er aukningin 37,8 prósent. -kóþ

**BREYTING Á LESTRI Í ÞÉTTBÝLINU**

Nyhedsavisen 37,80%
Metroexpress -7,80%
Politiken -4,50%
Urban -19,20%
24 Timer 4,30%

HEIMILD: GALLUP




GUNNAR SMÁRI EGILSSON



Opnaðu
með okkur!
Í dag mun útibú SPRON í Hátúni flytja í nýtt og stórglæsilegt húsnæði í Borgartúni 26.
Við bjóðum alla velkomna í heimsókn til að skoða húsakynnin og þiggja veitingar.
SPRON
Opnunarhátíð
Á laugardag kl. 14-16
Trúðarnir síkátu, Búri og Bína, sýna sínar bestu hliðar
Söngatriði úr söngleikjunum Gretti og Abbababb
Hoppukastali
Andlitsmálun
Grillaðar pylsur og gos
Sælgæti, blöðrur og margt fleira skemmtilegt
Kynnir
Björgvin Franz Gíslason
Allir velkomnir!
75 ára
spron
SPRON, sími 550 1200, Þjónustuver, sími 550 1400, spron.is

## GENGIÐ 06.06.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,44 | 62,74 |
| Sterlingspund | 124,38 | 124,98 |
| Evra | 84,37 | 84,85 |
| Dönsk króna | 11,330 | 11,396 |
| Norsk króna | 10,449 | 10,511 |
| Sænsk króna | 9,039 | 9,091 |
| Japanskt jen | 0,5153 | 0,5183 |
| SDR | 94,73 | 95,29 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
114,5952

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Óhöppum á Keflavíkurflugvelli hefur fjölgað með aukinni flugumferð:

# Ekið á flugvélar Heimsferða

**SAMGÖNGUR** „Þetta er óásættanlegt og maður hlýtur að spyrja sig hvort þetta starfsfólk sé hæft til þess að vinna innan um svona dýran búnað,“ segir Andri Már Ingólfsson, eigandi Heimsferða, en ekið var utan í flugvél ferðaskrifstofunnar á Keflavíkurflugvelli í gær. Þetta er í annað sinn á einni viku sem slíkt gerist.

Í fyrra skiptið rakst bíll sem var að flytja mat á vélina en í seinna skiptið var það farangursfæribandið sem fór utan í vélina. Flugvélarnar skemmdust ekki en þegar óhöpp sem þessi verða þarf að skoða þær og yfirfara. Í bæði skiptin varð sex tíma seinkun á



**FLUGVÉL FERMD** Tvisvar hefur verið ekið á flugvél frá Heimsferðum á einni viku. Farangursfæriband fór utan í vél í gær en í fyrra skiptið var matarbíll á ferð.

flugi Heimsferða til Alicante.

Andri segir að óhapp sem þetta sé farþegunum til mikilla óþæginda en einnig kosti það sitt fyrir ferðaskrifstofuna.

Stefán Thordersen, framkvæmdastjóri öryggissviðs Keflavíkurflugvallar, viðurkennir að mikið hafi verið um óhöpp á vellinum undanfarið. „Við erum meðvitaðir um þetta vandamál og erum að vinna að lausnum. Flugumferð um völlinn hefur aukist og áhættan eykst í kjölfarið,“ segir Stefán.

Hinn 1. júní síðastliðinn voru gefnar út nýjar öryggisreglur fyrir flugvöllinn sem kynntar hafa verið öllum fyrirtækjum sem starfa á vellinum. Stefán segir að þær séu liður í að fækka óhöppum. **- þo**

Háskólinn á Bifröst:

## Opnar útibú á Egilsstöðum

**EGILSSTAÐIR** Háskólinn á Bifröst opnar um þessar mundir útibú í húsnæði Þekkingarnets Austurlands á Egilsstöðum. Í útibúinu verða veittar upplýsingar um nám og kennslu við HB og er þetta fyrsta skrefið í átaki skólans til að breiða starfsemi sína víðar um land.

„Við erum að bjóða öllu Austurlandi að koma í fjarnám til okkar,“ segir Rebekka Rán Samper, markaðsstjóri HB. Hún segir að á Austurlandi séu ný sóknarfæri vegna framkvæmda, en til standi að opna álíka stuðningsskrifstofur vegna fjarnámsins um land allt. **- kóþ**

Ólögleg hjól í verslunum:

## Fækkar hægt

**NEYTENDUR** Ólöglegum hjólum í verslunum hefur fækkað undanfarin tvö ár. Þetta kemur fram í könnun sem Brautin - bindindisfélag ökumanna og Sjóvá Forvarnahúsið gerðu.

Ólöglegum hjólum hefur fækkað úr 47 prósentum í 38 prósent en betur má ef duga skal að mati Einars Guðmundssonar, forstöðumanns Forvarnahússins. „Það er mikilvægt að foreldrar átti sig á því að þegar þeir kaupa reiðhjól eru þeir kannski ekki að kaupa löglegan hlut,“ segir hann.

Þeir hlutir sem vantar á hjólin eru til að mynda frambremsur og keðjuhlífar. Bjöllur og lásar, sem er einnig skylda að hafa á hjólum, voru undanskilin í þessari könnun. **- pal**



**LÖGREGLUHUNDUR** Ekki þekkjast dæmi um að Íslendingur hafi verið ákærður fyrir að gretta sig framan í lögregluhund.

Bandarísk kona ákærð:

## Gretti sig framan í lögregluhund

**BANDARÍKIN, AP** Ákæra gegn bandarískri konu í Vermont var felld niður á þriðjudag. Konunni hafði verið gert að sök að hafa starað á lögregluhund og grett sig framan í hann.

Mál konunnar átti að fara fyrir rétt í vikunni, en hún var ákærð fyrir slæma meðferð á dýrum og að verjast handtöku.

„Ég held að það hefði verið erfitt að sanna að framferði hennar hafi breytt líðan hundsins,“ sagði lögfræðingur konunnar. „Hundar geta ekki borið vitni.“ **- sgj**

# Óvæntur árangur á leiðtogafundinum

**Merkel fékk Bush til að fallast á sameiginlega yfirlýsingu um umhverfismál. Pútín kom með óvænta tillögu um hið umdeilda eldflaugavarnakerfi Bandaríkjamanna, sem gæti orðið grundvöllur að lausn.**

Óvæntur árangur náðist í gær í tveimur af stærstu deilumálunum, sem til umræðu eru á leiðtogafundi G8-ríkjanna í Heiligendamm í Þýskalandi.

Annars vegar tókst Angelu Merkel Þýskalandskanslara að fá George W. Bush Bandaríkjaforseta til að fallast á sameiginlega yfirlýsingu um umhverfismál, og hins vegar virðist sem Bandaríkjamenn og Rússar hafi fundið hugsanlega leið út úr ágreiningi sínum um eldflaugavarnir.

Angela Merkel Þýskalandskanslari fullyrti í gær að leiðtogar allra ríkja G8-hópsins, þar á meðal Bandaríkjanna, hafi fallist á sameiginlega yfirlýsingu, þar sem þeir skuldbinda sig til þess að „skoða alvarlega“ hugmyndir Evrópusambandsins, Kanada og Japans um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um helming fyrir árið 2050.

„Við skuldbindum okkur til að ná þessum markmiðum og bjóða helstu upprennandi efnahagsríkjum heims að taka þátt í þessu verkefni með okkur,“ segir í yfirlýsingunni.

Almennt er litið svo á að þetta sé mikill sigur fyrir Merkel, sem hafði lagt alla áherslu á að samkomulag tækist um þetta á fundinum.

Á fundi þeirra Bush Bandaríkjaforseta og Vladimirs Pútín Rússlandsforseta lagði Pútín til að Bandaríkjamenn setji eldflaugavarnakerfi sitt ekki upp í Tékklandi og Póllandi, eins og fyrirhugað er, heldur í Aserbaidsjan. Þá hefðu Rússar ekkert lengur við áformin að athuga, og myndu falla



**GLATT Á HJALLA Í HEILIGENDAMM** Vladimir Pútín Rússlandsforseti og Romano Prodi, forsætisráðherra Ítalíu, leika á als oddi. Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans, fylgist með, og að baki þeirra má sjá Angelu Merkel Þýskalandskanslara. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

frá hótunum sínum um að beina kjarnorkuflaugum sínum að hluta til í áttina að Evrópuríkjum.

Stephen Hadley, öryggisráðgjafi Bandaríkjaforseta, sagði þetta „athyglisverða tillögu“ frá Rússum. „Látum sérfræðinga okkar skoða það,“ sagði Hadley.

Pútín nefndi nokkur skilyrði fyrir því að Rússar gætu fallið frá andstöðu sinni við áform Bandaríkjamanna. Í fyrsta lagi þurfi Bandaríkjamenn að taka fullt mark á áhyggjum Rússa af þessu máli, í öðru lagi þurfi allir aðilar að fá jafnan aðgang að kerfinu, og loks verði þróun kerfisins að vera gegnsæ.

„Ef þetta verður, þá höfum við ekkert við málið að athuga,“ sagði Pútín.

Bush sagðist taka þessar tillögur Rússa alvarlega og að þeir Pútín myndu ræða málið frekar á fundi sínum í Bandaríkjunum í byrjun næsta mánaðar.

„Við báðum Rússa um að starfa með okkur að eldflaugavörnum, og þeir sýndu okkur vilja til þess,“ sagði Bush. **gudsteinn@frettabladid.is**



**SUNDLAUG KÓPAVOGS** Pilturinn liggur enn á barnadeild Landspítalans og hefur ekki komist til meðvitundar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Slysið í Kópavogslaug:

## Tildrög óupplýst

**SLYS** Lögreglurannsókn á slysinu sem varð í sundlaug Kópavogs 26. apríl síðastliðinn þegar 15 ára piltur fannst meðvitundarlaus á botni laugarinnar er lokið. Sigurbjörn Víðir Eggertsson aðstoðaryfirlögregluþjónn segir að ekkert sé hægt að fullyrða um tildrög slyssins. Pilturinn liggur enn meðvitundarlaus á sjúkrahúsi.

Pilturinn var í skólasundi þegar slysið átti sér stað. Hann var utan sjónsviðs eftirlitsmyndavéla og rannsókn lögreglunnar leiddi í ljós að enginn varð við það þegar pilturinn sökk til botns.

Rannsóknarskýrslan hefur verið send til lögfræðisviðs lögreglunnar. **- þo**

Miðstjórn Framsóknar fundar:

## Valgerður ein um varaformanninn

**ALÞINGI** Miðstjórnarfundur Framsóknarflokksins verður haldinn á Grand Hóteli á sunnudag. Á fundinum verður nýr varaformaður flokksins kjörinn.

Valgerður Sverrisdóttir, þingmaður flokksins, hefur gefið kost á sér í sæti varaformanns. Hún segir að enn hafi aðeins hún lýst því yfir opinberlega að sækjast eftir embættinu.

Miðstjórnin getur einnig tekið ákvörðun um að flýta landsfundi, sem að óbreyttu verður ekki fyrr en á næsta ári, en á honum stendur til að kjósa formann flokksins. **- bj**






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HELGARHORFURNAR**

Helgin einkennist af hægviðri. Á laugardag verður yfirleitt bjart veður norðan, austan og suðaustan til annars skýjað en úrkomulítið. Á sunnudag verður bjart veður á Austurlandi og austan til á landinu annars skýjað og sumstaðar lítilsháttar væta vestan til. Hitinn um helgina verður á bilinu 12-22 stig, hlýjast austan til á laugardag en vestan til á sunnudag.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Hæg breytileg átt. Skýjað og hætt við stöku skúrum. Hiti 10-13 stig.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 23°C hálfskýjað | London | 23°C skýjað | Alicante | 28°C hálfskýjað |
| Billund | 26°C léttskýjað | París | 23°C rigning | Mallorca | 27°C hálfskýjað |
| Osló | 29°C léttskýjað | Frankfurt | 30°C léttskýjað | Basel | 27°C skúrir |
| Stokkhólmur | 27°C léttskýjað | Friedrichshafen | 27°C rigning | Eindoven | 26°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 26°C hálfskýjað | Berlín | 30°C hálfskýjað | Las Palmas | 24°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Grillum saman




Jói Fel kryddl. lambasteik
úrbeinað lambalæri
TILBOÐ 1.238 kr/kg
Merkt verð 2.064,-

Kjöt & fisktorgið



Kjúklingabringur
frosnar
GOTT VERÐ 1.499 kr/kg



Nautalundir
innfluttar
TILBOÐ 2.898 kr/kg
Verð áður 3.698,-

ÍTALÍA
ferskt pasta
beint frá ítalíu



EINNIG HEILHVEITI



**Blómamarkaður**
- í fullum gangi

EAS
ORKA · GRENNING · STYRKUR




**EAS**
- Vantar þig aukaorku í útiveruna?
Mikið úrval af EAS vörum

Gildir til 10. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## KJÖRKASSINN



*Finnst þér að Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari eigi að segja af sér?*

| | |
|---|---|
| Já | 51% |
| Nei | 49 % |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eru seðlabankastjórar of hátt launaðir?*

Segðu skoðun þína á visir.is. Vísir

Tuttugu þúsund tonnum af dagblöðum og auglýsingapósti er dreift árlega:

# Vegakerfið þakið fimm sinnum

**UMHVERFI** Ársskammtur Íslendinga af dagblöðum og auglýsingapósti nægir til að þekja íslenska vegakerfið rúmlega fimm sinnum. 176 kíló bárust að meðaltali inn á hvert heimili á síðasta ári. Aukningin er 76 prósent á þremur árum.

Tölurnar koma úr mælingu nokkurra sorpsamlaga á landinu árið 2006. Aukið magn dagblaða og auglýsingapósts síðan í sams konar mælingu árið 2003 felst aðallega í meira upplagi fríblaða og auglýsingapósts. Fréttablaðið er í mun stærra upplagi nú en árið 2003 og Blaðið var ekki til þá.

Gyða S. Björnsdóttir, kynningarfulltrúi Sorpu, segir æskilegt að Íslendingar endurvinni meira, en um fjörutíu prósent pappírs sem kemur til endurvinnslu í dag. „Þetta felur í sér ávinning á öllum sviðum. Það er ódýrara, nýtir hráefnið betur og dregur úr loftmengun."

Hún segir afar auðvelt að endurvinna pappír. „Fyrsta skrefið er að flokka hann og safna honum saman. Síðan þarf bara að skila honum í svokallaða grenndargáma, sem eru meðal annars við verslanir og skóla, eða koma með hann á sjálfar endurvinnslustöðvarnar."

Reykjavíkurborg mun einnig bjóða heimilum upp á bláar tunnur fyrir dagblöð í haust, sem hluti af verkefninu Græn skref í Reykjavík. - sþs



**VEGKLÆÐNING** Reykjavíkurborg mun bjóða heimilum upp á svokallaðar bláar tunnur á næstu mánuðum, en í þær fara aðeins dagblöð til endurvinnslu.

Nám í Háskóla Íslands:

## Þriðjungi fleiri í verkfræði

**MENNTUN** Þriðjungi fleiri sóttu um grunnnám í verkfræðideild Háskóla Íslands í vor en í fyrra og er fjöldi umsókna um þrjú hundruð.

Fjölgunin er nokkuð jöfn í námslínunum sem eru iðnaðarverkfræði, rafmagns- og tölvuverkfræði, tölvunarfræði, umhverfis- og byggingaverkfræði og vélaverkfræði.

Einnig fjölgaði umsóknum í meistaranám í verkfræði. Mikil ásókn var í fjármálaverkfræði sem er ný námslína í meistaranáminu. Alls eru tíu námslínur í boði á meistarastigi. - pal

## AKRANES

### Fleiri í göngugrindur

Stjórn Dvalarheimilisins Höfða á Akranesi segir aðkallandi að stækka þjónusturými heimilisins vegna mikilla þrengsla sem stafa af því að æ fleiri íbúar Höfða þurfa að nota hjólastól eða göngugrind.

## SKEMMDARVERK

### Rannsókn miðar lítt áfram

Lögreglurannsókn á skemmdarverkum á vinnuvélum í Álafosskvos miðar lítið sem ekkert áfram. Engar ábendingar hafa borist lögreglu um hverjir voru að verki og engin haldbær sönnunargögn fundust á vettvangi.

# Íbúðalánasjóður ekki einkavæddur

**Engin ákvörðun hefur verið tekin um að flytja Íbúðalánasjóð milli ráðuneyta. Sjóðurinn ekki einkavæddur meðan Jóhanna er félagsmálaráðherra. Fjármálaráðherra eins og úlfur sem hlakkar til að éta Rauðhettu, segir Guðni Ágústsson.**

**ALÞINGI** Engin ákvörðun hefur verið tekin um að flytja Íbúðalánasjóð frá félagsmálaráðuneyti til fjármálaráðuneytis. Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra fullvissaði þingheim um það í gær að sjóðurinn yrði ekki einkavæddur á meðan hún stjórnaði félagsmálaráðuneytinu.

Íbúðalánasjóður gegnir lykilhlutverki, og mikilvægt að standa vörð um hann, sagði félagsmálaráðherra þegar hún svaraði spurningum formanns Framsóknarflokks í utandagskrárumræðum á Alþingi í gær. Hún sagði sjóðinn hafa haldið vöxtum bankanna niðri, og undraðist yfirlýsingar Samtaka atvinnulífsins um að sjóðurinn hafi verið leiðandi í að skapa verðbólguþrýsting.

Er sjóðurinn að fara í sölumeðferð, spurði Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins á Alþingi í gær. Hann benti á að Íbúðalánasjóður gegndi veigamiklu félagslegu hlutverki, en framtíð hans væri í óvissu.

Sögusagnir væru uppi um að stjórnarflokkarnir hefðu náð samkomulagi um að forræði færðist frá félagsmálaráðuneyti til fjármálaráðuneytis. Verði það að veruleika sé ætlun stjórnarinnar ljós, þá hafi bankakerfið og sterk öfl innan Sjálfstæðisflokksins sigur, sagði Guðni.

Hann sagði umræðuna staðfesta að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, hafi látið plata sig í stjórnarmyndunarviðræðum við formann Sjálfstæðisflokksins, og samþykkt að færa sjóðinn til fjármálaráðuneytis. Þess vegna sé það einkennilegt þegar fjármálaráðherra komi sár í pontu á Alþingi. „Hann var í hlutverki úlfsins, og var að hlakka til að éta Rauðhettu litlu," sagði Guðni.

Guðni sagði að þrátt fyrir áform um að ryðja Íbúðalánasjóði burtu teldu yfir 80 prósent Íslendinga að sjóðurinn ætti að starfa áfram. Brýnt væri að fá fram um hvað formenn stjórnarflokkanna hefðu samið eftir kosningarnar.

Framtíð Íbúðalánasjóðs hefur verið í óvissu undanfarin ár, sagði Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra. Íbúðalánasjóður væri afskaplega mikilvæg fjármálastofnun. Því þurfi að fara varlega í umræðunni og þegar breytingar eru gerðar á sjóðnum. Þar sé grundvallaratriði að ná samkomulagi um sjóðinn og tryggja hagsmuni þeirra sem í hann sæki. Ekki skipti öllu máli í hvaða ráðuneyti sjóðurinn væri vistaður.

brjann@frettabladid.is



**Á AFTASTA BEKK** Samherjarnir úr Samfylkingunni, Karl Valgarður Mattíasson og Guðbjartur Hannesson, höfðu um margt að ræða í þingsalnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Þingmaður Sjálfstæðisflokks mun ekki styðja aðgerðaráætlun félagsmálaráðherra:

# Mun binda hendur ríkisins

**ALÞINGI** Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði á Alþingi í gær að hann hygðist ekki styðja þingsályktunartillögu Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra um aðgerðaráætlun til að styrkja stöðu barna og ungmenna.

Einar Oddur sagði enga þörf á að setja fram þingsályktunartillögu um eitthvað sem fram komi í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar. Með þessu væri verið að gera tilraun til að binda hendur ríkisvaldsins þegar komi að fjárlagagerð.

Á þessum tímapunkti eigi ríkisstjórnin að sýna að hún ætli sér að sýna aðhald í ríkisrekstri á erfiðum tímum í efnahagslífinu, í stað þess að senda samfélaginu röng skilaboð með því að samþykkja aðgerðaráætlunina, sagði Einar Oddur. Þar sé ekki fjallað um hver kostnaðurinn verði af þeim aðgerðum sem þar sé stefnt að, enda ekki hægt þar sem ekki væru tímasetningar í áætluninni.

Félagsmálaráðherra sagði þessa afstöðu Einars Odds koma sér á óvart. Þetta sé hliðstætt við að gera samgönguáætlun til fjögurra ára. Einar Oddur ætti frekar að agnúast út í Seðlabanka Íslands, sem boði aðhald á sama tíma og bankastjórar skammti sér 200 þúsund króna launahækkun, eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu. - bj



**Í ÞINGSAL** Þingmenn fylgdust með umræðum um aðgerðaráætlun félagsmálaráðherra til að styrkja stöðu barna og ungmenna á Alþingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


Strigaprentun

Gerðu þitt eigið listaverk!



Við stækkum og prentum myndir á striga fyrir þig

Kynntu þér strigaprentun í næstu verslun okkar

Hans Petersen

Bankastræti · Fjörður · Kringlan · Laugavegur 178 · Smáralind

Umhverfisvottaðar hreinlætisvörur – fyrir sumarbústaðinn og veiðihúsið



Bjarni Ómar Ragnarsson
- verslunarstjóri hjá RV

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

TUNGLIÐ RV6237

www.toyota.is




## Toyota – það er komið sumar

Toyota heilsar sumrinu um helgina með árlegri sumarsýningu. Þar gefst tækifæri til að sjá og reynsluaka nýjum gerðum af Toyota og kynnast þannig af eigin raun ýmsum spennandi endurbótum og tækninýjungum í bílaflota Toyota. Léttar veitingar í boði.
**Gjafabréf* fyrir tvo til Evrópu með Icelandair fylgja völdum bílum.**

Opið laugardag kl. 12-16 og sunnudag 13-16.

Við hlökkum til að sjá ykkur.

TODAY TOMORROW TOYOTA

*Flugvallarskattar ekki innifaldir

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 470-5070 |

## VEISTU SVARIÐ?



1 Í hvaða bæ í Þýskalandi fer leiðtogafundur G8-ríkjanna fram um þessar mundir?

2 Hver er nú launahæsti embættismaður Íslands?

3 Hver er forstjóri Samkeppniseftirlitsins?

SVÖRIN ERU Á BLS. 50.

Andstæðingar heimilis á Njálsgötu íhuga að krefjast lögbanns:

# Heimilið brot á skipulagi

**SKIPULAGSMÁL** Lögmaður hóps íbúa í grennd við fyrirhugað heimili fyrir heimilislausa á Njálsgötu 74 segir starfsemina munu verða stofnun en ekki heimili eins og borgaryfirvöld haldi fram. Þess vegna þurfi að gera grenndarkynningu og fá samþykkta skipulagsbreytingu áður en heimilið taki til starfa.

Tveir fulltrúar íbúanna mættu síðdegis í gær á fund sérstaks samráðshóps þeirra og borgarinnar sem komið var á fót eftir að íbúarnir lýstu harðri andstöðu við fyrirhugað heimili. Pétur Gautur Svavarsson, fulltrúi íbúanna, sótti fundinn og segir að rök yfirvalda fyrir staðsetningu heimilisins séu hversu ódýrt hafi verið að gera húsið klárt fyrir starfsemina. „Ekkert tillit er tekið til okkar íbúanna í þessu máli og skilningsleysi yfirvalda er algjört,“ segir Pétur Gautur.

Eins og kunnugt er á að vista tíu heimilislausa karla á Njálsgötu 74 sem borgin, með aðstoða félagsmálaráðuneytisins, keypti nýlega í þessu skyni.

Starfsmaður á að vera á staðnum allan sólarhringinn og mennirnir eiga að fá mikla heilbrigðis- og félagsaðstoð. Þeim verður ekki gert skylt að hætta áfengis- og vímuefnaneyslu.

„Falli borgaryfirvöld ekki að óbreyttu frá núverandi áformum um að hefja umrædda starfsemi á þessum stað liggur beinast við að nágrannar krefjist lögbanns,“ segir í lögfræðiálitinu þar sem einnig er bent á það tjón sem nágrannarnir kunna að verða fyrir vegna lækkunar á verði fasteigna sinna.

**- gar**



**ÍBÚAR MÓTMÆLA** Þegar fréttist af fyrirhuguðu heimili fyrir heimilislausa Njálsgötu tóku nokkrir íbúar við götuna sig saman og söfnuðu undirskriftum nágranna sinna á mótmælaskjal til borgaryfirvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Ágætu viðskiptavinir,

kynnið ykkur sumartíma og breyttar leiðir strætó á heimasíðu og í upplýsingasíma

straeto.is

s:540 2700

Strætó bs.




**SERBUM HRÓSAÐ** Carla del Ponte, aðalsaksóknari stríðsglæpadómstóls Sameinuðu þjóðanna, ásamt Boris Tadic, forseta Serbíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Evrópusambandið:

## Býður Serbíu í viðræður á ný

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** Evrópusambandið er nú reiðubúið til að hefja á ný undirbúningsviðræður um mögulega aðild Serbíu að sambandinu, nú þegar serbnesk stjórnvöld hafa sýnt greinilegan vilja til að aðstoða sakadómstól Sameinuðu þjóðanna við að hafa uppi á grunuðum stríðsglæpamönnum.

Viðræðunum var frestað á síðasta ári þegar sýnt þótti að Serbía gerði ekki nóg til að leita uppi Ratko Mladic og félaga hans, sem sakaðir eru um ábyrgð á fjöldamorðunum í Srebrenica árið 1995.

Fyrir stuttu handtóku Serbar Zdravko Tolimir, annan grunaðan stríðsglæpamann, og afhentu stríðsglæpadómstólnum.

**- gb**

# Póstsamskipti og reikningar til grundvallar

**Mjólka sendi Samkeppniseftirlitinu gögn sem sýna undirboð MS svart á hvítu. Aðstoðarforstjóri MS vill ekki tjá sig um efnisatriðin en segir þau léttvæg. Tap Mjólku talið tugmilljónir og kæra til EFTA undirbúin.**

**NEYTENDUR** Framkvæmdastjóri Mjólku segir Samkeppniseftirlitið (SE) hafa undir höndum gögn, afrit af reikningum MS til verslana og tölvupóstum frá sölustjóra MS, sem sýna það svart á hvítu að Mjólkursamsalan hafi gerst sek um undirverðlagningu.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri SE, vill ekki staðfesta að umrædd gögn hafi borist SE. Hann neitar því þó ekki heldur.

Fréttablaðið hefur undir höndum kvartanir sem lögmaður Mjólku sendi SE „vegna skaðlegrar undirverðlagningar á vörum [MS]“, að því er segir í kvörtununum. Kvartanirnar voru meðal þess sem hleyptu athugun SE af stað.

Í kvörtununum kemur meðal annars fram að MS hafi nokkrum sinnum boðið verslunum vörur sínar á afar lágu verði, jafnvel svo lágu að einsýnt sé að MS hafi selt vörurnar undir framleiðsluverði. Ólafur M. Magnússon, framkvæmdastjóri Mjólku, segir kvartanirnar byggja á fyrrnefndum reikningum og tölvupóstum.

Í kvörtununum er einnig minnst á svokallaða „auglýsingareikninga“, sem fullyrt er að MS hafi greitt til verslana „til þess að tryggja bæði sölu á tilteknum vörum og svo ákveðna framsetningu á þeim í verslunum“.

Þá er kvartað yfir því að MS hafi boðist til að kaupa aftur útrunna mjólk úr verslunum gegn því skilyrði að drykkurinn Kappi, sem Mjólka selur í samstarfi við Vífilfell, yrði „útstillt með lágmarkshætti“ í verslununum.



**HÚSLEIT** Samkeppniseftirlitið gerði húsleit hjá Mjólkursamsölunni á þriðjudag.

Blaðamaður bar efnisatriði kvartananna undir Magnús Ólafsson, aðstoðarforstjóra MS. Hann sagðist ekki vilja tjá sig um einstök efnisatriði þeirra en sagði að forsvarsmönnum MS þættu umkvörtunarefnin of léttvæg til að réttlæta aðgerð af því tagi sem SE réðst í. Hann hafi ekki séð umrædd gögn og þau hafi ekki fylgt rökstuðningum með dómsúrskurðinum um húsleitarheimildina á þriðjudag.

Ólafur segir að tjón Mjólku vegna meintra brota MS á samkeppnislögum nemi tugmilljónum. „Ætli þetta séu ekki á bilinu tvær til þrjár milljónir á mánuði síðan við hófum starfsemi í ársbyrjun 2006.“

Mjólka hyggst einnig senda Eftirlitsstofnun EFTA kæru vegna samruna afurðastöðva MS. Slíkur samruni er undanþeginn bannákvæðum íslenskra samkeppnislaga. „Við höfum verið að vinna í þessu frá því fyrir jól og teljum ljóst að þetta stangist á við markmið samningsins.“ Fyrirhugað er að kæran verði lögð fram í lok mánaðarins og líklega verður farið fram á bætur vegna meintra brota.

**stigur@frettabladid.is**





NJÓTTU LÍFSINS ÁN SÍGARETTUNNAR

PRÓFAÐU NICOTINELL NIKÓTÍNTYGGIGÚMMÍIÐ.
SAMA GÓÐA BRAGÐIÐ, NÚ Í NÝJUM PAKKNINGUM.
FÆST MEÐ ÁVAXTA-, MINTU-, LAKKRÍS- OG NIKÓTÍNBRAGÐI.

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið er reykt, en þeir mega þó aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Leita skal til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

LYFJA - Lifið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA


Hernaðarráðgjafi Bush:

## Segir Íraka ekki geta stjórnað

**BANDARÍKIN, AP Douglas Lute, sem brátt tekur við sem hernaðarráðgjafi George W. Bush Bandaríkjaforseta, segist hafa alvarlegar efasemdir um hæfni Íraksstjórnar til að taka að sér stjórn landsins eftir að Bandaríkjaher hverfur á braut. Engu myndi breyta hve mikinn þrýsting Bandaríkjamenn myndu beita Íraksstjórn.**

**Þetta sagði Lute þegar hann var kallaður fyrir hermálanefnd Bandaríkjaþings í gær.**

**Fyrr á árinu lýsti Lute efasemdum um sínum um áform Bandaríkjaforseta um að fjölga bandarískum hermönnum í Írak.**

**- gb**



**DOUGLAS LUTE** Efast um að Íraksstjórn geti tekið við af Bandaríkjamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**Heimtaugin**

Valgerður Yngvadóttir rafmagnstæknifræðingur hafði verið búsett í Danmörku í 11 ár og var ekki á leiðinni heim. Hún er frá Vestmannaeyjum og þar býr hluti af fjölskyldu hennar. Ein systranna býr þó á Eskifirði og það var hún sem hvatti Valgerði til að íhuga umsókn um starf hjá Fjarðaáli.

# *Hátíð í bæ*

## Fjörið verður á Reyðarfirði laugardaginn 9. júní!

Alcoa Fjarðaál býður til opnunarhátíðar nýs álvers í Reyðarfirði á laugardaginn kemur. Hátíðin hefst með athöfn í Fjarðabyggðarhöllinni kl.10. Bærinn skrýðist hátíðarbúningi og karnivalstemmning með fjölbreyttum skemmtiatriðum verður um allan bæ frá kl.13 og fram á kvöld.

Popp, rokk, jass, einsöngvarar, barnaskemmtun, götuleikhús, töframenn, trúðar, útimarkaður, trúbadorar, leiktæki, kórar, harmonikkutónleikar og skoðunarferðir um álverslóðina.

### Dagskrá:

10:00 **Opnunarathöfn í Fjarðabyggðarhöllinni.**

13:00 **Opnunarhátíð og karnivalstemmning um allan bæ.**
Meðal þess sem er í boði: Karíus og Baktus, gospelkór, Nylon, Bjarni Tryggva, Hnakkarnir, Þorsteinn Helgi, Skoppa og Skrýtla, frú Norma, SúEllen, ljósmyndasýning Alcoa og margt, margt fleira.

19:00 **Stórtónleikar í Fjarðabyggðarhöllinni.**
Björgvin Halldórsson
Andrea Gylfadóttir
Birgitta Haukdal
Eivör Pálsdóttir
Felix Bergsson
Helgi Björnsson
Stefán Hilmarsson
The Queen Show

22:00 **Listflug og fallhlífarstökk í dagskrárlok.**

www.alcoa.is

**Alcoa Fjarðaál**

ALCOA

ÍSLENSKA SIA.IS ALC 37780 06.2007







Ökumenn torfæruhjóla í Mosfellsbæ valda usla meðal hestamanna:

# Hafa þegar valdið slysum

**ÖRYGGISMÁL** Ökumenn torfæruhjóla í Mosfellsbæ hafa valdið slysum og skemmt reiðstíga á Tungubökkum í Mosfellsbæ. Ökumenn hjólanna keyra um reiðstíga og skilja eftir djúp för.

„Menn hafa dottið af baki og handleggsbrotnað þegar hestarnir fælast“ segir Guðjón Magnússon, ritari hestamannafélagsins Harðar í Mosfellsbæ. Hann segir að ökumenn hjólanna hafi einnig valdið tjóni með því að aka hjólunum eftir reiðstígum sem eru sérhannaðir fyrir hestaumferð.

Þorvaldur Jóhannesson á hesthús á svæðinu. Hann sagði að þetta væri vandamál, einnig að þyrlur Landhelgisgæslunnar hefðu undanfarið komið og æft lendingar á flugvellinum á Tungubakka. Hann sagði hestana mjög hrædda við þyrlurnar þegar þær væru á sveimi. Það væri bara tímaspursmál hvenær slys yrðu af þeirra völdum.

Halldór B. Nellet, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs Landhelgisgæslunnar, hafði ekkert heyrt af málinu þegar Fréttablaðið hafði samband við hann. Gæslan vildi allra síst valda einhverjum ónæði af æfingum sínum. Hann sagði að tillit yrði tekið til athugasemdanna. **- aví**



**TUNGUBAKKAR** Hestur á beit með flugvöllinn í baksýn. FRETTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Meðferðarheimilið Skaftholt mótmælir fyrirhuguðum virkjunum í Þjórsá:

# Gætu eyðilagt starfsemina

**UMHVERFISMÁL** Fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir í Þjórsá munu „stórskemma það frábæra umhverfi“ sem er nauðsynlegt fyrir meðferðarstarfið í Skaftholti, segir stjórn Skaftholts, meðferðarheimilis í Gnúpverjahreppi.

Í ályktun, sem afhent var hreppsnefndarmönnum, umhverfisráðherra og viðskiptaráðherra á þriðjudag, skorar stjórnin á ráðamenn að leyfa starfseminni að fá að vera í friði. Landsbyggðin þurfi á fjölbreytni í atvinnulífi að halda og Skaftholt bjóði upp á fjölbreytt og skemmtileg störf.

„Þetta gæti eyðilagt allt sem við höfum byggt upp og haft mikil áhrif á okkar starfsemi,“ segir Atie Bakker, talsmaður stofnunarinnar. „Við íhugum því hvort þetta sveitarfélag henti okkur áfram. Það er athyglisvert að Landsvirkjun er ekki búin að lofa einu starfi við virkjunina að framkvæmdum loknum. Við erum hins vegar nú þegar með þrettán manns á launaskrá,“ segir hún. Atie líður vel í hreppnum og því segist hún vona að ekki verði af framkvæmdunum.

Í Skaftholti hefur verið unnið að meðferðarstarfi fyrir þroskahefta í 27 ár. Vistmenn eru átta talsins um þessar mundir. **- kóþ**



**ÞJÓRSÁ** Stjórn meðferðarheimilisins óttast afleiðingar virkjunarframkvæmda í Þjórsá. MYND/SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON



HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

KRÓNAN fyrst og fremst...

...í sumar!





**ÓGNVEKJANDI RISAEÐLA** Áhættuleikari dulbjó sig sem eikareðlu í Sydney í Ástralíu, til að kynna nýja leiksýningu í náttúruminjasafninu. NORDICPHOTOS/AFP

Ríkissjóður skilar uppgjöri:

## Afgangur meiri nú en í fyrra

**RÍKISFJÁRMÁL Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrsta ársfjórðung 2007 liggur fyrir. Handbært fé frá rekstri er jákvætt um 36,7 milljarðar króna sem er 12,4 milljörðum hagstæðari útkoma en á sama tíma í fyrra. Þetta þýðir að tæpir 37 milljarðar eru eftir í sjóðnum umfram það sem greitt hefur verið á þessum ársfjórðungi, samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu.**

**Lántökur ársins nema 46 milljörðum króna og hækka um tæpa 40 milljarða milli ára. Þar munar mest um 26,9 milljarða lántöku vegna kaupa á Landsvirkjun. Þá voru 1,3 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins til að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs.** - ghs

# Hart barist um lykilmenn

**Formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands, Helgi S. Guðmundsson, neitar að tjá sig um launamál bankastjóranna nema fá sendar skriflegar spurningar. Svör Helga við spurningum Fréttablaðsins eru hér að neðan.**

1. Á hvaða grundvelli ákvað bankaráð Seðlabankans að hækka laun bankastjóranna?

*Svar:* Samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 ákveður bankaráð laun bankastjóra Seðlabankans. Á fundi sínum 31. maí sl. ákvað bankaráð að hækka laun bankastjóra um kr. 100.000 á mánuði frá 1. maí sl. og um kr. 100.000 frá 1. janúar 2008. Að samþykktinni stóðu sex fulltrúar í bankaráði en einn var á móti.

2. Hver eru laun bankastjóranna í dag og hver verða þau þegar þessi nýákveðna hækkun hefur að fullu tekið gildi?

*Svar:* Laun bankastjóra voru fyrir ákvörðun 1.209.535 kr. á mánuði og verða 1.309.535 kr. á mánuði frá 1. maí sl. Eins og undanfarin ár fær formaður bankastjórnar 8% álag á laun bankastjóra. Þá fá bankastjórar greidda bankaráðsþóknun eins og hún er ákveðin hverju sinni af forsætisráðherra, formaður bankastjórnar fær tvöfalda þóknun.

3. Hver voru laun bankastjóranna A) 1. janúar 2003 B) 1. janúar 2005 C) 1. janúar 2007?

*Svar:* Frá árinu 2003 hafa upplýsingar um heildarlaun bankastjóra Seðlabankans á hverju ári verið birtar opinberlega í skýrslu bankans.

4. Hefur einhver bankastjóranna þriggja sagt bankaráðinu eða formanni þess að honum hafi borist atvinnutilboð annars staðar frá?

*Svar:* Bankaráð ræður ekki bankastjóra Seðlabanka Íslands.

5. Hefur einhver bankastjóranna þriggja óskað eftir því við bankaráðið eða formann þess að ráðið endurskoðaði laun þeirra til hækkunar?

*Svar:* Samskipti bankaráðs við bankastjórn fara fram á bankaráðsfundum og eru að lögum bundin trúnaði.

6. Hver eru laun þeirra stjórnenda bankans sem næstir koma bankastjórum í launum og hversu mikið hafa þau laun hækkað frá því í ársbyrjun 2005?

*Svar:* Laun annarra starfsmanna bankans en bankastjóra eru trúnaðarmál.

7. Hversu margir millistjórnendur hafa hætt það sem af er þessu ári og sagt launakjör vera ástæðu uppsagnar sinnar?

*Svar:* Nokkrir millistjórnendur hafa látið af störfum á undanförnum árum en ekki er unnt að tiltaka opinberlega ástæður þess, enda þær ekki algildar. Ljóst er þó að bankinn á í óvenju harðri samkeppni um lykilstarfsmenn við þá sem geta boðið betur en hann.

8. Hverjir ákveða launa millistjórnenda?

*Svar:* Bankastjórn.

9. Hver er stefna bankaráðsins varðandi bil milli launa millistjórnenda og bankastjóranna?

*Svar:* Bankaráðið ákveður aðeins laun bankastjóra. Almennt telur bankaráð eðlilegt að bilið sé áþekkt því sem það jafnan hefur verið.



**HELGI S. GUÐMUNDSSON** Formaður bankaráðs Seðlabankans telur eðlilegt að bil sé á milli bankastjóra og næstráðenda í bankanum.

10. Hver voru laun/þóknun bankaráðsmanna og bankaráðsformanns A) 1. janúar 2003 B) 1. janúar 2005 C) 1. janúar 2007. D) Í dag?

*Svar:* Forsætisráðherra ákveður þóknun fulltrúa í bankaráði. Hún er nú kr. 110.000 á mánuði. Bankaráðsformaður fær tvöfalda þóknun. Þóknun bankaráðsmanna var kr. 78.000 á mánuði 1.1.2003, kr. 78.000 á mánuði 1.1.2005 og kr. 110.000 á mánuði 1.4.2007. Hún hefur verið óbreytt síðan.

### NÁNARI ÚTSKÝRINGAR VIÐ SVÖR HELGA

1. Bankaráð Seðlabankans hækkaði laun bankastjóranna vegna þess að næstu undirmenn þóttu komnir of nærri þeim í launum.
2. Mánaðarlaun bankastjóranna verða 1.724.298 krónur fyrir aðalbankastjórann og 1.519.535 krónur fyrir hina tvo bankastjórana þegar hækkunin hefur að fullu tekið gildi um áramót.
3. Mánaðarlaun aðalbankastjóra voru 1.175.000 krónur á árinu 2003. Laun aðalbankastjórans voru 1.526.298 krónur fyrir nýjustu hækkun.
4. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur enginn þriggja seðlabankastjóra skýrt bankaráðinu frá því að honum hafi borist tilboð um starf utan bankans.
5. Engar óskir frá bankastjórunum sjálfum um launahækkanir bárust á borð bankaráðsins.
6. Sumir millistjórnenda bankans munu hafa verið komnir „fast að“ bankastjórum í launum eftir nýlegar hækkanir sem bankastjórarnir sjálfir ákváðu.
7. Nokkrir sérfræðingar í Seðlabankanum munu hafa hætt að undanförnu í Seðlabankanum og sagt launakjör vera ástæðuna.
8. Bankastjórarnir þrír sem saman mynda bankastjórn ákveða laun millistjórnendanna.
9. Bankaráðið vill að bil milli launa millistjórnenda og bankastjóranna sé töluvert.
10. Sjá svör Helga S. Guðmundssonar.



Fíton ehf. / SÍA

Breskir foreldrar róa á ný mið:

# Bretar ánægðir með Múhameð

**BRETLAND** Nafnið Muhammad, og allir ólíkir rithættir þess, er nú orðið annað vinsælasta drengjanafn í Bretlandi. Rétt tæplega sex þúsund drengir voru skýrðir nafninu í fyrra. Aðeins Jack var vinsælla.

Prófessor Muhammad Anwar við Warwick-háskóla segir ástæðuna líklega vera þá að múslimar vilji heiðra trú sína með nafngiftinni. Fjöldinn vekur þó furðu þar sem einungis þrjú prósent Breta eru múslimar.

Thomas var þriðja vinsælast og önnur algeng nöfn voru Joshua, Oliver, Harry og James. - sh

Aðalheiður Hulda Jónsdóttir, eiginkona Kalla Bjarna, er ósátt við umfjöllun:

# Segir viðtal í Séð og Heyrt uppspuna

**FJÖLMIÐLAR** Viðtal við Aðalheiði Huldu Jónsdóttur, eiginkonu Kalla Bjarna, í Séð og Heyrt er uppspuni að hennar sögn. Hún segist ekkert hafa sagt við blaðamann þegar hann talaði við hana en samt sem áður hafi birst viðtal við hana í nýjasta tölublaði tímaritsins.

Í viðtalinu, sem Eiríkur Jónsson blaðamaður tók, lýsir Aðalheiður atburðarásinni þegar eiginmaður hennar var handtekinn, og viðbrögðum hennar í kjölfarið. „Hann hlýtur að hafa verið burðardýr fyrir aðra því ég vissi alls ekki til þess að hann væri í dópinu. Ég hefði átt að taka eftir því eftir öll þessi ár sem við höfum búið saman,“ er meðal þess sem haft er eftir henni.



MIKAEL TORFASON

Aðalheiður segir þetta allt saman uppspuna. „Ég sagði orðrétt við hann: „Í guðanna bænum farið ekki að birta grein í Séð og Heyrt, það er nóg álag á fjölskyldunni samt.“ Annað sem stendur í viðtalinu sagði ég ekki,“ segir hún.

Mikael Torfason, ritstjóri Séð og Heyrt, segir viðtalið vissulega hafa átt sér stað. „Nei, viðtalið er ekki uppspuni. Blaðamaður tók það í viðurvist tveggja vitna, og Aðalheiður talaði við hann af fúsum og frjálsum vilja.“

Kalli Bjarni, sem vann fyrstu Idol-söngkeppnina fyrir nokkrum árum, var handtekinn með tvö kíló af kókaíni á leið til landsins í síðustu viku. - sþs




**SÉÐ OG HEYRT** Í viðtalinu lýsir Aðalheiður atburðarásinni þegar Kalli Bjarni var handtekinn og hvernig viðbrögð hennar voru. Hún segir viðtalið búið til.

Krefjast upplýsinga um afdrif fanga Bandaríkjamanna:

# 39 í leynifangelsum

**ENGLAND, AP** Fjöldi mannréttindahreyfinga hefur krafist þess að Bandaríkin geri grein fyrir 39 grunuðum hryðjuverkamönnum sem talið er að séu fangar í leynilegum fangelsum. Nöfn þeirra voru birt í skýrslu sem kom út fyrir viku.

Amnesty, Mannréttindavaktin og fjórar aðrar stofnanir hafa tekið saman lista yfir nöfn þessara 39 einstaklinga sem handteknir hafa verið í „stríðinu gegn hryðjuverkum“.

George Bush Bandaríkjaforseti viðurkenndi tilvist leynifangelsa í september síðastliðnum, en sagði þau ekki vera lengur í notkun. Fjórtán grunaðir hryðjuverkamenn hafi verið fluttir úr þeim til Guantanamo fangabúðanna á Kúbu, þar á meðal höfuðpaur árásanna 11. september 2001.



**GUANTANAMO FANGELSIÐ** Bandaríkjastjórn segist hafa flutt alla úr leynifangelsum til Guantanamo. NORDICPHOTOS/AFP

Mannréttindasamtökin grunar hins vegar að fangelsin séu enn í notkun. „Við vildum birta nöfn fanganna opinberlega, því fólk heldur að þessu sé lokið og að stjórnvöld beiti ekki þessum aðferðum lengur,“ segir Anne Fitzgerald, starfsmaður Amnesty. - sgj




Nám með starfi

Nám á netinu dreifnám eða síðdegisnám

Borgarholtsskóli býður upp á nám fyrir:

- Skólaliða NÝTT
- Stuðningsfulltrúa í skólum NÝTT
- Leiðbeinendur í leikskóla NÝTT
- Félagsliða

Kennsla í dreifnámi fer fram á netinu með þremur stuttum staðbundnum lotum á önn.

Kennsla í síðdegisnámi fer fram eftir kl:15:00 í Borgarholtsskóla þrjá daga í viku.

Umsóknarfrestur er til 19. júní. Upplýsingar í síma 5351700 eða bhs@bhs.is

Borgarholtsskóli við Mosaveg sími 5351700 netfang www.bhs.is




Létt og gott

– ný létt áleggslína í SS fjallahringinn

Það er auðvelt að finna ljúffengt, fitulétt SS álegg í verslunum því umbúðirnar eru nú sérstaklega auðkenndar á áberandi hátt með áletruninni LÉTT ÁLEGG.

Tegundirnar eru mun fleiri en hér eru sýndar og þeim á eftir að fjölga enn frekar. Líttu eftir ljúffenga SS létt álegginu í næstu verslun – og taktu lífinu létt.

SS fremstir fyrir bragðið

www.ss.is


TEXAS GRILLLEGGIR
GRILL KJÚKINGALEGGIR kílóverð nú:
393 KR.
Merkt verð 605KR.
35% afsláttur við kassann
Kjúklingabringur - íslenskar og ferskar
35% afsláttur við kassann
FERSKAR HOLTABRINGUR kílóverð nú:
1565 KR.
Merkt verð 2408KR.
-og Bónustilboðin
Samlokur með skinku, rækjum eða túnfiski
EKKERT BRUÐL
Bónus samloka tilboðsverð:
125 KR.
Verð áður 139KR.
Pitsuostur
169 KR.
200g
Spelt pitsudeig
259 KR.
400g
159KR. pokinn
20 KR.
STYKKIÐ
BÓNUS 8 Heimilis klakar
Kipputilboð!
30% afsláttur við kassann
KF pepperoni kílóverð nú:
1805 KR.
Merkt verð 2579KR.
Amerísk pitsusósa
159 KR.
420ml
KF pepperoni
378 metrar af þreföldum Bónus WC pappír
9 WC rúllur
398 KR.
378 metrar
12 lítrar
398 KR.
6x 2 lítrar
10 Bónus vínarpylsur í pakka - verð NÚ um:
169 KR.
40% afsláttur af kílóverði við kassann
Tómatsósa er ekki bara tómatsósa: Hér höfum við bindiefnalaust eplamauk, minni sykur og ekkert aukavatn. Bragðaðu á henni og þú finnur muninn!
Vals tómatsósan
179 KR.
430g
Vals tómatsósan íslenska Sú eina sanna!



Ben&Jerry's ísbox
398 KR.
All Natural
BEN&JERRY'S
VERMONT'S FINEST
New York Super Fudge Chunk
NÝSJÁLENSKAR FROSNAR UNGNAUTALUNDIR
Allt að 40% lægra verð en á íslenskum nautalundum
Komnar aftur!
FROSNAR UNGNAUTALUNDIR KÍLÓVERÐ NÚ:
2698 KR.
Merkt verð 2998KR.
stimpluð og kár!
EKKERT BRUÐL
...fyrir góðan dag!
25% afsláttur við kassann
Frosið lambafille kílóverð nú:
2249 KR.
Merkt verð 2998KR.
Frosinn og sneiddur lambahryggur Látum hann bíðna í kryddblöndunni!
SNEIDDUR FROSINN LAMBAHRYGGUR kílóverð nú:
1275 KR.
Merkt verð 1501KR.
KJARNAFÆÐI
Ferskur maísstöngull um 300g
FROSINN LAMBABÓGUR kílóverð nú:
595 KR.
Merkt verð 699KR.
Maísstöngull ferskur
129 KR.
-um 300g
Bónus býður betur!
www.bonus.is
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS






Nýtt met sett í fjöldaglamri:

# Spiluðu Smoke on the Water

**BANDARÍKIN** Tilraun til að setja heimsmet laðaði 1.680 gítarleikara til Kansasborgar í Bandaríkjunum á sunnudaginn, til að spila saman hið eftirminnilega gítarstef úr laginu „Smoke on the Water“ með sveitinni Deep Purple.

Útvarpsstöð í borginni stóð fyrir viðburðinum og sagði forsvarsmaður hennar að fjöldinn væri meiri en nægur til að slá gamla metið, þar sem 1.323 gítarleikarar léku í sameiningu.

Borgarstjórinn var á staðnum og var ánægður með tiltækið.

Þetta tiltekna stef var valið vegna þess að það er jafnan eitt það fyrsta sem gítarleikarar læra. - sh



**GÍTARHAF** Stefið úr Deep Purple-laginu Smoke on the Water var valið vegna þess að það er jafnan eitt það fyrsta sem gítarleikarar læra. FRÉTTABLAÐIÐ / AP

# Orkuveitan full bráðlát í samningum

**Iðnaðarráðherra segir Orkuveituna vera bráðláta í samningum þar sem eftir eigi að hnýta marga lausa enda. Verð Orkuveitu Reykjavíkur staðfestir að verð til stóriðju hefur verið „skelfilega lágt“, segir Steingrímur J. Sigfússon.**

**ORKUMÁL** „Ég er þeirrar skoðunar að Orkuveitan sé full bráðlát í þessum samningi, því hann er háður margvíslegum fyrirvörum,“ segir Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra um samning Orkuveitunnar við Norðurál vegna fyrirhugaðs álvers fyrirtækisins í Helguvík.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu borgar Norðurál 2,1 krónu á hverja kílóvattstund af rafmagni samkvæmt samningum sem nær til 25 ára. Heildarverðmæti Orkuveitunnar vegna samningsins eru talin nema rúmum 40 milljörðum króna en kostnaður við virkjanaframkvæmdirnar er áætlaður tæplega fimmtán milljarðar.

Össur segir það liggja skýrt fyrir að hálfu ríkisstjórnarinnar að engin ný virkjunar- eða rannsóknarleyfi verði veitt fyrr en Alþingi hefur formlega samþykkt niðurstöðu starfshóps sem fái það verkefni að meta verndargildi allra náttúrusvæða í landinu. „Það eru mörg ljón í veginum. Það þarf að gera umhverfismat á orkuöflunarsvæðum, og það er alveg ljóst að það verður ekki farið inn á óspjölluð svæði nema Alþingi samþykki það,“ segir Össur.

Raforkuverð við opnun norræna orkumarkaðarins Nordpool í gærmorgun var það sama og samist hefur um milli Orkuveitunnar og Norðuráls, eða 2,1 króna á kílóvattstund. Líklegt má þó telja að orkuverðið hækki um nærri 30 til 40 prósent á næsta ári vegna umhverfisskatta sem felast í því að fyrirtækin borgi fyrir að menga.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

Um verðið á raforkunni, 2,1 krónu á kílóvattstund, segir Össur að menn þurfi að meta það sjálfir hvort það sé gott eða slæmt. „Til að hjálpa mönnum get ég upplýst að meðalorkuverðið til álvera í heiminum eins og það er áætlað milli 2005 til 2008 er 1,86 krónur á kílóvattstund.“

Össur segir verð á raforku fara hækkandi og vel sé hægt að skoða kosti á nýtingu raforku sem sé ekki mengandi. Til dæmis komi netþjónabú og kísilflögukristallaframleiðsla sterklega til greina.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segir verðið á raforkunni vera lágt. „Þetta staðfestir það sem hefur verið vitað að verðið hér á landi til stóriðju er skelfilega lágt. Það að menn skuli stæra sig af því að hafa náð fram góðum samningi, og umtalsverðum hækkunum frá fyrri samningum, þá segir það sína sögu um þá samninga. Á íslensku þýðir það að eldri samningar eru umtalsvert lægri en þessir og það er slæmt.“

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, fagnar því að orkuverðið skuli vera gefið upp með svo nákvæmum hætti. „Það er auðvitað gleðiefni að verðið skuli vera opinbert, umræðunnar vegna, en það er full þörf á því að hugað verði betur að umhverfisþætti þess máls.“

magnush@frettabladid.is

## ORKUVERÐ TIL UMRÆÐU

Alan Belda, forstjóri Alcoa, lét þau orð falla í ræðu, sem vitnað var til á opinberri vefsíðu Alcoa, að Brasilíumenn væru „góðir í samningum“ þar sem orkuverðið þar í landi væri næstum tvöfalt hærra en á Íslandi. Áður hafði verið frá því greint í brasilískum dagblöðum að verðið í Brasilíu væri um þrjár krónur á kílóvattstund. Af því má ráða að orkuverð Alcoa á Íslandi sé á milli 1,5 til 1,7 krónur á kílóvattstund. Ríkisútvarpið greindi frá orðum Belda í fréttum sínum nokkru eftir að frétt um orð Belda birtist. Landsvirkjun bar þetta til baka, líkt og forsvarsmenn Alcoa hér á landi, og voru ummæli Belda tekin útaf vefsíðu Alcoa skömmu síðar og þau sögð „byggð á misskilningi“.

Óánægja er meðal vaktavinnufólks með vaktaálag, sérstaklega á hátíðarvöktum:

# Vilja styttri vinnutíma

**VINNUMARKAÐUR** Óánægja er meðal vaktavinnufólks með vaktaálag og gildir einu um hvernig vaktir er að ræða. Óánægjan er greinilegri þegar um vaktaálag á hátíðar- og stórhátíðarvöktum er að ræða. Þetta er meðal þess sem ný rannsókn Rannsóknarstofu í vinnuvernd sýnir.

Marktækur munur kom fram á heildarlaunum karla og kvenna. Karlarnir voru að meðaltali með hærri laun þótt konurnar séu fremur með háskólamenntun. Hluti af skýringunni getur verið sá að karlar vinni frekar en konur á helgum og hátíðisdögum. Fleiri konur en karlar höfðu breytt um starf til að hvíla sig á vaktavinnunni.

Rúmur þriðjungur þátttakenda sagðist ekki ætla að vinna vaktavinnu næstu árin og gildir það fremur um karla en konur. Það sem virðist hvað helst geta fengið starfsfólk til að breyta þessari afstöðu er að vaktaálag eða greiðslur verði hækkaðar og vinnutíminn styttur.

Mikil ánægja ríkir með svokallaða óskaleið en starfsfólk, sem notar þá leið, hefur almennt meiri möguleika á að skipuleggja vinnutíma sinn en aðrir og draga þannig úr árekstrum vaktavinnu við fjölskyldulíf og vinnutíma.

Niðurstöðurnar byggja á tveimur rannsóknum sem gerðar voru 2005-2006. Haustið 2006 var spurningalisti lagður fyrir 820 starfsmenn í Reykjavík og úti á landi og voru flestir í vaktavinnu. Svarhlutfall var 80 prósent. - ghs

**KOSTIR**
- Stundum frí á virkum dögum
- Vaktaskipti möguleg
- Löng vaktafrí
- Vetrarfrí út á vaktir
- Önnur verkefni í vaktafríum
- Auðveldara að samræma fjölskyldu og vinnu

**Gallar**
- Vinna um helgar og hátíðar
- Neikvæð áhrif á svefn, heilsufar og líðan
- Vinna að kvöldi og nóttu til
- Erfitt að samræma fjölskyldulíf og vinnu
- Erfitt að skipuleggja frítíma
- Ekki alltaf unnið á sama tíma




Tilboðin gilda alla helgina!

## Verið velkomin í Olís, Borgarnesi

Við vorum að opna glæsilega Olís-stöð í Borgarnesi, rétt við Borgarfjarðarbrúna. Renndu við og fáðu þér gott að borða á frábæru verði og nýttu þér 3 króna afslátt af eldsneyti. Nú hefurðu enn betri ástæðu til að stoppa í Borgarnesi!

**OLÍS – við höldum með þér!**

Himinn og haf / SÍA

## „ORÐRÉTT“

### Sanngirni

**„Mér finnst ósanngjarnt að menn séu að krefjast þess að ég hætti með liðið.“**

EYJÓLFUR SVERRISSON, ÞJÁLFARI KNATTSPYRNULANDSLIÐS KARLA, VILL HALDA ÁFRAM.
**Fréttablaðið, 7. júní**

### Davíð og Golíat

**„Í gegnum Golíat hafa farið vörur eins og Trópí, Svali, Ljómi, Sólblóma, Seltzer og vatn fyrir tugmilljarða króna. Aldrei bilaði hann!“**

DAVÍÐ SCHEVING THORSTEINSSON SYRGIR VÉLMENNIÐ GOLÍAT Í SÓLARVERKSMIÐJUNNI VIÐ ÞVERHOLT, SEM VAR RIFIÐ Á DÖGUNUM.
**Fréttablaðið, 7. júní**

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ANNA FJÓLA GÍSLADÓTTIR LJÓSMYNDARI

## Myndar hesta og labbar Langasjó



„Ég var að koma frá Ameríku. Ég var að stússast í íslenskum hestum í Boston í Massachusets,“ segir Anna Fjóla Gísladóttir ljósmyndari og mikil áhugakona um íslenska hestinn. Stússið fólst í að ríða út og svo tók ég meðal annars þátt í keppni,“ segir Anna. „Ég var líka að skoða hvernig íslenski hesturinn er notaður úti við þjálfun á hreyfihömluðum og fötluðum börnum.“ Anna segist ekki eingöngu hafa verið að sinna hestaáhugamálinu, þótt það hafi verið fyrirferðarmikið. „Ég var úti í níu daga. Milli þess sem ég var í hestastússinu var ég bara að heimsækja vini og að njóta lífsins í fríi.“

Hún ætlar ekki að sitja heima í sumar. „Nei, í sumar ætla ég að reyna að fara út á land að mynda. Ég ætla að fara á fjórðungsmótið fyrir austan og mynda þar hesta. Svo ætla ég að labba Langasjó – eða Fögrufjöll heitir það víst.“

Og þar með er sumarið ekki búið. „Ég fer aftur út í ágúst, í fimm daga reiðtúr í Rockefeller-park á íslenskum hestum. Vinir mínir þarna úti eiga hesta. Þetta er samfélag sem heldur ofsalega sterkt saman og íslenski hesturinn tengir þetta fólk ótrúlegum böndum. Við gerum okkur ekki grein fyrir því hvað íslenski hesturinn er mikil landkynning. Þetta fólk tilbiður Ísland út af hestinum.“ Hún segist ekki vera búin að ákveða hvað gert verði við afrakstur sumarsins; ljósmyndirnar sem hún tekur. „Ég gaf út bók á síðasta ári og ég segi ekki að ég sé farin að undirbúa næstu, en ég er alltaf að mynda hesta. Þetta er bara ástríða.“

## FRÍMERKI:
### BRESK UPPFINNING



■ Fyrsta frímerkið var framleitt í Bretlandi árið 1840 og var liður í umfangsmiklum breytingum á póstkerfinu sem fólust meðal annars í því að sendandinn átti að greiða kostnaðinn í stað viðtakanda eins og áður hafði verið. Fyrsta frímerkið var svart að lit og var kallað „Penny black“. Fljótlega tóku aðrar þjóðir að framleiða sín eigin frímerki. Á Íslandi var lengi notast við dönsk frímerki en fyrstu íslensku frímerkin voru framleidd árið 1873.

## SJÓNARHÓLL
### AFSÖGN LANDSLIÐSÞJÁLFARANS Í KNATTSPYRNU



**EIRÍKUR HJÁLMARSSON**
Upplýsingafulltrúi

### *Þjálfarinn ber ekki einn ábyrgð*

„Mér finnst það nú kallalegt hjá Eyjólfi Sverrissyni ef hann tæki þetta allt á sig,“ segir Eiríkur Hjálmarsson upplýsingafulltrúi Orkuveitu Reykjavíkur. „Mér finnst sanngjarnt að líta á þetta í stærra samhengi. Það voru þarna langflestir ef ekki allir að spila undir getu og leikmennirnir verða að líta í eigin barm og KSÍ-apparatið þarf að gera það líka. Þetta er búið að vera ósköp leiðinlegt að horfa á þessa leiki.

Ég er ekki með neinar betri hugmyndir að mannskap í þetta lið. Þeir sem stilltu sér upp inni á vellinum úti í Råsunda og á Laugardalsvellinum fannst mér vera í einhverjum hægagangi. Það var eins og menn horfðu hver á annan og sæju hvað þeir væru æðislega góðir og þetta hlyti að gerast án þess að menn legðu nokkuð á sig. Þessi keppni er búin og mér finnst eðlilegt að allir hugsi sinn gang, jafnt Eyjólfur sem aðrir. Við eigum ekkert kröfu á það að Ísland vinni Svíþjóð en við eigum kröfu á það kannski að sjá menn svitna í leikjunum.“

# Bjórinn kostaði blásarann eyra

**Þegar Jeremy Barlow kom fyrst til Íslands var bara einn rúllustigi í Reykjavík og vegurinn til Hveragerðis var svo holóttur að hann man það enn rúmum fjörtíu árum síðar.**



**HRIFINN AF JÓNASI, ÍSLENSKUM VEGUM OG NORRÆNNI MENNINGU** Flautuleikarinn Jeremy Barlow kom í langþráða hringferð um Ísland og vill gjarnan koma aftur.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Jeremy kom til Íslands árið 1963 til þess að leika á flautu með Sinfóníuhljómsveitinni og dvaldist hér í tíu mánuði. Hann heillaðist af landinu og sneri loks aftur á dögunum ásamt konu sinni til þess að endurnýja kynnin og taka viðtöl við íslenskt tónlistarfólk.

„Þetta hefur verið alveg einstakt. Við eltum sólina næstum allan hringinn og veðrið hefur verið yndislegt,“ segir hann kátur eftir hringferðina um landið sem hann hafði dreymt um lengi. Þegar blaðamaður hitti þau hjónin í síðustu viku voru þau á leið á tónleika Sinfóníunnar um kvöldið og skiljanlega spennt fyrir þeirri upplifun einnig. „Það verður afar forvitnilegt að heyra í þeim aftur,“ segir Jeremy en víst er að margt hefur breyst frá hans fyrstu kynnum af sveitinni. „Hún var vitanlega mun minni í þá daga. Því miður hef ég ekki haft tækifæri til að fylgjast vel með sveitinni í gegnum árin en það verður gaman að heyra muninn,“ segir hann sposkur. „Í þá daga var til dæmis mjög mikilvægt að stjórnandinn væri góður, ef hann var ekki góður þá hljómuðum við stundum miður vel,“ bætir hann við af enskri kurteisi.

### Ekki alltaf agi á liðinu

Jeremy er mikill sagnamaður en segir að sumar sögurnar úr Íslandsdvölinni séu ekki beinlínis prenthæfar. „Það var minni agi í þá daga,“ útskýrir hann brosandi. „Fólk mætti stundum svolítið seint.“ Hann tekur dæmi af stjórnanda einum sem ekki kunni að meta slíka óstundvísi og hélt mikinn reiðilestur yfir félögunum einn daginn. Eftir tíu mínútna messu sló dauðaþögn á hópinn uns það heyrðist mjóróma rödd úr einu hornanna sem dæsti og stundi upp úr eins manns hljóði: „Svona er þetta.“ Jeremy skellihlær og segist telja þessa sögu til marks um húmor Íslendinga.

Önnur eftirminnileg saga tengist bjórdrykkju sem þá var reyndar bönnuð. „Það vildi þannig til að í sveitinni spiluðu þrír austurrískir hornleikarar – menn sem voru nokkuð nánir og höfðu spilað saman í stríðinu. Svo var líka þýskur slagverksleikari sem aldrei sást vín á. Svo fréttist af því einn daginn að það væri þarlendur fragtari við höfnina svo þeir fóru þangað fjórir og komust í þýskan bjór og drukku víst alveg helling. Þá kom í ljós af hverju aldrei sást vín á slagverksleikaranum því hann umturnaðist, varð alveg brjálaður og réðst á einn hornleikarann – beit bút úr eyranu á honum. Næsta dag kom enginn slagverksleikari á æfingu en einn hornleikari með umbúðir um höfuðið – þetta varð rosaskandall, þeir skrifuðu um þetta í blöðunum.“

### Spilaði fyrir Johnson og Auden

Þessir mánuðir Jeremys á Íslandi voru ekki aðeins merkilegir tónlistarlega séð, en hann rifjar til dæmis upp þegar Vladimir Azkenasy lék píanókonsert með Sinfóníunni og Gunter Schuller stýrði þeim á tónleikum, heldur hitti hann einnig marga merka menn. Jeremy lék með Lúðrasveit Reykjavíkur þegar Lyndon B. Johnson heimsótti Ísland, nokkrum mánuðum áður en hann tók við forsetaembættinu eftir morðið á John F. Kennedy. „Ég var í svona búning, með alls konar röndum en það var náttúrulega ekki landsher á Íslandi svo þessar rendur þýddu ekki neitt,“ segir hann brosandi. Jeremy minnist einnig móttöku breska sendiráðsins þegar skáldið W.H. Auden kom í sína seinni Íslandsheimsókn og hann hitti skáldið og kollega hans Halldór Laxness. „Það var virkilega spennandi – ég er reyndar að lesa Laxness núna,“ útskýrir hann.

Vandræðalegasta augnablikið segir Jeremy hafa verið í skrúðgöngu á 17. júní þegar hann marseraði ásamt lúðrasveitinni um einu tvíbreiðu götuna í Reykjavík. „Þetta var mjög hátíðlegur dagur og Páll Pampichler Pálsson stýrði. Ég lék á pikkóló-flautu og þurfti að vera með nóturnar strengdar fastar á upphandleggnum – ég er ekki mikill um mig og var enn þá minni þá svo nóturnar voru alltaf að detta niður. Þetta var hálf niðurlægjandi, á þessum degi, sem vitanlega var tekinn svolítið hátíðlega, var ég bara að slást við nóturnar mínar.“

### Spenntur fyrir Jónasi Hallgrímssyni

Dvölin á Íslandi kveikti áhuga Jeremys á Skandinavíu og síðar fór hann til Svíþjóðar til að spila. Þar lærði hann sænsku en þegar fyrir lá að hann sneri aftur til Íslands komst hann í kynni við heimasíðuna Icelandic Online sem hann segir hafa hjálpað sér mikið við að læra íslensku. Hann kveðst geta lesið dálítið í málinu og er mjög spenntur fyrir Jónasi Hallgrímssyni.

Þau hjónin dreymir um að koma aftur til Íslands og fara á Sumartónleika í Skálholti en Jeremy nýtti tíma sinn nú til þess að kynna sér tónlistarstarf hérlendis og hyggst skrifa um það fyrir tímaritin Classical Music og Early Music Today sem gefin eru út í Bretlandi. „Ég vil líka gjarnan sjá meira af landinu, Hornstrandir og Ísafjörð,“ bætir Jeremy við. „Ein mesta breytingin sem hefur orðið á þessum rúmlega fjörtíu árum eru vegirnir, þið eruð með frábæra vegi hérna.“

**kristrun@frettabladid.is**

## STAÐREYNDAMOLAR UM SINFÓNÍUNA



- ■ Sinfóníuhljómsveitin var stofnuð 9. mars 1950 þegar 39 manna sveit hélt fyrstu tónleikana í Austurbæjarbíói.
- ■ Nú starfa um það bil hundrað hljóðfæraleikarar með sveitinni og hún heldur að jafnaði sextíu tónleika á hverju ári.
- ■ Sveitin hefur verið kölluð Melabandið þar sem varnarþing hennar er sem sakir standa í Háskólabíói á Melunum í Vesturbænum.
- ■ Hljómsveitin hefur farið í ríflega 15 tónleikaferðir til útlanda frá árinu 1977 þegar hún fór fyrst yfir hafið og lék á tónleikum í Færeyjum.
- ■ Á hverju ári sækja tónleika hljómsveitarinnar um 60 þúsund manns.
- ■ Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur leikið verk ríflega 600 tónskálda.




GURUDEV
á Íslandi

Fyrirlestur í Austurbæ
í kvöld kl. 20.00

Í fyrirlestri sínum fjallar Gurudev um hvernig yogaástundun dýpkar innri frið og nærir hjarta og sál

Þetta er einstakt tækifæri sem enginn yogaunnandi á að láta fram hjá sér fara.

Allir velkomnir

Nánari upplýsingar varðandi námskeið á laugardag:
Einar B. Ísleifsson s:861 2101, Kristbjörg Kristmundsdóttir s:861 1373 og Ægir Ingólfsson s:891 8186

Aðgangseyrir: 2000 kr. Hægt er að nálgast miða á midi.is




# Gorenje þvottavélar

## Fyrir íslensk heimili



| | |
|---|---|
| 1200 snúninga 5 kg: | 54.900.- |
| 1200 snúninga 6 kg: | 67.900.- |
| 1400 snúninga 6 kg: | 72.900.- |
| 1600 snúninga 6 kg: | 79.900.- |
| 1600 snúninga 7 kg: | 109.900.- |

- Mjög hljóðlátar
- Auðveldar í notkun
- Hristivörn
- Flæðivörn
- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- 5-7 kg hleðsla
- 1200-1600 snúningar
- A í orkunýtni
- A í þvottahæfni

PIPAR • SÍA • 70063

**REYKJAVÍK**
Rönning
Borgartúni 24
Sími 562 4011

**AKUREYRI**
Rönning
Óseyri 2
Sími 460 0800

**REYÐARFJÖRÐUR**
Rönning
Nesbraut 9
Sími 470 2020

**REYKJANESBÆR**
Rönning
Hafnargötu 52
Sími 420 7200

RÖNNING
www.ronning.is

## Svona erum við

>Fjöldi lögskilnaða á Íslandi




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING** SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

# *Samráð eða samkeppni*

Samkeppniseftirlitið gerði á dögunum húsleit hjá Mjólkursamsölunni og fjarlægði þaðan gögn til rannsóknar. Með reglulegu millibili berast fregnir af aðgerðum stofnunarinnar. Meðal aðgerða má nefna húsleit hjá olíufélögunum í desember 2001 sem leiddi til dómsmála gegn olíufélögunum.

**Hvað er Samkeppniseftirlitið?**
Samkeppniseftirlitið er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og heyrir undir viðskiptaráðherra. Eftirlitið tók til starfa 1. júlí 2005 þegar ný samkeppnislög tóku gildi. Með sömu lögum voru Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð lögð niður. Rekstur stofnunarinnar er greiddur af ríkissjóði. Forstjóri er Páll Gunnar Pálsson.

**Hvert er hlutverk Samkeppniseftirlitsins?**
Samkeppniseftirlitið annast framkvæmd samkeppnislaga, en markmið þeirra er að efla virka samkeppni í viðskiptum. Samkeppniseftirlitinu ber að ná markmiðum samkeppnislaga með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Eftirlit Samkeppniseftirlitsins tekur til hvers konar atvinnustarfsemi án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum.



**Á að leita til Samkeppniseftirlitsins með kvartanir vegna óréttmætra viðskiptahátta?**
Kvörtunum og fyrirspurnum vegna óréttmætra viðskiptahátta, þar á meðal vegna rangra eða villandi auglýsinga, á að beina til Neytendastofu. Við lagabreytinguna 1. júlí 2005 tók hún við þessum verkefnum af Samkeppnisstofnun og samkeppnisráði.

**Heimild: samkeppni.is**

## SPURT & SVARAÐ
MERKINGAR MATVÆLA

### *Vörn gegn bráðaofnæmi*

Upplýsingar á umbúðum matvæla skipta neytendur miklu máli. Að undanförnu hefur verið greint frá því í fréttum að íslensk fyrirtæki fari ekki í öllum tilvikum eftir þeim reglum sem í gildi eru, þó það sé fátítt.



**RAGNHEIÐUR HÉÐINSDÓTTIR**
Matvælafræðingur

**Hvaða upplýsingar þurfa að koma fram á umbúðum?**
Það er misjafnt. Sumar þeirra verða að koma fram og tilteknar reglur gilda um hvernig þær eru settar fram. Þetta á við um geymsluþol, geymsluskilyrði og innihaldslýsingu.
**Hvernig standa íslensk fyrirtæki sig í merkingum matvæla?**
Eftir því sem ég best veit standa flest íslensk fyrirtæki sig vel. Ég verð sjaldan vör við kvartanir.
**Hvað á fólk að gera ef það verður þess áskynja að merkingum er ábótavant?**
Þá á að gera heilbrigðiseftirliti viðkomandi sveitarfélags viðvart en heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga annast matvælaeftirlit í landinu.
**Stafar fólki hætta af rangt eða illa merktum matvörum?**
Sum innihaldsefni geta valdið bráðaofnæmi, til dæmis hnetur, egg, fiskur og ýmislegt fleira. Þessi efni verða alltaf að koma fram í innihaldslýsingu og hún er þannig mjög mikilvægt hjálpartæki. Ef fólk er með ofnæmi fyrir einhverju af þessum efnum getur verið mjög hættulegt fyrir viðkomandi einstaklinga að fá ekki réttar upplýsingar.




# Draga þarf stórlega úr þorskveiði

**Hafrannsóknarstofnun leggur til að þorskveiði dragist saman um þriðjung á næsta fiskveiðiári. Sjávarútvegsráðherra ætlar að hafa víðtækt samráð við hagsmunaaðila áður en ákvörðun um aflamark verður tekin. Samdráttur í útflutningstekjum yrði um 25 milljarðar ef ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar yrði fylgt í þaula.**

Í formála skýrslu Hafrannsóknarstofnunar um ástand nytjastofna sjávar og aflahorfur segir að án stefnubreytingar við nýtingu þorskstofnsins sé hvorki að vænta stækkunar hrygningarstofns né aukinnar nýliðunar sem er forsenda þess að auka aflaheimildir á komandi árum. Veiðihlutfall verður að lækka að mati stofnunarinnar og breyta þarf aflareglu þannig að veiði verði miðuð við 20 prósent af viðmiðunarstofni í stað 25 prósenta eins og nú er. Afli þorsks verði því takmarkaður við 130 þúsund tonn á næsta fiskveiðiári sem er 63 þúsund tonna samdráttur á milli ára.

**Þorskstofninn**
Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknarstofnunar, segir að alvaran liggi í lélegum þorskárgöngum síðustu sex ára. Það eru árgangarnir sem eru að koma inn í veiðina um þessar mundir. Skilaboð hans eru skýr. „Stofninn er í vel veiðanlegu ástandi í dag en við verðum að spyrna við fótum núna og horfa til framtíðar.“ Hann segir það slæma niðurstöðu ef ráðgjöf stofnunarinnar verði ekki fylgt. „Það er mjög brýnt að snúa þessari þróun við og það verður ekki gert öðruvísi en með samdrætti í veiðum. Enda leggjum við þetta til af miklum þunga.“

Ástand þorskstofnsins er að mati Hafrannsóknarstofnunar mjög bágborið.

Viðmiðunarstofninn náði sögulegu lágmarki á árunum 1992–1995 þegar hann var mældur um 550 þúsund tonn. Hann er talinn hafa verið um 800 þúsund tonn árið 2004 en vegna lélegra árganga allt frá 2001 er hann nú metinn um 650 þúsund tonn. Slakur 2004 árgangur kemur inn í viðmiðunarstofninn sem fjögurra ára fiskur í upphafi árs 2008 sem talið er valda því að hann minnki enn frekar. Til lengri tíma litið, ef fylgt er núverandi aflareglu, telur Hafró líklegast að viðmiðunarstofninn verði í kringum 600 þúsund tonn fram til ársins 2011. Það er 50 þúsund tonnum minni en hann er metinn í dag sem kallar á enn meiri samdrátt í þorskveiði á tímabilinu.

**Sjávarútvegsráðherra**
Allra augu beinast nú að Einari K. Guðfinnssyni sjávarútvegsráðherra. Hann ber ábyrðina á því hvernig bregðast skuli við tillögunum. Frá fyrsta degi hefur hann sagst ætla að gefa sér góðan tíma og muni ekkert ákveða um þorskveiðar komandi fiskveiðiárs fyrr en að vel ígrunduðu máli. „Ég tel að það væri ábyrgðarlaust af minni hálfu að draga ályktanir núna“, sagði Einar daginn sem skýrslan var kynnt. Síðan hefur hann kallað eftir víðtæku samráði hagsmunaaðila í sjávarútvegi, vísindasamfélagsins og óskað eftir þverpólitísku samstarfi um kvótaúthlutun.

Í hátíðarræðu sinni á sjómannadaginn minnti Einar á að í gildi er aflaregla sem staðfest var af ríkisstjórn árið 2006. Ef þeirri reglu yrði fylgt á næsta fiskveiðiári verður þorskkvótinn 178 þúsund tonn í stað þeirra 130 þúsund tonna sem tillaga Hafrannsóknarstofnunar felur í sér. Aðspurður hvort ekki sé líklegt að gildandi aflareglu verði fylgt hefur Einar svarað því til að hann geti ekki sagt til um hver niðurstaðan verði. Á sama tíma fullyrða fjölmargir hagsmunaaðilar að núgildandi aflareglu verði fylgt því ráðlagður niðurskurður veiðanna sé einfaldlega of stórt skref.



**ÞUNGT YFIR** Veiðiráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar gerir ráð fyrir miklum samdrætti í veiðum. Ráðgjöfin ein og sér hefur haft áhrif á gengi krónunnar og spár greiningadeilda bankanna boða minnkandi hagvöxt til skemmri tíma litið. Ljóst er þó að minnkandi veiði heggur næst sjómönnum og fjölskyldum þeirra.




* Endurskoðuð aflaregla

HEIMILD: HAFRANNSÓKNARSTOFNUN

Aflamark samkvæmt núverandi aflareglu: 25% af 649 þúsund tonna viðmiðunarstofni = 162 þúsund tonn. Aflamark síðasta fiskveiðiárs = 193 þúsund tonn. (162kt+193kt)/2 = 178 þúsund tonn.

**Hagsmunaaðilar**
Eins og vænta mátti hafa hagsmunaaðilar í sjávarútvegi tekið fréttunum þunglega. Ljóst er að tap greinarinnar er um 25 milljarðar þegar samdráttur í veiðum allra botnfisktegunda er talinn, þar af fimmtán milljarðar af þorskveiðunum einum ef farið verður eftir ráðgjöfinni.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útgerðarmanna (LÍÚ), segir það hafa legið fyrir að hrygningarstofninn og veiðistofninn sé of lítill og ekki komi á óvart að stofnunin leggi til minni afla en í ár. „En þetta er mun meiri niðurskurður en ég bjóst við. Ef farið verður eftir þessari ráðgjöf þá verður það alveg gríðarlegt högg. Þetta er alveg grafalvarlegt mál“, segir Friðrik. LÍÚ mun síðar álykta um málið, en Friðrik hefur sagt að hann telji niðurskurð uppá 63 þúsund tonn ógerlegan.

Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands, segir ljóst að sjómenn um allt land horfi fram á tekjuhrun. Sævar segir það sína skoðun að það þurfi að taka á eftirliti með veiðunum og það sé eitthvað mikið að fiskveiðistjórnunarkerfinu. „Þetta eru kaldar kveðjur en þetta er raunveruleiki sem við verðum að taka á.“

**Byggðamál**
Það þykir ljóst að ef þorskveiði verður skorin niður um þriðjung á næsta fiskveiðiári, kemur það verst niður á litlum útgerðum og þá kæmi það afar hart niður á litlum sjávarþorpum sem eiga mörg hver allt sitt undir smábátaútgerð. Það eru helst stórar útgerðir með mikla aðlögunarhæfni í útgerð sem gætu staðið af sér niðurskurðinn. Ráðgjöfin er jafnframt gagnrýnd af sjómönnum með þeim rökum að hún sé ekki í neinu samhengi við upplifun þeirra um ástand stofnsins.

Marínó Jónsson, smábátasjómaður á Bakkafirði, talar fyrir munn margra þegar hann sagði í samtali við Fréttablaðið að hugsanleg skerðing kæmi illa niður á sinni útgerð jafnt sem samfélaginu á Bakkafirði í heild sinni. Þrjár fjölskyldur standa að baki útgerð hans og „það er deginum ljósara að þær lifa ekki góðu lífi verði þetta að veruleika.“

**Það er mikið undir**
Rök hníga að því að útgefin kvóti í þorski verði 178 þúsund tonn samkvæmt þeirri aflareglu sem í gildi er. Hafrannsóknarstofnun bendir á að skammtíma hagsmunir megi ekki liggja til grundvallar ákvörðun um veiði komandi missera en hagsmunaaðilar vilja fara hægar í sakirnar en ráðgjöfin segir til um. Vandi sjávarútvegsráðherra kristallast kannski í atvinnuvanda sjávarbyggðanna á Vestfjörðum. Þar hefur verið gripið til sértækra úrræða en á sama tíma þarf að taka ákvörðun sem gæti margfaldað þann vanda sem nú er víða glímt við.



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is



Höfum opnað glæsilegar snyrtivörudeildir í Njarðvík og Borgarnesi
TAX FREE
SNYRTIVÖRU DAGAR
FRÍHAFNARDAGAR
Dagana 7.-10. júní afnemum við virðisaukaskatt af snyrtivörumerkjum*.
Fríhafnardagar um helgina
*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.
Tilboðin gilda út sunnudaginn 10. júní 2007.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.039 **-0,59%**

**Fjöldi viðskipta:** 477
**Velta:** 5.536 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **MAREL** | +0,47% | **ATLANTIC PET.** | -2,37% |
| | | **FL GROUP** | -2,08% |
| | | **TEYMI** | -1,97% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,72 -0,54% ... Actavis 84,90 +0,00% ... Alfesca 5,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 1.070 -2,37% ... Atorka 7,96 +0,00% ... Bakkavör 70,40 +0,00% ... Eimskipafélagið 40,95 -0,97% ... FL Group 28,30 -2,08% ... Glitnir 28,00 -0,53% ... Kaupþing 1.080 -0,74% ... Landsbankinn 37,10 -0,54% ... Marel 85,00 +0,47% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 21,05 -0,47% ... Össur 105,50 -0,94%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

**Úrvalsvísitalan tekur breytingum**
Eftir lokun markaða í dag mun Kauphöll Íslands tilkynna hvaða félög verða hluti af nýrri úrvalsvísitölu sem tekur gildi hinn 2. júlí. Greiningardeild Landsbankans telur líklegast að Alfesca og Atlantic Petroleum þurfi að víkja fyrir Existu og Icelandair. Valið í Úrvalsvísitöluna fer þannig fram að að á tólf mánaða viðmiðunartímabili eru fimmtán félögum sem mest viðskipti eru með gefin veltustig á hverjum degi. Þau fimmtán félög sem flest stig hafa, auk þess að vera á meðal átján stærstu félaganna í lok tímabilsins, veljast inn í vísitöluna að því gefnu að þau uppfylli viss skilyrði.




**Allt önnur vísitala án Actavis**
Mögulegt er að Actavis og Mosaic Fashions falli úr vísitölunni, ef svo fer að formleg yfirtökuskylda myndist áður en tilkynnt verður um valið. Þá verða þau ekki ekki gjaldgeng í úrvalsvísitöluna samkvæmt lögum sem um hana gilda. Fari svo að Actavis verði skráð af markaði telur greiningardeild Landsbankans líklegast að Teymi taki sæti félagsins í úrvalsvísitölunni. Þá verða talsverðar breytingar á vægi einstakra félaga innan vísitölunnar. Vægi viðskiptabankanna þriggja auk Straums-Burðaráss og Exista yrði þá samtals rúmlega 82 prósent í stað rúmra 75 prósenta ef Actavis verður með í vísitölunni.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Bankastjórn Englandsbanka tilkynnti í gær að stýrivöxtum yrði haldið óbreyttum enn um sinn í 5,5 prósentum. Almennt er þó talið að stýrivextir þar í landi verði hækkaðir þegar líður á árið.

Ellefta félagið á þessu ári skráði bréf sín á Nordic Exchange í gær. Það var danska bankinn bankTrelleborg sem rekur sextán útibú víðs vegar í Danmörku. Bankinn stefnir að því að verða fjármálastofnun á landsvísu.

Dómstólar í Sviss sýknuðu í gær nítján fyrrum yfirmenn svissneska flugfélagsins Swiss Air sem ákærðir voru fyrir glæpi sem leiddu til gjaldþrots félagsins í október 2001.

# FME semur við kínverskt bankaeftirlit

Eftir helgina munu Fjármálaeftirlitið og kínverska bankaeftirlitið skrifa undir samstarfssamning sín á milli. Forsvarsmenn kínverska eftirlitsins verða í heimsókn hér á landi, meðal annars til að vera viðstaddir morgunverðarfund um útrás íslenskra fjármálafyrirtækja til Kína. Fyrir honum stendur FME á mánudag.

Samningurinn sem um ræðir snýst um samstarf í eftirliti beggja eftirlitsaðila. „Tilefni samningsins er starfsemi Glitnis í Kína. Hann tekur til almenns eftirlits og samstarfs milli eftirlitsaðilanna,“ segir Guðbjörg Bjarnadóttir, sviðsstjóri lánasviðs Fjármálaeftirlitsins. „Við berum eftirlitsábyrgð á starfsemi útibúa íslensku bankanna að langstærstu leyti. Samningurinn tæki líka til starfsemi kínverskra fjármálafyrirtækja hér á landi, ef hún væri fyrir hendi.“

Svipaður samningur er í gildi við fjármálaeftirlitið á Mön. Í ljósi útrásar íslenskra fjármálafyrirtækja er allt útlit fyrir að samningurinn nú verði ekki sá síðasti. **- hhs**


**SÝSLAÐ MEÐ PENINGA** Fjármálaeftirlitið og kínverska bankaeftirlitið skrifa á mánudag undir samstarfssamning.

# Mesta veltan hjá Glitni

**Helmingi meiri velta var með hlutabréf Glitnis en næsta félags á fyrstu mánuðum ársins. Stór viðskipti og tilfærslur á bréfum skekkja undirliggjandi veltuaukningu. Hugsanleg yfirtaka á Actavis kæmi til með að auka veltu til muna.**

Mesta veltan var með hlutabréf Glitnis á fyrstu fimm mánuðum ársins samkvæmt tölum Kauphallarinnar. Heildarvelta með bréf félagsins nam um 334 milljörðum króna sem er ríflega helmingi hærri upphæð en hjá Kaupþingi sem kemur í öðru sæti. Fjöldi viðskipta var hins vegar mun meiri með bréf í Kaupþingi en í Glitni.

Eins og svo oft áður voru fjármálafyrirtækin mest áberandi en þau sitja í sex efstu sætunum. Actavis var veltuhæsta rekstrarfélagið.

Stór viðskipti skýra þessa stöðu Glitnis. Tilfærslur bréfa á milli félaga og svo auðvitað hin miklu viðskipti á vormánuðum þegar Karl Wernersson í Milestone og Einar Sveinsson, fyrrum stjórnarformaður, seldu bréf til ýmissa fjárfesta.

Grétar Már Axelsson, sérfræðingur hjá Greiningu Glitnis, býst við ágætri veltuaukningu í ár frá metárinu í fyrra. Heildarvelta á hlutabréfamarkaði nam 1.239 milljörðum króna á fyrstu fimm mánuðum ársins sem samsvarar um 28 prósenta veltuaukningu milli ára. Hugsanleg yfirtaka Björgólfs Thors á Actavis kann að ráða miklu um þá aukningu sem mun verða milli ára. „Tökum sem dæmi ef að öll hlutabréf í Actavis fara í gegnum veltukerfið þá detta þar inn um 280 milljarðar króna sem nemur markaðsvirði félagsins.“

Hann bendir á að á síðasta ári jókst heildarvelta í Kauphöll um rúm áttatíu prósent. Mikil viðskipti og stórar tilfærslur á bréfum einkenndu síðasta ár. Þar nefnir hann sölu Straums á bréfum í Glitni og sölu Magnúsar Kristinssonar og Kristins Björnssonar á Straumsbréfum til FL Group.

„Svona tilfærslur skekkja það sem maður getur kallað undirliggjandi veltu á markaðnum eða mælingu á henni. En það virðist samt vera nokkur undirliggjandi vöxtur á milli ára.“

**eggert@frettabladid.is**

**TÍU VELTUMESTU FÉLÖGIN FRÁ 1. JANÚAR TIL 31. MAÍ**

| Félag | Velta í milljörðum kr. |
|---|---|
| Glitnir | 333,9 |
| Kaupþing | 210,8 |
| Landsbankinn | 168,8 |
| Straumur-Burðarás | 133,8 |
| FL GROUP | 118,4 |
| Exista | 85,5 |
| Actavis Group | 81,0 |
| Bakkavör Group | 33,3 |
| Tryggingamiðstöðin | 20,9 |
| Hf. Eimskipafélagið | 10,2 |

Heimild: Kauphöll Íslands



**HÖFUÐSTÖÐVAR GLITNIS** Ríflega tvöfalt meiri velta var með hlutabréf í Glitni en Kaupþingi á fyrstu mánuðum ársins.






# Tryggvi kaupir um þriðjung í Apple

Sanderson ehf., félag í eigu Tryggva Jónssonar, fyrrverandi eiganda og forstjóra bifreiðaumboðsins Heklu, hefur keypt 28 prósenta hlut í Humac af F. Bergsson Holding ehf., félagi Frosta Bergssonar, og Hlunn ehf., fyrirtæki feðganna Þórarins Elmars Jensen og. Markúsar og Gests Þórarinssona sem áður ráku 66° Norður. Kaupverð er ekki gefið upp. Humac á og rekur 19 verslanir Apple á Íslandi og Norðurlöndunum.

Félögin Sanderson, Baugur Group og eignarhaldsfélagið Grafít, sem er í eigu Hannesar Smárasonar og Þormóðs Jónssonar og á meðal annars auglýsingastofuna Fíton, eru eftir viðskiptin stærstu hluthafar Humac með samtals um 87 prósenta hlut í félaginu, að því er fram kemur í tilkynningu.

Tryggvi Jónsson tekur sæti í stjórn Humac. Þar eru fyrir Þórdís Sigurðardóttir, sem jafnframt er stjórnarformaður, Árni Pétur Jónsson og Þormóður Jónsson. Framkvæmdastjóri Humac er stofnandi fyrirtækisins, Bjarni Ákason, sem í lok apríl seldi þriðjungshlut sinn í félaginu til Grafít. **- jab**


**TRYGGVI JÓNSSON**

# Opið í Smáralind

Lokað á laugardögum í maí, júní og júlí
í Lágmúla 8 (heimilistæki) og
í Síðumúla 9 (hljómtæki og skrifstofutæki).




SUMAROPNUN:

Laugardaga frá kl. 11:00-18:00
Sunnudaga frá kl. 13:00-18:00

## Velkomin í óvenjulega verslun!

## SETTU ÞAÐ SAMAN HTH



NÝTT 2007

202.048,-

Hvít háglans/4000

ORMSSON LÁN: Mánaðarleg jöfn afborgun í 48 mánuði : Kr. 5.858.-

GLÆSILEGAR INNRÉTTINGAR Á VÆGU VERÐI



Frítt teikniforrit á www.gds-hth.dk og þú hannar þitt draumaeldhúsið auðveldlega.

## HTH gæðin kosta minna ef *þú setur það saman ...*

**Af hverju að borga meira?**
HTH er leiðandi í framleiðslu innréttinga á Norðurlöndum og býður besta verð sem völ er á fyrir þá sem vilja sjálfir taka þátt í uppsetningu á eigin eldhúsi. Gerðu verðsamanburð og þú munt komast að því að Settu það saman línan frá HTH kostar minna en sambærilegar innréttingar á markaðinum.

**Vönduð framleiðsla og þitt öryggi.**
HTH er viðurkennt og þekkt víða um heim fyrir framúrskarandi framleiðslu. Þú getur treyst því að reynsla og metnaður HTH skilar sér beint í ódýru línuna – ætluð þeim sem vilja mikið fyrir lítið. Vandaður frágangur og smekklegt úrval fylgihluta eru helstu einkenni Settu það saman línunnar frá HTH.

**Einfalt og þægilegt.**
Fagleg útsjónarsemi og markviss hönnun fagmanna HTH er lykillinn að þessum glæsilegu innréttingum. Settu það saman er kerfi sem auðvelt er að raða saman og fella að hvaða plássi sem er – og að þeim kröfum sem gerðar eru til geymslurýmis í eldhúsinu.

**Stíllinn og áferðin skipta sköpum.**
Í Settu það saman kerfinu eru 11 mismunandi litir, áferðir og efni á skúffum og skápahurðum einnig er mikið úrval af höldum. Gegnheilar hillur úr beyki og mahogni bjóða upp á skemmtilega möguleika – einfalt, stílhreint og nútímalegt.

***Líttu inn og sjáðu með eigin augum úrvalið af fallegum innréttingum sem þú getur auðveldlega sett saman.***

## LOEWE ER VIRTASTI SJÓNVARPSFRAMLEIÐANDI ÞÝSKALANDS

## EINSTAKT LOEWE TILBOÐ



LOEWE.

**32" LCD sjónvarp**
**LOEWE Xelos A 32 Antracit**
Upplausn: 1366 x 768
Birta: 450 cd/m2
Hlutföll: 16:9 (breiðtjald)

HD ready

~~VERÐ: 299.900 kr.~~
**TILBOÐSVERÐ: 169.900 KR.**



LOEWE.

**32" LCD sjónvarp**
**LOEWE Concept 32 DVB**
Upplausn: 1366 x 768
Hlutföll: 16:9 (breiðtjald)
Innbyggður 2 x 40 W hljóðmagnari

HD ready

~~VERÐ: 239.900 kr.~~
**TILBOÐSVERÐ: 149.900 KR.**

Með hverju LOEWE Xelos A 32" og LOEWE Concept 32" DVB
**FYLGIR FRÍTT**
20" LOEWE LCD sjónvarp eða LOEWE DVD upptökutæki
*– þú velur hvort þú vilt.*







## AEG ELDHÚSPAKKINN

AEG Competence
Ofn og helluborð
B-4101-4-M (ofn)
6000K-MN (helluborð)

**EINSTAKT TILBOÐSVERÐ: 99.900 kr.**



AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

AEG uppþvottavél
50862U-W hvít
Íslenskt stjórnborð
5 kerfi · Mjög hljóðlát

**EINSTAKT TILBOÐSVERÐ: 69.900 kr.**



AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

AEG þvottavél
LAVAMAT 64810
Íslenskt stjórnborð
6 kg · 1400 sn/mín

**EINSTAKT TILBOÐSVERÐ: 79.900 kr.**

## Nú er rétti tíminn fyrir þig að gera góð kaup á ÚRVALS merkjum. Gríptu tækifærið!

ORMSSON LÁN 48 MÁNAÐA
ÁN KREDITKORTS

**ORMSSON**
SMÁRALIND · Sími 530 2907 / 530 2908

www.ormsson.is

**ORMSSON** *Opið frá kl. 10–13 á laugardögum*
ÁRVIRKINN, SELFOSSI · Sími 480 1160

**ORMSSON** *Lokað á laugardögum*
AKUREYRI · Sími 461 5003

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Aðgerðir til stuðnings börnum.

## Ábyrgðin

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Góð áform nýrrar ríkisstjórnar um aðgerðir af opinberri hálfu til að bæta stöðu barna og ungmenna í þjóðfélaginu eru virðingarverð. Staðfesta ríkisstjórnarinnar um að koma þeim í framkvæmd er lofsverð. Að baki býr augljóslega ríkur metnaður. Á ríkisvaldinu hvíla sannarlega miklar skyldur varðandi börn.

En hitt má ekki gleymast að uppeldisábyrgðin er foreldranna. Það er hluti af leiðsagnarhlutverki stjórnmálamanna að höfða til þessarar ábyrgðar fjölskyldunnar sjálfrar. Það er til marks um veikleika ef pólitísk rétthugsun hemur umfjöllun stjórnmálamanna um grundvallaratriði sem þetta. Smám saman getur losnað um rætur þjóðfélagsgerðarinnar ef sú umræða er í fjötrum.

Nútímasamfélag leggur eigi að síður skyldur og mikil verkefni á herðar ríkisvaldi og sveitarfélögum varðandi börn. Ærin ástæða er til að fagna þegar þau mál eru tekin föstum tökum eins og nú er ætlunin.

Eitt af þeim brýnu úrlausnarefnum sem við blasa og áætlun ríkisstjórnarinnar kveður á um er að fækka þeim börnum sem eru á biðlistum til greiningar hjá barna- og unglingageðdeild og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Þeir sem eldurinn brennur heitast á hljóta að fagna að hér á að hafa snör handtök.

Ríkisstjórnin svarar því hins vegar ekki hvað þetta á að kosta eða hvernig á að leysa viðfangsefnið. Er unnt að leysa það með skjótum hætti án þjónustusamninga við einkaaðila? Eða er það hugtak sem má ekki nota?

Einnig vekur það upp spurningar hversu rýr umfjöllun er um menntun barna í áætluninni. Segja má að hún sé einum um of vandamálamiðuð.

Munur er á stefnuyfirlýsingu og aðgerðaáætlun. Aðgerðaáætlun felur eðli máls í sér hvernig mál á að leysa, á hvaða tíma og fyrir hversu mikið fé. Að því leyti lýsir áætlun ríkisstjórnarinnar fremur stefnu en aðgerðum. Þess var varla að vænta að ríkisstjórn gæti kynnt alvöru aðgerðaáætlun svo skömmu eftir að hún var mynduð.

En spurningin sem vaknar í tilefni af þessari áætlun ríkisstjórnarinnar er þessi: Gæti ekki verið full þörf á að hvetja foreldra til þess að gera eigin aðgerðaáætlanir í þágu barna sinna? Hvað vilja foreldrar setja í forgang innan vébanda heimilisins? Hversu framarlega eru börnin á fjölskylduforgangslistanum? Hvernig á til að mynda að nota þann tíma sem aukið fæðingarorlof gefur? Á ekki að hvetja fyrirtæki til að móta fjölskyldustefnu?

Mikilvægt er að ríkisstjórnin sendi skýr skilaboð um þessi efni. Breyttir þjóðfélagshættir kalla vissulega á að skólar og ýmsar stofnanir sinni um margt hlutverki gagnvart börnum sem áður var sinnt á heimilum.

Markalínu ábyrgðarinnar á uppeldi barna má hins vegar ekki færa í reynd frá foreldrunum til stofnana ríkis og sveitarfélaga. Í því ljósi er það ekki síður mikilvægt að ríkisstjórnin eða þingmenn nýti þá frjóu og uppbyggilegu umræðu, sem ríkisstjórnin sjálf hefur haft frumkvæði um, til þess að brýna þessar skyldur og ábyrgð fyrir samborgurunum.

Einhverjir kunna að líta svo á að slíkur boðskapur geti sett metnaðarfull áform ríkisstjórnarinar í skuggann. Svo er ekki. Þvert á móti myndi sá boðskapur gefa þörfu og stórhuga framtaki ríkisstjórnarinnar aukið gildi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson.
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Eiríkur ei til aðstoðar

Í samkvæmisleiknum um hver verður aðstoðarmaður hvaða ráðherra bar Eirík Bergmann Eiríksson, stjórnmálafræðing og rithöfund, oft á góma stjórnmálaspekúlanta. Eiríkur er manna fróðastur um Evrópusambandið og létu sér nokkrir detta í hug að þekking hans og hæfileikar gætu komið sér vel. Hefur heyrst að Eiríkur furði sig á því hvers vegna spekúlantarnir spyrja hann aldrei hvort hann hafi hug á að aðstoða einhvern ráðherranna. Á því hafi hann engan áhuga.

### Runólfur reiðist ESB

Meira af áhugamönnum um ESB. Runólfur Ágústsson, fyrrverandi rektor á Bifröst og núverandi framkvæmdastjóri Keilis, hefur unnið hörðum höndum að því að háskólasamfélagið sem verið er að byggja upp á gamla hersvæðinu geti orðið að miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs. Það þótti skemmtilegt að Evrópusambandssinninn tæki yfir gamla vígi bandaríska hersins. En kaldhæðnislegt er að svo virðist sem reglur og staðlar ESB ætli að verða Runólfi fjötur um fót. Samkvæmt þeim má jú alls ekki nota bandarískt rafkerfi og því eru öll fínu raftækin, sem fyrir eru í lúxusíbúðunum á vellinum, ónothæf.





### Tekur framsókn á orðinu

Mikið hefur verið rætt um 200 þúsund króna launahækkun seðlabankastjóra á mánuði. Skemmtilegt innlegg í þá umræðu átti Sóley Tómasdóttir, ritari vinstri grænna: „Hjúkk! Eins gott að seðlabankastjórar koma ekki af stað launaskriði eins og láglaunafólk í umönnunarstéttum... -Getum því alveg andað rólega.“ Framsóknarmenn furðuðu sig á því að Samfylkingarfólk virtist ekki hafa neitt út á Sjálfstæðisflokkinn að setja eftir að það komst í ríkisstjórn. Jóhanna Sigurðardóttir, félagsmálaráðherra, virðist hafa tekið þá á orðinu. Frísklegri yfirlýsingar en þær sem hún kom með í gær hafa ekki heyrst lengi í ríkisstjórn. Það er von á spennandi tímum með Jóhönnu um borð.

karen@frettabladid.is

# Höldum í frjálst framsal



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

ÍDAG | Kvótakerfið

*Við megum ekki taka upp styrkjastefnu í sjávarútvegi, enda er þá hætt við, að Ísland allt verði að einhvers konar byggðasafni...*

Kvótakerfið í sjávarútvegi snýst ekki um ástand fiskistofna. Það er hlutverk fiskifræðinga að rannsaka slíkt ástand. Ég skal ekkert um það segja, hversu nákvæmar niðurstöður þeirra eru, en hitt veit ég, að okkur býðst ekkert betra. Ef til vill hafa veiðar ekki úrslitaáhrif á stofna. En við verðum að trúa því, að þær hafi einhver áhrif, enda stækkuðu stofnarnir, þegar lítið var veitt í seinni heimsstyrjöld. Líffræðileg ofveiði er til. Við verðum að treysta fiskifræðingum um það, hver hún sé. Ef þeir segja okkur, að við verðum að minnka veiðar úr einstökum stofnum, þá hljótum við að fara eftir því.

**Kvótakerfi til að hagræða**

Kvótakerfið í sjávarútvegi snýst um annað. Þegar aðgangur er ótakmarkaður að takmarkaðri auðlind, eykst sóknin í hana, þangað til allur gróði af henni hefur horfið í aukinn kostnað. Þetta er lögmál, sem ekki er deilt um í alvöru. Staðfestingu þess getur að líta um allan heim. Við Íslendingar kynntumst þessu vel fyrir 1980. Þá óx flotinn miklu hraðar en aflinn. Við sóuðum miklu fé í of mörg skip, sem voru að eltast við sífellt minni síldar- og þorskstofna. Einfaldast er að sjá þetta fyrir sér með því að segja, að sextán bátar hafi veitt fisk, þegar aðeins þurfti átta.

Verkefnið þá var að fækka bátunum úr sextán í átta. Tvær leiðir voru til. Sumir vildu, að fækkunin yrði framkvæmd með því, að ríkið byði upp aflaheimildir, sem verðlagðar væru svo hátt, að aðeins átta betur reknu bátarnir yrðu eftir á miðunum. Hinir átta bátarnir, sem verr væru reknir, gætu ekki greitt uppsett verð og yrðu að hætta veiðum. Þannig fengist hagræðingin á einum degi. Aðrir, þar á meðal við Ragnar Árnason prófessor og sjávarútvegsráðherrarnir Halldór Ásgrímsson og Þorsteinn Pálsson, lögðu til, að allir sextán bátarnir fengju aflaheimildir, sem nægðu átta bátum til hagkvæms reksturs. Þeir mættu síðan versla með þessar aflaheimildir. Þannig myndi bátunum smám saman fækka úr sextán í átta. Hagræðingin yrði hæg og sársaukalítil. Þessi leið var sem betur fer valin.

**Óréttmæt gagnrýni**

Það er mikilvægt að skilja, að einn tilgangur kvótakerfisins var einmitt að fækka bátunum. Þeir voru of margir. Þess vegna er það kostur á kerfinu, ekki galli, þegar aflaheimildir eru sameinaðar og færðar frá tveimur bátum á einn. Samt er jafnan rekið upp ramakvein, þegar það gerist. Frjálst framsal aflaheimilda gegnir því hlutverki að flytja heimildirnar þangað, sem þær eru best nýttar.

Sjónvarpið flutti nýlega margar fréttir af Flateyri, en þaðan hafa aflaheimildir flust. Verkafólkið, sem sást í fréttunum, var að vísu nær allt útlent. En hvað skal gera? Halda með ríkisstyrkjum uppi rekstri, þar sem hann er óhagkvæmur? Ef útgerð borgar sig á Flateyri, þá hljóta heimamenn að geta keypt þangað aflaheimildir. Ef útgerð er ekki hagkvæm þar, þá verða Flateyringar að sæta sömu reglu og Reykvíkingar og svipast um eftir öðrum tækifærum. Í Reykjavík hætta fyrirtæki rekstri, án þess að Sjónvarpið flytji um það sérstakar fréttir. Starfsmenn slíkra fyrirtækja leita sér að annarri vinnu og finna, því að ekkert atvinnuleysi er á Íslandi ólíkt því, sem gerist í Evrópusambandinu.

Gagnrýni Morgunblaðsins á eigendur Brims, þá Guðmund og Hjálmar Kristjánsson, fyrir að vilja kaupa Vinnslustöðina í Vestmannaeyjum er einnig óréttmæt. Þeir höfðu fullt frelsi til að gera sitt tilboð. En að sjálfsögðu höfðu hagsmunaaðilar í Vestmannaeyjum líka fullt leyfi til að selja ekki hlutabréf sín eða kaupa.

**Enga styrkjastefnu**

Við verðum að treysta ráðum fiskifræðinga, um leið og við hljótum að halda fast við frjálst framsal aflaheimilda. Við megum ekki taka upp styrkjastefnu í sjávarútvegi, enda er þá hætt við, að Ísland allt verði að einhvers konar byggðasafni, sem duglegt fólk flyst frá og heimsækir aðeins á sumrin í því skyni að horfa vorkunnsamlega á afturúrsiglarana og óska sjálfu sér til hamingju í huganum með að hafa sloppið út. Lífskjör verða að vera hér jafngóð eða betri en í grannlöndunum, og það gerist ekki, nema við hagræðum sífellt í rekstri. Kvótakerfið í sjávarútvegi er einn þáttur inn í því.

# Trúnaður um raforkuverð

UMRÆÐAN

Raforkuverð



GÚSTAF ADOLF SKÚLASON

Oft er gagnrýnt að trúnaður skuli ríkja um hvert raforkuverðið nákvæmlega sé í samningum íslenskra orkufyrirtækja vegna stóriðju. Þessi gagnrýni er kannski skiljanleg í því ljósi að orkufyrirtækin eru nær alfarið í eigu opinberra aðila.

Almenna reglan í rekstri fyrirtækja er hins vegar sú að gerðir eru samningar við önnur fyrirtæki sem trúnaður ríkir um. Ástæðan er einföld og snýr að samningsstöðu fyrirtækjanna við aðra sambærilega viðskiptavini í nútíð og framtíð. Þótt orkufyrirtækin séu að mestu í opinberri eigu eru þau engu að síður rekin á samkeppnisgrunni og starfa á samkeppnismarkaði. Stefnan um trúnað í þessu samhengi þjónar best hagsmunum orkufyrirtækja og eigenda þeirra í samningaviðræðum við erlenda raforkukaupendur, þótt draga megi ályktanir um orkuverðið út frá þekktum stærðum.

Mörg íslensk fyrirtæki eru með samninga við orkufyrirtækin um raforkukaup. Innihald þeirra samninga er eðli málsins samkvæmt ekki öllum aðgengilegt á samkeppnismarkaði. Ríkisútvarpið ohf. er dæmi um fyrirtæki í opinberri eigu. Almenningur hefur ekki aðgang að öllum samningum sem það fyrirtæki gerir.

**Arðsemin aðalatriðið**

Verðið á raforku til álfyrirtækja er tengt heimsmarkaðsverði á áli og háð gengi á Bandaríkjadal. Gengi hans er fremur lágt um þessar mundir en álverð mjög hátt. Verðið á hins vegar ekki að skipta eigendur meginmáli, heldur arðsemin. Um hana höfum við greinargóðar upplýsingar frá þeim fyrirtækjum sem selja raforku til stóriðju. Samningarnir við hina erlendu raforkukaupendur eru sameiginleg niðurstaða kaupenda og seljenda um arðbær viðskipti og verðmætasköpun.

Á Íslandi er verð á raforku til almennings með því lægsta sem gerist á Vesturlöndum, en raforkuverð til stóriðju er hér í meðallagi á heimsvísu. Stórir samningar um sölu á raforku til stóriðju hafa gert íslenskum orkufyrirtækjum kleift að virkja með hagkvæmari hætti sem aftur þýðir að þau geta selt almennum neytendum raforku og heitt vatn á lægra verði en ella.

*Höfundur er aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja.*

# ÚTSKRIFTARGJÖFIN Í ÁR

**Tímabundið kynningarverð: 9.990 kr.**




Hin eina sanna íslenska orðabók er nú komin í eitt bindi í endurbættri útgáfu með 4.000 nýjum uppflettiorðum. Þetta grundvallarrit um íslenska tungu á erindi við alla sem tala íslensku og er ómissandi öllum þeim sem nota tungumálið í námi eða starfi.

**Fullt verð: 14.980 kr.**

Edda
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# Með grænum gleraugum

**UMRÆÐAN**

Stjórnarsáttmálinn



KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR

Stjórnmálaumræða síðustu daga hefur markast mjög af fyrstu skrefum nýrrar ríkisstjórnar, sem ýmsum þykir að hefðu að ósekju mátt vera yfirvegaðri og í meiri samhljómi við Þingvallayfirlýsinguna. Í henni er gefið fyrirheit um gott samstarf við alla flokka á Alþingi, en á fyrstu starfsdögum stjórnarinnar er öllu slíku kastað fyrir róða og ráðherrarnir ganga fram af stærilæti. Kannski má kenna óöryggi og stressi Samfylkingarinnar um gangtruflanirnar á fyrstu metrunum, en líklegra að orsakanna sé að leita í vinnubrögðum sem fyrri ríkisstjórnir Sjálfstæðisflokks hafa mótað og Samfylkingin megnar ekki að standa gegn, hvað sem síðar kann að verða.

## Sjálfbær þróun ekki nefnd

Stefnuyfirlýsing hinnar nýju ríkisstjórnar hefur verið til sérstakrar skoðunar í fjölmiðlum síðustu daga og þó almennt sé talið að lítilla breytinga sé að vænta á stjórnarstefnunni þá hafa atriði eins og afstaðan til stríðsátaka í Írak og stefnan í stóriðjumálum verið til nokkurrar umfjöllunar. Það er forvitnilegt að rýna í yfirlýsinguna með grænum gleraugum til að sjá hvernig sjónarmiðum umhverfis- og náttúruverndar er þar fyrirkomið. Fyrst ber að nefna vonbrigðin yfir því að sjálfbærrar þróunar skuli í engu getið í hinu ríflega fimm síðna plaggi og hlýtur sú staðreynd að orsaka nokkra fyrirvara varðandi innihaldið hjá þeim sem einhvers höfðu vænst í þessum efnum.

## Stóriðjustefna áfram

Margt af því sem fram kemur í umhverfisverndarkaflanum er góðra gjalda vert og sjálfsagt að gefa ríkisstjórninni tækifæri til að móta stefnu um einstök atriði eins og baráttuna gegn mengun og sóun náttúruauðlinda, náttúruvernd og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Á hinn bóginn er rétt að benda á atriði er valda vonbrigðum. Þar nefni ég fyrst að stórframkvæmdum skuli ekki slegið á frest eins og Samfylkingin lofaði kjósendum sínum, heldur skuli þær einungis tímasettar í ljósi hagstjórnarmarkmiða. Forsætisráðherra lagði m.a.s. lykkju á leið sína á blaðamannafundinum á Þingvöllum til að eyða misskilningi um að samið hefði verið um stóriðjustopp.

## Friðlýst svæði vernduð

Þegar náttúruverndaráformin eru skoðuð vekur athygli að einungis skuli talin fá af þeim níu svæðum sem „Fagra Ísland“ Samfylkingarinnar gaf fyrirheit um að yrðu vernduð. Þannig vantar á listann Brennisteinsfjöll, Grændal, jökulárnar í Skagafirði og Skjálfandafljót. En í þeirra stað eru komin svæði sem hafa verið friðlýst í áratugi eins og Askja og Hveravellir. Þá má geta þess að Alþingi samþykkti í tengslum við Vatnajökulsþjóðgarð að vatnasvið Jökulsár á Fjöllum kæmi til með að heyra undir þjóðgarðinn, svo varla hefði verið þörf á að geta þess sérstaklega. Og varðandi Þjórsárver þá bar forystumönnum hinnar nýju ríkisstjórnar ekki saman um hvað átt væri við með því sem segir í yfirlýsingunni um þau. Forsætisráðherra lítur ekki svo á að hætt hafi verið við Norðlingaölduveitu og víst er að Landsvirkjun vinnur hörðum höndum að undirbúningi hennar ásamt virkjununum í neðri hluta Þjórsár.

## Rammaáætlun ekki flýtt

Vinnu við rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma verði lokið fyrir árslok 2009. Af umfjöllun hefur mátt ráða að verið sé að hraða því ferli, en hið rétta er að áætlanir verkefnisstjórnar hafa alltaf gert ráð fyrir að hún verði tilbúin 2009. Um það má lesa í skýrslu auðlindanefndar iðnaðarráðherra frá í okt. 2006. Hinu er rétt að fagna að samkomulag skuli hafa náðst um að rammaáætlunin þurfi staðfestingu Alþingis áður en hún tekur gildi. Engu að síður veldur það vonbrigðum hversu veikar skorður eru reistar við því að orkufyrirtækin haldi áfram rannsóknum og orkuvinnslu á viðkvæmum háhitasvæðum. Þar eru á ferð alvarlegir váboðar, sem sjást best á glóðvolgri undirritun samnings um orkusölu til álvers í Helguvík.

## Vankunnátta um bindingu kolefnis

Hlálega atriðið í stjórnarsáttmálanum varðar bindingu kolefnis og afhjúpar textinn vanþekkingu á lögmálum náttúrunnar þar sem segir að ríkisstjórnin hyggist efla skógrækt og landgræðslu í þeim tilgangi að binda kolefni í andrúmsloftinu. Samkvæmt orðanna hljóðan er engu

*Ómarkviss framsetning sýnir hversu mjög forystumenn stjórnarflokkanna skortir skilning á mikilvægi sjálfbærrar þróunar við pólitíska stefnumörkun.*

líkara en menn ætli andrúmsloftinu að binda kolefni, þó hvert mannsbarn viti að það eru gróður og jarðvegur sem búnir eru slíkum eiginleikum. Sárlega vantar haldbær markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og hæpið að ætla að nýta landgræðslu og skógrækt sem flóttaleið í þeim efnum. Vitað er að skrifstofu loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna gengur illa að koma saman reglum um hvers konar skógrækt og landgræðsla verða gjaldgengar í losunarbókhaldi Kyótó-bókunarinnar.

## Ýmsu ósvarað

Þegar allt kemur til alls þá skortir stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sárlega hugmyndafræðilegan bakgrunn. Ómarkviss framsetning sýnir hversu mjög forystumenn stjórnarflokkanna skortir skilning á mikilvægi sjálfbærrar þróunar við pólitíska stefnumörkun. Segja má að yfirlýsingin kveiki fleiri spurningar af umhverfislegum toga en hún svarar. Og sú spurning sem verður hvað áleitnust að loknum lestri er þessi: Hvaða þýðingu hefur það að Samfylkingin skuli hafa horfið frá fyrri yfirlýsingum um að afnema beri vatnalögin hin nýju?

*Þingmaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs.*

**BLOGG.VISIR.IS**

### Hetjan öll



Guðbjört Lóa Sæmundardóttir - vestfirska hetjan frá Læk í Dýrafirði - er nú látin, tvítug að aldri. Hún andaðist í Reykjavík, síðdegis þann 4. júní, eins og fram kemur á bloggsíðu hennar (http://blomaros.bloggar.is/). Eftir fjögurra ára harðvítuga baráttu við krabbamein laut hún að lokum í lægra haldi. Engum duldist að þetta voru erfið ár - en það var aðdáunarvert að sjá þann persónustyrk sem þessi unga stúlka sýndi af sér í alvarlegum veikindum. Fjölmargir hafa fylgst með hetjulegri baráttu hennar á bloggsíðunni þar sem hún ræddi líf sitt, dagleg viðfangsefni og veikindi af æðruleysi og fáséðri reisn.

**Ólína Þorvarðardóttir**
blogg.visir.is/olina

### Þekkingarþorp



Líst vel á nýtingu gömlu herstöðvarinnar sem miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs. Vonandi í uppsiglingu þekkingarþorp með tilheyrandi framþróun og hagvexti. Það virðist mikil alvara í þessu verkefni sem er með hlutafé uppá 300 milljónir sem er stærsta fjárfesting einkaaðila í íslensku menntakerfi frá upphafi. Nú er verið að bjóða upp á leiguíbúðir á mjög hagstæðu verði fyrir námsmenn til að laða þá að. Dæmi um leiguverð, t.d. fyrir þriggja herbergja íbúð, er um 50 þús. á mán. sem telst lágt miðað við markaðinn í dag. Já vonandi erum við að sjá þarna fyrstu skrefin í þróun þyrpingar sem mun draga að sér vísindamenn í fremstu röð, íslenska sem erlenda…

**Kristín Ása Einarsdóttir -**
blogg.visir.is/krasa




# Menningarhátíð á Seltjarnarnesi

**UMRÆÐAN**

Menningarhátíð



SÓLVEIG PÁLSDÓTTIR

Núna um helgina 8.-10. júní verður Menningarhátíð Seltjarnarness haldin í þriðja skipti.

Hátíðin er afrakstur sameinaðs átaks fjölmargra Seltirninga sem lagst hafa á eitt við að efla menningu bæjarins og skapa hátíðarstemningu.

Leiðarstefið að þessu sinni er „fortíð mætir framtíð“ en meðal þess sem boðið er upp á er sýning á Bókasafni bæjarins sem nefnist „Systir með sjóhatt“. Þar verða sýndar valdar ljósmyndir úr safni bræðranna Ólafs og Sigurðar Pétursson sem ólust upp í Hrólfskála. Myndirnar eru ómetanleg heimild um daglegt líf á fyrri hluta síðustu aldar. Þá sýna einnig eldri Seltirningar handverk sín á bókasafninu. Þar getur að líta bæði nútímalega og fjölbreytta listmuni í ýmsum listformum. Á safninu getur líka að líta hluti úr eigu Alberts, síðasta vitavarðarins í Gróttu.

Framtíðin fær einnig sitt rými á hátíðinni því seltirnsk leikskólabörn eiga sýningar á bókasafninu auk þess að flytja tónverk við setningu hátíðarinnar. Æska bæjarins kemur víðar við sögu og má nefna frumsamin leikverk, tónlist og dans. Glæsilegir Fjörutónleikar verða haldnir við Gróubúð, hús Björgunarsveitarinnar. Þar koma fram ungar og efnilegar hljómsveitir af Nesinu auk sigurvegara síðustu Músiktilrauna. Á Fjörutónleikunum býður Glitnir upp á einn eftirtektarverðasta tónlistarmann landsins, Benna Hemm Hemm sem mætir með fríðu föruneyti.

Á laugardagskvöldinu verður í félagsheimilinu hinn rómaði jazzklúbbur Nescafé með ljúfa tónlist og sælkeramatseðil. Kvöldið eftir fer á kostum fámennasti sextett landsins, skipaður þeim Valgeiri Guðjónssyni og Jóni Ólafssyni.

Sextán listamenn opna vinnustofur og/eða heimili sín á laugardag og sunnudag. Gefst þar tækifæri til að kynnast verkum þeirra, gera kannski góð kaup og spjalla við listamennina sjálfa. Víst er að framtaki þeirra verður tekið fagnandi líkt og gerðist á síðustu menningarhátíð.

Leiklistarfélag Seltjarnarness ætlar að brydda upp á nýjungum með gjörningum víðs vegar um bæinn. Ýmislegt óvænt á eftir að gerast í sunnudagsmessu Seltjarnarneskirkju sem og í sundlauginni daginn áður.

Eins og áður sagði hefur stefnumót fortíðar og framtíðar verið leiðarstef við undirbúning Menningarhátíðar Seltjarnarness 2007. Sjósókn og útgerð eru órjúfanlegur hluti af sögu bæjarins. Minnt verður á þann anda í mörgum atriðum hátíðarinnar svo sem í sameiginlegum morgunverði Seltirninga sem Nesskip, eina útgerð bæjarins í dag, og menningarnefnd bjóða upp á. Það eru konur í Slysavarnarfélaginu Vörðunni sem sjá um framreiðslu en um 500 bæjarbúar sóttu þennan dagskrárlið á síðustu hátíð. Ekki er tóm hér til að tíunda allt sem boðið verður upp á en dagskrá hátíðarinnar má finna á heimasíðu bæjarins www.seltjarnarnes.is

Markmið menningarhátíðar er að efla bæjarbraginn, samheldni og gleði íbúanna. Sem og þeirra sem heimsækja bæjarfélagið. Síðast en ekki síst sýnir menningarhátíð hversu mikill kraftur er í listsköpun bæjarbúa.

Verið velkomin á Seltjarnarnes og góða skemmtun!

*Höfundur er formaður menningarnefndar Seltjarnarness.*

allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

### Bláber eru rík af andoxunarefnum

sem viðhalda eðlilegri sjón og samkvæmt rannsóknum getur neysla bláberja haft fyrirbyggjandi áhrif gegn ristilkrabbameini. Þó bláberjatímabilið sé ekki hafið hér á Íslandi er yfirleitt hægt að kaupa gómsæt bláber í flestum verslunum.



### Úrval af ávöxtum og grænmeti

er orðið mikið í verslunum þar sem sumarið er komið og ekki vitlaust að auka hlut þessara fæðutegunda á matseðlinum. Ávexti og grænmeti getur verið tilvalið að grilla, nota í salöt og safa auk eða bara borða án nokkurrar tilreiðslu.

### Hollustu og hamingjumarkaður

verður opnaður í Skólastræti á hádegi á morgun, laugardag. Þar mun ríkja götulífsstemning og hljóðfæraleikur. Markaðurinn verður allar helgar í sumar bæði laugardag og sunnudag og er opinn frá 12 til 18. Boðið verður upp á ýmsar skemmtilegar vörur, til dæmis lífrænt ræktað grænmeti og ávexti, blóm, kryddjurtir, hveitigras og orkusteina.












Ingibjörg (vinstra megin) og Ragnheiður, höfundar Með veislu í farangrinum, ásamt Lóu, Steini Loga, og Helgu Bryndísi.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Matarveisla í fjallasal

***Út er komin bókin Með veislu í farangrinum - Matreiðslukver ferðamannsins. Þema bókarinnar er hvernig hægt er að nota það sem fyrirfinnst í náttúru Íslands í matargerð. Bókin inniheldur fjölmargar uppskriftir.***

Fæstir gera sér grein fyrir öllum þeim mat- og kryddjurtum sem vaxa hér á Íslandi. Kunnáttan byrjar og endar með blóðbergstei en fæstum dettur í hug að hafa fífla, njóla og hundasúru í matinn. Allar þessar plöntur eru hinsvegar fyrirtaks hráefni sem auðvelt er að finna í útilegunni.

Þær Ingibjörg Guðrún Guðjónsdóttir og Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir eru báðar leiðsögukonur og hafa þær um árabil nýtt hráefnið sem landið hefur upp á að bjóða. „Það gleymist oft eitthvað þegar farið er á fjöll og þá þarf maður að redda sér með því sem hendi er næst,“ segir Ingibjörg. „Maður verður að prófa sig áfram og það er mikilvægast að vera bara hugaður og þora að prófa nýja hluti.“

Ragnheiður tekur í sama streng. „Ef plantan bragðast vel má nota hana í salat og ef hún lyktar vel gæti hún nýst sem krydd,“ segir Ragnheiður sem oftar en ekki hefur þurft að galdra fram stórmáltíðir úr litlum efnum við erfiðar aðstæður.

Ingibjörg og Ragnheiður hafa nú sett saman matreiðslubók þar sem íslenskt hráefni úr jurta- og dýraríkinu fær að njóta sín. Bókin heitir Með veislu í farangrinum - matreiðslukver ferðamannsins og þar er haft að leiðarljósi að hægt sé að elda matinn á fjöllum við oft frumstæðar aðstæður. Í bókinni eru bæði forréttir, aðalréttir og eftirréttir enda markmiðið að hægt sé að galdra fram veislu á alíslenskan hátt í fjallasal.

*-Sjá næstu síðu*

*tryggvi@frettabladid.is*



**Teið** er mjög gott ískalt í sumar. Heitt te er kannski ekki efst á vinsældalistanum þegar sólin birtist. Þá er vel við hæfi að laga uppáhalds teið og skella út í það klaka. Drekka síðan með röri og fallegu skrauti úti á svölum.










Íslenskt sushi með súrsuðum hvannarótarstilkum í stað engifers.



Furuvín er búið til úr vodka, kandís og furunálum og er fyrirtaks staup eftir matinn.



Auðvelt er að galdra fram veislu úr alíslensku hráefni. Hér eru birkigrillaðar lambakótelettur í forgrunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Heimahaginn nýttur

***Íslendingar hafa lengi verið ragir við nýjungar í matargerð. Við getum lært margt af grannþjóðunum, jafnvel um eigin þjóðlegu matseld eins og höfundar Með veislu í farangrinum hafa komist að.***

Misjöfn eru mannanna gæði. Flestir Íslendingar eru sáttir við samloku, kaffi og kannski grýtu þegar komið er á fjöll. Allt öðru máli gegnir með Frakka eins og þær Ingibjörg og Ragnheiður, höfundar matreiðslubókarinnar Með veislu í farangrinum, vita. „Þeir eru vanir að fá þríréttað í hverri máltíð og við verðum auðvitað að verða við því,“ segir Ingibjörg. „Þeir eru líka mun óhræddari við að prófa sig áfram og við höfum lært ýmislegt af þeim.“

Fíflablöð eru í augum fæstra matur. Frakkar hafa hins vegar borðað þau í salati með bestu lyst frá fyrstu heimsókn sinni hingað. „Þegar frönsku sjómennirnir komu til Íslands í gamla daga fengu þeir leyfi hjá bændunum til að tína fíflablöðin í túnunum,“ segir Ingibjörg.

Þetta kom bændum spánskt, eða öllu heldur franskt, fyrir sjónir enda vanir því að líta fíflana hornauga.

„Fíflablöð er mjög góð í salat. Þau þarf að týna á vorin eða snemma á sumrin og þá eru þau stinn og fersk í salatið,“ segir Ragnheiður.

*tryggvi@frettabladid.is*











## uppskrift }



## Njólajafningur

NJÓLAJAFNINGUR ER AUÐVELDUR Í MATSELD.

Njólablöðin er þvegin og gufusoðin þar til þau eru vel lin.

Þau eru svo maukuð og blönduð sýrðum rjóma.

Saltið og piprið blönduna og kryddið eftir smekk.

Mælt er með hvítlauk, piri-piri ef jafningurinn á að vera sterkur, eða því kryddi sem hugurinn girnist.

Jafninginn má bera fram á rúgbrauði eða flatkökum.

# SiRKUS



Með 1,5 milljarða lúxussnekkju í smíðum BLS. 2

8. JÚNÍ 2007 ■ Sumum börnum liggur á að komast í heiminn ■ Bloggið hennar Ástu Lovísu ■ Halla hafnaði hlutverki í söngleik ...





**Sveinbjörg Karlsdóttir**, móðir Kalla Bjarna, segir son sinn hafa eyðilagt allt en trúir því að hann geti komið lífinu á rétta braut.

# DÓPIÐ TÓK ALLT

## FERILINN, FJÖLSKYLDUNA OG FRELSIÐ BLS.10





trippen

www.trippen.is

Rauðarárstíg 14 sími: 551 5477

# blogg
blogg.visir.is/sirkus

## Fréttir vikunnar

### Arnar Gunnlaugs gaf kærustunni Benz



Athafnamaðurinn og knattspyrnukappinn **Arnar Gunnlaugsson**, sem leikur með toppliði FH í Landsbankadeildinni, er gjafmildur maður. Arnar hefur gert það gott í fasteignaviðskiptum á undanförnum árum og lét sig ekki muna um að kaupa eitt stykki Benz fyrir kærustu sína **Pöttru Sriyanonge** á dögunum. Það verður þó að fylgja sögunni að hann var ekki nýr, heldur árgerð '98.



### Jón Ársæll notar sumrfríið til að þrífa styttur

Sjónvarpsmaðurinn vinsæli **Jón Ársæll Þórðarson** er kominn í sumarfrí. Nokkrar vikur eru síðan hin margverðlaunaða þáttaröð Sjálfstætt fólk rann sitt skeið á enda enn einn veturinn en ljóst er að þráðurinn verður tekinn upp á nýjan leik á komandi hausti. Jón Ársæll þykir vera með eindæmum atorkusamur og fellur sjaldan verk úr hendi. Það var ekki við því að búast að sumarfríinu yrði eytt í afslöppun og kom það fáum á óvart þegar sást til hans í miðbænum um helgina þar sem hann þreif drullu af styttum sem eiginkona hans, listakonan Steinunn Þórarinsdóttir, hafði gert og standa neðst í Bankastrætinu. Þreif Jón Ársæll stytturnar sæll og glaður af sjaldséðri natni þegar ljósmyndara Sirkus bar að garði.

### Leigir ballettsal og kennara fyrir dóttur sína



Athafnamaðurinn **Sigurður Bollason**, sonur Bolla Kristinssonar, sem einatt er kenndur við 17, gerir auglýslega allt fyrir dóttur sína sem verður þriggja ára í október. Hún vildi byrja að æfa ballett í fyrra en fékk synjun þar sem aldurstakmarkið er þriggja ára. Sigurður tók sig þá til og leigði ballettsal og þrjá kennara einu sinni í viku fyrir dóttur sína og tvær vinkonur hennar.



**LÍTIL OG NETT** Gísli á fyrir 19 metra langa snekkju sem hann hyggst eiga áfram eftir því sem heimildir Sirkus herma.





**FÍNT AÐ FLJÓTA Á SLÍKU FLEYI** Einhvern veginn svona lítur nýja snekkjan, sem Gísli fær afhenta í sumar, út.

ATHAFNAMAÐURINN GÍSLI ÞÓR REYNISSON BÆTIR VIÐ SKIPAKOST SINN

# MEÐ 1,5 MILLJARÐA KRÓNA LÚXUSSNEKKJU Í SMÍÐUM

Viðskiptajöfurinn Gísli Þór Reynisson, sem var í 15. sæti á lista yfir ríkustu Íslendingana í nýlegri úttekt Sirkus með 35 milljarða í hreina eign, hefur gaman af fínum farartækjum. Hann á eina 19 metra snekkju, Nordic Princess, sem hann festi kaup á í fyrra, sem og nokkrar einkaflugvélar sem eru reknar undir merki flugfélagsins IceJet. Hann er nú með aðra enn stærri og flottari snekkju í smíðum sem hann fær afhenta seinna í sumar. Sú snekkja er 35 metrar á lengd og eftir því sem Sirkus kemst næst getur verð á slíkum snekkjum hlaupið á milljörðum. Patrick Coote, yfirmaður markaðssviðs Frazer Yachts, sem framleiðir lúxussnekkjur fyrir ríka fólkið, sagðist halda að verðið á 35 metra langri snekkju gæti hlaupið á 30 til 40 milljónum evra (um 2,5 til 3,4 milljörðum), allt eftir því hversu flott snekkjan væri. Heimildir Sirkus herma að lúxussnekkja Gísla muni ekki vera svo dýr heldur einhvers staðar í kringum 1,5 milljarða. Síðan bætist við rekstarkostnaður snekkjunnar, sem er með átta manna áhöfn en hann mun ekki vera undir 200 milljónum á ári. Gísli, sem hefur auðgast gífurlega á viðskiptum sínum í Eystrasaltslöndunum, vildi ekki tjá sig um snekkjuna stóru þegar Sirkus hafði samband við hann.

En þótt snekkja Gísla sé stórglæsileg þá er hún eins hver annar árabátur við hliðina á stærstu snekkju rússneska milljarðamæringsins Romans Abramovich, sem er eigandi enska knattspyrnuliðsins Chelsea. Snekkja hans, Pelarus, er 95 metrar á lengd og kostaði um átta milljarða.



**HAFA GAMAN AF ÞVÍ AÐ SIGLA** Hjónin Anna Margrét Kristinsdóttir og Gísli Reynisson njóta lífsins á hafi úti. SIRKUSMYND/SIGURJÓN RAGNAR



**ELSKAR SNEKKJUR** Rússinn moldríki Roman Abramovich vill hafa það gott þegar hann ferðast.



**RISASTÓR** Pelorus, snekkja Romans Abramovich, er gríðarlega stór og kostar um átta milljarða. NORDIC PHOTOS/GETTY





Bylgjan á puttanum um landið í sumar

BYLGJAN 989

Dagskrá og nánari upplýsingar á bylgjan.is

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!




# Það er sko líf eftir Eurovision

Þetta er draumastarf fyrir mig og mörg þessara laga hef ég kunnað frá því ég var 12 ára," segir Eiríkur Hauksson sem ferðast þessa dagana með Ken Hensley, aðallagasmiði hljómsveitarinnar Uriah Heep. Eiríkur og félagar héldu tónleika í Hamborg í Þýskalandi fyrir viku og verða á ferðinni um Evrópu. „Við erum að spila þessi gömlu góðu lög auk nýs efnis. Þetta er eins og með Rolling Stones, þeir þurfa alltaf að spila Satisfaction en við spilum July Morning og Easy Livin'". Þeir rokkarar sem eru nógu gamlir til þess að hafa verið unglingar á bilinu 1970-80 muna eftir þessu," segir Eiríkur og bætir við að hann sé líka að troða upp hér og þar á eigin vegum. „Það er sko líf eftir Eurovision," segir hann kátur og bætir við að hann hafi alltaf verið aðdáandi Uriah Heep. „Fyrsta platan sem ég keypti fyrir eigin pening var Uriah Heep-plata en bandið var í miklu uppáhaldi hjá mér ásamt Black Sabbath, Deep Purple og Led Zeppelin. Þetta voru allt áhrifavaldar í lífi mínu. Nú er bara að koma þessu bandi heim til Íslands í haust."

*indiana@frettabladid.is*

**ROKKARI** Eiríkur er að túra með einum úr Uriah Heep en sveitin hefur ávallt verið í miklu uppáhaldi hjá honum.

www.volkswagen.is



# Grænn Golf



Volkswagen Golf er frábær kostur fyrir fólk á ferð og flugi. Gæðin og glæsileikann þekkja allir og verðið hefur aldrei verið hagstæðara. Komdu, reynsluaktu og tryggðu þér Golf.

Golf Trendline kostar aðeins **1.998.000 kr.**

Gerðu þinn Golf enn glæsilegri með sportpakkanum okkar:

- 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
- armpúði milli framsæta • samlitur • vindskeið

## Volkswagen Golf er grænn bíll

HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu. Vertu á grænum bíl, vertu á Volkswagen.

HEKLA

Grænt fyrirtæki – kolefnisjöfnuð starfsemi

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 8799

# fréttir

## Heyrst hefur

### Veiddu 350 laxa á viku á Kólaskaga í Rússlandi

Laxveiðimaðurinn Hilmar Hansson og þrír félagar hans mokveiddu af laxi í opnunarvikunni í Ponoi á Kólaskaga í Rússlandi. Hilmar var þar ásamt tveimur Íslendingum og einum Breta en hann hefur séð um að skipuleggja veiðiferðir Íslendinga til Rússlands undanfarin ár. Hilmar veiddi sjálfur 97 laxa og 30 sjóbirtinga en samanlagt veiddu þeir fjórir 350 laxa. Opnunarvikan í ánni skilaði 1.017 löxum á 16 stöngum og segir Hilmar í samtali við Sirkus að veiðin hafi verið ótrúleg. „Og þetta voru heldur engin smásíli heldur voru 25 prósent fiskanna yfir 8 pund og nokkrir frá 18 upp í 21 pund," segir Hilmar. Fjór-



menningar slepptu öllum löxunum aftur enda hefðu þeir þurft heilan frystigám undir aflann til að flytja hann heim eins og Hilmar orðar það. Hann segir það stöugt vera að færast í vöxt að íslenskir veiðimenn skelli sér í vikutúr til Rússlands yfir sumartímann. „Veiðimenn vilja veiða og ég get nefnt sem dæmi að það er talið að allt að 100 þúsund laxar séu í ánni sem við veiddum í. Það er því nóg eftir af fiski," segir Hilmar og hlær.



GLÆSIKERRA Bíllinn sem Tómas keypti tók sig vel út í sýningarsal Öskju í vikunni.

TÓMAS OTTÓ HANSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI NOVATOR, ELSKAR ÞÝSKA STÁLIÐ

# KAUPIR 36 MILLJÓN BENZ

Tómas Ottó Hansson, framkvæmdastjóri Novator, hefur fest kaup á glæsikerru af gerðinni Mercedes Benz S65 AMG af bílaumboðinu Öskju. Tómas Ottó, sem á þýskan föður og er að sögn þeirra sem til þekkja mikill aðdáandi hinna þýskættuðu Benz-bifreiða, mun nota bílinn til eigin þarfa en auk þess mun Novator nýta sér bílinn til að ferja erlenda gesti félagsins á milli staða í Reykjavík. Bíllinn er einn sá glæsilegasti á Íslandi, með 612 hestafla vél, og kostar samkvæmt heimildum Sirkus um 36 milljónir. Bíllinn kom gullleitur til landsins en verður sprautaður svartur áður en hann fer á götuna.

Töluvert hefur færst í vöxt að íslensk stórfyrirtæki og eigendur þeirra fjárfesti í glæsikerrum með einkabílstjórum til að ferja gesti og starfsmenn fyrirtækjanna á milli. Þannig eru Bakkabræðurnir Lýður og Ágúst Guðmundssynir með Audi S8-bíl og Hannes Smárason með BMW 760. Baugur Group hefur einnig yfir að ráða nokkrum Range Rover-jeppum sem gestir fyrirtæksins eru keyrðir um í.

Þetta er ekki fyrsti bíll þessarar tegundar Benz sem kemur á götur borgarinnar. Materia Invest, sem er í eigu þeirra Magnúsar Ármanns, Þorsteins M. Jónssonar og Kevins Stanford, flutti inn einn slíkan í lok mars. Sá bíll er svartur og þykir með huggulegri bílum á landinu.



EIGA EINS BÍL Athafnamennirnir Magnús Ármann og Þorsteinn M. Jónsson fjárfestu í eins bíl og Tómas Ottó fyrir skömmu.






# HAFNAÐI HLUTVERKI Í SÖNGLEIK Í LONDON

**Ég lék í þremur söngleikjum á Íslandi á einu ári og gat einfaldlega ekki hugsað mér að leika enn eitt hlutverkið í söngleik. Það var ástæðan fyrir því að ég hafnaði hlutverki í söngleiknum," segir leikkonan Halla Vilhjálmsdóttir í samtali við Sirkus spurð um ástæðu þess að hún hafnaði hlutverki í söngleiknum Eurobeat sem setja á upp á West End í London í haust. „Ég lék í Túskildingsóperunni, Footloose og Hafinu bláa og fékk nóg," segir Halla.**

**Henni var boðið hlutverkið eftir að hún mætti í prufur sem voru hennar fyrstu þar ytra í eitt og hálft ár, eða frá því að hún kláraði námið í London og kom til Íslands. „Ég þurfti á því að halda að fara í prufur og sanna það fyrir sjálfri mér og umboðsmanninum mínum að ég gæti þetta ennþá. Það gaf mér smá auka sjálfstraust að sjá að ég er ekki dauð úr öllum æðum," segir Halla og hlær.**

**Spurð um næstu verkefni segir Halla það vera algjört leyndarmál. „Það er fullt af hlutum í gangi. Í augnablikinu er ég atvinnulaus auðnuleysingi en það breytist bráðum," segir Halla og bætir við að hún sé alveg til í að ströggla svolítið. „Ég er ekki of góð fyrir það."**



VILL EKKI ENDA Í SÖNGLEIKJUM Halla segist hafa hafnað hlutverkinu í söngleiknum vegna ótta við að festast í slíkum hlutverkum.




# Umsóknarfrestur rennur út 10.júní

**Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu skólans, www.bifrost.is**

## Lagadeild

Í lagadeild er boðið upp á viðskiptalögfræði sem samsett er úr greinum lögfræði, fjármála og viðskipta. Námið er afar hagnýtt og veitir góðan undirbúning fyrir atvinnulífið eða frekara nám. Nemendur útskrifast með BS gráðu í viðskiptalögfræði.

## Viðskiptadeild

Alhliða viðskiptanám sem ætlað er að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í innlendu og alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. Í BS námi í viðskiptafræði eru kennd öll helstu svið stjórnunar, rekstrar og viðskipta.

## Félagsvísindadeild

Deildin býður upp á grunnnám til BA í HHS (heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði). Grunnnám í HHS er traustur undirbúningur fyrir hvers kyns framhaldsnám á sviði hug- og félagsvísinda, til meistara- eða doktorsgráðu og fyrir störf á alþjóðlegum vinnumarkaði.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Frekari upplýsingar:

**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

**Stjórnenda- og leiðtogaskóli í hartnær 100 ár**

SVEINBJÖRG KARLSDÓTTIR, MÓÐIR KALLA BJARNA, SNÝR EKKI BAKI VIÐ BÖRNUM SÍNUM Í ERFIÐLEIKUM

# „HANN HEFUR TEKIÐ HÆFILEIKANA Í NEFIÐ“



**SVEINBJÖRG KARLSDÓTTIR, móðir Idolstjörnunnar Kalla Bjarna, hefur fengið að kynnast lífinu á þann hátt sem ekki er hægt að óska neinni manneskju. Hún lenti í bílslysi þegar hún gekk með Kalla Bjarna og var ráðlagt að eiga hann ekki til að geta náð fullum bata. Hún er nú öryrki en segist ekki sjá eftir neinu. Dóttir hennar var komin í ræsið vegna fíkniefnaneyslu og óttaðist Sveinbjörg á hverjum degi í mörg ár að hún myndi fá símtal frá lögreglunni þar sem henni væri tjáð að dóttir hennar væri látin. Hún hefur nú náð sér á strik en þá dynur ógæfan yfir Kalla Bjarna, sem tekinn var með tvö kíló af kókaíni í Leifsstöð á fimmtudaginn fyrir rúmri viku, Sveinbjörg segist standa með syni sínum í gegnum þykkt og þunnt. Jafnvel þótt dópið hafi tekið allt frá Kalla Bjarna, fjölskylduna, tónlistarferilinn og frelsið.**

viðtal

Þetta er svakalegt sjokk en vonandi verður þetta dropinn sem fyllir mælinn og fær hann til að snúa við blaðinu fyrir alvöru,“ segir Sveinbjörg Karlsdóttir, móðir Karls Bjarna Guðmundssonar, sem er betur þekktur sem Kalli Bjarni, fyrsta Idolstjarna landsins. Sveinbjörgu var, líkt og öðrum þeim sem standa nálægt Kalla Bjarna, verulega brugðið þegar hún frétti af handtöku hans vegna smygltilraunar á tveimur kílóum af kókaíni.

### Segist ætla að taka sig á

Kalli Bjarni var að koma frá Frankfurt í Þýskalandi og fannst kókaínið í farangri hans. Hann var í kjölfarið sjáanlegur. Sveinbjörg var í símasambandi við Öllu allan tímann.

„Ég vissi ekkert hvar hann væri og var hrædd um að hann hefði verið barinn þarna úti eða eitthvað enn verra. Við reyndum að afla upplýsinga um ferðir hans og hvort hann hefði komið inn í landið en fengum ekkert að vita. Um hádegisbilið daginn eftir tilkynnti lögreglan mér að hann hefði verið handtekinn og um kvöldið voru og segist ætla að taka sig á. Hann talaði mikið um forvarnir og ætlar sér að standa sig,“ segir Sveinbjörg.

### Bara burðardýr

Sveinbjörg segist vera fullviss um það að sonur sinn hafi aðeins verið burðardýr. Hann hafi ekki verið að flytja þetta inn fyrir sjálfan sig. „Það segir sig sjálft. Hann var á frystitogara með fín laun en átti aldrei krónu. Hann gat ekki einu sinni keypt mjólk fyrir heimilið. Það er ekki möguleiki að hann hafi getað fjármagnað kaup á þessum fíkniefnum. Ég þurfti meira segja að láta hann hafa pening til að hann gæti verslað í fríhöfninni fyrir börnin sín.

„AUÐVITAÐ ER ÞETTA OFT ERFITT EN ÞETTA ERU BÖRNIN MÍN. SAMA HVAÐ Á GENGUR MUN ÉG ALDREI SNÚA VIÐ ÞEIM BAKI. ÉG KEM ALLTAF TIL MEÐ AÐ HJÁLPA ÞEIM.“

úrskurðaður í þriggja vikna gæsluvarðhald og hefur Sveinbjörg, móðir Kalla, ekki fengið að hitta son sinn þar sem hann dvelur í einangrun. Aðalheiður Hulda Jónsdóttir eða Alla, eins og barnsmóðir Kalla Bjarna er jafnan kölluð, mætti á Keflavíkurflugvöll til að taka á móti Kalla, sem þá var hvergi fjölmiðlar komnir með þetta,“ segir Sveinbjörg, sem vonast til þess að þetta verði til þess að Kalli Bjarni hverfi til betra lífernis.

„Ég vona að Kalli Bjarni muni snúa við blaðinu. Hann sendi mér bréf úr fangelsinu þar sem hann segist loksins skilja þá leið sem hann var að feta

Kalli hafði slasast á sjónum, var búinn að vera í landi í rúman mánuð og þurfti á aðgerð að halda. Ég held að hann hafi verið byrjaður aftur í dópinu en veit það ekki fyrir víst. Mitt álit er að hann hafi skuldað peninga og hafi verið neyddur til að gera þetta. Ég hef samt enga sönnun,“ segir Sveinbjörg.



**Á TOPPNUM** Kalli Bjarni sést hér fagna sigrinum í Idol Stjörnuleit snemma árs 2004.




# Aquasource

***Sýnileg rakagefandi áhrif: Strax 93%**. Yfir allan daginn 92%**.***

Já, gefur húðinni raka......og svo miklu meira! Húðin er böðuð í jafngildi 5000 lítra af virku lindarvatni*. Og það sést: 24 stunda samfelld rakagjöf. Húðin verður fersk og full af lífi. Áhrifarík rakagjöf frá Biotherm.

***Í kremunum er Pure Extract af Thermal Plankton (PETP) unnið úr lindarvatni og hefur Biotherm einkaleyfi á notkun þess. Það er vísindalega sannað að PETP örvar frumuendurnýjun húðarinnar og hún öðlast heilbrigði og fegurð.***

www.biotherm.com

Nú bjóðum við frábær tilboð í öllum Aquasource rakakremunum frá Biotherm þar sem 125 ml andlitsvatn og 50 ml hreinsigel fylgja sem kaupauki með hverju kremi. Einnig tilboð á Biopur rakakreminu fyrir blandaða / feita húð og Acnopur rakakreminu fyrir húð með bóluvandamál.



BIOTHERM

* Jafngildir samsöfnuðu PETP í einni krukku.
** Prófað á 100 konum í 3 vikur, sjálfsmat, % þeirra sem eru sammála.

**Útsölustaðir Biotherm:** Andorra, Strandgötu 32, Hafnarfirði - Bjarg, Stillholti 14, Akranesi - Debenhams, Smáralind GK snyrtistofa, Kjarnanum, Mosfellsbæ - Snyrtivöruverslunin Glæsibæ – Hagkaup, Kringlunni - Jara, Hafnarstræti 104, Akureyri Konur & Menn, Hafnarstræti 9-13, Ísafirði - Lyf & heilsa, Austurveri - Lyf & heilsa Kringunni - Lyf & heilsa, Mjódd Lyf & heilsa, Hringbraut, JL húsinu - Lyf & heilsa, Kjarnanum, Selfossi - Lyf & heilsa, Suðurgötu 2, Keflavík

Sé þetta rétt hjá henni og Kalli Bjarni fái dóm fyrir að hafa eingöngu flutt kókaínið inn getur hann átt von á þriggja ára fangelsisdómi miðað við dóm sem féll fyrir skömmu þar sem svipað magn kókaíns kom við sögu. Vaninn er að fólk sitji af sér 2/3 dómsins ef hegðun er til fyrirmyndar. Það þýðir að Kalli Bjarni muni afplána tvö af þeim þremur árum sem hann verður að öllum líkindum dæmdur fyrir. Ef rannsókn málsins verður hröð og ákæra verður gefin fljótt út eru allar líkur á að hann sitji á gæsluvarðhaldi þar til dómur fellur og kemur það til frádráttar upphaflegu refsingunni. Hann gæti því í besta falli sloppið úr fangelsi snemma sumars 2009.

### Fjölskyldan farin

Árið 2003 féll þjóðin kylliflöt fyrir sjóaranum með fallegu röddina og framtíðin virtist björt. Í viðtali við DV nokkrum mánuðum eftir sigurinn viðurkenndi Kalli að hafa verið í dópi um tíma en eftir að hafa kynnst konunni sem seinna varð barnsmóðir hans og eiginkona, Aðalheiði, á meðferðarheimilinu Staðarfelli kvaddi hann það líferni. „Við skiptumst á símanúmerum og vorum fljót að hittast þegar við vorum bæði komin heim. Þetta var í ágúst eða september og ég var fluttur inn til hennar í janúar. Þar hefur mér liðið vel og ætla mér að vera áfram," sagði hann hlæjandi í viðtali við DV árið 2004.

Líf hans tók svo stakkaskiptum þegar hann stóð uppi sem sigurvegari Idolsins og þá fóru kjaftasögurnar að grassera. Í viðtalinu í DV sagðist Kalli Bjarni engan áhuga hafa á dópi né þeim heimi sem því fylgdi.

„Ég hef prufað þennan heim og veit hvernig hann virkar. Nú er ég í öðrum heimi þar sem ég þarf að vera fyrirmynd barna og standa mig sem Idolstjarna. Dópheimurinn og Idolheimurinn fara ekki saman," sagi Kalli á sínum tíma.

Hann og Alla birtust saman í viðtölum og ástin leyndi sér ekki. Þegar þau kynntust stóð Kalli á krossgötum og vissi ekki hvert leið hans myndi liggja. „Þá kynntist ég henni og sá tilgang með því að snúa lífi mínu við. Með Öllu var ég loks tilbúinn að eignast fjölskyldu og slaka á. Ég sé ekki eftir því eina mínútu enda hefur gengið vel hjá okkur," sagði Kalli Bjarni í viðtalinu.

Bæði áttu þau börn frá fyrra sambandi og eignuðust tvö börn saman.

Nú, fjórum árum síðar, er allt í rúst. Í dag eru Kalli Bjarni og Alla skilin en hafa haldið vinskap sín á milli, samkvæmt móður hans sem segir Öllu vera niðurbrotna. „Hún er algjörlega í rúst blessuð stúlkan og grætur bara. Þetta hefur ekki síður haft áhrif á sex ára gamlan son þeirra sem er mikill pabbastrákur," segir Sveinbjörg en bætir þó við að Alla styðji heilshugar við bakið á syni sínum.

„Ég veit ekki hvar hann væri ef hennar og foreldra hennar hefði ekki notið við. Ég er þess líka fullviss að hún mun taka aftur við Kalla Bjarna ef hann tekur sig saman í andlitinu," segir Sveinbjörg.

### Fær ekki plötusamning

Kalli Bjarni var að sögn móður hans staddur í Frankfurt til að ræða við plötufyrirtæki sem hafði áhuga á því að gefa út tónlist hans. Þar var hann ásamt föður sínum, Guðmundi Sveinssyni, sem býr í Noregi og segir Sveinbjörg að faðir hans hafi verið á fundi með plötufyrirtækinu fyrri daginn og það hafi litið vel út. „Nú eru hins vegar engar líkur á því að af plötusamningi verði," segir Sveinbjörg. Í kjölfar sigursins í Idol-keppninni gaf Kalli Bjarni út plötu en hún seldist ekki vel og fékk ekki góða dóma. Spurð hvort sonur hennar hafi leiðst aftur út í dópið þar sem tónlistarferillinn hafi ekki gengið sem skyldi segir Sveinbjörg erfitt til um að segja. „Hann hefði náð lengra ef hann hefði látið dópið eiga sig. Útgáfufyrirtækið þarna úti ætlaði að gefa tónlist hans út. Nú er það allt ónýtt. Ég hef sagt við hann að hann hafi sogið hæfileikana upp í nefið á sér," segir Sveinbjörg.

### Systirin fyrirmynd fyrir Kalla Bjarna

En það er enn von og það veit Sveinbjörg manna best. Dóttir hennar og systir Kalla Bjarna var í mörg ár á götunni þar sem hún var háð fíkniefnum og oft nær dauða en lífi. Hún hefur nú verið edrú í ellefu mánuði og stolt mömmu hennar leynir sér ekki þegar talið berst að dótturinni.

„Auðvitað er þetta oft erfitt en þetta eru börnin mín. Sama hvað á gengur mun ég aldrei snúa við þeim baki. Ég kem alltaf til með að hjálpa þeim. Dóttir mín hefur staðið sig mjög vel og ég vil nota þetta tækifæri til að koma þakklæti til starfsfólksins á deild 15 á Kleppi þar sem hún hefur dvalið. Betri stað fyrir fólk sem er jafn illa farið og hún veit ég ekki um," segir Sveinbjörg, sem vonar heitt og innilega að bati dóttur hennar verði til að sýna Kalla Bjarna að það sé til leið út úr viðjum fíkniefnanna. „Hún er fyrirmynd sem hann getur litið upp til."

*indiana@frettabladid.is*
*oskar@frettabladid.is*

## HVER ER MAÐURINN?

**NAFN:** Karl Bjarni Guðmundsson
**FÆDDUR:** 6. janúar 1976
**GÆLUNAFN:** Kalli Bjarni
**HJÚSKAPARSTAÐA:** Fráskilinn
**BÖRN:** Þrjú, 9 ára stúlka og tveir drengir, 6 ára og eins og hálfs árs.
**STARF:** Sjómaður og tónlistarmaður.
**AFREK:** Vann Idol Stjörnuleit árið 2004.




**FYRSTA PLATAN** Kalli Bjarni gaf út sólóplötuna Kalli Bjarni skömmu eftir Idolið en hún olli vonbrigðum.




**STENDUR ÞÉTT VIÐ HLIÐ HANS** Þótt Kalli Bjarni og barnsmóðir hans Aðalheiður Hulda Jónsdóttir séu skilin segir Sveinbjörg að hún standi þétt við bakið á honum í þessum erfiðleikum. SIRKUSMYND/HARI



FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

Fjarnám allt árið ! Skráning á sumarönn 2007

Skráning fer fram 25. maí til 10. júní á heimasíðunni www.fa.is/fjarnam

# menntavegurinn

FÖSTUDAGUR 8. JÚNÍ 2007




FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Náðu forskoti með okkur í sumar!

**"Ég sexfaldaði lestrarhraða minn á 3 vikum! Frábært!"**
Guðjón Bergmann, 34 ára rithöfundur, f yrirlesari og jógakennari.

**"Ykkur að þakka mun ég rúlla upp samræmdu prófunum."**
Jökull Torfason, 15 ára nemi.

**"Þetta mun nýtast mér alla ævi."**
Jóhanna Helga, 15 ára grunnskólanemi.

**"Snilldarnámskeið..kom skemmtilega á óvart hversu miklum hraða ég náði."**
Guðbjörg Jónsdóttir, 40 ára Framhaldsskólakennari.

**"...á eftir að spara mér hellings tíma af námsbókalestri."**
Ragna Björk Ólafsdóttir, 17 ára nemi og golfari.

**"Loksins sé ég fram á það að geta klárað lesbækur fyrir próf"**
Elín Björk Jónsdóttir, 15 ára nemi.

Skráning á sumarnámskeið Hraðlestrarskólans er hafin á **www.h.is** og í síma **586-9400**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**

Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

HRAÐLESTRARSKÓLINN



Innan tíðar tekur til starfa rannsókna- og fræðasetur í Bolungarvík.

# Rannsókna- og fræðasetur í Bolungarvík

Nýtt Rannsókna- og fræðasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum mun taka til starfa í Bolungarvík innan tíðar. Samningur þess efnis var undirritaður 1. júní.

Háskóli Íslands, Náttúrustofa Vestfjarða og Bolungarvíkurkaupstaður eru samstarfsaðilar og skipa stjórn setursins ásamt fulltrúa frá Fjórðungssambandi Vestfjarða.

Setrinu, sem er faglega sjálfstæð eining og heyrir undir Stofnun fræðasetra HÍ, er ætlað að vera vettvangur fyrir samstarf Háskólans við sveitarfélag á Vestfjörðum, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga. Meginhlutverk setursins verður að efla rannsókna- og fræðastarf Háskóla Íslands á Vestfjörðum, einkum rannsóknir á náttúru, atvinnu og menningarsögu Vestfjarða með áherslu á ferðamál.



## ● UMSÓKNARFRESTUR FRAMHALDSSKÓLANNA

Þeir sem ætla sér að sækja um skólavist í framhaldsskóla næsta ár þurfa að skrá sig fyrir miðnætti mánudaginn 11. júní. Skráning fer fram rafrænt á www.menntagatt.is.

Þeir sem útskrifuðust úr grunnskóla í vor hafa fengið veflykil til skráningar en þeir sem útskrifuðust fyrr þurfa að sækja um lykilinn á www.menntagatt.is.

Þeir sem hafa hug á að sækja um kvöldskóla eða öldungadeildir hafa rýmri tíma en umsóknarfrestur í slíkt nám rennur út í ágúst.



Ólafur Haukur skólastjóri Hraðbrautar segir Hraðbraut ekki keppast við að stækka heldur taka inn sem hæfasta nemendur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Nemendur fóta sig vel

**Nemendur í Menntaskólanum Hraðbraut eru nú 160. Eftir útskrift úr skólanum kjósa margir að taka sér frí og ferðast. Einhverjir nemendur úr fyrsta útskriftarárgangi skólans árið 2003 hafa nú lokið háskólaprófi.**

Þriðji útskriftarárgangur Menntaskólans Hraðbrautar útskrifast í sumar. Þar er að finna nemendur á ýmsum aldri; flestir eru átján ára en þeir elstu á fertugsaldri. Nemendum fjölgar frá ári til árs en farið er hægt í uppbygginguna. „Aðsóknin eykst stöðugt en við viljum frekar góða nemendur en fjölga þeim of mikið,“ segir Ólafur Haukur Johnson, skólastjóri Hraðbrautar. „Nemendur eru nú 160 en við stefnum að því að þeir verði aldrei fleiri en 200.“

Til að eiga möguleika á inngöngu í Hraðbraut þurfa nemendur sem koma beint úr grunnskóla að ná 7,5 í meðaleinkunn í íslensku, ensku og stærðfræði í samræmdu prófunum. Annað er uppi á teningnum hjá eldri umsækjendum en þá er hver umsókn metin fyrir sig.

Skólastarfið í Hraðbraut er með nokkuð öðrum hætti en í öðrum menntaskólum, enda ekki vanþörf á ef drífa á stúdentsprófið af á tveimur árum. Skólaárinu er ekki skipt í eiginlegar annir heldur í 15 lotur sem hver um sig er sex vikur. Kenndir eru þrír þriggja eininga áfangar í senn. Hver lota er fjórar vikur í kennslu og síðan taka við próf í eina viku. Að því loknu er hlé í eina viku, nema nemandi hafi ekki staðist próf. „Það er mikilvægt að geta dregið andann og þeir sem standa sig vel fá sjöttu hverja viku í frí,“ segir Ólafur.

Kennslutíma er þannig háttað að kennt er þrjá daga í viku; mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Kennt er hvern þessara daga frá kl. 8.30 til 16.05 og er farið hratt yfir námsefnið og því brýnt að nemendur vinni samviskusamlega við námið. „Aðra daga er fólk í skólanum að sinna heimanáminu þannig að nemendur eru í skólanum frá hálf níu til fjögur alla virka daga vikunnar,“ segir Ólafur. „Við veitum þeim mikið aðhald en um leið kennum við þeim sjálfsaga sem er nauðsynlegur í vona starfi.“

En hvað gera nemendur að námi loknu, átján ára með stúdentspróf? „Við höfum fylgt nemendum eftir og gert kannanir á þeirra högum, ef svo má að orði komast,“ segir Ólafur. „Þeir hafa náð að fóta sig mjög vel og eru að gera allt milli himins og jarðar.“

Margir nýstúdenta úr hraðbraut hafa farið beint í háskólanám bæði hérlendis og erlendis. Einhverjir hafa lokið háskólanáminu og útskrifast einhverjir úr viðskiptafræði í vor, tvítugir að aldri. „Sumir kjósa að taka sér frí til að ferðast og einhverjir hafa gerst skiptinemar á fjarlægum slóðum,“ segir Ólafur. „Nemendur okkar geta í raun gert allt milli himins og jarðar eftir útskrift.“

*tryggvi@frettabladid.is*




Vilt þú ráða þínum námshraða?

Nemendur við Framhaldsskólann á Laugum geta lokið stúdentsprófi á tveimur til fjórum árum

Í Framhaldsskólanum á Laugum vinna nemendur í sveigjanlegu námsumhverfi eftir persónubundinni námsáætlun.

Innritun lýkur á mánudaginn




Kynntu þér málið betur á www.laugar.is



Róbert Bjarni Bjarnason er 19 ára. Hann varð stúdent 2005 og lauk flugmannsprófi frá Oxford Aviation Training nýlega. Hann hefur nú hafið störf sem flugmaður hjá einu stærsta flugfélagi Evrópu, Ryanair.



Margrét Kara Sturludóttir er 17 ára. Hún er að ljúka stúdentsprófi og er á sérstökum heiðurslista yfir úrvalsnemendur Hraðbrautar. Hún er í landsliðinu í körfubolta og var nýlega valin í 5 manna lið ársins ásamt því að vera valin efnilegasti ungi leikmaðurinn.

## Hefur þú það sem til þarf ?

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT | TVEIMUR ÁRUM Á UNDAN

Faxafen 10
108 Reykjavík
Sími: 517-5040
Fax: 517-5041
Netfang: postur@hradbraut.is
Veffang: www.hradbraut.is

# AFREKSFÓLK
## á sérstakri braut í FB

**Frá haustönn 2007 verður boðið upp á skipulagt nám fyrir afreksfólk framtíðarinnar í handknattleik, knattspyrnu og körfuknattleik við Fjölbrautaskólann í Breiðholti.**

Þetta mun vera kjörið tækifæri fyrir afreksíþróttafólk til að tengja saman nám og íþróttir en nemendur á brautinni munu fá þrjár æfingar á viku á skólatíma undir stjórn góðra þjálfara. Eingöngu verður um einstaklingsþjálfun að ræða, en nemendurnir munu æfa áfram og keppa með sínum íþróttafélögum og æfingarnar koma í stað allrar verklegrar kennslu í íþróttum í skólanum.

Afreksíþróttanemendur geta stundað nám á öllum brautum skólans en meðal annars eru gerðar þær kröfur að þeir fái meðmæli frá sínu íþróttafélagi þar sem staðfest er að um efni í afreksfólk sé að ræða. Skólasókn þarf að vera 95%, nemendur mega hvorki nota áfengi, tóbak né önnur vímuefni og verða að ljúka um 13-15 einingum á önn.

Sérstakt leyfi verður veitt fyrir keppnisferðum og reiknast þær sem almenn skólasókn. Nemendur brautarinnar fá sérstakan umsjónarkennara sem fylgist með framvindu náms og aðstoðar þar sem við á.

Bjarni Gaukur Þórmundsson, íþróttakennari og upplýsingafulltrúi við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, fagnar tilkomu brautarinnar enda segir hann lengi hafa verið vöntun á slíkum valkosti fyrir fólk sem er duglegt að stunda sína íþrótt. „Þau geta stundað nám á öllum brautum skólans en æft með sínu félagi á kvöldin. Þrisvar í viku gefst svo tími til æfinga á skólatíma undir stjórn þjálfara, en það leiðir til þess að með tímanum verður viðkomandi betri og betri í sinni íþrótt.“

Um samning varðandi strangt bindindi á öll vímuefni segir Bjarni Gaukur: „Við erum ekki að leita að þeim sem eru efnileg núna en eru svo að dútla í þessu og skemmta sér um helgar. Við erum bara að leita að þeim sem vilja verða afreksfólk í framtíðinni.“

*mhg@frettabladid.is*



Jóhann Arnarsson, Svava Ýr Baldvinsdóttir, Jörundur Áki Sveinsson, Bjarni Gaukur Þórmundsson og Torfi Magnússon eru öll kennarar á afreksíþróttaáfanga Fjölbrautaskólans í Breiðholti.

:fá| FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA



Innritun fyrir haustönn 2007

Innritun fyrir haustönn 2007 stendur nú yfir. Umsóknarfrestur er til 11. júní. Rafræn innritun fer í gegnum www.menntagatt.is. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu skólans sem er opin 8.00-15.00 eða á heimasíðu skólans, www.fa.is.

**Eftirtaldar námsbrautir eru í boði:**

**Bóknámsbrautir til stúdentsprófs:**

• félagsfræðibraut,
• málabraut,
• náttúrufræðibraut og
• viðskipta- og hagfræðibraut.

**Heilbrigðisskólinn:**

• Heilsunuddarabraut,
• hjúkrunar- og móttökuritarabraut,
• brúarnám á hjúkrunar- og
• móttökuritarabraut
• lyfjatæknabraut
• læknaritarabraut
• sjúkraliðabraut og tanntæknabraut.
• viðbótarnám til stúdentsprófs

**Almenn námsbraut.**

Nánari upplýsingar um allar þessar brautir eru á heimasíðu skólans, www.fa.is. Þar er einnig kynning á skólastarfinu, myndir úr félagslífi o.fl.

Skólinn býður upp á fjarnám allt árið. Nánari upplýsingar á heimasíðu skólans.

**Skólameistari**

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

**Nám sem nýtist þér!**

**Skrifstofubraut I**

Er tveggja anna braut þar sem **höfuðáhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar.**
**Inntökuskilyrði:** Grunnskólapróf.
**Kennslutími: 8:20 – 12:30/12:55. Kennsla hefst 22. ágúst**

**Fjarnám - Skrifstofubraut I**

**Spennandi möguleiki fyrir fólk utan höfuðborgarsvæðisins til að stunda fjarnám á skrifstofubraut I– sjá frekari upplýsingar á mk.is**

***Your Golden Opportunity!!***

***Office Skills Programme for Foreign Students***

**www.mk.is**

**Framhaldsnám – Skrifstofubraut II**

Tveggja anna framhaldsnám á skrifstofubraut Menntaskólans í Kópavogi. **Mikil áhersla er lögð á tölvunám, viðskipta- og samskiptagreinar.**
**Inntökuskilyrði: Krafist er þekkingar í ensku, bókfærslu og tölvunotkun.**
Þeir nemendur sem lokið hafa námi af skrifstofubraut Menntaskólans í Kópavogi ganga fyrir um skólavist.
**Kennslutími: 8:20 – 12:30/12:55. Kennsla hefst 22. ágúst**

**Fjarnám - Skrifstofubraut II**

**Nýr möguleiki fyrir fólk utan höfuðborgarsvæðisins til að stunda fjarnám á skrifstofubraut II– sjá frekari upplýsingar á mk.is**

**Hagnýtt viðskipta- og fjármálagreinanám**

**Staðbundið nám og fjarnám**

Spennandi námsleið sérsniðin að vinnutíma fólks í fjármálafyrirtækjum. Áhersla lögð á hagnýtar viðskiptatengdar námsgreinar. Kennsla hefst í byrjun september.

**Upplýsingar veitir fagstjóri hagnýtra viðskipta- og fjármálagreina í síma 594 4000 eða 8244114 . Netfang.** ik@mk.is



# fjölbreytt nám
## við allra hæfi

Innritun nemenda sem ljúka grunnskólaprófi í vor stendur yfir og lýkur 11. júní nk.

Innritun er rafræn og eru allar upplýsingar á skólavef menntamálaráðuneytisins, **www.menntagatt.is** og á vef skólans, **www.ir.is**





**LÝSINGAFRÆÐI**
Iðnskólinn í Reykjavík hóf fyrstur skóla á Íslandi kennslu í lýsingatækni og útskrifaði nú í vor fyrstu lýsingafræðingana.

**MEISTARASKÓLINN**
Nám til meistararéttinda eftir að sveinsprófi er lokið.

**BYGGINGASVIÐ**
Húsasmíði – Húsgagnasmíði – Múrsmíði
Málun – Veggfóðrun og dúklagningar.
Stúdentspróf af list- og starfsmenntabraut.





**HÖNNUNARSVIÐ**
Listnámsbraut (almenn hönnun og keramik)
Hársnyrting – Fataiðnabraut (klæðskurður, kjólasaumur – Gull og silfursmíði.
Stúdentspróf af list- og starfsmenntabraut.

**UPPLÝSINGA- OG MARGMIÐLUNARSVIÐ**
Upplýsinga- og fjölmiðlabraut – Tækniteiknun
Margmiðlunarskólinn. Stúdentspróf af list- og starfsmenntabraut.

**SÉRDEILDASVIÐ**
Starfsdeild – Nýbúabraut.
Endurhæfingarnám
Janusar (rekið í tengslum við skólann).





**RAFIÐNASVIÐ**
Grunnnám rafiðna – Rafvirkjun
Rafeindavirkjun – Rafvélavirkjun
Rafveituvirkjun – Símsmíði. Stúdentspróf af list- og starfsmenntabraut.

**TÖLVUSVIÐ**
Tölvubraut; býður upp á sérhæfingu í forritun og netkerfum. Stúdentspróf af list- og starfsmenntabraut.

**ALMENNT SVIÐ**
Hægt er að stunda nám í almennum greinum í eina til fjórar annir. Nemendur sem lokið hafa eða stunda nám á starfsmenntabrautum geta bætt við sig námi sem leiðir til stúdentsprófs.

**Á vorönn útskrifuðust 243 nemendur af 20 námsbrautum Iðnskólans í Reykjavík.**

**Finndu nám við þitt hæfi í frábærum skóla!**

SKÓLAVÖRÐUHOLTI | 101 REYKJAVÍK | ÍMI 522 6500 | WWW.IR.IS | IR@IR.IS

**IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK**



Þóra Björk Hjartardóttir, dósent við Háskóla Íslands, segir íslensku fyrir útlendinga vera kennda á sama hátt og annað erlent tungumálanám við háskólann.

# Fá útrás fyrir ævintýramennsku

**Árlega útskrifast um tuttugu útlendingar með BA-próf í íslensku.**

„Sögu náms í íslensku fyrir erlenda stúdenta, eins og greinin heitir, má rekja aftur um fjörutíu ár. Fyrst um sinn voru þetta bara einstök námskeið fyrir erlenda háskólastúdenta, en síðan hefur þessu vaxið fiskur um hrygg,“ segir Þóra Björk Hjartardóttir, dósent við hugvísindadeild Háskóla Íslands þar sem íslenska fyrir útlendinga hefur verið kennd í núverandi mynd frá því um 1990. „Námið er þrjú ár og lýkur með BA-prófi, en það er byggt upp alveg eins og annað erlent tungumálanám við hugvísindadeildina og kennt á sama hátt.“

Stór hluti nemendanna er útlendingar búsettir á Íslandi en ásókn í námið hefur meðal annars aukist í kjölfar innflytjendastraums til landsins.

„Oft er þetta vel menntað fólk sem er búið að fara í gegnum námsflokkana og þau námskeið sem eru í boði, en vill læra meira og kemur því hingað til okkar. Hinn helmingur nemenda við deildina er erlendir háskólastúdentar sem koma hingað gagngert til að læra íslensku vegna þess að það tengist þeirra námi á einhvern hátt, eða þá að þeir hafa sérstaklega áhuga á landi og þjóð og tungumálinu um leið,“ segir Þóra og bætir við erlendir nemendur í málvísindum eða bókmenntum geti oft tengt nám sitt við íslenskunámið.

„Sum koma líka til að fá útrás fyrir ævintýramennsku. Hafa kannski kynnst landinu í gegnum íslenska tónlist og verða forvitin um þjóðina út frá því,“ segir hún, en flestir skiptinemanna eru frá Norður-Evrópu og Norður-Ameríku.

Þóra bætir því að lokum við að flestir skiptistúdentanna haldi heim að ári liðnu meðan aðrir doki við. „Sumir kjósa að bæta við sig einu eða tveimur árum og ljúka BA-prófi héðan en allt í allt útskrifast að meðaltali um átján manns á ári með BA-gráðu úr deildinni.“

*mhg@frettabladid.is*


## Menntaskólinn á Ísafirði

**Innritun fyrir haustönn 2007 lýkur á miðnætti 11. júní.**



Innritun í Menntaskólann á Ísafirði stendur til miðnættis 11. júní 2007. Innritunin er rafræn og framkvæmd gegnum netið. Sótt er um á menntagátt.is. Umsóknarfrestur um dreifnám í einstökum áföngum er til 24. ágúst. Gögn um fyrra nám sem skráð eru í Innu fylgja umsókninni sjálfkrafa. Önnur viðeigandi gögn þurfa að berast skólanum áður en umsóknarfresti lýkur.

**Skólinn býður upp á fjölda námsbrauta í bundnu áfangakerfi:**

**Bóknám til stúdentsprófs:**
Félagsfræðabraut
Náttúrufræðibraut
Viðskipta- og hagfræðibraut
Tónlistarnám er metið sem kjörsvið

**Annað bóknám:**
Almenn námsbraut
Nýbúabraut
Starfsbraut

**Starfsnám:**
Sjúkraliðabraut

**Verknám:**
Grunnnám bíliðna
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina
Grunnnám hár- og snyrtigreina (4 annir)
Grunnnám málmiðngreina (4 annir)
Grunnnám rafiðngreina (4 annir)
Húsasmíði (sveinspróf)
Stálsmíði (sveinspróf)
Vélstjórnarbraut, 1. og 2. stig

Almennt meistaranám að loknu sveinsprófi

Viðbótarnám til stúdentsprófs

Góð aðstaða er á **heimavist**. Tíu einstaklingsherbergi eru með sturtu og snyrtingu, þar af tvö sem geta verið tveggja manna, 24 einstaklingsherbergi eru með sameiginlegu baði og salerni fyrir hver sex herbergi. Við skólann er mjög gott **mötuneyti**. Þar fá íbúar heimavistar þrjár máltíðir á dag, en aðrir nemendur geta keypt þar hádegismat.

Nánari upplýsingar eru að finna á vefsíðu skólans www.misa.is eða í síma 450-4400.




● **MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR TEKUR TIL STARFA Í HAUST.** Í hinum nýja skóla verða ekki haldin annarpróf um jól og vor eins og tíðkast í flestum framhaldsskólum. Þess í stað verður áhersla lögð á símat árið um kring. Önnur nýjung er að nám til stúdentsprófs miðast við þrjú ár, en það er í samræmi við nýja námsskrá. Skólinn er einkaskóli og gefst áhugasömum kostur á að gerast hluthafar í honum á heimasíðu hans, menntaborg.is.

● **EFTIR HELGI RENNUR ÚT UMSÓKNARFRESTUR Í FRAMHALDSSKÓLA LANDSINS.** Af því tilefni verða nokkrir skólar með opið hús þar sem gestum og gangandi býðst að ræða við starfsfólk og nemendur skólanna. Menntaskólinn á Akureyri er opinn á laugardag, Menntaskólinn í Reykjavík á sunnudag og Verzlunarskóli Íslands á mánudag.

● **UNDANFARIN ÁR HEFUR MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ EINN BOÐIÐ UPP Á NÁM TIL STÚDENTSPRÓFS Á ENSKU.** Næsta haust verður breyting þar á þegar Verzlunarskóli Íslands tekur í notkun slíkt nám. Verður það þó frábrugðið náminu í MH þar sem áhersla verður lögð á viðskiptafög ásamt alþjóða- og menningarfögum.




## ÓLÍKIR SKÓLAR AUÐGA SKÓLASAMFÉLAGIÐ

**GRUNNSKÓLAR:**
**REYKJAVÍK** • Ísaksskóli • Landakotsskóli • Suðurhlíðarskóli • Tjarnarskóli • Waldorfgrunnskólinn Sólstafir **KÓPAVOGUR** • Waldorfskólinn Lækjarbotnum **GARÐABÆR** • Alþjóðaskólinn • Barnaskóli Hjallastefnunnar **HAFNARFJÖRÐUR** • Barnaskóli Hjallastefnunnar

**LEIKSKÓLAR:**
**AKUREYRI** • Hlíðaból • Hólmasól **BORGARBYGGÐ** • Hraunborg **DALVÍK** • Fagrihvammur **GARÐABÆR** • Ásar • Kjarrið • Ránargrund • Sjáland **GARÐUR** • Gefnarborg **GRINDAVÍK** • Krókur **HAFNARFJÖRÐUR** • Hjalli **KÓPAVOGUR** • Hvarf • Kjarrið • Kór • Undraland • Waldorfleikskólinn Ylur **REYKJANESBÆR** • Akursel • Gimli **REYKJAVÍK** • Barnaheimilið Ós • Fossakot • Korpukot • Leikgarður • Leikskólinn 101 • Lundur • Mánagarður • Mýri • Regnboginn • Skerjagarður • Sólgarður • Sælukot • Vinagarður • Vinaminni • Waldorfleikskólinn Sólstafir/Höfn • Waldorfleikskólinn Sólstafir

**MYNDLISTASKÓLAR:** • Myndlistaskólinn í Reykjavík

samtök sjálfstæðra skóla

VERIÐ VELKOMIN, VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI YKKUR

www.sssk.is

# Hótelstjórnun í MK og Sviss




**● NÁM Í HÓTELSTJÓRNUN Í MK**

Nám í hótelstjórnun hefst í Menntaskólanum í Kópavogi næsta haust. Um er að ræða nám á háskólastigi og er það kennt í samstarfi við César Ritz Collages í Sviss. Fyrsta árið af þremur er kennt hér á landi og munu nemendur síðan eiga þess kost að ljúka BA-námi sínu í Sviss. Þetta er námsmöguleiki fyrir nemendur sem lokið hafa iðnnámi í matvælagreinum og/eða stúdentsprófi. Nemendur sem ljúka fyrsta árinu útskrifast með Diplóma í hótel- og veitingarekstri. Innritun í nám í MK stendur nú yfir á menntagatt.is og lýkur 11. júní.






# Skóli með sögu



**MR flutti í núverandi húsnæði 1846.**

Menntaskólanum í Reykjavík, eða MR eins og hann er gjarnan kallaður manna á milli, var slitið í 161. sinn 1. júní en þá útskrifuðust hvorki fleiri né færri en 182 stúdentar.

MR á mjög langa sögu að baki, alveg aftur til biskupsstólsins í Skálholti sem stofnaður var árið 1056. Hann var fluttur til Reykjavíkur 1786 í hús fyrir ofan Suðurgötu, en færður til Bessastaða 1805 vegna þess hversu léleg húsakynnin reyndust vera. Loks var skólinn fluttur í núverandi húsnæði árið 1846.

Hann gekk lengi undir heitinu Reykjavíkurskóli, Lærði skólinn eða Latínuskólinn. Síðan Hinn almenni menntaskóli í Reykjavík. Skólinn fékk loks heitið Menntaskólinn í Reykjavík árið 1937.

Í upphafi var áhersla lögð á að kenna fornmálin en nú eru þar kenndar allar helstu námsgreinar, við forn- og nýmáladeildir, eðlis- og náttúrufræðideildir.

Frá þessu er greint á www.mr.is

*- rve*



**Nemendum Menntaskólans á Akureyri mun vafalaust ekki leiðast 17. júní.**

# Dansað á Ráðhústorginu

Mikið verður um dýrðir við skólaslit Menntaskólans á Akureyri.

Venju samkvæmt eru mikil fagnaðarlæti á hverju ári fyrir norðan á Akureyri þegar stúdentar við Menntaskólann útskrifast hinn 17. júní.

Nemendur skólans ganga fylktu liði í Íþróttahöllina þar sem skólaslit eru kl. 10.00 og eftir það eru nýstúdentar myndaðir í Stefánslundi.

Starfsfólk og nemendur taka síðan þátt í almennum hátíðarhöldum í miðbænum í tilefni 17. júní.

Hátíðarfagnaður fer fram í Íþróttahöllinni um kvöldið og að því loknu halda nýstúdentar niður á Ráðhústorg þar sem dansað er fram á rauða nótt.

Hægt er að kynna sér dagskrána frekar inni á vefsíðu skólans, www.ma.is, þar sem allar nánari upplýsingar um skólann og námsfyrirkomulagið er einnig að finna.



STARFSMENNTA VERÐLAUNIN 2006

*Óskum skólanum innilega til hamingju með Starfsmenntaverðlaunin árið 2006*

BLÖNDUÓS

Húnavatnshreppur

Húnaþing vestra

Höfðahreppur

KB BANKI

Kaupfélag Skagfirðinga

Landsbankinn

Skagafjörður

Tengill ehf

## Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra býður fjölbreytt námsframboð!

**NÁMSBRAUTIR:**

:::Félagsfræðibraut
:::Málabraut
:::Náttúrufræðibraut
:::Viðskipta- og hagfræðibraut
:::Íþróttabraut
:::Starfsbraut
:::Málmiðnbraut - fyrri hluti
- -Vélsmíði
- -Rennismíði
- -Vélastjórnarbraut 1. og 2. stigs.

:::Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina
- -Húsasmíði

:::Grunndeild rafiðna
- -Rafvirkjun

**FJÖLBREYTT FJARNÁM Í BOÐI**

FJÖLBRAUTASKÓLI NORÐURLANDS VESTRA
Á SAUÐÁRKRÓKI



Hagkvæm og góð heimavist í boði

**Nánari upplýsingar á www.fnv.is eða í síma 455 8000**

NÝPRENT



Nemendur á fyrsta ári í vettvangsferð í fjöru.

# Nýta náttúruna við námið

**Landbúnaðarháskóli Íslands hefur í tvo vetur boðið upp á sérstaka braut í náttúru- og umhverfisfræðum þar sem íslensk náttúra er í aðalhlutverki.**

„Grunnurinn er kennsla í hefðbundnum raunvísindum þar sem áherslan er lögð á þverfaglegt nám í náttúru- og umhverfisfræði. Einnig er farið í samspil manns og náttúru með sjálfbæra nýtingu í huga,“ segir Anna Guðrún Þórhallsdóttir, prófessor og námsbrautarstjóri við skólann. Brautin var fyrst sett á laggirnar haustið 2005 og munu fyrstu nemendurnir útskrifast með BS-gráðu að ári.

„Ég held að þetta sé mjög mikilvægt nám því nýting okkar á náttúrunni er alltaf að aukast. Íslensk náttúra er mjög sérstök og við þurfum fleira fólk sem hefur góða þekkingu á henni til að geta nýtt hana skynsamlega.“

Anna segir sérstöðu brautarinnar felast í þverfaglegu námi þar sem nemendur fái grunn í jarðfræði, veðurfræði, grasafræði, dýrafræði og að lokum vistfræði sem tengir þessar greinar saman. Þeir munu einnig útskrifast með sérþekkingu á náttúru Íslands þar sem vettvangsferðir og útinám eru stórir þættir.

Aðsókn á brautina hefur aukist til muna og komast nú færri að en vilja og má tengja það við vaxandi áhuga og umræðu um umhverfismál. Anna Guðrún sér fyrir sér að nemendur hennar muni í framtíðinni gegna stóru hlutverki við hvers konar landnýtingu, hvort sem um er að ræða virkjanir, vegagerð eða sumarbústaðalönd.

*thorunn@frettabladid.is*



Anna Guðrún Þórhallsdóttir er prófessor og námsbrautarstjóri í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri.



Námið í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri einskorðast ekki við skólastofuna og gjarnan er farið í vettvangsferðir.

# Allir vinna á ei

**Í Framhaldsskólanum á Laugum var síðasta haust farið af stað með þróunarverkefni sem gengur út á sveigjanlegt námsumhverfi og persónubundna námsáætlun. Þuríður Sólveig Sigurðardóttir, nemandi í Framhaldsskólanum á Laugum, segir alla hafa verið mjög ánægða með verkefnið.**



Síðasta haust var farið af stað með breytt námsumhverfi á öllu fyrsta árinu í Framhaldsskólanum á Laugum og gert ráð fyrir að ef það gengi vel myndu allir árgangar taka þátt í verkefninu næsta haust. Þuríður var einn af þeim nemendum sem tóku þátt í þróunarverkefninu þar sem hún var fyrsta árs nemi á náttúrufræðibraut síðasta vetur. „Verkefnið gengur út á það að allir geti unnið á sínum hraða og þess vegna erum við helminginn af tímanum í skólanum í vinnustofum þar sem við veljum sjálf hvað við gerum,“ segir Þuríður. „Í staðinn fyrir að vera til dæmis í fjórum íslenskutímum á viku erum við í tveimur og fáum tvo tíma í vinnustofu á móti, sem er mjög þægilegt.“

Í vinnustofutímunum ráða nemendur að sögn Þuríðar sjálfir hvaða námsgrein þeir taka fyrir. „Það er skylda að mæta í vinnustofurnar en það er ekki skylda að læra endilega stærðfræði í þriðja tíma á mánudegi. Við getum því öll verið að gera mismunandi hluti. Við fáum samt að vita hvaða kennarar eru með vinnustofutímana og maður skipuleggur sig svolítið eftir því. Ef stærðfræðikennarinn er til dæmis með vinnustofu í fyrsta tíma á miðvikudegi notar maður þann tíma frekar til að klára heimadæmin í stærðfræði en að gera eitthvað annað. Þó að maður þurfi líka að vera í venjulegum tímum með öðrum krökkum þar sem kennarinn talar bara yfir allan hópinn er gott að vita að maður fari svo í vinnustofu þar sem hægt er að fá hann til þess að útskýra námsefnið á manns eigin hraða,“ segir hún.

Að sögn Þuríðar er misjafnt eftir dögum hversu mörgum vinnustofutímum nemendur eru í og hversu mörgum hefðbundnum tímum. „Stundum erum við bara í vinnustofum og stundum kannski bara í tveimur tímum í vinnustofum. Kosturinn við þetta kerfi er að það eru engar eyður og maður

# Fyrir einstaklinginn og samfélagið

**Boðið verður upp á nýtt nám við Tónlistarskóla FÍH í haust, auk þess sem haldið verður áfram með nýstárlegt nám sem er ætlað að undirbúa tónlistarmenn fyrir bransann.**

„Í haust ætlum við að taka upp nýja undirbúningsdeild í söngnámi,“ segir Björn Th. Árnason, skólastjórnandi Tónlistarskóla FÍH, Félags íslenskra hljómlistarmanna. „Vegna mikillar ásóknar í söngdeildina, vildum við gefa fleirum tækifæri á að komast að. Valið verður úr hópi þeirra hæfustu sem komast ekki áfram núna í gegnum hefðbundnar leiðir. Núna er verið að móta kennsluna, það er að segja fornámið og framhaldið.“

Að sögn Björns var nýju námi hleypt af stokkunum í skólanum síðastliðið haust. Það kallast atburðastjórnun og skólastjórnandinn líkir því við lífsleikni fyrir fullorðna.

„Það er ekki nóg að læra að verða hljóðfæraleikari eða söngvari í tónlistarnáminu, heldur nauðsynlegt að þekkja staðhætti, réttindi sín og kunna að koma sér á framfæri, svo dæmi séu tekin. Þessu námi er ætlað að hjálpa mönnum með það. Að vísu gáfu fáir kost á sér í það síðast, þar sem fólk vissi ekki alveg um hvað það snerist. Ég á von á því að margir sæki um í þetta sinn, ekki síst þar sem við ætlum að gefa fleirum þann valmöguleika.“

Að öðru leyti segir Björn námið ekki hafa tekið neinum stakkaskiptum. Það sé þó í stöðugri endurskoðun og félagslífið sé alltaf jafn fjörugt. „Síðasta haust settum við upp söngleikinn „We Will Rock You“ og þar á undan nærmyndartónleika vegna 25 ára afmælis skólans, þar sem fram komu fyrrverandi og núverandi nemendur skólans. Það var ekki annað að sjá en að þeir sem tóku þátt skemmtu sér mjög vel. Næsta haust er síðan viðbúið að við setjum upp annan söngleik, þótt ekki sé búið að ákveða hver hann verður. Litið er á vinnuna sem fer í þetta sem tímasókn og þar af leiðandi allt saman metið í skólastarfi.“

Björn segir nemendur við skólann vera á aldrinum tólf og upp í þrítugt. Þeir stundi grunn-, mið- og framhaldsnám og námið sé

# gin hraða



Þuríður var mjög ánægð með vinnustofukerfið í Framhaldsskólanum á Laugum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

getur klárað heimanámið í vinnustofunum og verið búinn þegar skólinn er búinn,“ segir hún.

Þuríður segist ekki alveg hafa vitað hvað hún var að fara út í þegar hún byrjaði. „Fyrst fannst mér þetta svolítið skrýtið en með hjálp kennaranna vandist þetta mjög fljótt. Fljótlega varð mjög erfitt að vera í mörgum venjulegum tímum í röð og þá fór mann að þyrsta í vinnustofutíma. Flestir voru mjög duglegir að læra í vinnustofunum en stundum var maður svolítið latur og þá var ágætt að geta bara lesið í Egilssögu eða eitthvað þess háttar,“ segir hún og hlær.

Þróunarverkefnið gekk það vel síðasta vetur að búið er að ákveða að haldið verði áfram með það næsta vetur og að sögn Þuríðar er mikilvægt að þeir sem taka þátt í því geti svolítið treyst á sjálfa sig. „Þegar maður er nýkomin úr þessu verndaða umhverfi sem er í grunnskóla, þar sem kennararnir passa upp á að maður geri allt á réttum tíma, eru þetta svolítil viðbrigði. En í þessu litla samfélagi á Laugum eru kennararnir náttúrlega duglegir að passa upp á okkur og hvetja okkur áfram þannig að það er engin hætta á að einhver týnist.“

*emilia@frettabladid.is*



Björn Th. Árnason segir alltaf líf og fjör í Tónlistarskóla FÍH. Á síðasta ári var söngleikurinn „We Will Rock You“ settur upp við góðar undirtektir og á næsta ári er stefnt að því að flytja annan söngleik.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

lánshæft þegar á framhaldsstigið er komið. „Síðan er boðið upp á kennaranám til þriggja ára og eru nemendur sem útskrifast frá deildinni mjög eftirsóttir á atvinnumarkaðinum,“ bendir hann á. „Þetta er náttúrlega notadrjúgt nám sem skilar sér vel, jafnt til einstaklingsins og samfélagsins.“

*roald@frettabladid.is*





MYNDLISTASKÓLINN
Á AKUREYRI

Myndlistaskólinn á Akureyri er fagmiðaður einkaskóli

**FORNÁMSDEILD** - 39 eininga heildstætt nám

**MYNDLIST - HÖNNUN- ARKÍTEKTÚR**

Alhliða undirbúningur fyrir nám í hönnun og listum á æðra skólastigi. Námið er skipulagt með hliðsjón af aðalnámskrá framhaldsskóla og í því felst listrænn og tæknilegur undirbúningur fyrir framhaldsnám á sviði myndlistar, hönnunar og arkitektúrs.

Kynntu þér málið á vefsíðu skólans, www.myndak.is eða hringdu í síma 462 4958

**www.myndak.is**

**SÉRNÁMSDEILDIR** - 90 eininga nám

**FAGURLISTADEILD - MYNDLIST**

Fjölþætt þriggja ára sérhæft nám sem veitir starfsmenntun í frjálsri myndlist. Nemendur fá nauðsynlega þjálfun og tilsögn sem gerir þá hæfari til að takast á við ólík viðfangsefni og fjölbreyttar aðferðir í listsköpun sinni.

**LISTHÖNNUNARDEILD - GRAFÍSK HÖNNUN**

Í grafískri hönnun er lögð áhersla á tækniþekkingu og frumlega framsetningu hugmynda. Á þremur árum öðlast nemendur yfirgripsmikla þekkingu og þjálfun í faginu sem gerir þá hæfa til að fást við krefjandi verkefni á sviði hönnunar fyrir prentmiðla og margmiðlun.

Myndlistaskólinn á Akureyri Kaupvangsstræti 16 Akureyri





# Borgarholtsskóli

**Innritun nemenda úr grunnskóla á haustönn 2007 stendur yfir og lýkur 11. júní**

**Í boði eru eftirtaldar námsbrautir:**

**Bóknám til stúdentsprófs**
Félagsfræðabraut
Málabraut
Náttúrufræðibraut

**Listnám:**
Margmiðlunarhönnun grafísk áhersla
Margmiðlunarhönnun fjölmiðlatækni

**Iðnnám**
Grunndeild bíliðna
Fyrrihlutanám í málmiðnum

**Annað starfsnám:**
Félagsliðabraut
Verslunarbraut

**Almenn námsbraut** er einnig í boði fyrir þá nemendur sem ekki standast inntökuskilyrði á aðrar námsbrautir.

**Við aðstoðum nemendur og forráðamenn við rafræna innritun vikuna 4.-8 . júní kl. 11-16.**

**Opið hús verður í skólanum 11. júní kl. 11-18 þar sem kynnt er það nám sem er í boði.**

**Nánari upplýsingar um einstakar námsbrautir eru á heimasíðu.**
*Borgarholtsskóli, v/Mosaveg, 112 Reykjavík. Sími 535 1700. Bréfasími 535 170.*

*Sjá nánar á heimasíðu: www.bhs.is*



Úr herstöð í háskólasamfélag:

# Nýjar stúdentaíbúðir í gömlu herstöðinni!

**Lúxusstúdentaíbúðir fyrir fjölskyldur og einstaklinga til leigu á sérstöku kynningarverði fyrir fyrstu íbúana í nýju háskólasamfélagi. Íbúðirnar eru leigðar út til háskólanema.**



**Þessi mynd er tekin á gömlu herstöðinni í fimm herbergja fjölskylduíbúð sem er nú leigð út til háskólanema.**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

### Dæmi um íbúðir

**2 herbergja paraíbúð/tvíbýli**

Forstofa, setustofa, eldhúskrókur með ísskáp og eldavél. Baðherbergi með baðkari. Sérstakt fataherbergi og geymsla. Í sameign er setustofa, stórt sameiginlegt eldhús, þvottahús og fullbúin líkamsræktarstöð.
Stærð: **55 m²**

**3 herbergja íbúð**

Tvö svefnherbergi, stór stofa með borðstofu og baðherbergi með baðkari. Eldhúsi fylgir eldavél, bakarofn, ísskápur og uppþvottavél. Þvottavél og þurrkari í þvottahúsi. Í sameign er stór setustofa. Verönd/Svalir.
Stærð: **94 m²**

### Dæmi um íbúðir

**4 herbergja íbúð**

Þrjú svefnherbergi, stór stofa með borðstofu og tvö baðherbergi. Eldhúsið er rúmgott og því fylgir eldavél, bakarofn, uppþvottavél og ísskápur. Þvottahús með þvottavél og þurrkara. Í sameign er stór setustofa. Verönd/svalir.
Stærð: **120–140 m²**

**Innifalið í hagstæðu leiguverði er nettenging og strætisvagnar milli svæðisins og háskóla á höfuðborgarsvæðinu.**

Upplýsingar um leiguverð á **www.keilir.net**

### Merki

**Keilir**
Atlantic Center
of Excellence

**Keflavíkurflugvelli** **Sími: 578 40 00** **www.keilir.net**



Peugeot Speedfight 50 AC
24
24 tíma leikur
10-11 og mix
**10-11 og MIX í samstarfi við FM957 kynna.**
Í tilefni af því að nú eru 20 verslanir 10-11 opnar allan sólarhringinn verður 10-11 með Zúúber tilboð í júní á MIX. Komdu við í einni af þeim verslunum 10-11, sem opnar eru allan sólarhringinn og settu MIX á Zúúber tilboði í körfuna þína. Þegar þú kemur að kassanum mun starfsmaður spyrja þig léttrar spurningar og ef þú svarar rétt, kemstu í pott sem dregið verður úr í morgunþættinum Zúúber á FM957 alla föstudaga til 30. júní.
Í verðlaun verða **25.000 kr.** matarútektir í 10-11 og í lokavikunni mun einn heppinn þáttakandi vinna sér inn glæsilega Peugeot Speedfight 50 AC vespu og hjálm frá Bernhard, fríar tryggingar hjá Sjóvá fyrsta árið, hlífðarföt frá 66° norður og kassa af MIX.
**Mundu, það er alltaf stutt í næstu 10-11.**
**Nú eru 20 verslanir 10-11 opnar allan sólarhringinn**
10-11 Arnarbakka, Reykjavík ][ 10-11 Austurstræti, Reykjavík ][ 10-11 Barónsstíg, Reykjavík ][ 10-11 Borgartúni, Reykjavík
10-11 Dalvegi, Kópavogi ][ 10-11 Engihjalla, Kópavogi ][ 10-11 Hafnargötu, Keflavík ][ 10-11 Hafnarstræti, Akureyri
10-11 Hjallabrekku, Kópavogi ][ 10-11 Hjarðarhaga, Reykjavík ][ 10-11 Kaupangi, Akureyri ][ 10-11 Langarima, Reykjavík
10-11 Laugalæk, Reykjavík ][ 10-11 Lágmúla, Reykjavík ][ 10-11 Leifsstöð, komusal ][ 10-11 Lyngási, Garðabæ
10-11 Melabraut, Hafnarfirði ][ 10-11 Seljavegi, Reykjavík ][ 10-11 Sporhömrum, Reykjavík ][ 10-11 Staðarbergi, Hafnarfirði
SJÓVÁ
10-11
...alltaf opið!
www.10-11.is

## Fæddist ellefu vikum fyrir tímann

Ég átti mitt fyrsta barn árið 2001 eftir eðlilega meðgöngu og fæðingu en fór svo í keiluskurð áður en ég eignaðist annað barnið. Keiluskurðurinn er talinn hafa veikt leghálsinn, sem varð til þess að Hildur Arney fæddist ellefu vikum fyrir tímann. Þegar ég gekk með þriðja barnið var svo saumað fyrir leghálsinn,“ segir Drífa Baldursdóttir þriggja barna móðir. Drífa vissi ekki um aukna hættu á leghálsbilun við keiluskurð en lét vita í mæðraskoðuninni að hún hefði gengist undir skurðinn. „Fyrir tilviljun hitti ég á lækni sem las gögnin um mig og lét mig panta leghálsmælingu. Þarna voru að koma jól og ég fór ekki fyrr en eftir jólin í mælinguna en þá var ég komin 23 vikur og 5 daga. Þar kom í ljós að ég var komin í hættuástand, leghálsinn var orðinn mjög þunnur. Ég fékk sterasprautur til að hjálpa barninu að þroska lungun og ég var send í rúmlegu inn á meðgöngudeild og var látin liggja því von var á barninu á hverri stundu. Ég var heppin og náði að liggja inni þar til ég var komin 29 vikur. Þá fór vatnið að leka og barnið fæddist en leghálsinn hafði verið fullstyttur frá 25. viku,“ segir Drífa, sem eignaðist litla stelpu sem var 6 merkur. „Hún var hraust og heilbrigð og þurfti á litlili hjálp að halda miðað við hvað hún kom snemma,“ segir Drífa og bætir við að það hafi hjálpað henni mikið hversu vel henni hafi tekist að undirbúa sig fyrir fæðinguna. „Við vorum ótrúlega heppin að komast svona snemma undir læknishendur og ég er viss um að það hafi bjargað lífi hennar að hægt var að seinka fæðingunni um þessar vikur. Við erum því ótrúlega þakklát öllu frábæra starfsfólkinu sem annaðist okkur.“ Drífa og sambýlismaður hennar höfðu áhuga á að eignast þriðja barnið en voru hrædd. „Við lögðum ekki í aðra meðgöngu og ég ætlaði ekki að verða aftur ófrísk. Yngsta stelpan kom því alveg óvænt en ég var komin 15 vikur þegar ég uppgötvaði að ég var ófrísk. Þá fór ég strax inn á meðgöngudeild þar sem var saumað fyrir leghálsinn. Ég var í góðu eftirliti og mátti ekki vinna og átti að taka því rólega heima og náði að ganga 37 vikur. Þá var saumurinn tekinn úr og fimm dögum seinna var ég komin með 10 í útvíkkun,“ segir Drífa og bætir við að saumurinn hafi greinilega gert sitt gagn. „Yfirleitt þurfa konur að ganga í gegnum það að missa börnin sín áður en leghálsbilun uppgötvast og að mínu mati vantar fræðslu. Þegar ég greindist með leghálsbilun vissi ég ekkert hvað þetta var og varð að leita mér upplýsinga á erlendum heimasíðum,“ segir Drífa sem ætlar ásamt öðrum konum að stofna félagasamtök foreldra fyrirbura. „Sem foreldrar fáum við endalausa bæklinga um litningargalla og jafnvel tannvernd en ekkert um þetta. Við ætlum okkur að gefa út bæklinga og blöð og búa til heimasíðu og alvöru félag í kringum þetta.“



**HILDUR ARNEY** Nýfædd í hitakassa. Á myndinni sést í hönd pabba hennar.



**KÁTAR OG FRÍSKAR** Hildur er rúmlega tveggja ára heilbrigð stúlka. Hér er hún með mömmu sinni Drífu.

SIRKUS RÆDDI VIÐ DRÍFU OG GUÐRÚNU HULDU, UNGAR KONUR SEM ÁTTU BÖRNIN SÍN FYRIR TÍMANN.

# FALLEGIR FYRIRBURAR



**MÆÐGUR** Guðrún Hulda með dæturnar. Stelpurnar eru sannkallaðar kraftaverkastelpur og hafa braggast ótrúlega vel þrátt fyrir að hafa komið fyrir tímann.

## Sannkallaðar kraftaverkastelpur

Elsta dóttir mín fæddist fimm og hálfri viku fyrir tímann og tvíburastelpurnar sjö vikum fyrir tímann,“ segir Guðrún Hulda Fossdal, sem eignaðist allar þrjár dætur sínar fyrir tímann. Sú elsta, Anna Lára, verður þriggja ára í ágúst svo það er í nógu að snúast hjá Guðrúnu. „Ég vaknaði eina nóttina við það að rúmið var á floti og datt strax í hug að vatnið væri farið. Þegar ég kom á sjúkrahúsið var mér sagt að ég yrði skoðuð daginn eftir þar sem til að meta stöðuna. Vatnið endurnýjaði sig hins vegar ekki og fæðingin fór af stað. Þegar Anna Lára fæddist fór hún beint í hitakassa. Hún hefði komist úr honum einum, tveimur dögum seinna ef hún hefði ekki fengið gulu,“ segir Guðrún Hulda og bætir við að hún hafi í rauninni ekki náð að verða hrædd þar sem hún hafi lítið vitað um fyrirbura. „Ég hugsaði aldrei á meðgöngunni að eitthvað gæti gerst eða að barnið gæti komið fyrir tímann. Seinni meðgangan var hins vegar erfiðari en þá fékk ég að vita að konur sem eru með sjúkdóminn sem ég er með, NF1, geta átt á hættu að fæða fyrir tímann. Læknarnir fylgdust vel með mér og ég lá fyrir frá 26. viku vegna leghálsbilunar og samdrátta og var undir miklu eftirliti,“ segir Guðrún sem þá var ófrísk af tvíburunum. „Ég vissi svo lengi að tvíburarnir myndu aldrei haldast heila meðgöngu svo hver dagur var algjör lukka. Á 30. viku var ég komin með fullstuttan leghals og 3 í útvíkkun. Þegar þær fæddust fékk ég ekki hríðir heldur opnaðist leghálsinn meira og fór belgur tvíbura A að síga út. Ásrún Svava og Birna Vala voru báðar í hitakassa í ca tvær vikur en þær voru 7 og 9 merkur. Sú meðganga tók verulega á því ég vissi að ég ætti engan möguleika á að klára hana. Ég var hrædd allan tímann og náði ekki að njóta þess að vera ófrísk.“ Eftir fæðingu Önnu Láru frétti Guðrún af félagskapi foreldra fyrirbura og segir það hafa hjálpað sér mikið. „Við erum með fyrirburahóp http://groups.msn.com/fyrirburar og stefnan er að setja upp almennilega heimasíðu þar sem hægt verður að nálgast upplýsingar um fyrirbura, ekki bara það sem gerist á sjúkrahúsinu heldur líka varðandi næstu árin. Fyrirburar geta orðið eftir á í líkamlegum þroska þótt þeir fylgi jafnöldrum sínum oftast í andlegum þroska og þeir eru oft veikari fyrir og fá frekar pestir,“ segir Guðrún. Elsta dóttir hennar er með tímabundið skert ónæmiskerfi, sem Guðrún telur muni rjátlast af henni. Önnur tvíburanna er svo í reglulegri sjúkraþjálfun þar sem hún fylgir ekki eftir í líkamsþroska. „Tvíburarnir eru eins og sex og sjö mánaða börn þótt þær séu níu mánaða en ég geri fastlega ráð fyrir að þær nái sér að fullu,“ segir Guðrún, sem ætlar sér ekki að eignast fleiri börn. „Þessi félagsskapur foreldra fyrirbura hjálpaði mér mjög mikið og það var gott að ræða við fólk sem hefur staðið í svipuðum sporum og fá leiðbeiningar og fá að vita á hverju maður getur átt von. Leghálsbilun er ekki algeng en samt algengari en fólk heldur. Talið er að um eitt prósent kvenna fái leghálsbilun, sem eru um 35-40 konur á ári, og við viljum vekja athygli á henni því það eru tvö til þrjú fóstur á ári sem deyja og sú tala er allt of há. Auk fyrirburahópsins erum við komin með hóp fyrir konur með leghálsbilun sem er ætluð til þess að hjálpa konum í þessari stöðu,“ segir Guðrún en slóðin á þá heimasíðu er http://groups.msn.com/leghalsbilun. Guðrún lítur björtum augum til framtíðar en vill gera sitt til að fræða verðandi foreldra um hættuna á leghálsvíkkun. „Stelpurnar mínar eru sannkallaðar kraftaverkastelpur og hafa braggast ótrúlega vel þrátt fyrir að hafa komið fyrir tímann.“

*indiana@frettabladid.is*



**ANNA LÁRA** Fæddist 5 og hálfri viku fyrir tímann.





**DUGLEGAR** „Tvíburarnir eru eins og sex og sjö mánaða börn þótt þær séu níu mánaða en ég geri fastlega ráð fyrir að þær nái sér að fullu,“ segir Guðrún sem ætlar sér ekki að eignast fleiri börn.




# Nicorette Fruitmint
## Bragð sem kemur á óvart

Nicorette Fruitmint er mjúkt að innan, hefur stökkt yfirborð og frískandi bragð með gómsætri blöndu af ávöxtum og myntu.

nicorette

**Þín ákvörðun**
**Þín leið**
**Þitt Nicorette**

1) Í bragðprófun meðal 100 reykingamanna var Nicorette Fruitmint borið saman við helsta keppinautinn - Fruit nikótíntyggigúmmí. Nicorette Fruitmint var talið bragðbetra nikótíntyggigúmmí. RSSL Pharma, 2005. Markaðsathugun gerð fyrir Pfizer. Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.** Handhafi markaðsleyfis: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ. **www.nicorette.is**

ÁSTA LOVÍSA VILHJÁLMSDÓTTIR FÆDD: 9. AGÚST 1976 - DÁIN: 30. MAÍ 2007

# Minningin um ótrúlega sterka konu lifir áfram á meðal okkar



Ásta Lovísa Vilhjálmsdóttir lést á líknardeild Landspítalans 30. maí síðastliðinn en hafði þá vakið mikla athygli fyrir hetjulega baráttu sína við krabbamein. Ásta Lovísa verður borin til grafar næstkomandi mánudag kl. 11 í Hallgrímskirkju. Þessi einstæða þriggja barna móðir bar harm sinn ekki í hljóði heldur deildi hún sögu sinni í gegnum fjölmiðla, ekki síst með skrifum á heimasíðu sinni þar sem hún leitaði styrks og útrásar. Hún opnaði umræðu um sjúkdóm sem hefur fellt svo marga og svo margir glíma við en fáir tjá sig um. Frásagnir hennar báru aldrei með sér sjálfsvorkunn heldur voru fullar af styrk og lífsgleði. Þessi einstaki styrkur og æðruleysi sem hún bjó yfir lét engan sem á hana hlýddi ósnortinn. Sirkus minnist Ástu Lovísu með hennar eigin orðum.

**Blogg Ástu Lovísu :www.123.is/crazyfrogg**

### 13.9.2006 Long time no see !!!

Það er orðið ansi langt síðan að þetta blogg var opið en ég ákvað að opna það að nýju. Ástæðan er sú að ég er búin að ganga í gegnum HELL tíma síðustu mánuði og ég er að vona að með því að skrifa um hlutina og það sem fram undan er hjálpi það mér.

Fyrir ykkur sem ekki eru að skilja bullið í mér þá lenti ég á spítala 29. júlí sl og fékk síðan þær hræðilegu fréttir 4. ágúst að ég væri með krabbamein.

### 31.10.2006 Grumpy days

Guð ég veit ekki hvar ég væri ef ég hefði ekki mömmu og vissa aðra aðila í mínu lífi. Mamma er alveg ótrúlegur einstaklingur. Vinnur hörðum höndum og kemur svo til mín til að hjálpa mér með heimili og börn. Það sem mér finnst dásamlegast við þetta allt er að í raun þá er hún ekki alvöru mamma mín en kemur fram við mig sem sína eigin. Eins og þið mörg vitið þá lést mamma mín og systir úr arfgengri heilablæðingu. Þegar ég var aðeins 3 ára gömul láu leiðir pabba og hennar saman og læsti ég mig utan um lærin á henni og spurði hana hvort hún vildi vera mamma mín ... hehehe...... og auðvitað gat hún ekki staðist þessi hvolpaaugu. Þrátt fyrir að ma&pa hættu saman þegar ég var á unglingsaldri þá hefur hún alltaf verið stoð og stytta í mínu lífi og barna minna. Talandi um að vera HÖRKUKVENDI .... hehehe .... þá er ég ótrúlega heppin að hafa kynnst henni .... LUV U MAMMA ....

### 15.11.2006 Ástu væl :)

Þessi mikli lífsvilji minn er farin að hafa jákvæðar breytingar á mér. Það er ekki langt síðan ég gat ekki gert plön. Mér var algjörlega um megn að festa eitthvað niður. Núna get ég það. Ég er búin að ákveða að fara til Svíþjóðar í janúar með krakkana.

Þótt að krabbamein sé mjög alvarleg veikindi og ég tala nú ekki um þegar meinvörpin eru farin að láta á sér bera ... þá er samt svo margt jákvætt sem þessi veikindi hafa gefið mér. Það er ekki bara alslæmt að fá krabbamein og ég virkilega meina það. Ég veit að margir eiga eftir að hugsa... „vá nú er hún alveg að tapa sér kerlingin"... en þetta er satt. Það er svo margt jákvætt sem þetta hefur leitt af sér og ég er mun þakklátari fyrir hvern dag sem ég lifi.

### 1.12.2006 Howdy :)

Þarmarnir í mér eru loksins farnir að sýna smá virkni. Það gerðist bara í gær. Ég þurfti að fara með sjúkrabíl yfir á gamla Boggann þar sem stungið var á milli rifbeinanna á mér og þar komið fyrir dreni. Það nefnilega sást á myndum sem voru teknar í gær að það var risa graftarpollur fyrir ofan þarmana og kom þannig í veg fyrir að þeir næðu að starfa eðlilega. Áiiiii þetta var vont og er ennþá vont að hafa þetta drena drasl hangandi þarna út. Guð hvað ég skammast mín fyrir steypuna sem vall upp úr mér þarna á skurðaborðinu.... heheheh.... mín heimtaði sko eitthvað slæfandi og ég fékk það aldeilis og eiginlega miklu meira en það...tíhíhíhí... Held að ég þori ekki að hitta þann doksa aftur í bráð.

### 7.12.2006 Smá bögg

Hvað er málið með mig og tónlist ??? Ég hef alltaf verið svo mikil tónlistarkelling þá aðallega í vælu lögunum ... en núna eftir að ég veiktist þá virðist ég ekki geta hlustað á lögin mín án þess að ég fái kvíðakast... Æji þetta er svo vont því allar særandi hugsanir sækja þá svo á. Ég skrapp út með vinkonu minni núna í kvöld og kom svo heim, kveikti á tónlist og lét renna í bað og bara BAMM! Allt í einu sat ég skælandi eins og lítið barn sem vantaði knús. Afhverju get ég ekki hlustað á tónlist án þess að óæskilegar hugsanir banki upp á ???? Hugsanir eins og ... kannski séu þetta mín síðustu jól sem ég fæ að eiga með börnunum mínum og ég verði að gera sem mest úr þeim fyrir okkur..... ohhhh mér finnst ég vera að kafna!!! Ef ég næ svo ekki að standa undir þeim væntingum að halda hin fullkomnu jól. Svei mér þá það er stærðar kvíðaköggull í maganum mínum núna og mér finnst ég svo ráðvillt eitthvað. Ég sakna þess svo að vera heilbrigð og geta bara haft áhyggjur yfir því hvað skal hafa í matinn þann daginn eða pirra mig út af smá munum. Æji þetta er svo sárt stundum og ég þrái svo að verða heilbrigð aftur.

### 29.12.2006 Friday

Mig langar að spyrja ykkur lesendur góðir hvernig hugsið þið til dauðans ??? Hræðist þið hann ??? Haldið þið að við deyjum og fæðumst aftur seinna ??? Hittum við ættingja og vini sem hafa dáið á undan okkur ??? Er líkaminn okkar bara hulstur eða eins og bíll sem að bilar og skemmist með tímanum og við fáum svo annað hulstur seinna þegar við höfum náð einhverjum þroska ??? Eða er bara allt svart eftir að við deyjum og öllu lokið ??? Ég hef stundum sjálf velt þessu fyrir mér. Mér finnst pínu óhugsandi að öllu sé bara lokið þegar við deyjum. Ég vona allavega að þegar minn tími kemur að ég fái að hitta alla ættingja mína sem eru farnir. Finnst eitthvað svo óhugsandi og óaðlaðandi að hugsa til þess að allt sé bara svart og maður rotnar í einhverri mold. Afhverju deyja þá sumir sem ungabörn eða ungir??? Hver var þá eiginlega tilgangurinn með þeirra stuttu komu í þetta líf ???

### 7.1.2007 Hux* hux* hux*

„........ Ég er ekki gefin fyrir uppgjöf. Ég berst þar til ég fell. Þetta er styrkur sem mér er í blóð borinn..... Það sem máli skiptir er að trúa á að meðan þú getur dregið andann eigirðu von.

### 21.2.2007 Bad news ... once again :(

Jæja þá fékk ég víst enn einn skellinn. Sjúkdómurinn minn hefur versnað því miður. Meinvörpin hafa öll stækkað um einhverja mm sem er frekar mikið og ég er með stækkun í eitlum í maganum *GRÁT*. Það þarf að fylgjast með þessum eitlum ef þeir stækka eitthvað meira þá þarf að skoða þá nánar og athuga hvort að það sé krabbi í þeim líka .. en allavega verður ekkert gert neitt í þeim málum í bili.... Úff öll familían er í sjokki og ég get ekki lýst því hvernig mér líður núna. Þetta ætlar greinilega að verða erfiðara en ég hélt og ég verð bara að vera hreinskilin að ég er orðin pínu svartsýn á framhaldið. Ég veit að ég má það ekki ... En halló það eru til takmörk hvað maður getur endalaust tekið við. ... Æji vonandi næ ég að rífa mig upp úr þessu og halda áfram að berjast ... Er líklega bara að syrgja þessar fréttir núna.

### 8.3.2007 Grenj og ennþá meira grenj

Ohhh mig langar til að grenja ... Húðin heldur áfram að versna og versna. Núna er ég alveg þakin í andliti, eyrum, hársverði, bringu og baki. Ég er eitt flakandi sár og grænir... já grænir nabbar út um allt *ÆL*.
Ég hef bara ekki séð annað eins og mig langar ekki út. Ég skammast mín svo fyrir þetta að ég get varla hugsað mér að láta fólk sjá mig svona *sniff*sniff*sniff*. Ég veit alveg að ég á að hugsa að ef þetta lyf er að virka þá á þetta bara að vera smáræði .. En þetta er svoooo vont bæði andlega og líkamlega. Það er svo mikill sársauki í þessu að ég er alltaf að vakna á nóttunni og mér líður hreint út sagt ömurlega.
Ég er komin á ofnæmislyf og sýklalyf en það virðist ekkert virka... Núna skil ég það sem doksinn minn sagði að sumir sem hafa fengið svona aukaverkanir kjósa að hætta á lyfinu sem að veldur þessu .. Ég ætla mér ekki að gefast upp .. Ég ætla mér að reyna að þola út þessar 6 vikur. Það er sko eins gott að þetta lyf virki .... Annars var öll þessi þjáning til einskis.
Æji ég er ekki glöð og hress í dag ... *sniff*sniff*

### 7.5.2007 New York.... New York

Ferðin hingað í gær gekk þrusu vel fyrir sig.
Allt stóðst sem átti að standast þannig að ég var ennþá vel hress þegar við náðum á leiðarenda.
Á morgun fáum við að vita út úr myndunum. Hittum læknana reyndar ekki.. Heldur eigum við að bíða eftir símtali frá þeim.

### 8.5.2007 Engar fréttir ennþá... :(

Erum búin að sitja við símann í allan dag og höfum ekkert frétt ennþá.. Því miður.

### 9.5.2007 Sorgarfréttir

Skrifa í dag fyrir hönd systur minnar sem treystir sér ekki til að skrifa. Læknarnir höfðu samband. Meinvörpin þekja nú 60% af lifrinni og það sem verra er sjást nú skýr merki þess að krabbameinið situr á fleiri stöðum í líkamanum. Læknarnir í NY geta því ekki hjálpað, hvorki með skurðaðgerð né lyfjameðferð. Sjúkdómurinn er ólæknandi og að sögn þeirra á Ásta nokkra mánuði eftir ólifaða.

*Daði bróðir*

### 9.5.2007 Svar óskast

Fengum því miður ekkert svar í gær. Biðum og biðum en án árangurs.

### 12.5.2007 Mætt aftur á svæðið

Loksins kom að því.. Er núna sest fyrir framan tölvuna og farin að skrifa nýja bloggfærslu. Síðustu dagar hafa verið mér erfiðari en ég hef nokkurn tímann upplifað áður. Ég var svo full bjartsýnar og vonar og allt í einu sprakk blaðran og ég sé enga leið út. En viti menn mér er nákvæmlega sama hvað hver segir. Ég ætla mér að lifa meira en nokkra mánuði. Það er ekkert hægt að segja svona og ákveða að þessi x manneskja eigi þessa x marga daga eftir. Við erum jafn misjöfn eins og við erum mörg og ég er ákveðin að taka einn dag í einu og lifa sem lengst.
Ég er búin að ræða við tvö elstu börnin mín. Útskýra fyrir þeim alvarleikann sem við mér blasir núna. Þau verða að vita alla möguleikana og vera undir það búin. Ég hélt svei mér þá að hjarta mitt myndi kremjast trilljón sinnum á meðan. Að sjá alla hræðsluna og örvæntinguna í litlu augunum þeirra og öll litlu tárin og geta ekki sagt neitt til að draga úr sársaukanum. Get rétt ímyndað mér hvernig litlu skinnunum líður.... Úffffff lífið er svo ósanngjarnt eitthvað.
Ég vil ennþá trúa að ég eigi von. Ég vil ennþá trúa að ég eigi eftir að gifta mig eftir nokkur ár, ferma börnin mín o.s.frv .. o.s.frv. Ég ætla mér og ég skal !!

### 15.5.2007 Ljósið í myrkrinu, ljósið í lífi mínu...

Þó að ég hafi fengið hræðilegar fréttir í New York ... Gerðist jafnframt dásamlegur hlutur í mínu lífi. Mig hefur mikið langað til að segja ykkur frá þessu fyrr en beit í tunguna á mér þar sem ég vildi segja fyrst vinum og ættingjum.
Ég hef yndislegar fréttir að færa ... Nú er ég opinberlega heitbundin kona .
Ég og Diddi minn trúlofuðum okkur á veitingastaðnum Rainbow Room í Rockefeller Center á 86. hæð. Það er veitingastaðurinn sem t.d myndin Sleepless in Seattle er að hluta til tekin upp. Aðstæður okkar eru skrítnar hvernig sem á það er litið en þetta var bara eitthvað sem að ég þráði svo rosalega á þessum tímapunkti í mínu lífi og þar sem ég elska þennan strák.

### 20.5.2007 Úppps ..sorry... Betra seint en aldrei ;)

Miðað við allt þá er ég ótrúlega glöð í hjartanu mínu þessa dagana og vonandi heldur það bara áfram. Mér líður rosa vel, lítið um verki og er alveg ótrúlega ástfangin. Ég er í raun ennþá svífandi á mínu bleika skýi og njóta þess að vera á lífi í dag. Ég skal lofa að bæta úr bloggleysinu mínu.. Ætlaði ekki að láta fólk halda að eitthvað mikið væri að þegar ég þeysist um allan bæ á mínu bleika hamingjusama skýi.
Knús á ykkur og prufið að byrja daginn á því að brosa, þakka fyrir daginn í dag og opna fyrir hjartað... Er það DÍLL ???

*Knús og liðið*
*Tjá tjá*
*Ásta Lovísa*

### 30.5.2007 Engill á himni

Elskuleg systir mín, Ásta Lovísa, andaðist á Líknardeild Lsp í Kópavogi fyrr í dag. Fjölskyldan vill senda þakkarkveðjur fyrir allan stuðninginn, hlýhug og falleg orð. Þið gáfuð Ástu ómetanlegan styrk í baráttu hennar.

*Með fyrirfram þökk og virðingu,*

*Daði bróðir*

# ÞREFALT HÚRRA!




Egils Lite hlaut gullverðlaun Monde Selection 2007 og 2006 og silfur 2004. Einnig gullverðlaun í World Beer Cup 2006. Bronsverðlaun European Beer Star 2006.

Premium hlaut gullverðlaun Monde Selection 2007 og 2006 og silfur 2004. Silfurverðlaun European Beer Star 2006.

Egils Gull hlaut gullverðlaun Monde Selection 2007 og 2006 og silfur 2004.

Frá margverðlaunaðri Ölgerð Egils Skallagrímssonar. Egils

Léttöl

# helgin

## Besta kvikmyndin



„Godfather I og II eru alltaf í uppáhaldi hjá mér, Casablanca og Breakfast at Tiffany's. Silence of the Lambs var svaka góð og ég sá A Fish Called Wanda mörgum sinnum og fannst hún alltaf jafn fyndin. Sá The Departed um daginn og bætti henni á listann, mjög skemmtileg. Svo voru auðvitað allar Pink Panther-myndirnar ferlega fyndnar og Benjamín dúfa var æði."

**Anna Mjöll Ólafsdóttir söngkona**



„Fyrsta myndin sem ég man eftir að hafa séð var The Sound of Music. Ég horfði á hana á hverju einasta kvöldi í svona sex ár og hætti því líklega þegar ég var 12 ára."

**Anna Sigríður Pálsdóttir hárgreiðslumeistari**



„Ef ég verð að velja er það The Pianist og The Sound of Music. Ég get horft á The Pianist aftur og aftur og fer alltaf að gráta yfir henni."

**Íris Hólm Jónsdóttir, söngkona GÍS**



„Uppáhaldsmyndin mín er Bend It Like Beckham. Ég horfði mikið á íþróttamyndir sem barn um stráka sem unnu titla og það var ekki fyrr en ég varð tvítug að ég fór í bíó og sá mynd um fótboltastelpu."

**Halla Gunnarsdóttir knattspyrnukona**

sirkus

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar **Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm. **Ritstjórn** Óskar Hrafn Þorvaldsson oskar@frettabladid.is, Indíana Ása Hreinsdóttir, indiana@frettabladid.is **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is, **Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000 **Sölustjóri** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is

# Sigríður Klingenberg spáir fyrir Kalla Bjarna



KALLI BJARNI Sigríður segir að þessi lífsreynsla eigi eftir að verða Kalla Bjarna til góðs.

Talan hans Kalla Bjarna er 3 sem er oft tala listamanna og þeirra sem geta eitt og annað meira en almúginn. Þristar eru samt oft latir og það þarf oft að setja þá upp á fjallið svo þeir skauti niður. Þristar eru eins og Kalli, glaðlyndir og jákvæðar týpur og yfirleitt í góðu stuði og það er gott að vera í kringum þannig sál. Það er búið að ríkja mikið álagstímabil í kringum Kalla Bjarna en þetta sprengjutímabil byrjaði í kringum áramótin. Kalli er að fara í ár hreinsunar og virðist þetta tímabil skipta ofsalega miklu máli í lífi hans upp á framtíðina að gera. Hann mun koma öllum á óvart og standa keikur, hreinsa til í kringum sig og koma eins og nýr maður aftur inn á sjónarsviðið. Kalli er að fara inn á andlegt ár og leitar jafnvel í styrk trúarinnar. Hann mun finna að alþjóð stendur með honum í þessum hremmingum og hann mun styrkjast á næstu árum. Þetta verður honum til góðs vegna þess að fíkniefni eiga aldrei aftur eftir að freista hans, þetta var lækning hans á því. Hann á eftir að semja mikið og koma fólki virkilega á óvart.



SIGRÍÐUR KLINGENBERG segir að Kalli muni koma öllum á óvart og standa keikur eftir þessa erfiðu lífsreynslu.

# SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUS HELDUR ÁFRAM. HÉR KEPPIR SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON VIÐ RÚNAR FREY GÍSLASON.

**1. Hver skrifaði bókina Vængjasláttur í þakrennum?**



**2. Hvern leikur Patrick Dempsey í Grey's Anatomy?**

**3. Fyrir hvaða lið ekur ökuþórinn Fernando Alonso?**

**4. Hvert er póstnúmerið á Höfn í Hornafirði?**



**5. Hvað hefur Jay Leno stjórnað The Tonight Show í mörg ár?**

**6. Hvers lensk er danspönksveitin The Rapture sem er væntanleg til landsins í júní?**

**7. Hver syngur lagið Hvern einasta dag?**

**8. Hver leikur Mr. Bean?**

**9. Hvað heitir eiginkona Friðriks krónprins Danmörku?**

**10. Hver er nýjasta American Idol-stjarnan?**



### Sigmundur Ernir

1. Einar Már Guðmundsson.
2. Lækninn.
3. McLaren.
4. 815.
5. 18 ár.
6. Bresk.
7. Færeyski folinn Jógvan.
8. Rowan Atkinson.
9. Mary.
10. Justin eitthvað.



### Rúnar Freyr Gíslason

1. Guðmundur Andri Thorsson.
2. Dr. Þröst Leó Gunnarsson.
3. BMW.
4. 300.
5. 15.
6. Bresk.
7. Jógvan.
8. Rowan Atkinson.
9. Nanna Kristín Magnúsdóttir.
10. Jordin Sparks.

**Sigmundur Ernir bindur enda á sigurgöngu Rúnars Freys. Sigmundur náði fimm réttum stigum gegn fjórum réttum stigum Rúnars. Rúnar Freyr skorar á Halldór Gylfason leikara sem mætir Sigmundi í næstu viku. Fylgist með.**

**Svör: 1.** Einar Már Guðmundsson. **2.** Dr. Derek Shepherd. **3.** McLaren. **4.** 780. **5.** 15 ár. **6.** Bandarísk. **7.** Jógvan. **8.** Rowan Atkinson. **9.** Mary. **10.** Jordin Sparks.

## Hvað á að gera í sumarleyfinu?



„Ég ætla ekki að taka neitt sérstaklega mikið af sumarfríi og allur minn frítími mun fara í sýningar á Dýrunum í Hálsaskógi víðsvegar um landið. Við ætlum m.a. í tveggja vikna leikferð hringinn í kringum landið vikuna fyrir og eftir verslunarmannahelgi."

**Andrea Ösp Karlsdóttir leikkona**

„Ég ætla að fara til Danmerkur, í lesbískt brúðkaup. Ætli ég fari svo ekki smá ferð með tjaldvagn á einhvern fallegan stað á Norðurlandinu. Mývatnssveitin er alltaf í uppáhaldi."

**Sigrún Vésteinsdóttir fréttamaður N4**



„Vonandi skrepp ég til Barcelona í júní. Engin meiriháttar plön. Heimsæki kannski Guðmund vin minn Brynjólfsson á Hóla með tjald. Reyni að vera góður við fjölskylduna mína og skrifa eitt stykki leikgerð."

**Bergur Þór Ingólfsson leikari**



„Aldrei þessu vant ætla ég að taka mér smá sumarfrí en það hefur ekki gerst í nokkur ár enda alltaf nóg að gera á Ísó. Ætla að fara eitthvað útí heim í smá honnýmún með familíunni og svo verðum við líka mikið í paradísinni okkar í Haukadal í Dýrafirði á slóðum Gísla Súra en þar eigum við lítið og kósý félagsheimli."

**Elfar Logi Hannesson leikari**




Ertu klár fyrir eina skemmtilegustu mynd sumarsins?
OCEAN'S THIRTEEN
Svik
Plott
Prettir
& Las Vegas
Sýnd í Sambíóunum um land allt
Tryggðu þér miða á:
midi.is
Sjáðu myndina í
DOLBY DIGITAL BÍÓ
myndgæðum í Sambíóunum, Kringlunni
VIP SALURINN ER BARA LÚXUS
SAMBÍÓIN


JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Tilvalið fyrir Smuguna, Jan Mayen
og allar styttri ferðir niður Laugaveg.
160
66 NORTH
Höfuðborgarsvæðið: Smáralind, Kringlan, Bankastræti 5,
Faxafen 12, Miðhraun 11 Garðabæ. Akureyri: Glerárgata 32.
Keflavík: Leifsstöð og söluaðilar um land allt.
www.66north.com
Klæddu þig vel
66° NORÐUR

Svanur Sigurbjörnsson læknir hefur opnað læknastofu að Læknastöð Vesturbæjar, Melhaga 20-22, 107 Reykjavík (á horni Hofsvallagötu á hæðinni yfir apótekinu).



Sérgrein:
Lyflækningar fullorðinna

Dæmi: Háþrýstingur • kólesteról • offita • sykursýki • mat áhættuþátta og þreks • bakverkir • heilsuráðgjöf • fjölkerfavandamál

Tímapantanir í síma 562 8090 daglega frá 10-12 og 13-16


Kvenréttindafélag Íslands

## Alþjóðleg ráðstefna á Grand Hótel í Reykjavík 8 júní 2007

*Fara vændi og virðing saman í jafnréttisþjóðfélagi?*

Dagskrá

| Kl. | |
|---|---|
| 13:00 | Guðrún Jónsdóttir fundarstjóri og talskona Stígamóta opnar ráðstefnuna |
| 13:10 | Erindi pallborðsþátttakenda: 1. Rosy Weiss (Austurríki), forseti International Alliance of Women (IAW) 2. Marit Kvamme (Noregur), í stjórn Womens Front of Norway, Network Against Prostitution and Trafficking in Women og FOKUS 3. Ágúst Ólafur Ágústsson (Ísland), alþingismaður 4. Rachael Lorna Johnstone (Skotland/Ísland), lektor við Háskólann á Akureyri |
| 14:15 | Umræður pallborðsþátttakenda |
| 15:00 | Kaffihlé |
| 15:15 | Umræður pallborðs og ráðstefnugesta |
| 15:30 | Niðurstöður frá pallborðsþátttakendum |

Ráðstefnan fer fram á ensku Aðgangur ókeypis Kaffiveitingar



## Kvennaskólinn í Reykjavík

## Innritun

**Innritun nýnema fyrir skólaárið 2007-2008 stendur til 11. júní. Innritunin er rafræn og fer fram í gegnum www.menntagatt.is.**

Kvennaskólinn í Reykjavík býður bóknám til stúdentsprófs á þremur brautum:

Félagsfræðabraut
Málabraut
Náttúrufræðibraut

Í skólanum er bekkjakerfi en þó er mikið val á 3. og 4. námsári.

Inntökuskilyrði eru samkvæmt reglugerð menntamálaráðuneytisins. Þau eru háð brautarvali nemandans.

Námsráðgjafar verða til viðtals innritunardagana frá klukkan 9-17 í aðalbyggingu skólans að Fríkirkjuvegi 9.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu skólans www.kvenno.is.

# Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

Vatnsendahvarf - Athafnasvæði. Svæði III. Breytt aðalskipulag.

**A.**
**Breytt aðalskipulag.**

Tillaga að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 var auglýsist skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 21. nóvember 2006 til 19. desember 2006 með athugasemdarfresti til 2. janúar 2007. Tillagan nær til 6 ha. svæðis og afmarkast af fyrirhuguðum Arnarnesvegi í vestur, fyrirhuguðum Vatnsendavegi í norður, núverandi byggð Vatnsenda norðursvæði til suðurs og opnu svæði Vatnsendahvarfs til suðvesturs. Í breytingunni felst að opið svæði er breytt í svæði fyrir verslun- og þjónustu og athafnasvæði.

Tvær megin aðkomur eru að svæðinu. Aðkoma úr suðri er um Vatnsendahvarf (tengibraut) sem tengist Vatnsendavegi og úr norðri frá væntanlegu framhaldi Vatnsendavegar sem tengist fyrirhuguðum Arnarnesvegi. Áætlað er að á svæðinu verði byggðir um 24.000 m² í húsnæði sem verður á tveimur hæðum auk kjallara. Áætluð nýting svæðisins er um 0.5 en nýting einstakra lóðar innan þess verður um 0.6 Áætlað er að á svæðinu verði um 460 bílastæði eða 1 stæði á hverja 50 m² í húsnæði. Reiðleið um svæðið fellur út. Gönguleiðir breytast. Athugasemdir bárust og voru eftirtaldar breytingar samþykktar á fundi bæjarstjórnar 27. mars 2007:

Fallið er frá að staðsetja endurvarpsmastur á landnotkunarreitnum og aðalskipulagi frestað á lóðinni nr. 1 við Tónahvarf.

Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:10.000 ásamt greinargerð dags. í september 2006.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

ATVINNA

*framsókn fyrir bragðið* SS

# Akkorðsvinna 12:00 – 22:00
# Þriggja daga helgi

Vegna aukinna umsvifa óskar Sláturfélag Suðurlands eftir að ráða starfsmenn í afgreiðsludeild fyrirtækisins í Reykjavík.

Vinnutími er frá kl. 12:00 til 22:00 mánudaga til fimmtudaga.
Frí á föstudögum.

Góðir tekjumöguleikar eru fyrir röska aðila.

Við leitum að stundvísum og duglegum einstaklingum sem geta unnið sjálfstætt.

Starfið fellst í að taka til pantanir fyrir verslanir og er greitt skv. akkorði.
Einnig möguleiki á hlutastörfum og 1- 2 stöðugildum í tímavinnu.

Umsóknir berist SS, Fosshálsi 1,110 Reykavík.
Einnig er hægt að sækja um starfið á heimasíðu fyrirtækisins **www.ss.is**
Nánari upplýsingar gefur Bjarni Stefánsson, starfsmannastjóri í síma 575-6000.

Sláturfélag Suðurlands er leiðandi matvælafyrirtæki með starfsstöðvar í Reykjavík, á Selfossi og á Hvolsvelli. Hjá félaginu starfa um 330 starfsmenn. Upplýsingar um SS er að finna á heimasíðu fyrirtækisins.




FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**


FASTEIGNIR


## Dverghólar 14

800 Selfoss
Bókaðu skoðun í síma 865 4039

**Stærð: 146,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2001**
**Brunabótamat: 23.700.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Lind







Þórarinn Jónsson
Lögg. fasteignasali
thorarinn@remax.is



Vignir Már
Sölufulltrúi
865 4039
vignir@remax.is



**Verð: 28.900.000**

Forstofa með flísum á gólfi,inn af forstofu er herbergi.Eldhús er með dökkri innréttingu með miklu skápaplássi,innbyggð uppþvottavél og tvöfaldur ísskápur fylgja. Stofa og eldhús eru samliggjandi. Stofa er björt með flísum á gólfi- útgengt er í garð. Baðherbergi er með flísum á gólfi og sturtuklefa. Gert er ráð fyrir baðkari. Herbergi eru með parketi á gólfum og skápum. Þvottahús er með flísum á gólfi og góðum innréttingum með vask. Innangengt er í bílskúr úr þvottahúsi.

Gunnar Valsson
Sölufulltrúi
822 3702
gv@remax.is



**RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**

## Víðibrekka 36

Grímsnes
Stórglæsilegt heilsárshús

**Stærð: 173,8 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2006**
**Brunabótamat: 0**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Lind







Þórarinn Jónsson
Lögg. fasteignasali





**Verð: 43.000.000**

173 m² heilsárshús í Búrfellslandi í Grímsnesi. Stórglæsilegt útsýni er úr húsinu sem stendur á 5262 m² eignalóð í hlíðum Búrfells. Húsið skiptist í forstofu, stofu, eldhús, baðherbergi, tvö svefnherbergi, svefnloft, geymslu og yfirbyggða og einangraða verönd. Gólfgeisli er í plötu hússins og verandar sem er steypt og stimpluð. Mikil og skemmtileg lýsing er í húsinu og þakskeggi sem stjórnað er af fjartýringu. Lækur rennur í gegnum lóðina rétt við húsið og bíður hann upp á skemmtilega möguleika. Möguleiki er að fleiri samliggjandi lóðir fáist með.

822 3702
gv@remax.is



**RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**

**GUÐMUNDUR KAMBAN FÆDDIST ÞENNAN DAG 1888.**



*„Íslenzk tunga á fyrir sér að verða heimsins fullkomnasta leikhúsmál. Af hverju? Af því að vér eigum því að fagna um fram aðrar þjóðir, að hreinleiks og fegurðar hámarki tungunnar nær sá maður, sem ritar hana eins og hún er töluð af þjóðinni, þar sem hún er töluð bezt."*

***Eignað Guðmundi Kamban leikskáldi (Ísafold 29. apríl 1908)***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 8. JÚNÍ 1949

## *Skáldsagan 1984 kemur út*

Skáldsagan 1984 kom út á þessum degi fyrir 58 árum og er ásamt verkunum Brave New World og Fahrenheit 451, ein af frægustu dystópíum (andstæða útópíu) bókmenntaheimsins.

Heldur dökk samfélagssýn er dregin upp í skáldsögunni, sem segir af Winston nokkrum Smith sem lifir og hrærist í framtíðarríkinu Oceaniu, þar sem þegnarnir geta ekki hreyft sig hænufet án þess að fylgst sé með þeim.

1984 vakti mikla athygli þegar hún kom út á sínum tíma og var víða bönnuð fyrir pólitískt innihald. Ekki að ósekju þar sem höfundurinn George Orwell (1903-1950) lét hafa eftir sér, að bókin væri meðal annars hugsuð sem ádeila á alræðisstefnu og hafði Bretland og Bandaríkin sem fyrirmynd að Oceaniu. Vildi Orwell lýsa ástandinu í breska heimsveldinu, sem var á ritunartíma verksins við það að leysast upp, þótt hið andstæða væri gefið til kynna í fjölmiðlum.

Í seinni tíð hefur sagan víðast hvar verið tekin í sátt og haft víðtæk menningarleg áhrif, þótt reglulega séu gerðar tilraunir til að láta banna hana. Hún hefur nokkrum sinnum ratað á hvíta tjaldið, í sjónvarp, útvarp og leikhús.



**FRÁ UPPSETNINGU STÚDENTALEIKHÚSSINS Á SKÁLDSÖGUNNI 1984.**

## MERKISATBURÐIR

**632** Múhameð spámaður, upphafsmaður íslam, deyr í örmum þriðju og jafnframt ástkærustu eiginkonu sinnar, Aishah.

**1915** Bandamenn ná franska bænum Neuville úr höndum Þjóðverja í fyrri heimsstyrjöldinni.

**1925** Margaret Bondfield verður fyrst kvenna ráðherra í ríkisstjórn á Bretlandi.

**1968** James Earl Ray er handtekinn í London, fyrir að hafa ráðið mannréttindafrömuðinn Martin Luther King af dögum.

**1999** Breski stjórnmálamaðurinn Jonathan Aitken er dæmdur í 18 mánaða fangelsi fyrir meinsæri.

## AFMÆLI



**Eiríkur Tómasson** prófessor er 57 ára.



**Sigríður Lillý Baldursdóttir** er 53 ára.



**Bonnie Tyler** söngkona er 56 ára.



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*

**Guðrún Rósa Sigurðardóttir**

frá Hælavík, Löngubrekku 47, Kópavogi,

sem lést í hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð fimmtudaginn 31. maí, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju mánudaginn 11. júní kl. 11. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Sunnuhlíðar.

Fyrir hönd aðstandenda:

**Karl Hjartarson** — **Ragnheiður Hrefna Gunnarsdóttir**
**Ásdís Emilía Björgvinsdóttir**
**Lilja Hjartardóttir**
**Sigrún Hjartardóttir**
**Guðmundur Hjartarson** — **Þórhalla Jónsdóttir**
**Stefanía Hjartardóttir** — **Helgi Hrafnsson**
**Gunnhildur Hjartardóttir**
**Ingibjörg Hjartardóttir**
**Skarphéðinn Þór Hjartarson** — **Guðrún Sigríður Loftsdóttir**
**Fríða Á. Sigurðardóttir** — **Gunnar Ásgeirsson**
**Guðný Sigurðardóttir** — **Hallbjörn Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar Sigurvinsson**

flugvélstjóri, Vogatungu 65, Kópavogi,

sem lést 31. maí sl. verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju í dag, föstudaginn 8. júní, og hefst athöfnin kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartaheill, Landssamband hjartasjúklinga.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Sigrún J. Lárusdóttir**

*Okkar elskulega, eiginkona, dóttir, móðir, tengdamóðir, amma og systir,*

**Anna M. Vilhjálmsdóttir**

Vallengi 4, áður til heimilis Lyngholti 15, Reykjanesbæ,

lést á Landspítalanum Hringbraut, deild 11-E, 27. maí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Sveinn Sæmundson**
**Sigríður Gísladóttir**
**Júlíana Sveinsdóttir** — **Jón Jóhannesson**
**Vilhjálmur Sveinsson** — **Hulda Fríða Berndsen**
**Sveinn Daði Einarsson**
**Berglind Anna Einarsdóttir**
**Ísak Vilhjálmsson**
**Svanlaug Vilhjálmsdóttir**



**BREIÐABÓLSTAÐUR** Minningarhátíð um séra Tómas Sæmundsson fer fram í Breiðabólstaðarkirkju í Fljótshlíð þar sem hann var prestur. Daginn eftir hefst fyrirlestraröð um séra Tómas í Sögusetrinu kl. 16.00.

SÉRA TÓMAS SÆMUNDSSON: MINNINGARHÁTÍÐ Á BREIÐABÓLSTAÐ:

# Hempuklæddur hugsjónamaður

Minningarhátíð um Fjölnismanninn séra Tómas Sæmundsson verður haldin á Breiðabólstað í Fljótshlíð á morgun kl. 14.00. Er það gert í tilefni af því að 200 ár eru nú liðin frá fæðingu þessa hugsjónamanns, sem með skrifum lagði sitt af mörkum til sjálfstæðisbaráttu Íslendinga um miðja nítjándu öld.

„Dagskráin hefst í Breiðabólstaðarkirkju, þar sem ég ávarpa kirkjugesti stuttlega. Síðan verður leikþáttur eftir Guðrúnu Ásmundsdóttur, leikkonu og leikstjóra, þar sem stiklað verður á lífshlaupi séra Tómasar, eiginkonu hans Sigríðar Þórðardóttur og Fjölnismanna. Enda er þetta mikil örlagasaga," segir Önundur Björnsson, sóknarprestur í Breiðabólstaðarprestakalli.

„Síðan verður gengið að minningarsteininum um séra Tómas, sem Fjölnismenn söfnuðu fyrir á sínum tíma, í kirkjugarðinum, en hann á nokkuð merka sögu að baki," heldur Önundur áfram. „Hann varð nefnilega innlyksa á kajanum í Kaupmannahöfn í tólf ár þegar til stóð að senda hann til Íslands. Ástæðan var sú að ekki hafði tekist að safna nægum peningum fyrir ferðinni.

Jón Sigurðsson forseti, sem var frændi Tómasar, komst á snoðir um þetta og ákvað að borga flutning á steininum úr eigin vasa. Hann komst þannig til Eyrarbakka, en ekki vildi betur til en svo að hann varð innlyksa þar í annan eins tíma.

Það var síðan fyrir harðfylgi annars skyldmennis Tómasar, Tómasar bónda á Barkarstöðum, að steinninn var endurheimtur þaðan og komst á sinn stað. Hann gerði sér lítið fyrir einn frostavetur og sótti steininn ásamt hópi manna og saman burðuðust þeir með hann austur, í frosti og snjó."

Milli 1940 og 1950 lét þáverandi þjóðminjavörður Matthías Þórðarson fjarlægja upphaflegu marmaralágmyndirnar af steininum og setja eirafsteypur í staðinn. Með tímanum hefur eirinn valdið því að tauma hefur lagt af honum og skaðað. Nú hafa steinsmiðir og forverðir frá Fornleifastofnun unnið hörðum höndum að því að laga steininn eins og best verður gert. Verður því verki haldið áfram. Yfirbragð hans er því nokkuð gott að sögn Önundar.



**SÓKNARPRESTUR** Önundur Björnsson, sóknarprestur í Breiðabólstaðarprestakalli, hefur haft veg og vanda af því að skipuleggja minningarhátíð um séra Tómas Sæmundsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hátíðinni lýkur með nítjándu aldar kaffiasamsæti í hlöðu og á hlaði að hætti maddömu Sigríðar Þórðardóttur, eiginkonu séra Tómasar, eins og Önundur orðar það. Mun kvenfélag staðarins annast það í hennar nafni og er fólk kvatt til að mæta í þjóðlegum klæðnaði.

**roald@frettabladid.is**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Henning Frederiksen**

skipstjóri, Stjörnusteinum 12, Stokkseyri,

verður jarðsunginn frá Stokkseyrarkirkju laugardaginn 9. júní kl. 14.00.

**Ingibjörg Jónasdóttir**
**Jónas Henningsson** — **Katrín Jónsdóttir**
**Vilhelm Henningsson** — **Anna Kristín Ingvarsdóttir**
**og barnabörn.**



*Ástkær sonur okkar, bróðir og frændi,*

**John Elben Potot**

Æsufelli 4, Reykjavík,

lést í Reykjavík 27. maí. Útförin fer fram föstudaginn 8. maí í Landakotskirkju klukkan 13.00.

**Bienvenido Potot, faðir**
**Lolita Potot, móðir**
**Robert Potot, bróðir**
**Julibie Potot, systir**
**Janet Potot, systir**
**og frændfólk.**

# 40-50% afsláttur

## af dömu ballerínu skóm

### Ótal aðrar tegundir í boði



50% AFSLÁTTUR

Ballerínuskór
TILBOÐ 1.499kr
Verð áður 2.999,-



40% AFSLÁTTUR

Ballerínuskór
TILBOÐ 1.499kr
Verð áður 2.499,-



40% AFSLÁTTUR

Ballerínuskór
TILBOÐ 999kr
Verð áður 1.699,-



40% AFSLÁTTUR

Ballerínuskór
TILBOÐ 1.799kr
Verð áður 2.999,-



50% AFSLÁTTUR

Ballerínuskór
TILBOÐ 2.999kr
Verð áður 5.999,-



40% AFSLÁTTUR

Ballerínuskór
TILBOÐ 1.499kr
Verð áður 2.499,-



40% AFSLÁTTUR

Ballerínuskór
TILBOÐ 1.799kr
Verð áður 2.999,-



40% AFSLÁTTUR

Ballerínuskór
TILBOÐ 1.799kr
Verð áður 2.999,-



50% AFSLÁTTUR

Ballerínuskór
TILBOÐ 1.999kr
Verð áður 3.999,-



40% AFSLÁTTUR

Ballerínuskór
TILBOÐ 1.199kr
Verð áður 1.999,-



40% AFSLÁTTUR

Ballerínuskór
TILBOÐ 1.799kr
Verð áður 2.999,-



40% AFSLÁTTUR

Ballerínuskór
TILBOÐ 1.799kr
Verð áður 2.999,-

Gildir til 13. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



# Húsasmiðjuhlaupið endurvakið

Laugardaginn **9. júní**

**Keppt verður í bæði 3 km og 10 km hlaupi sem hefjast við Húsamiðjuna Skútuvogi kl. 11.**

**Fjölskyldur eru hvattar til að mæta með börnin sín. Grillaðar pylsur verða í boði eftir hlaupið ásamt hoppukastala og fleiru skemmtilegu.**

## 1. verðlaun

**10 km kk**
**18 ára og yngri** Reiðhjól karla, IMPULSE 26"
**19-39 ára** Gasyljari ryðfrír 13 Kw brennari
**40-49 ára** Hengirúm í tjaldi
**50 ára og eldri** Golfsett karla, QX MAX

**10 km kvk**
**18 ára og yngri** Reiðhjól kvenmanns, SYKEE 26"
**19-39 ára** Gasyljari ryðfrír 13 Kw brennari
**40-49 ára** Hengirúm í tjaldi
**50 ára og eldri** Golfsett dömu

**3 km kk**
**12 ára og yngri** Reiðhjól, ENERGY 20"
**13-15 ára** Mark, 3 í einu golf/fótbolti/hornabolti
**16-39 ára** Gasgrill, ferðagrill
**40 ára og eldri** Skrúfvél, hleðsla 3,6 V + 12 bitar

**3 km kvk**
**12 ára og yngri** Reiðhjól, ENERGY 20"
**13-15 ára** Mark, 3 í einu golf/fótbolti/hornabolti
**16-39 ára** Kælibox T30, 28 L. 12V tengi
**40 ára og eldri** Morgunverðarsett, kaffivél/brauðrist/ketill

## Útdráttarvinningar

Iceland Express

2 borgarferðir frá Iceland Express.
Kolagrill á hjólum, Raclette með steikarsteini f. 8 manns, gúmmíbátur, bistrosett borð/2 stólar, tjald, bakpoki, svefnpoki, veiðistöng.

### Þátttökugjald og skráning

- Fullorðnir (15 ára og eldri): 1.000 kr
- Börn (14 ára og yngri): 500 kr

Hægt er að forskrá sig og ganga frá greiðslu á hlaup.is til kl. 22:00 föstudaginn 8. júní (daginn fyrir hlaup) eða á heimasíðu Húsasmiðjunnar, www.husa.is. Á hlaupadag er skráning milli kl. 9:00 og 10:50 í verslun Húsasmiðjunnar í Skútuvogi.

Hlauparar eru hvattir til að forskrá sig til forðast raðir og bið á hlaupadag.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál


## STUÐ MILLI STRÍÐA Listin að segja frá

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** HLUSTAR BARA Á SKEMMTILEGT FÓLK



Sögur eru misskemmtilegar og eins og sumar eru góðar geta aðrar verið svo leiðinlegar að mann langar meira til þess að flokka rusl en að hlusta á þær. Í sumum tilfellum eru það reyndar ekki sögurnar sjálfar sem eru svo góðar eða vondar heldur einfaldlega sögumennirnir sem eru misgóðir. Frásagnarlist er nefnilega ekki á allra færi og ekki að ástæðulausu sem hún er kölluð list.

Eitt af því sem ég lærði snemma var að til þess að geta sagt góða sögu er stundum nauðsynlegt að vera trúr sögunni frekar en sannleikanum. Ekkert er því verra fyrir góðan sögumann en að vera með „aðstoðarsögumann“ sem leiðréttir allt sem hann segir eins og „Þetta var nú ekkert svo rosalega stór steinn, bara svona venjulegur...“ eða „Það voru nú ekki fimmtán gaurar þarna, í mesta lagi svona þrír...“. Sem betur fer vita hins vegar flestir að þegar þeir heyra góða sögu mega þeir alveg deila í hana með tveimur til tíu og njóta þess því bara að hlusta án þess að taka allt trúanlegt eða skipta sér af staðreyndum.

Ræðumenn eru líka mjög misgóðir og í raun skiptir engu máli hvað þeir segja heldur hvernig þeir segja það. Nýlega hlustaði ég á nýja og gamla þingmenn halda ræður á Alþingi og fékk þetta endanlega staðfest. Fyrst hlustaði ég á formann stjórnmálaflokks sem gerði ekkert nema gagnrýna fulltrúa allra annarra flokka en síns eigin, en þar sem hann nöldraði svo mikið hætti ég eftir smástund að heyra hvað hann sagði því ég var svo upptekin af því hvað hann var leiðinlegur. Stuttu síðar kom annar formaður upp og gerði nákvæmlega það sama en á svo hrikalega fyndinn hátt að allir hlógu og öll gagnrýni komst til skila.

Ég hef því komist að þeirri niðurstöðu að ef maður er sjálfur skemmtilegur er auðveldara að halda óskiptri athygli áheyrenda. Þá skiptir í raun engu máli hvort maður er að tala um uppgötvun nýrrar byggilegrar plánetu eða brottnám á brisi.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# ÓTRÚLEGT TILBOÐ

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 17,5%.

FRÁ 2.618 KR Á MÁNUÐI



| | |
|---|---|
| **Örgjörvi** | **1.6Ghz AMD Turion64 X2 TL-52** Turion64 X2 Mobile með 1MB cache |
| **Minni** | **1GB DDR2 533MHz** Einfalt að stækka minnið |
| **Harður diskur** | **160GB Ultra ATA100** 5400RPM hraður og hljóðlátur |
| **Skrifari** | **DVD±RW DL skrifari** Skrifar DVD diska og CD-RW |
| **Skjár** | **15.4" WideScreen WXGA** CrystalBrite með 1280x800dpi |
| **Skjákort** | **128MB ATI Radeon X1300** PCI-Ex 16x með HyperMemory |
| **Hátalarar** | **Hljóðkerfi með 2 hátölurum** Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| **Þráðlaust** | **54Mbps þráðlaust netkort** Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá |
| **Netkort** | **Gigabit 10/100/1000** Einnig innbyggt 56k mótald |
| **Stýrikerfi** | **Windows Vista Home Premium** Öruggara og öflugra |
| **Annað** | **Innbyggður 5 in 1 kortalesari** fyrir flestar gerðir minniskorta |

## ACER ASPIRE 5103WLMi
## AMD MOBILE TURION 64

**AMD TURION 64 X2**
AMD Turion 64 X2 Mobile örgjörvinn er með Hyper Transport tækni og hraðari gagnabrautir

**15.4" CRYSTALBRITE**
Magnaður 15.4" Acer CrystalBrite breiðtjaldsskjár með 1280x800dpi upplausn og Acer Gridvista

**DVD ± SKRIFARI**
Vandaður DVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska

**ATI RADEON X1300**
Flott ATI Radeon X1300 PCI-Express 16x skjákort með HyperMemory allt að 512MB. Flott í leikina

**WINDOWS VISTA**
Tölvan er uppsett með Windows Vista Premium ásamt öllum uppfærslum, tilbúin til notkunar

**VEFMYNDAVÉL**
1.3 Megapixel Acer Orbicam vefmyndavél innbyggð í skjáinn með 225° snúningsmöguleika

# VERÐ 89.900

# TÖLVULISTINN

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Nóatúni | 17 | Reykjavík. | ☎ | 414 1700 |
| Glerárgötu | 36 | Akureyri. | ☎ | 414 1730 |
| Hafnargötu | 90 | Keflavík. | ☎ | 414 1740 |
| Miðvangi | 2-4 | Egilsstaðir. | ☎ | 414 1735 |

! **Kl. 20.30**
*IsNord tónlistarhátíðin í Borgarfirði. Hátíðin hefst með tónleikum á Indriðastöðum í Skorradal með tónlist eftir Kjartan Ragnarsson leikara. Flutt verða lög sem ekki hafa heyrst mikið áður, en einnig lög úr Saumastofunni sem urðu þjóðþekkt á sínum tíma. Meðal flytjenda eru Kjartan Ragnarsson, Jóhann Sigurðarson, Halldóra Friðjónsdóttir, Íris Björg Guðbjartsdóttir og Kammerkór Vesturlands.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Fleiri Yfirvofandi sýningar

Uppselt er á allar sýningar helgarinnar á leikritinu Yfirvofandi eftir Sigtrygg Magnason sem sýnt er á heimili leikskáldsins í miðbæ Reykjavíkur. Leikritið var frumsýnt á Listahátíð fyrr í vor en þarna er á ferðinni áleitið verk um ástina og dauðann, gráglettin úttekt á hjónabandinu með grafalvarlegum undirtóni. Sýningin er ekki við hæfi barna.
Leikarar í sýningunni eru Edda Arnljótsdóttir, Jörundur Ragnarsson og Ingvar E. Sigurðsson en Bergur Þór Ingólfsson leikstýrir.
Uppselt er á þær tíu sýningar sem áætlaðar voru í sumar en vegna mikillar eftirspurnar eru áætlaðar þrjár aukasýningar á fimmtudag og föstudag í næstu viku. Einungis komast 22 gestir á hverja sýningu.
Hægt er að fylgjast nánar með miðasölu með því að heimsækja www.naiv.blog.is.



**SANNKALLAÐ STOFUDRAMA** Ingvar E. Sigurðsson í hlutverki „hans“ í leikritinu Yfirvofandi. MYND/NAIV

### LEIÐRÉTTING

Ranglega var farið með nafn á einum fyrirlesara á Jónasarstefnu sem verður í dag í Háskóla Íslands. Þar var Torfa Tulinius kenndur fyrirlestur í málstofu um viðtökur samtímamanna á verkum Jónasar. Hið rétta er að það er Torfi K. Stefánsson Hjaltalín guðfræðingur sem heldur þar erindi . Torfi er höfundur Elds á Möðruvöllum og Guð er sá sem talar með rausn. Eru þeir nafnar beðnir velvirðingar á þessari fljótfærni. Það er ekki sama Torfi og Torfi. Málstofan er í dag kl. 15.40 og stýrir Helga Kress samræðunni, en Annette Lassen ræðir þar einnig um viðtökur á verkum H.C. Andersens með hliðsjón af viðtökum sem verk Jónasar nutu.

# 25 tíma dansleikhús í kvöld

Fyrir fimm árum réðust Leikfélag Reykjavíkur og Íslenski dansflokkurinn í að halda samkeppni um nýsmíði verka sem vógu salt mill dansins og leiksins. Undirtektir voru góðar. SPRON kom þegar í upphafi að kostun hátíðarinnar og stóðu vonir til að Íslenski dansflokkurinn gæti með þessu tiltæki bætt nýjum dansverkum á verkefnaskrá sína. Hefur lokakvöldið ævinlega verið skemmtileg kvöldstund, þótt þess hafi oft séð merki að keppendum gefst lítill tími til að þróa verkin. Frá upphafi hafa forráðamenn haldið dagskránni úti eitt kvöld og ekki hvikað frá því þótt oftast hafi verið fullt hús. Hefur keppniskvöldið því oft tekið á sig svip árshátíðar með góðri dagskrá því jafnan er slegið upp veislu á eftir sýninguna.

Árangur af fjórum keppnum er sá að LR og ÍD hafa nú stofnað sérstakt Dansleikhús og frumsýnir það fyrstu afurð sína þegar fimmta keppnin er afstaðin meðan dómnefndin ræður ráðum sínum. Það eru Marta Nordal leikkona og dansari og Peter Anderson sem hafa samið verk sem ber heitið Mikil gleði. Það voru sex hugmyndir valdar úr innsendum tillögum og fengu höfundar þeirra og samstarfsmenn 25 vinnustundir til að æfa verkin og máttu koma með margháttað tillegg til vinnslunnar. Fyrsta verk kvöldsins er Án titils eftir Árna Pétur Guðjónsson, sama heiti ber annað verkið eftir þær Ásgerði G. og Katrínu Gunnarsdætur, Glæstar vonir heitir verk Steinunnar Ketilsdóttur en hún frumsýnir líka á laugardag verk í Hafnarfjarðarleikhúsinu, Brynhildur Guðjónsdóttir, Borgar Magnason, Cameron Corbett og Diederik Pters eiga verkið Blink of an Eye, Andreas Constantinou kallar verk sitt Mánudag og Irma Gunnarsdóttir á verkið On hold í keppninni.



**DANSLEIKHÚS** Árni Pétur með dönsurum/leikurum á æfingu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Árni Pétur Guðjónsson keppir nú í annað sinn en hans verk byggt á Vinnukonum Genet var fyrir tveimur árum í öðru sæti: „Ég vinn núna - annað kemur ekki til greina.“ Að þessu sinni byggir hann tíu mínútna verk á Kirsuberjagarði Tjekovs. Hann segist nota sígildan texta svo það sé eitthvert vit í þessu. Það verða þrír dansarar sem koma fram í verkinu: Lára Stefánsdóttir, Aðalbjörg Árnadóttir og Konráð Þorláksson en hann er nýútskrifaður í listdansdeild Listaháskólans. Árni segist vilja láta reyna á Láru sem leikkonu auk þess sem hann noti nærmynd sem frásagnarhátt í verkinu. Hann er nýkominn frá Salamanca á Spáni og Amsterdam með Vesturporti og því nóg að gera.

Í dómnefnd er meðal annarra dans- og leikgagnrýnandinn Renata Klett, en áhorfendur kjósa jafnframt sitt uppáhald með aðgöngumiða sem atkvæðaseðil.

Miðasala er í Borgarleikhúsinu og verður slegist um síðustu miðana.

pbb@frettabladid.is

# Vaka Hriflu -Jónasar

Hollvinir Héraðsskólans á Laugarvatni efna á laugardag til hátíðar á Laugarvatni sem helguð er Jónasi Jónssyni frá Hriflu, menntafrömuði, ráðherra og stjórnmálaskörungi. Verður á Jónasarvöku einkum beint sjónum að þætti Jónasar í stofnun Héraðsskólans á Laugarvatni og verða kallaðir til sérfræðingar á nokkrum sviðum til að greina framlag Jónasar og hvernig skólinn þar eystra er sem kviksjá fyrir skoðanir hans og störf.

Samkomuhaldið hefst með fánahyllingu en þar verður dreginn að húni Hvítbláinn sem Jónas vildi að yrði þjóðfáni Íslands. Verður síðan gengið um staðinn og litið til hvernig skólasetrið þar byggðist upp. Eftir hádegi verður þingað: sex frummælendur rekja ýmsa þætti í sögu Jónasar: Ívar Jónsson prófessor skoðar Jónas í samtímanum og samtímann í Jónasi, Helgi Skúli Kjartansson prófessor fjallar um skólafrömuðinn Jónas, Guðjón Friðriksson sagnfræðingur kallar erindi sitt Laugarvatn - borgarvirki stjórnmálastarfs Jónasar, Pétur Ármannsson fjallar um á teikniborði Guðjóns Samúelssonar, Gerður Steinþórsdóttir segir frá tengslum afa síns við staðinn. Loks mun Kristinn Kristmundsson fyrrum skólameistari Menntaskólans tala um skólasetrið þar í tímans rás í tengslum við hugmyndir Jónasar.

Á laugardagskvöld munu ráðstefnugestir gleðjast yfir kvöldverði og dagskrá sem helguð er „þjóðlegum anda“.



**JÓNAS JÓNSSON** Á ríkisstjórnarárum Tryggva Þórhallssonar þegar hann hratt ýmsum framfaramálum sínum í gang.

Mikilvægi Jónasar í sögu síðustu aldar verður seint metið. ,ítarleg ævisaga hans kom út fyrir fáum árum og er á þrotum . Heildarsafn skrifa hans er ekki til og harla erfitt að ná saman heillegu yfirliti um margvíslegt framlag hans til opinbers lífs á liðinni öld. -pbb


**Vinsælustu og flottustu hjólhýsin**

Hobby - **Mest seldu hjólhýsi í heimi**



**Hlaðin aukabúnaði**

Leðuráklæði
Vifta yfir eldavél
Bakaraofn með grilli
Álfelgur og varadekk
Vatnsinntak
14L gasboiler
Gasinntak
Rúmteppi og gólfteppi
Trum Ultra-heat
2 fjarstýringar fyrir ljós
Loftnet
12v, stjórnstöð og hleðsla
80A Rafgeymar

**Hobby 560 Ufe Excelsior**
**Rollsinn í hjólhýsum**

**Opnunartími**
Mán - Fös 10.00-18.00
Lau 13.00-17.00 • Sun 13.00-16.00

**Hobbyhúsið**
Dugguvogi 12 • 104 Reykjavík • Sími 517 7040 • www.hobbyhusid.is
*Umboðsaðili Hobby á Íslandi*


# Málverk Svavars hækka enn

Átján smámyndir eftir Svavar Guðnason (1909-1988) voru boðnar upp á vegum uppboðshússins Bruun Rasmussen í Breiðgötu í Kaupmannahöfn á miðvikudag.

Allar myndirnar fóru á langt yfir matsverði uppboðshaldarans. Þær voru allar úr eigu Roberts Dahlman-Jensen arkitekts sem var vinur Svavars og vann með Asger Jorn að útgáfu Helhesten og síðar útgáfu CoBrA-tímaritsins í Danmörku.



**MÁLARINN SVAVAR GUÐNASON** Myndir hans seljast hátt yfir matsverði.

Myndirnar voru frá ýmsum tímabilum; þær elstu frá 1937 og 1939: sú eldri, pastelmyndin Kjarr (20x25) seldist á 125 þúsund, vatnslitamyndin Bátar í firði (20x23) seldist á 193 þúsund. Myndirnar átján gáfu gott yfirlit um stílþróun Svavars: sú yngsta var gerð 1982. Regnveðurspastel (30x19) frá 1941 fór á 160 þúsund. Þarna voru myndir frá 1946, 1952, 1957, 1961, 1963 og 1980 auk fyrrgreindra.

Hæsta verðið fékkst fyrir verk frá 1957 ( 40x30) 340 þúsund. Í flestum tilvikum þrefaldaðist verðið frá mati.

Bruun tekur gjald af hverju verki sem selt er - 500 kr. danskar og kaupandi þarf að greiða ofan á verðið 16% þóknun til uppboðshússins.

Verkin á uppboðinu njóta þess að þau koma frá tryggum og kunnum eiganda. Líklegt er að þau hafi í einhverjum tilvikum verið keypt íslenskum kaupum um vef en uppboðið var aðgengilegt á vefnum. Síðar í þessum mánuði er verk eftir Svavar á uppboði hjá Christies. -pbb


ÆTLARÐU LANGT UM HELGINA?
FARÐU VARLEGA – LÍF LIGGUR VIÐ!
POKASJÓÐUR
MERKI UM UPPBYGGINGU

**ATVINNULEIKHÚS Í BORGARNESI**

**MÝRAMAÐURINN**
7/6 kl. 20 - 8/6 kl. 20 uppselt - 14/6 kl. 20 síðasta sýning,

**MR. SKALLAGRÍMSSON**
Júní: 9. kl 15, 9. kl 20, 15. kl 18 (ath.br. sýningart.) 20. kl 20 uppselt, 29. kl 20, Júlí: 1. kl 20, 5. kl 20, 13. kl. 20, 14. kl. 20, Ágúst: 11. kl. 20, 12. kl. 20, 18. kl. 20, 19. kl. 20, 30. kl. 20, 31.kl. 20

**SVONA ERU MENN (KK og Einar)**
Aukasýning 16. júní kl. 20

**Leikhústilboð í mat:**
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS


## NÝJAR BÆKUR




Út er komin hjá Bjarti barnabókin Albert eftir Lani Yamamoto. Albert er heima hjá sér að leika einn rigningardag. Það rignir og rignir. Albert er búinn að leika og leika og þegar honum dettur ekkert nýtt í hug til þess að leika sér með fer hann að hugsa. Um heiminn. Og hvað heimurinn sé stór. Bækur um hinn hugsandi Albert hafa áður verið gefnar út í Bandaríkjunum, á Englandi, á Ítalíu og á Spáni og fleiri bækur um þennan yndislega pilt eru væntanlegar á íslensku. Höfundurinn Lani Yamamoto hefur verið búsettur á Íslandi um nokkurra ára skeið. Á Íslandi hefur hún fengist við ýmis verkefni, auk þess að skrifa stórkostlegar barnabækur: hún á meðal annars heiðurinn að Hugmyndasmiðjunni, sem haldin hefur verið síðustu ár í húsi Orkuveitunnar, en hugmyndasmiðjan, sem hefur það að markmiði að örva skapandi hugsun barna, er samstarfsverkefni hennar og uppeldisfræðingsins Michael Smith-Welch. Þá hefur Lani nýlega þýtt leikrit Sigtryggs Magnasonar, Yfirvofandi, yfir á ensku. Þýðandi er Ragnar Nói Snæbjörnsson.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

5 6 7 **8** 9 10 11

**Föstudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Tónlistarhópurinn **adapter** gengst fyrir tónlistarhátíðinni frum- á Kjarvalsstöðum og frumflytur sjö verk eftir íslensk og þýsk tónskáld. Hópinn skipa **Kristjana Helgadóttir** flautuleikari, **Ingólfur Vilhjálmsson** klarinettuleikari, **Gunnhildur Einarsdóttur** hörpuleikari, **Mark Tritscher** píanóleikari og **Matthias Engler** slagverksleikari. Stjórnandi er **Manuel Nawri**.

☐ 22.00 Tónleikar á skemmtistaðnum **Amsterdam**. Fram koma **Perfect Disorder** og **Vicky Pollard**. Frítt inn.

### OPNANIR

☐ 17.00 **Sigrún Ólafsdóttir** opnar sýningu í **gallery Turpentine** í **Ingólfsstræti**. sýningin ber yfirskriftina **Kyrr og svif.**

### FYRIRLESTRAR

☐ 13.00 Alþjóðleg ráðstefna **Kvenréttindafélags Íslands** á **Grand Hóteli í Reykjavík**. **Rosy Weiss**, forseti International Alliance of Women, **Marit Kvamme**, **Ágúst Ólafur Ágústsson** þingmaður og **Rachael Johnstone** taka þátt í pallborðsumræðum. Fundarstjóri verður **Guðrún Jónsdóttir.** Aðgangur ókeypis.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Birtir til í Hveragerði

Tónlistarhátíðin Bjartar sumarnætur í Hveragerði hefst í dag en hátíð þessi er nú haldin í sjöunda sinn. Listrænir stjórnendur eru hjónin Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari og Gunnar Kvaran sellóleikari. Þau skipa ásamt Peter Máté píanóleikara Tríó Reykjavíkur sem ásamt öðrum tónlistarmönnum stendur að flutningi á hátíðinni. Auk tríósins koma fram mezzósópransöngkonan Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, píanóleikarinn Víkingur Heiðar Ólafsson, Greta Guðnadóttir fiðluleikari og Guðmundur Kristmundsson víóluleikari, en tvö þau síðastnefndu eru búsett í Hveragerði.



**METNAÐARFULL OG FJÖLBREYTT DAGSKRÁ VIÐ ALLRA HÆFI** Flytjendur á tónlistarhátíðinni Bjartar sumarnætur í Hveragerði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þrennir tónleikar fara fram í Hveragerðiskirkju nú um helgina og er efnisskráin fjölbreytt og aðgengileg. Dagskráin hefst með Beethoven-veislu í kvöld en þar leika Víkingur Heiðar Ólafsson og Tríó Reykjavíkur þekkt verk eftir tónskáldið.

Á morgun verður áhersla á alþýðlega tónlist en þar verða meðal annars fluttar söngperlur tónskáldanna Sigfúsar Einarssonar, Jórunnar Viðar, Jóns Nordal, og Sigvalda Kaldalóns auk verka eftir Ravel og Stravinsky.

Þriðju tónleikarnir á sunnudagskvöldið bera yfirskriftina „Um lífið og ástina“ en þar leitar listafólkið í smiðju spænskra tónskálda og í rómantískar tónsmíðar Schumanns. Við píanóið verður Víkingur Heiðar og með honum allir strengjaleikarar hátíðarinnar. Í lokin verða flutt tvö lög eftir tónskáld frá Hveragerði. Atli Heimir Sveinsson hefur fært lögin í hátíðarbúning. Allir flytjendur taka þátt en nöfn tónskáldanna verða ekki gerð opinber fyrr en í hátíðarlok.

Á laugardaginn kl. 15 verður Listasafn Árnesinga í Hveragerði einnig opnað að nýju eftir viðgerðir með sýningunni „Að flytja fjöll“ en þar gefur að líta verk eftir Ásgrím Jónsson í samhengi við verk yngri listamanna.

Miðasala er á bæjarskrifstofum, á bókasafni staðarins og við innganginn.


KRINGLU KRÁIN

Dans á Rósum frá Vestmanneyjum í kvöld

Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
7. júní kl. 20
9. júní kl. 20
15. júní kl. 20
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Miðasalan flytur, sjá neðst!

Kúlan, Lindargötu 7 kl. 20:00

LISTIN AÐ LIFA - Eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur. Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins. Sýnd kl. 20.00.
Fim. 7/6 uppselt, fös. 8/6 örfá sæti laus. Aðeins þessar tvær sýningar!

Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is
Afgreiðsla miða verður út leikárið á Lindargötu 7 vegna framkvæmda.
Miðar afgreiddir í miðasölu aðalbyggingar kl. 19.00 - 20.00 fyrir sýningar á Stóra sviðinu!
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

LADDI 6-TUGUR
Mið 20/6 kl. 20 UPPS.
Fim 21/6 kl. 20 UPPS.
Fös 22/6 kl. 20
Lau 23/6 kl. 20
Sun 24/6 kl. 20

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Lau 9/6 kl. 20 UPPS.
Fös 15/6 kl. 20
Síðustu sýningar í vor

BELGÍSKA KONGÓ
Sun 10/6 kl. 20 UPPS.
Þri 12/6 kl. 20 AUKAS.
Mið 13/6 kl. 20 UPPS.
Fim 14/6 kl. 20 UPPS.
Aðeins þessar sýningar

DAGUR VONAR
Í kvöld kl. 20 UPPS.
Ekki er hleypt inní salinn eftir að sýning er hafin
Síðasta sýning í vor

LÍK Í ÓSKILUM
Í kvöld kl. 20 FORS.
Lau 9/6 kl. 20 FORS.
Miðaverð 1.500

DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 25 TÍMAR
Í kvöld kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

na na thai
Thai Restaurant & Store
Matseðill á www.thaimatur.com
Tælenskur matur
Frí heimsending
í póstnr. 103 104 105 108
Ef að pantað er fyrir meira en 3000 kr.
Önnur svæði, 700 kr. heimsending
Skeifan 4

Opið hús
í Menntaskólanum í Reykjavík fyrir 10. bekkinga og forráðamenn þeirra verður sunnudaginn 10. júní kl. 14-17.
Þar kynna kennarar og nemendur skólann.
Allir eru hjartanlega velkomnir.
Rektor

Innritun í Menntaskólann í Reykjavík stendur yfir til 11. júní.
Nemendur sækja rafrænt um skólavist.
Á heimasíðu skólans, www.mr.is, má finna frekari upplýsingar um nám og starf í skólanum.
Reynslan sýnir að nám í Menntaskólanum í Reykjavík er traustur grunnur fyrir nám á háskólastigi.

Nemendur velja um tvær meginnámsbrautir með fjölbreyttum kjörsviðum:
Málabraut
2 nýmáladeildir
2 fornmáladeildir
Náttúrufræðibraut
2 eðlisfræðideildir
2 náttúrufræðideildir

Menntaskólinn í Reykjavík, Lækjargötu 7, 101 Reykjavík




**839** kr/kg. Áður 1.527 kr/kg
Goða grísakótilettur




**2.799** kr/kg. Áður 3.998 kr/kg.
SS Caj´P lambalundir




**388** kr/pk. Áður 517 kr/pk
SS New Yorker hamborgarar




**328** kr/kg. Áður 468 kr/kg
Ísfugls BBQ leggir





**1.777** kr/kg. Áður 2.539 kr/kg
Borgarnes grísk lambalærissteik




**879** kr/kg.
Goða lambalæri, frosið

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 7.–10. júní, eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

H.N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir


PAUL MCCARTNEY


RUFUS WAINWRIGHT

## > Í SPILARANUM

**Paul McCartney -** Memory Almost Full
**Air -** Pocket Symphony
**Electrelane -** No Shouts, No Calls
**Queens Of The Stone Age -** Era Vulgaris
**Rufus Wainwright -** Release the Stars

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Úlpa gegn alnæmi

Lagið „Yeah that´s right“ með íslensku hljómsveitinni Úlpu er notað í nýrri alnæmisvarnaauglýsingu sem sýnd er á sjónvarpsstöðinni MTV. Herferðin kallast Staying Alive og er sjónvarpað um allan heim.

„Það voru valdir nokkrir flottir leikstjórar til að gera auglýsingar. Þeir höfðu svo algerlega frjálsar hendur fyrir utan að auglýsingarnar áttu að vera grófar og hreyfa við fólki. Ég er búin að horfa á nokkrar og sumar þeirra eru alls ekki fyrir viðkvæma,“ segir Magnús Leifur Sveinsson, söngvari Úlpu. Leikstjórinn sem gerði auglýsinguna þar sem tónlist Úlpu er notuð heitir Ivan Zacharias og er talinn einn af bestu auglýsingaleikstjórum heims. Hann hefur meðal annars gert auglýsingu fyrir Coca Cola, Levi´s gallabuxnaframleiðandann og fyrir heimsmeistaramótið í knattspyrnu 2006 þar sem David Beckham, Zidane og fleiri léku listir sínar.

Ivan þessi var staddur hér á landi síðasta sumar þar sem hann tók upp Vaselín-auglýsingu við Mývatn. Líklegt má telja að hann hafi komist í kynni vð tónlist Úlpu í þeirri ferð.

Lagið sem notað er í auglýsingunni er tekið af síðustu plötu Úlpu, Attempted Flight by Winged Men. Úlpa er að taka upp nýja plötu og stefnt er á að klára hana í sumar áður en Bjarni gítarleikari verður pabbi. **-jar**


**ÚLPA Á MTV** Lag með hljómsveitinni Úlpu er notað í alnæmisvarnaauglýsingu á MTV.



## > Plata vikunnar

B.Sig - Good Morning Mr. Evening

★★★

Bjarki Sigurðsson stimplar sig inn í íslenskt tónlistarlíf með ágætri plötu sem þrátt fyrir að hafa ekkert nýtt fram að færa er borin uppi af spilagleði, fínum lagasmíðum og flottum hljómi.

TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Frönsk fágun í Höllinni*

Það er heldur rólegra yfir tónleikahaldi í sumar heldur en undanfarin tvö sumur, en það er samt engin ástæða til að kvarta. Vorið er búið að vera líflegt og framundan eru nokkrir mjög spennandi tónleikar. Þar ber einna hæst komu frönsku snillinganna í Air sem spila í Laugardalshöll 19. júní næstkomandi.

Franskt popp var lengi vel ekki sérstaklega hátt skrifað. Fyrir utan einstaka yfirburðamenn eins og Serge Gainsbourg og franska yé-yé poppið frá sjöunda áratugnum sem þótti vera hin fullkomna blanda af kúlheitum og lummuskap þá var ekki mikið í boði. Franskt rokk var að stærstum hluta skelfilegt. Þetta breyttist allt á tíunda áratugnum þegar franskt rapp og rafpopp fór að vekja athygli út fyrir heimahagana. MC Solaar, Daft Punk og Laurent Garnier hækkuðu prófílinn mikið og svo kom Air fram á sjónarsviðið og franskt popp varð eitursvalt. Í dag er fullt af flottri franskri tónlist í gangi. Brot af henni mátti sjá og heyra í Reykjavík á tónleikum á vegum Franska vorsins, Pourquoi pas?

Air er sennilega þekktasta franska hljómsveitin í heiminum í dag. Hún hefur verið á tónleikaferðalagi síðustu mánuði um Evrópu og Norður-Ameríku og ef marka má þá dóma sem ég hef séð þá er þetta frábær tónleikasveit. Auk þeirra Nicolas Godin og Jean-Benoit Dunckel er hópur hljóðfæraleikara á sviðinu m.a. tveir trommuleikarar. Jean-Benoit mætir með hljómborðastæðurnar sínar, þ.á.m. Moog-hljóðgerfilinn og Wurlitzer-píanóið, en Nicolas spilar á gítar og bassa. Dagskráin samanstendur af lögum frá öllum ferlinum. Nokkur lög eru af nýju plötunni, en þeir taka líka smelli eins og Kelly Watch The Stars, La Femme D'Argent, Cherry Blossom Girl og Sexy Boy. Fágað og dáleiðandi segja menn...

„Air“ ekki málið að mæta?


**AIR** Þykir mögnuð tónleikasveit.


**EITURSVALIR** Queens of the Stone Age sendir á mánudaginn frá sér sína fimmtu breiðskífu, Era Vulgaris. Forsprakkinn Josh Homme er fyrir miðju.

# Rokkdrottningin Josh Homme

**Fimmta breiðskífa Queens of the Stone Age kemur í verslanir á mánudaginn. Steinþór Helgi Arnsteinsson athugaði hvort drottningin sjálf, Josh Homme, sé enn jafn rokkþyrst.**

Frá upphafi hefur Queens of the Stone Age verið hljómsveit eins manns, Josh Homme, en hann hafði áður verið í hljómsveitinni Kyuss. Homme stofnaði sveitina árið 1997 og á þessum áratug er listinn yfir liðsmenn sveitarinnar orðinn lengri en öll dómsgögnin í Baugsmálinu. Má þar til dæmis nefna Dave Grohl (Nirvana og Foo Fighters), Nick Oliveri (Kyuss), Mike Johnson (Dinosaur Jr.), Billy Gibbons (ZZ Top) og Matt Cameron (Pearl Jam, Soundgarden og Smashing Pumpkins).

Allir þessir hæfileikaríku tónlistarmenn sem Homme hefur fengið til liðs við sig hafa ekki síst skapað þann góða orðstír sem Drottningar steinaldarinnar státa af. Hvort allur þessi fjöldi sé vegna þess hversu eftirsóknarvert er að fá að spila með sveitinni eða einfaldlega vegna rokkstælanna í Homme verður hér látið liggja milli hluta.

**Sannkölluð ofursveit**

Stjörnufansinn á nýju plötunni, Era Vulgaris, er reyndar ekki eins mikill og oft áður. Mark Lanegan mætir aftur á svæðið og fær að fikta við nokkur lög og síðan er söngvari Strokes, Julian Casablancas, sérstakur gestur í laginnu Sick, Sick, Sick. Núverandi meðlimir eru engir aukvisar. Trommarinn Joey Castillo var áður í Danzig en hann og Troy van Leeuwen, sem var áður í A Perfect Circle og Failure, hafa verið í sveitinni frá 2002. Nýjustu meðlimirnir eru þeir Dean Fertita úr The Raconteurs og Michael Shuman úr Wires on Fire.

Allt eru þetta menn sem Homme treystir fullkomnlega en spekingar hafa þó reyndar lengi rætt um að Homme og sveitin sem heild hafi aldrei jafnað sig á brotthvarfi bassaleikarans Nicks Oliveri en hann hafði sett mikinn svip á hljómsveitina. Ástæðan fyrir brotthvarfi Oliveris sagði Homme í einu útvarpsviðtali að væri sú að Oliveri hefði kynferðislega áreitt kærustuna hans.

**Byggingaverkamaður í Hollywood**

Homme hefur þó langt í frá grátið Björn bónda heldur safnað liði. Síðasta platan, Lullabies to Paralyze, þótti reyndar ekki nógu merkileg og Homme viðurkenndi sjálfur að þar hefði sveitin náð lágpunkti sínum. Era Vulgaris virðist hins vegar ætla að snúa gæfunni Drottningunum í hag. Fyrsta smáskífa plötunnar, Sick, Sick, Sick, er þrususlagari og sameinar allt það besta í fari sveitarinnar; níðþung riff, harkalega taktfastan trommuslátt og verulega grípandi laglínu.

Songs for the Deaf var æsiakstur um eyðimörk Kaliforníu en Era Vulgaris er reið um stræti Hollywood, „[...] dökk, hörð og rafmögnuð, eiginlega eins og byggingaverkamaður,“ sagði Homme í viðtali nýlega. Vægast sagt skondin lýsing en á ágætlega við. Homme hefur eftir sem áður tekist að skapa frábæra rokkplötu enn og aftur sem á þessum síðustu og verstu tímum verður sífellt sjaldgæfari hæfileiki.




## BRENNSLAN MARÍA HULD MARKAN

„Þetta eru þau tíu lög sem ég myndi taka með mér ef ég væri að fara keyra upp í sveit í sumarfríinu. Það er alveg nauðsynlegt að hafa góða tónlist í bílnum til að njóta ferðarinnar til fulls,“ segir María Huld Markan Sigfúsdóttir, liðsmaður Amiina.

**1. On The Road Again - Willie Nelson**
„Gott að byrja ferðina á þessari klassík og syngja með.“
**2. Vegir liggja til allra átta - Ellý Vilhjálms**
„Frelsið að keyra út í óvissuna og endalausa sumarsól hellist yfir mann með þessu lagi.“
**3. Walk On The Wild Side - Lou Reed**
„Þetta lag er alveg ómissandi sumarbílferðina. Bassalínan í því ein sú flottasta í sögunni.“
**4. Turquoise Hexagon Sun - Boards of Canada**
„Boards of Canada er ein besta tónlistin til að hafa með sér í hvers konar farartæki. Einhvern veginn líður manni alltaf eins og maður fljúgi þegar mað hlustar á þetta lag á ferð. Passar einstaklega vel við gæsir á flugi.“
**5. All Good Naysayers, Speak Up! Or Forever Hold Your Peace - Sufjan Stevens**
„Þægilegt lag sem líður ljúflega í eyrum með niðinum frá veginum.“
**6. Plastic Energy Man - Papa M.**
„Ótrúlega magnað lag sem magnast enn meira upp ef keyrt er í gegnum íslenska heiðaþoku meðan hlustað er. Ég tala af reynslu þarna.“
**7. The Man Comes Around - Jonny Cash**
„Komin af heiðinni niður í sveitina. Þá er gott að hlusta á smá kántrí.“
**8. Take On Me - A-ha.**
„Ef maður vill vera í miklu stuði og fá að syngja almennilega með þá klikkar þetta lag aldrei.“
**V9. Easy and Me - Lee Hazelwood.**
„Eftir A-ha stuðið verður maður að róa sig með hinum ofursvala Lee Hazelwood. Reyndar er öll Cowboy in Sweden platan mjög góð til að hafa með í sveitina.“
**10. Halfway to a Threeway - Jim O´Rourke.**
„Fallegt og sefjandi lag sem hæfir vel þegar keyrt er inn í sólsetrið.“


MARÍA HULD MARKAN SIGFÚSDÓTTIR

# Trabant vakti lukku í viðtali

Góður rómur er gerður að hljómsveitinni Trabant í viðtali við þá félaga á heimasíðunni PlayLouder.com, en sú fjallar um og rýnir tónlist af ýmsu tagi. Útsendari PlayLouder hitti hljómsveitarmeðlimi Trabant að máli er sveitin var í tónleikaferð á Englandi og tekur hann sérstaklega fram í grein sinni að íslensku strákarnir séu þeir hressustu sem hann hefur hitt í langan tíma.

„Í dag fara flest viðtöl þannig fram að þú færð 20 mínútur í hótelherbergi með hljómsveitarmeðlimum sem pína sig til að svara í eintómum klisjum. Það gera íslensku pervertarnir í Trabant ekki,“ segir meðal annars í greininni.

Á meðan á viðtalinu stóð buðu meðlimir Trabant greinarhöfundinum, Jeremy Allen, upp á drykki og spiluðu við hann pool. Hápunkturinn var hins vegar þegar söngvarinn Ragnar Kjartansson tók sig til dansaði fyrir hann erótískan nektardans.

Allen var hinn kátasti með tilbreytinguna frá hinum hefðbundnu og þvinguðu „hótelherbergjaviðtölum“ og vill að sem flestir hagi sér eins og Trabant í viðtölum.



**HRESSIR** Strákarnir í Trabant þykja einstaklega líflegir í sviðsframkomu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Deila á kostuð bönd

Hljómsveitin Jakobínarína var ekki styrkt af Coca Cola vegna myndbands hennar við lagið This is An Advertisment. Í Fréttablaðinu á dögunum birtist slúður þess efnis að fyrirtækið hefði styrkt strákana en Gunnar Ragnarsson, söngvari, segir það af og frá.

Að sögn Gunnars er texti lagsins þvert á móti ádeila á þær hljómsveitir sem ganga stórfyrirtækjum á hönd. Kemur þar fram að hljómsveitin væri tilbúin til að breyta nafni sínu í „The Coca Cola Band“ og líklega hefur orðrómurinn um að Coca Cola sé styrktaraðilinn farið af stað vegna þess.

„Hugmyndin á bak við myndbandið er heilaþvottur og þar er gefið í skyn að við séum brúður stórfyrirtækis enda í alveg eins fötum,“ segir Gunnar. „Ef ég myndi selja mig til einhvers fyrirtækis þá yrði það reyndar Coca Cola því ég hef verið kókfíkill síðan ég var barn,“ bætir hann við í léttum dúr. -fb



**JAKOBÍNARÍNA** Hljómsveitin Jakobínarína gerði nýverið myndband við lagið This Is An Advertisment.



**EIVÖR** Tónlistarkonan Eivör Pálsdóttir verður á meðal þeirra sem troða upp á G!

# G! haldin í sjötta sinn

Færeyska tónlistarhátíðin G! verður haldin í sjötta sinn dagana 19. til 21. júlí. Á meðal þeirra sem koma fram eru Teitur, Eivör, Boys in a Band, Gestir, Guillimot frá Bretlandi, Dr. Spock, Pétur Ben og Ultra Mega Technobandið Stefán.

Undanfarin tvö ár hefur verið uppselt á G!-hátíðina þar sem fimmtungur færeysku þjóðarinnar kemur saman. Þegar hafa breskir og skandinavískir fjölmiðlar gefið hátíðinni gaum en umfjöllun í Guardian á dögunum leiddi til þess að pakkaferðir frá Bretlandi hafa verið seldar á G! í fyrsta skipti. Íslendingum hafa nú tækifæri til að kaupa pakkaferð í gegnum www.greengate.fo fyrir 34 þúsund krónur.



**NORAH JONES** Miðasalan á tónleika Noruh Jones hefst í dag.

# Eftirspurn eftir Noruh

Miðasala á tónleika Noruh Jones í Laugardalshöll 2. september hefst á hádegi í dag. Aðeins verður selt í sæti á tónleikana. Í ljósi mikillar eftirspurnar í miða má hver og einn aðeins kaupa fjóra miða í hvert sinn.

Norah er að fylgja eftir þriðju plötu sinni, Not Too Late, sem kom út í janúar. Fyrsta plata hennar, Come Away With Me, vakti heimsathygli þegar hún kom út árið 2003. Fyrir hana fékk hún fimm Grammy-verðlaun, en síðan hefur hún hlotið þrenn til viðbótar. Miðaverð á tónleikana í Höllinni er 6.900 krónur í svæði A og 5.900 í svæði B. Miðasala fer meðal annars fram á midi.is.



# Metsölulisti Eymundsson

## kiljur

### 1. Viltu vinna milljarð?



**Vikas Swarup**

Heillandi en jafnframt ógnvekjandi ævintýraferð. Þréttán vikur á toppi vinsældarlistans.

### 2. Síðasti musterisriddarinn



**Raymond Khoury**

Gleymið öllum ofmetnu metsölubókunum – *þetta er hin eina sanna.*

### 3. 5. riddarinn

**James Patterson**



Ný spennusaga úr smiðju James Patterson, vinsælasta spennuhöfund heimsins þessi árin.

### 4. Tvíburarnir



**Tessa de Loo**

Kraftmikil og tilfinningaþrungin saga um eineggja tvíbura sem aðskildar eru sex ára gamlar og hittast aftur fyrir tilviljun undir lok ævi sinnar.

### 5. Saffraneldhúsið

**Yasmin Crowther**



Ljúf og grípandi saga um samband móður og dóttur, svik og refsingu, ást og fjölskyldubönd og klofna sjálfsmynd.

### 6. Flugdrekahlauparinn



**Khaled Hosseini**

Margföld metsölubók. Heillandi saga um mannlíf, menningu og sögusvið sem flest okkar þekkja ekki nema af afspurn.

### 7. Sér grefur gröf

**Yrsa Sigurðardóttir**



Óhugnanlegt morð er framið á nýju heilsuhóteli á Snæfellsnesi. Bærinn þar sem hótelið stendur reynist þekktur fyrir reimleika...

### 8. Hugarfjötur

**Paulo Coelho**



**Paulo Coelho**

leiðir lesandann um eðli ástarinnar, mátt örlaganna og hvað það þýðir í raun og veru að láta hjartað ráða för.

### 9. Aldingarðurinn

**Ólafur Jóhann Ólafsson**



Ástin og tíminn eru meginstefin í þessum smásögum sem hlutu Íslensku bókmenntaverðlaunin 2006.

### 10. Þréttánda sagan

**Diane Setterfield**



Þréttánda sagan er barmafull af óvæntum uppákomum, ráðabruggi, töfrum, dulúð og breskum sjarma.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*







# Sjö þættir í viðbót

Framleiðendur sjónvarpsþáttarins Jericho eru hættir við að taka hann af dagskrá. Ástæðan er herferð aðdáenda þáttarins á netinu.



**JERICHO** Framleiðendur þáttarins eru hættir við að taka hann af dagskrá.

Þeir hafa neitað að sætta sig við að missa uppáhaldsþáttinn sinn af dagskrá. Ákveðið hefur verið að framleiða sjö þætti í viðbót og heldur þáttaröðin áfram göngu sinni eftir það ef áhorfið verður nægilegt.

Sjónvarpsstöðin CBS ákvað að hætta gerð Jericho í síðasta mánuði en fljótlega eftir það byrjuðu aðdáendurnir að senda hnetur til stöðvarinnar. „Vá!“, sagði forstjóri afþreyingardeildar CBS í bréfi sínu til aðdáendanna. „Þið náðuð athygli okkar. Vonandi haldið þið áfram að styðja við bakið á þættinum á svipaðan hátt og þið hafið gert á undanförnum vikum. PS. Hættið að senda okkur hnetur.“

Jericho fjallar um íbúa smábæjar sem lifa af fjölda kjarnorkusprenginga víðsvegar um Bandaríkin. Þátturinn var frumsýndur síðasta haust. Fékk hann góða dóma og ágætt áhorf en eftir að hann hófst aftur eftir þriggja mánaða hlé hafði áhorfið hrapað niður og ákvað CBS þá að stöðva framleiðsluna.

# Á föstu með fyrirsætu

**Leynikærasti Jennifer Aniston hefur nú verið afhjúpaður. Hann er bresk fyrirsæta.**

Upplýst hefur verið hver hann er, huldumaðurinn sem bandaríska leikkonan Jennifer Aniston hefur verið að hitta upp á síðkastið. Sá heitir Paul Sculfor, en hann er frá Bretlandi og starfar sem fyrirsæta.

Eftir því sem People heldur fram hefur hinn 36 ára gamli Sculfor sést nokkrum sinnum með Aniston á almannafæri og fer ekki á milli mála að þar er par á ferð.

Bresku blöðin voru ekki lengi að hafa uppi á fyrrverandi kærustu Sculfor, Victoriu Hervey, og spyrja hana hvern mann hann hefur að geyma. „Hann er yndislegur og sannur herramaður. Hann hugsar um konuna fremur sjálfan sig og er vel vakandi fyrir öllum litlum hlutunum sem skipta svo miklu máli, til dæmis að opna dyrnar fyrir dömur. Hann er sú manngerð,“ segir hún.

Sculfor hefur notið mikillar velgengni í fyrirsætubransanum og hefur setið fyrir á myndum fyrir Christian Dior, Jean Paul Gaultier og Levi's.



**PAUL SCULFOR** Er vinsæl fyrirsæta í föðurlandi sínu.

**JENNIFER ANISTON**




# Útsölumarkaður Lokahelgi

## 8. júní til 10. júní

### Skeifunni 17

NEXT

**OPIÐ**

Mán.-föst:11:00-19:00

Lau: 11:00 - 18:00

Sun: 13:00 - 17:00

# Garðar Thor með stórstjörnum

Það er í nógu að snúast hjá Garðari Thor Cortes þessa dagana. Hann lék á tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands í gærkvöldi en treður upp á tónleikahátíð í Bretlandi um miðjan mánuðinn.

Garðar Thor Cortes mun skemmta með mörgum af helstu stórstjörnum heims á Hampton Court Palace-hátíðinni sem hófst í fyrradag og stendur til 23. júní. Hátíðin fagnar fimmtán ára ártíð sinni um þessar mundir og verður engu til sparað til að halda upp afmælið.

Meðal gesta á hátíðinni, auk Garðars Thors, eru Íslandsvinirnir José Carreras og Josh Groban, Jools Holland, M People, Bryan Ferry, Van Morrisson og Tom Jones. Garðar Thor kemur fram á sérstöku galakvöldi þann 16. júní ásamt Lesley Garrett, sem er ein vinsælasta sópransöngkona Breta, en þau munu flytja lög af nýrri plötu Garretts.

Það er í nógu að snúast hjá Garðari Thor þessa dagana. Á laugardaginn syngur hann með söngkonunni Hayley Western á eyjunni Jersey og sem fyrr segir á Hampton Court Palace-hátíðinni um miðjan mánuðinn. -kh



**GARÐAR THOR** Tenórinn ungi kemur fram með einni vinsælustu söngkonu Bretlands um miðjan mánuðinn.



**HILMAR PÉTURSSON** Eve Online efnir til lýðræðiskosninga í haust þar sem níu manns verða kosnir í stjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Efnt til lýðræðiskosninga

**Stjórnendur tölvuleikjarins Eve Oneline ætla að efna til lýðræðiskosninga í haust þar sem keppendur geta kosið níu manna stjórn. Félags- og sálfræðiráðgjafar verða fengnir til aðstoðar.**

Þeir sem verða kjörnir í stjórnina fá ókeypis flugferðir til Íslands þar sem þeir geta hitt starfsmenn CCP reglulega og fylgst með vinnslu leiksins.

**Ört vaxandi heimur**

„Það er aðallega vöxtur Eve-samfélagsins sem leiðir til þess að stjórn þess þarf að þroskast eftir því sem það stækkar,“ segir Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP. „Við höfum fylgst með mannlegu samfélagi þroskast og það sama á við um þetta samfélag. Þetta er okkar næsta skref til að fylgja eftir vextinum og þroskanum sem má greina í þessum ört vaxandi heimi sem Eve Online er.“

**Ráðgjafar til aðstoðar**

Að sögn Hilmars verða kallaðir til ráðgjafar, meðal annars úr félags- og sálfræðigeiranum, sem munu aðstoða CCP við gerð lýðræðisríkis. „Þetta þarf að einhverju leyti að vera litað af því að þetta er sýndarveruleiki en það verða ýmis skemmtileg mál að takast á við. Menn bjóða sig fram til embættis og þurfa að sýna að þeir séu verðugir og hafi eitthvað fram að færa.“

**Engin fordæmi**

Aðspurður minnist Hilmar þess ekki að lýðræðisstjórnir hafi verið kosnar áður vegna tölvuleikja. „Ekki svo ég viti til enda ekki þörf fyrir svona nálgun með venjulega tölvuleiki. Sú staðreynd að allt þetta fólki spilar í einum og sama heiminum gerir þetta áhugavert. Ef það koma 200 þúsund manns til að spila er hægt að nálgast þetta eins og þjóð.“ freyr@frettabladid.is

# Leitinni lýkur í kvöld

Í kvöld færst úr því skorið hverjir þrír það verða sem hljóta eigin sjónvarpsþátt á Sirkus frá og með næsta hausti, en þá ráðast úrslitin í þættinum Leitin að strákunum sem hefur verið á dagskrá stöðvar 2 í vor.

Að sögn Auðuns Blöndals, einn hinna „upprunalegu“ stráka, verður enginn skortur á dramatík í þættinum í kvöld.

„Það góða við þetta er að það standa þrír uppi sem sigurvegarar en um leið er ótrúlega erfitt að láta einn af þeim fjórum síðustu sætin,“ segir Auðunn en það eru þau Jóhann, Eiríkur, Sara og Hallur sem keppa um þrjú síðustu sætin í kvöld.

Ólíkt því sem verið hefur í þáttunum verða engir gestadómarar þeim Auðuni, Sveppa og Pétri Jóhanni til halds og trausts í kvöld. Auðunn segir að þeir félagar vilji taka lokaákvörðun alveg sjálfir en hver keppandi fær að gera tvö atriði að eigin vali í kvöld.

„Þessi fjögur hafa að mínu mati haft nokkra yfirburði frá upphafi og eiga fyllilega skilið að vera í úrslitaþættinum.“ Auðunn segist sáttur með afrakstur vorsins og hefur fulla trú á þremenningunum sem munu fá eigin þátt. „Þetta hefur hins vegar verið allt öðruvísi en ég bjóst við. Krakkarnir sem tóku þátt eru stórskemmtilegir og hafa orðið miklu meiri félagar manns en ég bjóst við. Þess vegna hefur þetta verið miklu erfiðara en við bjuggumst við.“ - vig



**PÉTUR, SVEPPI OG AUDDI** Hafa verið að leita að næstu sjónvarpsstjörnum landsins.


## SÝNINGATÍMAR KVIKMYNDAHÚSA




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| OCEAN´S 13 | kl. 6 - 8 - 9 - 10:40 - 11:30 | 7 |
| OCEAN´S 13 VIP | kl. 8 - 10:40 | |
| PIRATES CARRIBEAN 3 | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| PIRATES 3 VIP | kl. 4 | |
| ZODIAC | kl. 6 - 9 | 16 |
| THE REAPING | kl. 11:30 | 16 |
| BLADES OF GLORY | kl. 6 | 12 |
| ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| GOAL 2 | kl. 3:50 | 7 |

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á SAMBIO.IS

KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| OCEAN´S 13 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | DIGITAL | 7 |
| PIRATES 3 | kl. 4:15 - 6:15 - 8:15 | DIGITAL | 10 |
| ZODIAC | kl. 10 | | 16 |
| ROBINSON ÍSL TAL | kl. 3:30 | DIGITAL-3D | L |
| MR. BEAN | kl. 4 | | L |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| OCEAN´S 13 | kl. 8 - 10:15 | 7 |
| PIRATES CARRIBEAN 3 | kl. 6 - 9 | 10 |
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 6 | L |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| OCEAN'S 13 | kl. 8- 10:30 | 12 |
| GOAL 2 | kl. 5:45 | L |
| PIRATES 3 | kl. 5:45 - 9 | 7 |






LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| HOSTEL 2 | kl. 6, 8 og 10 | 18 |
| THE LAST MIMZY | kl. 4, 6 og 8 | L |
| DELTA FARCE | kl. 8 og 10 | 10 |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5 | 10 |
| SHOOTER | kl. 10 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | kl. 4 -450 kr.- | L |

NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| HOSTEL 2 | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 18 |
| HOSTEL 2 LÚXUS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | |
| THE LAST MIMZY | kl. 3.40 | |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3 | kl. 5 - 9 | 10 |
| FRACTURE | kl. 8 - 10.30 | 14 |
| IT´S A BOY GIRL THING* | kl. 3.45 - 5.50 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5 - 8 | 10 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| THE HOAX | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| THE PAINTED VEIL | kl. 5.30 | |
| IT´S A BOY GIRL THING* | kl. 8 - 10.10 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5.20 | 10 |
| *SÍÐUSTU SÝNINGAR | | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| HOSTEL 2 | kl. 6 - 8 - 10 | 18 |
| THE INVISIBLE | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |

SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| HOSTEL 2 | kl. 6 - 8 - 10 | 18 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS




**RA RA RIOT** Hljómsveitin hefur misst trommara sinn John Pike.

# Trommari finnst látinn

John Pike, trommari bandarísku hljómsveitarinnar Ra Ra Riot, sem átti að koma fram á Iceland Airwaves-hátíðinni í október, er látinn. Pike, sem var 23 ára, týndist eftir að hann yfirgaf samkvæmi að morgni laugardags. Eftir að farsími hans fannst á strönd skammt frá staðnum þar sem samkvæmið var haldið var gerð mikil leit í sjónum og fannst hann loks á fimmtudagsmorgun. Skiljanlega er óvíst hvort Ra Ra Riot muni spila á Airwaves-hátíðinni en sveitin var bókuð eftir góða frammistöðu á South By Southwest-hátíðinni í Texas í mars.

# Paris sleppt úr fangelsinu

**Farsanum um fangelsisvist Parisar Hilton er hvergi nærri lokið en í gær var ákveðið að sleppa henni úr prísundinni vegna heilsufarsástæðna.**



**FANGAMYNDIN** Í fangelsum tíðkast sú hefð að taka andlitsmynd af föngum áður en þeir hefja afplánun. Myndin í tilviki Parisar lítur svona út. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**FJÖLMIÐLAFÁR** Fulltrúar sjónvarpsstöðva víða að í heiminum hafa dvalið löngum stöndum fyrir utan fangelsi Parisar síðustu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Í tilkynningu frá lögreglunni í Los Angeles segir að Paris Hilton hafi verið sleppt að læknisráði en ekki fengust nánari upplýsingar um hvað það er nákvæmlega sem hrjáir hótelerfingjann. Paris var sem kunnugt er dæmd í fangelsi fyrir að hafa verið gripin tvívegis á stuttum tíma ölvuð við akstur.

Paris var upphaflega dæmd í 45 daga fangelsi en sá dómur var síðar styttur í 23 daga. Gærdagurinn var sá þriðji af þessum 23 sem hún átti að dvelja bak við lás og slá.

Embætti lögreglustjóra í LA tók skýrt fram að brottför Parisar úr fangelsinu þýddi ekki að hún hefði hlotið sakaruppgjöf upp að neinu marki. Hún mun þurfa að ganga með staðsetningartæki á ökklanum næstu sex vikurnar og verður í stofufangelsi á eigin heimili. Þess má geta að fangaklefi hennar var rúmir þrjátíu fermetrar á stærð en umráðasvæðið sem hún hefur í stofufangelsinu hefur radíus upp á meira en einn kílómetra.



**BRUCE WILLIS** Leikarinn heimsþekkti þakkar Will Smith fyrir góð ráð.

# Þakklátur Will Smith

Leikarinn Bruce Willis hefur þakkað kollega sínum Will Smith fyrir að hafa bjargað sambandi sínu við eiginkonuna fyrrverandi, Demi Moore, og börnin þeirra þrjú.

Willis og Moore skildu árið 1998 eftir ellefu ára hjónaband. Eignuðust þau börnin Rumer, Scout og Tallulah Belle. Bruce játar að það hafi verið erfitt fyrir sig þegar Moore byrjaði að hitta leikarann Ashton Kutcher, sem hún giftist árið 2005. Fékk hann þá góð ráð frá Smith. „Þegar mér leið hvað verst talaði hann við mig um þetta. Hann sagði: „Þú verður að gera allt sem þú getur til að láta börnunum og mökunum lynda saman. Þú verður að sýna börnunum þínum að allt sé í lagi.“ Þetta kveikti á perunni hjá mér,“ sagði Willis.


Reykjavíkurborg
Velferðarsvið



**Framtíðarstarf - Starfsmenntun - Íslenskukennsla**
**Employment Permanent positions – on the job training – Icelandic lessons**
**Praca na przyszłość – Szkolenie zawodowe – Nauka języka islandzkiego**

## Nýjar leiðir í þjálfun erlendra starfsmanna

Leitum að öflugu erlendu starfsfólki til starfa á Droplaugarstöðum hjúkrunarheimili, félagsmiðstöðinni við Aflagranda 40 og þjónustuíbúðum aldraðra á Dalbraut 21-27.

Um er að ræða tvenns konar störf:

**Starf við umönnun:** starfið felst í daglegri aðhlynningu og aðstoð við athafnir daglegs lífs.
**Droplaugarstaðir og Dalbraut. Vaktavinna.**

**Félagsleg heimaþjónusta:** starfið felst í almennum heimilisþrifum, félagslegum stuðningi og aðstoð á matartímum.
**Aflagrandi. Dagvinna.**

Gerð er krafa um atvinnuleyfi á Íslandi.

Óskað er eftir starfsfólki sem býr yfir ríkri þjónustulund og frumkvæði í starfi. Reynsla af umönnunarstörfum æskileg.

Starfið hefst á eins mánaðar launuðu námskeiði þar sem kennd er íslenska, undirstöðuatriði umönnunar og þrifa og ýmis hagnýt atriði í íslensku samfélagi. Starfsmenn sem ráða sig til starfa skuldbinda sig til eins árs í starfi.
Námskeiðið hefst 22. júní nk.

Námskeiðið er samvinnuverkefni Alþjóðahúss og Droplaugarstaða hjúkrunarheimilis.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar stéttarfélags.
Nánari upplýsingar verða veittar fimmtudaginn 14. júní nk. í síma 414-9500 frá kl. 10.00 til 12.00 á íslensku og ensku einnig mun pólskur túlkur verða til staðar.

Umsóknum skal skilað á Droplaugarstaði hjúkrunarheimili, Snorrabraut 58, 105 Reykjavík, b.t. Ingibjargar Þórisdóttur deildarstjóra starfsmanna- og gæðamála fyrir 18. júní nk.

## New methods in training foreign workers

Droplaugarstaðir Nursing Home, The Aflagranda Seniors Centre and the Seniors Apartments at Dalbraut 21-27 are now hiring foreign employees.

Two kinds of employment positions are on offer:

**Care providers:** care providers see to the general everyday care of residents. They assist the residents with functions of daily life. **These positions are shift work and Droplaugarstadir and Dalbraut are currently hiring.**

**Home help service:** employees in home help service offer social support, do general housekeeping and assist with meals. **Day shift now hiring at Aflagrandi.**

Applicants must: show incentive, patience and have a positive attitude.
Applicants must have valid work permits. Experience is preferable.

Employment begins with a one month, paid training course. Training will include Icelandic lessons, general patient care and sanitation, and important information about Icelandic society. Those accepting these offers of employment must sign a contract of employment for one year. The training courses start 22 June 2007.

This training is a cooperative project of The Intercultural Centre and the Droplaugarstaðir Nursing Home.
Salaries are according to the collective bargaining agreement of the City of Reykjavik and Efling Trade Union.
Applications should be sent to Droplaugarstaðir Nursing Home at Snorrabraut 58, 105 Reykjavík, attention- Ingibjörg Þórisdóttir, Head of Human Resources and Quality Control by 18 June 2007.
For more information call 414-9500 on Thursday 14 June between 10:00 – 12:00. Information will be given in Icelandic, English and Polish.

## Nowe sposoby szkolenia pracowników obcego pochodzenia

Poszukujemy pracowników pochodzenia obcego do pracy w Droplaugarstaðir, domu opieki zdrowotnej, w ośrodku społecznym Aflagrandi oraz w mieszkaniach osób starszych znajdujących się przy Dalbraut 21-27.

Oferujemy dwa rodzaje prac:

**Praca opiekuńcza:** praca polega na codziennej opiece mieszkańców, instruowaniu i wspomaganiu tych osób w codziennych sprawach w ich życiu.
**Droplaugarstaðir i Dalbraut. Praca na zmianę.**

**Praca społeczna w domach:** praca polega na ogólnym opiekowaniu się domem, udzieleniu społecznego wsparcia oraz pomocy przy posiłkach. **Aflagrandi. Praca dzienna.**

Wymagane kwalifikacje: Inicjatywa w pracy, cierpliwość i pozytywne nastawienie.
Pozwolenie na pracę na Islandii. Wczesniejsze doświadczenie z podobnej pracy jest mile widziane.

Praca rozpoczyna się jednomiesięcznym kursem, za które otrzymuje się wynagrodzenie. Na kursie prowadzone są zajęcia z języka islandzkiego, podstaw pracy jako opiekuna i innych użytecznych zagadnień z życia społecznego Islandczyków. Pracownicy, którzy zostaną zatrudnieni, zobowiązują się do pracy przez okres jednego roku.
Kurs rozpoczyna się 22 czerwca 2007 roku.

Kurs ten jest wspólnym projektem Centrum Międzynarodowego Alþjóðahús oraz Domu Opieki Zdrowotnej Droplaugarstaðir.
Warunki wynagrodzenia są zgodne z umową zbiorową Miasta Reykjavík a także związku zawodowego Efling.
Wnioski należy wysyłać na adres: Droplaugarstaðir hjúkrunarheimili, Snorrabraut 58, 105 Reykjavík, podając imię i nazwisko Ingibjörg Þórisdóttir, która jest kierownikiem działu pracowników. Wnioski należy wysłać przed 18 czerwca.
Bliższych informacji można uzyskać pod numerem telefonu 414-9500 w czwartek 14 czerwca w godz.10 – 12. Informacje udzielane są w języku islandzkim i angielskim, będzie także obecny wtedy tłumacz polski.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

## > Garðar skoraði þrennu

Garðar Gunnlaugsson gerði sér lítið fyrir og skoraði þrennu fyrir Norrköping í sænsku 1. deildinni í knattspyrnu í gær. Liðið tók Sundsvall og pakkaði því saman að sænskum hætti, vann með fimm mörkum gegn engu. Garðar skoraði þrjú mörk, þar af tvö úr vítaspyrnum en Stefán Þór Þórðarson skoraði einnig eitt mark. Stefán lék í klukkutíma en Garðar 73 mínútur. Norrköping er langefst í deildinni með 23 stig en Sirius er í öðru sæti með 16 stig.



**sport**

sport@frettabladid.is

JÚLÍUS JÓNASSON: TEKUR ÞAÐ JÁKVÆÐA ÚR LEIKJUNUM GEGN GEYSISTERKUM ÞJÓÐVERJUM

# *Gott veganesti fyrir undankeppnina í haust*

Ísland mætir Þýskalandi í kvöld í annað skipti í vikunni í vináttulandsleik í Laugardalshöllinni. Leikurinn hefst klukkan 20 en Þjóðverjar eru með eitt allra besta landslið heims í kvennaflokki. Þjóðverjar unnu nokkuð öruggan sigur í fyrri leiknum á miðvikudaginn, 26-35.

Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari er mjög ánægður með að fá svo sterka þjóð til landsins en leikirnir eru lokahnykkurinn á æfingabúðir sem hann hefur stýrt í allt sumar. Júlíus leggur áherslu á að leikmenn liðsins kynnist því hvernig þær bestu spila en í haust tekur Ísland þátt í undankeppni HM. Júlíus gat tekið margt jákvætt út úr leiknum gegn þeim þýsku.

„Það jákvæða við þetta er að það eru nokkrir aðilar sem spiluðu mjög vel, ungu leikmennirnir komust mjög vel frá þessu. Elísabet á línunni skilaði sínu hlutverki til dæmis mjög vel. Það er gott að fá samanburðinn við þær bestu, það er ekki á hverjum degi sem við fáum jafn sterka þjóð til landsins,“ sagði landsliðsþjálfarinn sem var í óða önn að flísaleggja bílskúrinn sinn þegar Fréttablaðið truflaði hann í gær.

Hann segir að níu marka munurinn hafi ekki komið sér á óvart enda um þjóð að ræða sem hefur á að skipa einvala liði atvinnumanna.

„Ég gerði mér alveg grein fyrir muninum. Við vitum nokkurn veginn hvar við stöndum en sjáum það enn betur núna eftir þessa leiki. Hvað sem styrkleikalistar segja þá fer þetta jú allt fram á fjölunum,“ sagði Júlíus en Þjóðverjar eru í fjórða sæti heimslistans sem reyndar er kominn nokkuð til ára sinna.



Segja má að undirbúningur landsliðsins fyrir undankeppnina í haust sé hafinn. „Þetta er mjög fínt veganesti fyrir haustið. Núna stöndum við ekki á algjörum byrjunarreit og þar sem við höfum verið að prófa ýmsa hluti verðum við mun fljótari að koma okkur í gang næst þegar við hittumst,“ sagði Júlíus sem hvatti að lokum alla til að skella sér í Höllina í kvöld.



**HELGI SIGURÐSSON** Með marki gegn Keflavík aflar hann Neistanum 30 þúsund krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Landsbankadeildirnar:

## Skorað fyrir góð málefni

**FÓTBOLTI** Þeir leikmenn sem skora í næstu umferð í Landsbankadeild karla og kvenna munu svo sannarlega gleðja marga með marki sínu. Landsbankinn heitir 30 þúsund krónum á hvert mark sem leikmenn skora en liðin sjálf völdu hvert sitt málefni. Bankinn tryggir jafnframt að hvert málefni fái að minnsta kosti 30.000 kr. takist einhverju liði ekki að skora. - hþh

**LANDSBANKADEILD KARLA**

| | |
|---|---|
| **BREIÐABLIK** | **SJÁLFSBJÖRG** |
| FH | BARNAHEILL |
| **FRAM** | **VILDARBÖRN** |
| FYLKIR | EINSTÖK BÖRN |
| **HK** | **MND-FÉLAGIÐ** |
| ÍA | GEÐHJÁLP |
| **KEFLAVÍK** | **PKU-FÉLAGIÐ** |
| KR | STYRKTARSJÓÐUR SÓLHEIMA |
| **VALUR** | **NEISTINN** |
| VÍKINGUR | SOS BARNAÞORPIN |

**LANDSBANKADEILD KVENNA**

| | |
|---|---|
| **BREIÐABLIK** | **S.FÉLAG KRABBAM.S. BARNA** |
| FJÖLNIR | MS-FÉLAGIÐ |
| **FYLKIR** | **UMHYGGJA** |
| ÍR | FÉLAG HEYRNARLAUSRA |
| **KEFLAVÍK** | **ÞROSKAHJÁLP** |
| KR | LJÓSIÐ |
| **STJARNAN** | **ABC BARNAHJÁLP** |
| VALUR | BLÁTT ÁFRAM |
| **ÞÓR/KA** | **AFLIÐ, SYSTURSAMT. STÍGAMÓTA** |



**RÚNAR** Hlaut gull og silfur í Mónakó í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Smáþjóðaleikarnir:

## 13 verðlaun í fimleikum

**FIMLEIKAR** Viktor Kristmannsson var maður Smáþjóðaleikanna hjá íslensku keppendunum í gær. Fimleikakappinn vann til fimm verðlauna en Ísland hlaut alls þrettán verðlaun í fimleikakeppninni. Viktor vann æfingar á gólfi, lenti í öðru sæti í þremur greinum, á bogahesti, á tvíslá og í stökki auk þess sem hann náði þriðja sæti á svifrá þar sem Dýri Kristjánsson varð annar.

Rúnar Alexandersson sigraði í æfingum á tvíslá og varð í öðru sæti í hringjum. Fríða Rún Einarsdóttir sigraði í gólfæfingum og varð í 2. sæti bæði á jafnvægisslá og tvíslá og þá varð Kristína Ólafsdóttir þriðja í gólfæfingum og í æfingum á tvíslá. - hþh

# Erlendur þjálfari kostar 20-30 milljónir

**Það þekkist vel að minni knattspyrnuþjóðir ráði til sín erlenda þjálfara til að bæta árangur landsliðsins. Oft hefur það borið góða raun. KSÍ þyrfti hugsanlega að borga slíkum manni um 20-30 milljónir í laun á ári.**

**FÓTBOLTI** Eftir hörmulegt gengi íslenska landsliðsins í undankeppni EM heyrast nú háværar raddir um að Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari eigi að hætta þjálfun liðsins. Margir eru á þeirri skoðun að ráða eigi erlendan þjálfara til verksins og er það vel þekkt að minni knattspyrnuþjóðir heimsins lokki til sín erlenda stórþjálfara.

Árangur þess að ráða erlendan þjálfara er þó þvert á móti ávísun á árangur. Oft hefur það þó gefið góða raun að fá nýjan og algerlega hlutlausan mann til starf landsliðsþjálfara. Oft eru innlendir þjálfarar fyrrum leikmenn eða núverandi eða fyrrverandi þjálfarar innlendra liða. Tengsl þeirra innan knattspyrnuhreyfingar þess lands eru því vel þekkt.

Eitt nærtækasta dæmið er þegar smáríkið Trinidad og Tóbagó fékk hollenska þjálfarann Leo Beenhakker til að stýra liðinu. Hann var við stjórnvölinn í rúmt ár en tókst á þeim tíma að koma liðinu í úrslitakeppni HM í Þýskalandi í fyrra.

Landið var það fámennasta í heiminum til að eiga nokkru sinni landslið í úrslitakeppni heimsmeistaramóts.

Annað gott dæmi er Serbinn Bora Milutinovic sem í fyrra tók við landsliði Jamaíku. Hann er líklega einn þekktasti þjálfari heimsins og sá eini sem hefur stýrt fimm mismunandi liðum í jafn mörgum heimsmeistarakeppnum. Það gerði hann á árunum 1986 til 2002. Frá 2003 til 2004 þjálfaði hann landslið Hondúras.




**LEO BEENHAKKER** Kom Trinidad og Tóbagó á HM í fyrra í fyrsta sinn í sögu þjóðarinnar. Liðið undir hans stjórn vann íslenska landsliðið í febrúar 2006, í fyrsta landsleik undir stjórn Eyjólfs Sverrissonar. NORDIC PHOTOS/AFP

Þýski þjálfarinn Klaus Toppmöller er nú landsliðsþjálfari Georgíu og Egil „Drillo“ Olsen mun í ágúst næstkomandi mun taka við landsliði Írak. Króatinn Otto Baric er nú starfandi í Albaníu, Roy Hodgson í Finnlandi og þannig mætti áfram telja.

Fréttablaðið hefur undanfarna daga rætt við marga sem þekkja vel til í knattspyrnuheiminum. Það er samdóma álit þeirra að nú sé gott tækifæri til að ráða erlendan þjálfara.

Mörgum þjálfurum finnst það afar heillandi að fá að stýra landsliði þar sem líkurnar á því í heimalandi sínu eru ef til vill litlar sem engar. Af þeim sökum væru sömu þjálfararnir til í að taka að sér þjálfun landsliðs fyrir minni laun en þeir myndu fá hjá félagsliði. Það er mat heimildamanna Fréttablaðsins að hægt væri að fá þekktan erlendan þjálfara til starfa fyrir um 20-30 milljónir króna á ársgrundvelli.

KSÍ er vel stætt íþróttasamband. Til að mynda voru hreinar fjármunatekjur KSÍ á síðasta ári tæpar níutíu milljónir króna, þar af voru vaxtatekjur 77 millljónir króna. Það eitt og sér ætti að duga fyrir ansi sterkum þjálfara.

Auk þess væri hægt að semja um að nýr þjálfari fengi árangurstengd laun, slíkt er vel þekkt í knattspyrnuheiminum.

Ísland mun væntanlega falla um nokkur sæti á næsta styrkleikalista FIFA og fyrir vikið ná ekki inn á lista 100 efstu þjóðanna. Þar með væri tækifærið fyrir nýjan þjálfara að rífa liðið upp úr lægðinni og um leið auglýsa sig rækilega. Um væri að ræða gríðarlega góðan stökkpall fyrir þann þjálfara sem næði þeim árangri.

Fréttablaðið birtir í dag lista yfir þjálfara sem gætu hugsanlega tekið við þjálfun íslenska landsliðsins. eirikur@frettabladid.is

### ERLENDIR ÞJÁLFARAR

**Hér eftir fara nöfn þekktra erlendra þjálfara sem gætu þess vegna komið til greina sem næsti þjálfari íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu.**

Allan Simonsen, Andreas Brehme, Arie Haan, Bruce Arena, David Platt, Dino Zoff, Dick Advocaat, Glenn Hoddle, Graham Rix, Giovanni Trapattoni, José Antonio Camacho, Jaques Santini, Jozef Venglos, Jupp Heynckes, Jürgen Kohler, Klaus Augenthaler, Nevio Scala, Peter Reid, Pierre Littbarski, Ruud Gullit, Rudi Völler, Roger Lemerre, Siegfried Held, Lothar Matthaus, Thomas Doll, Tommy Söderbergh, Vicente Del Bosque, Walter Zenga.



UTAN VALLAR HENRY BIRGIR GUNNARSSON SEGIR SÍNA SKOÐUN

# *Vandinn ekki síður hjá KSÍ en hjá Eyjólfi*

Síðustu tveir landsleikir hafa sýnt og sannað að Eyjólfur Sverrisson er ekki á réttri leið með landsliðið. Vandamál landsliðsins einskorðast þó ekki eingöngu við þjálfarann heldur liggur sökin einnig hjá Knattspyrnusambandi Íslands, KSÍ.

Það er KSÍ sem ræður þjálfarann og það er á ábyrgð KSÍ að sjá til þess að starfsumhverfi þjálfarans sé eins og best verður á kosið hverju sinni. Það er langur vegur frá því að umhverfið í kringum liðið og þjálfarann sé í lagi.

### Engir æfingaleikir

Þjálfarinn hefur lítið sem ekkert fengið af æfingaleikjum með liðið og afsakanir sambandsins fyrir skorti á leikjum hafa verið aumar. Fyrrum formaður KSÍ, Eggert Magnússon, sat í framkvæmdastjórn UEFA til margra ára, hefur einstök sambönd og útvegaði Íslandi leikjum við lið eins og Ítalíu og Spán. Það þarf enginn að segja mér að hann hafi ekki getað bjargað leikjum við minni þjóðir á landsleikjadögum ef hann vildi.

Sumir hafa nefnt æfingabúðir fyrir landsliðið á landsleikjadögum en eftir því sem ég kemst næst er ekki hægt að kalla liðið saman í landsleikjahléum nema það verði spilaður leikur.

Í versta falli mætti þá skipuleggja leik gegn Færeyjum í Egilshöll. Það sem skiptir máli er að liðið kæmi þó saman og fengi að spila. Betra að spila í Egilshöll og æfa en að gera ekki neitt.

### KSÍ ræður þæga þjóna

Að mínu mati liggur vandinn þó enn dýpra. Aðalvandinn liggur í stefnu KSÍ í landsliðsþjálfaramálunum. Síðustu árin hefur KSÍ farið þá leið að ráða sitt eigið fólk í ein mikilvægustu störf knattspyrnuhreyfingarinnar - landsliðsþjálfarastörfin. Er þar um að ræða einstaklinga sem KSÍ þekkir ákaflega vel og veit hvernig láta að stjórn. Þetta eru þægir þjónar.

Meira að segja Helena Ólafsdóttir fékk ekki áframhaldandi samning með kvennalandsliðið þrátt fyrir flottan árangur. Hún var ekki þægur þjónn. Arftaki hennar hafði áður starfað fyrir KSÍ og arftaki þess þjálfara var þegar starfandi hjá KSÍ líkt og Eyjólfur.

Það má vissulega vorkenna Eyjólfi með að fá ekki fleiri verkefni en mín vorkunn er engin þegar maðurinn berst ekki einu sinni fyrir betra starfsumhverfi. Hann hefur aldrei kvartað yfir verkefnaleysi og þvert á móti sagst skilja sjónarmið KSÍ í þessum málum. Sannkallaður draumastarfsmaður þar á ferð. Þægur þjónn. Þarf ekki að undra að KSÍ vilji halda honum í starfi.

Það sem KSÍ og íslensk knattspyrna þarf sárlega á að halda er utanaðkomandi einstaklingur sem er ekki hluti af KSÍ-genginu sem hefur hreiðrað um sig í fílabeinsturni einu sinni sem oftar og virðist neita að leita út fyrir Laugardalinn.

### Þarf sterkan karakter með nýjar hugmyndir

Það vantar mann með eigin hugsjónir og nýjar hugmyndir. Mann með kraft, kjark, þor og karakter. Mann sem sættir sig ekki við starfsumhverfið eins og það er í dag og þorir að taka á málunum.

Það mætti benda KSÍ á að það er líf utan fílabeinsturnarins í Laugardalnum. Ef það kemur ekki einhver maður með ferskar hugmyndir í fílabeinsturninn fljótlega þá mun fara enn verr fyrir landsliðinu og íslenskri knattspyrnu sem er í frjálsu falli í alþjóðaboltanum. Ætlar virkilega enginn að taka í bremsuna?




**TVÍEYKIÐ** Saman hjá Real og gætu sameinast hjá Galaxy. NORDICPGOTOS/AFP

Luis Figo er eftirsóttur:

# Galaxy vill Figo með Beckham

**FÓTBOLTI** Alexei Lalas, stjóri LA Galaxy, vonast til þess að lokka Luis Figo til sín. Eins og kunnugt er hefur David Beckham skrifað undir samning við félagið og vonast Lalas eftir því að sameina stjörnunar.

Figo neitaði nýverið að fara til Al Ittihad í Sádi-Arabíu auk þess sem hann hefur útilokað að ganga til liðs við annað félag í Evrópu þegar hann fer frá Inter í sumar. Þá standa Bandaríkin eftir sem augljós kostur.

„Við vitum að Figo er á lausu og við erum að fylgjast náið með ástandi hans. Ef hann hefur áhuga á því að koma til Bandaríkjanna munum við gera allt sem við getum til að fá hann til okkar,“ sagði Lalas. - hþh


**HENIN** Býst við erfiðri viðureign gegn hinni 19 ára gömlu Önu Ivanovic. NORDICPHOTOS/AFP

Opna franska meistaramótið:

# Henin getur varið titilinn

**TENNIS** Justin Henin er komin í úrslit opna Franska meistaramótsins í tennis eftir öruggan sigur á Jelenu Jankovic í undanúrslitunum í gær. Henin vann leikinn í tveimur settum, 6-2 og 6-2, en þetta er þriðja árið í röð sem hún kemst í úrslit. Hún mætir Önu Ivanovic í úrslitunum en hún lagði Mariu Sharapovu í hinum undanúrslitaleiknum.

„Ég bjóst við erfiðari leik gegn Jankovic. Við höfum marga hildi háð en ég held að hún hafi misst sjálfstraustið eftir fyrsta settið. Þetta verður mjög erfiður úrslitaleikur gegn Ivanovic,“ sagði Henin. - hþh


**REINA** Framlengdi samning sinn í gær til 2012. NORDICPHOTOS/AFP

Þrír lykilmenn hjá Liverpool:

# Framlengja samninga sína

**FÓTBOLTI** Þeir Jose Reina, Xabi Alonso og Momo Sissoko hafa allir skuldbundið sig Liverpool til framtíðar. Reina skrifaði undir framlengingu á samningi sínum í gær en bæði Alonso og Sissoko hafa verið undir smásjá stórliða í Evrópu. Þeir ætla þó báðir að skrifa undir nýja samninga við Liverpool á næstu dögum.

Barcelona vonaðist eftir því að krækja í Alonso og Juventus var talið hafa boðið 10 milljónir punda í Sissoko. - hþh

Eggert Magnússon réð Eyjólf Sverrisson til að ná betri árangri en forverarnir, Ásgeir og Logi:

# Eyjólfur með svipaðan árangur og Ásgeir og Logi

**FÓTBOLTI** Þegar Eggert Magnússon, þáverandi formaður KSÍ, ákvað að framlengja ekki samninga við Ásgeir Sigurvinsson og Loga Ólafsson var ástæðan einföld. Óviðunandi árangur. Eggert vildi betri árangur og þess vegna skipti hann tvímenningunum út fyrir Skagfirðinginn Eyjólf Sverrisson.

„Við eigum marga ágæta knattspyrnumenn og þess vegna á landsliðið að geta verið frambærilegt. Árangurinn í undankeppni HM var ekki nægilega góður. Við fengum færri stig heldur en landslið þjóða sem hafa ekki verið betri en við fram að þessu. Það skiptir miklu máli fyrir okkur að ná ásættanlegum árangri,“ sagði Eggert við Fréttablaðið 15. október 2005. Hann bætti síðan við: „Það er mikilvægt fyrir fjármál sambandsins og andlit okkar út á við að árangurinn sé ásættanlegur og þess vegna verðum við að gera kröfu um betri árangur en náðist í síðustu undankeppni.“ Svo mörg voru þau orð.

Landsliðið vann einn leik, gerði eitt jafntefli og tapaði átta leikjum í undankeppni HM undir stjórn Ásgeirs og Loga. Landsliðið er búið að vinna einn leik, gera eitt jafntefli og tapa fimm leikjum í undankeppni EM undir stjórn Eyjólfs. Markatala Ásgeirs og Loga var 14-27 en markatala Íslands í undankeppni EM er 5-15. - hbg


**EKKI STAÐIÐ UNDIR VÆNTINGUM** Eggert og Eyjólfur sjást hér við undirskriftina á sínum tíma. Eggert réð Eyjólfi til þess að ná árangri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



ÍSLENSKA / SIA.IS / LBI 37994 06/2007




Landsbankadeild karla aftur af stað í kvöld:

# Víkingar geta skotist upp í annað sæti

**FÓTBOLTI** Í kvöld hefst fimmta umferð Landsbankadeildar karla með leik Víkings og Breiðabliks í Víkinni í kvöld. Fyrrnefnda liðið hefur komið á óvart í vor og vann til að mynda góðan sigur á KR, 2-1, í síðustu umferð.

Blikar hafa hins vegar ekki enn innbyrt sigur í mótinu þrátt fyrir að hafa spilað ágætlega í sínum leikjum. Hjörvar Hafliðason, markvörður liðsins, á við meiðsli að stríða og verður því ekki með liðinu í kvöld.

Ólafur Kristjánsson, þjálfari Blika, hefur fengið danskan markvörð til liðs við félagið en sá heitir Casper Jabobsen og kemur frá Álaborg.

Leikurinn hefst klukkan 19.15.

- esá



**ARNAR GRÉTARSSON** Verður væntanlega í slagnum í kvöld. Hér á hann í baráttu við Sigmund Kristjánsson, KR-ing. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eggert Magnússon:

# Tevez fer hvergi

**FÓTBOLTI** Eggert Magnússon, stjórnarformaður West Ham, ítrekar að Carlos Tevez sé ekki á leiðinni frá félaginu. Helstu stórlið Evrópu hafa rennt hýru auga til Tevez sem gaf það til kynna nýverið að það sé tími til kominn fyrir hann að fara til stærra liðs.



**EGGERT MAGNÚSSON**

„Þetta er mjög einfalt, Carlos Tevez er með samning við klúbbinn í þrjú ár. Hann er frábær leikmaður og drengur góður. Allir í kringum klúbbinn dýrka hann," sagði Eggert um langbesta leikmann Hamranna á síðasta tímabili.

- hþh

# Lisa Ekdahl hefði verið sókndjarfari gegn Tyson

**Simon Bank er einhver þekktasti íþróttablaðamaður Svíþjóðar. Í umfjöllun sinni um leikinn í Aftonbladet segir hann að hann hafi aldrei séð jafn skelkað lið og Ísland. Liðið hafði engan áhuga á að sigra Svía á Råsunda í fyrrakvöld.**

**FÓTBOLTI** „Ég veit í alvörunni ekki hvers konar leikur þetta var. Ég hef séð Svíþjóð leika gegn Moldóvíu, Liechtenstein, Maltu og San Marínó – en aldrei hef ég séð jafn hrætt og skelkað lið eins og íslenska landsliðið. Það mætti til leiks eftir að hafa gert 1-1 jafntefli við Liechtenstein og það var ekki minnsti áhugi til staðar að vinna leikinn. Allt snerist um að tapa ekki of stórt og upplifa ekki enn eina niðurlæginguna."

Þannig skrifar Simon Bank, einhver þekktasti íþróttablaðamaður Svía, um íslenska landsliðið í Aftonbladet í gær. Hann segir að sænska þjóðin ráði sér vart af kæti eftir 5-0 sigur á Íslendingum í fyrrakvöld en fyrir vikið eru Svíar komnir með annan fótinn inn á EM í Austurríki og Sviss á næsta ári.

Máli sínu til stuðnings nefnir hann dæmi snemma úr landsleik Svíþjóðar og Íslands í fyrrakvöld.

„Þegar Ísland fékk aukaspyrnu á fínum stað í upphafi leiksins fóru Ívar Ingimarsson, Brynjar Gunnarsson og Hannes Sigurðsson inn í teiginn til að reyna að skalla boltann að marki. Hinir átta í liðinu urðu eftir heima til að standa vörnina. Lisa Ekdahl hefði ekki verið svo varnarsinnuð í boxhringnum gegn Mike Tyson," skrifar Bank.

„Þetta var í raun enginn leikur. Það var boðið upp á mikið af mörkum, hlægileg marktækifæri og leikmenn brostu sínu blíðasta. Þetta var einn risastór brandari með íslensku vörnina í aðalhlutverki."

Og hann heldur áfram á svipuðum nótum.

„Þetta var afar merkilegur leikur. Ef leikurinn gegn Dönum hefði verið bannaður börnum var leikurinn við Ísland á Råsunda þannig að það hefði mátt koma fyrir barnavögnum, kettlingum og öllu DVD-safni Anders Svensson á vallarhelmingi Svía."

Hann vitnar svo í tvo leikmenn Svía sem segja ansi margt um upplifun þeirra af leiknum og íslenska liðinu.

„Ég skil ekki hvað þeir voru að gera," sagði Petter Hansson, varnarmaður Svía. „Þeir vildu bara ekki neitt," sagði Svensson.

Bank lýkur svo umfjöllun sinni á þessum nótum. „5-0. Hvað er hægt að segja við því. Ísland þorði ekki að spila og Svíþjóð þurfti þess ekki."

eirikur@frettabladid.is



**MIKIÐ HLEGIÐ** Simon Bank segir að landsliðið hafi fært eitt stórt bros á sænsku þjóðina í fyrrakvöld og allir hefðu farið hlægjandi inn í nóttina. NORDIC PHOTOS/AFP



**LISA EKDAHL** Simon Bank telur að söngkonan smávaxna hefði verið sókndjarfari í boxhringnum gegn Mike Tyson en íslenska landsliðið var gegn Svíum á Råsunda í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

Birgir Leifur Hafþórsson spilaði á evrópsku mótaröðinni í gær:

# Átti ágætan dag í Austurríki

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson lék fyrsta hringinn á austurríska mótinu á Evrópumótaröðinni í golfi í Vín á einu höggi undir pari í gær. Birgir fékk tvo skolla og þrjá fugla. „Ég er ágætlega sáttur við hringinn. Ég lék nokkuð stöðugt golf. Með smá heppni hefði ég alveg getað verið 2-3 betri en það er ekki slæmt að vera einn undir," sagði Birgir Leifur við Kylfing.is.

„Ég átti fá slæm högg og hitti 15 flatir í tilskyldum höggafjölda. Ég var ágætur á flötunum en hefði vissulega getað sett niður 2-3 fleiri pútt fyrir fuglum," sagði Birgir Leifur.

- hþh



**BIRGIR LEIFUR** Með heppni á hann að geta leikið betur en í gær. FRÉTTABLAÐIÐ



**THEODÓR ELMAR** Átti fínan leik með landsliðinu sem fékk stóran skell í Svíþjóð í vikunni þar sem hann var valinn besti leikmaður Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Theodór Elmar Bjarnason líklega áfram í Skotlandi:

# Það eru spennandi tímar framundan

**FÓTBOLTI** Theodór Elmar Bjarnason mun líklega framlengja samning sinn við Celtic á næstu dögum. Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Theodórs, var í Englandi í gær þar sem hann var í viðræðum við forráðamenn Celtic en hann vildi ekkert segja til um hvernig samningaviðræðurnar gengu þegar Fréttablaðið talaði við hann í gærkvöldi.

„Ef þeir samþykkja það sem við höfum lagt á borðið þá framlengi ég samninginn minn,“ sagði Theodór Elmar í gær en hann fer fram á að hækka í launum hjá félaginu. Það verður að teljast skiljanlegt miðað við framgöngu hans hjá félaginu undanfarið en hann braut sér leið inn í aðallið félagsins undir lok tímabilsins í Skotlandi.

Theodór er nú staddur á Íslandi þar sem hann er í kærkomnu fríi. „Það er mjög gott að vera kominn heim og fá smá tíma til að slappa af með fjölskyldu og vinum,“ sagði Theodór sem var einmitt á leið að fá sér að borða með Kjartani Henry Finnbogasyni sem var með honum í Celtic.

Ef samningaviðræðurnar við Celtic ganga ekki upp á Theodór nokkra ása uppi í erminni. „Það eru mörg lið sem hafa sýnt mér áhuga. Við höfum fengið tilboð frá Danmörku og það eru nokkur lið í Noregi sem vilja fá mig. Svo skoðum við okkur eflaust um á Englandi líka,“ sagði Theodór um leið og Kjartan skaut því inn í samtalið að þeir myndu að sjálfsögðu finna sér saman klúbb á Englandi, við mikið hlátraskall.

Theodór Elmar ræddi við Gordon Strachan, stjóra Celtic, um framtíð sína hjá félaginu áður en hann hélt til Íslands til að spila með landsliðinu áður en sumarfríið tók við. „Ég ræddi við Strachan og hann lofaði því að ég fengi að spila meira á næsta tímabili. Hann sagði líka að það yrði mjög stórt tímabil fyrir mig. Það er ljóst að það eru spennandi tímar framundan hjá Celtic,“ sagði Theodór sem var vongóður um að framlengja samning sinn hjá skosku risunum.

- hþh

RÝMINGARSALA
allar vörur með
50-90%
afslætti
stendur aðeins til 16. júní
TOPMAN
SMÁRALIND I 522 8383

Allt á einum stað
Allt á einum stað



ART-BÍLALIST
BÍLABREYTINGAR
Opnum á laugardaginn 9/6
fjölbreyttasta breytingarverkstæði á landinu
Hljómtæki & ísetningar
Filmuísetningar 10 ára reynsla
Plastsérsmíði
Réttingar & málun
Aukahlutir í miklu úrvali
Mótorhjólabreytingar & viðgerðir
Bremsuviðgerðir
Bón & Þvottur í sérflokki
Bílar, bátar & hjól við breytum öllu
www.artbilalist.is Dvergshöfða 27 567-8080



**ROBBEN** Er miðunktur athyglinnar hjá Chelsea þessa dagana. NORDICPHOTOS/AFP

Forráðamenn Chelsea ósáttir:

## Ætla að kæra Real Madrid

**FÓTBOLTI** Peter Kenyon, stjórnarformaður Chelsea, segir að félagið ætli sér að kæra Real Madrid til FIFA. Aðdragandinn er sá að Real lýsti því yfir í gær að það hefði sett sig í samband við Arjen Robben um að hann kæmi hugsanlega til Spánar í sumar.

„Við vitum að forráðamenn Real Madrid hafa verið að tala við Arjen. Að því gefnu munum við skrifa FIFA og biðja það að rannsaka ólöglegar starfsaðferðir Real Madrid,“ sagði Kenyon í gær.

- hþh



**LEIKMENN TOTTENHAM** Fá líklega ekki nýjan eiganda. NORDICPHOTOS/AFP

Norskur milljarðamæringur:

## Gæti boðið í Tottenham

**FÓTBOLTI** John Fredriksen, áttundi ríkasti maðurinn sem búsettur er á Bretlandseyjum, vill samkvæmt fréttum á Englandi og heimalandi sínu Noregi, ólmur eignast Tottenham Hotspur. Til þess þarf hann að reiða fram yfir 200 milljónir punda til ENIC sem á 66% hlut í félaginu eftir að gengið var frá kaupum á hluteign Alan Sugar í gær.

Tor Olav Trøim, hægri hönd Fredriksen, dró úr fregnunum við norska fjölmiðla í gær. „Við höfum meira en nóg með eina fjárfestingu í knattspyrnu,“ sagði Trøim en Fredriksen á hlut í Vålerenga.

- hþh

# Árangur íslenska landsliðsins bliknar í samanburði við það finnska

**Í ársbyrjun 2006 var skipt um landsliðsþjálfara á Íslandi og Finnlandi. Eyjólfur Sverrisson var ráðinn hér en Roy Hodgson tók við Finnum. Samanburður á gengi liðanna síðan þá er vægast sagt neikvæður fyrir Ísland.**

**FÓTBOLTI** Það eru sjálfsagt flestir sparkspekingar sammála því að Ísland og Finnland ættu að eiga svipuð sterk knattspyrnulandslið karla. Finnar hafa þó yfirleitt staðið sig betur á alþjóðavettvangi hverju sem það sætir þó svo að Ísland hafi á sínum stærstu stundum verið fyrir ofan Finna á styrkleikalista FIFA.

Ef nánar er rýnt í liðin kemur í ljós að þau eiga margt sameiginlegt. Hvorugt hefur komist á úrslitakeppni stórmóts og undanfarin ár hefur það verið yfirlýst stefna að blanda sér í hóp þeirra landa sem berjast um sæti á stórmóti.

Síðustu ár hefur Finnum gengið mun betur í þeirri baráttu en Íslendingum. Um svipað leyti, í ársbyrjun 2006, tóku nýjir menn við stjórnartaumunum í karlalandsliðum landanna. Eyjólfur Sverrisson stýrði sínum fyrsta leik sem þjálfari íslenska landsliðsins og Englendingurinn Roy Hodgson tók við Finnum.

Finnar ákváðu að liðinu væri best borgið með erlendan þjálfara við stjórnvölinn og náðu því hinn mjög svo reynda Hodgson sem gerði garðinn frægan með landsliði Sviss á tíunda áratugnum. Hann kom Sviss á bæði HM 1994 og EM 1996.

Það er saman hvar niður er komið á þessum átján mánuðum þegar árangur liðanna er borinn saman. Finnland hefur leikið mun fleiri æfingaleiki, unnið fleiri sigra, skorað fleiri mörk og fengið á sig færri mörk. Finnar eru með fjórtán stig í sínum riðli í undankeppni EM, Ísland með fjögur.

Á meðan íslenska liðið var niðurlægt í Stokkhólmi unnu Finnar afar góðan sigur á Belgum, 2-0.

Timo Jarvio, íþróttablaðamaður á Helsingin Sanomat, einu stærsta dagblaði Finnlands, segir að það ríki jákvætt andrúmsloft í kringum finnska landsliðið.

„Þetta hefur gengið upp og ofan en í dag er stemningin afar góð. Hodgson hefur þurft að gera ýmsar breytingar á liðinu og komið með mikið af yngri leikmönnum í liðið sem hefur reynst vel. Menn eins og Jari Litmanen er kominn vel á aldur og er þar að auki alltaf meiddur og því hefur hann þurft að byggja upp nýtt lið án hans.“

Gegn Belgum vantaði marga sterkustu leikmenn Finna. Sami Hyypia var í banni, Litmanen og Teemu Tainio hjá Tottenham meiddir.

Íslendinga vantaði gegn Svíum þá Eið Smára Guðjohnsen (í banni), Hermann Hreiðarsson og Gunnar Heiðar Þorvaldsson (meiddir).

Jarvio var gáttaður þegar talið barst að íslenska liðinu. „Mér hefur alltaf fundist að Ísland hafi átt betri leikmenn en við Finnar. Samt virðist það sjaldan skila sér í bættum árangri íslenska landsliðsins.“

eirikur@frettabladid.is



**EYJÓLFUR SVERRISSON OG ROY HODGSON** Tóku við landsliðum Íslands og Finnlands á svipuðum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON - NORDIC PHOTOS/AFP

### ÍSLAND OG FINNLAND

**Hér fyrir neðan má finna samanburð á árangri landsliða Íslands og Finnlands síðustu átján mánuði, undir stjórn Eyjólfs Sverrissonar hjá Íslandi og Roy Hodgson hjá Finnum.**

| EM 2008 | ÍSL | FIN |
|---|---|---|
| Sigurleikir | 1 | 4 |
| Jafntefli | 1 | 2 |
| Töp | 5 | 2 |
| Mörk skoruð | 5 | 9 |
| Mörk fengin á sig | 15 | 5 |
| Haldið hreinu | 1 | 4 |
| Meðaltal stiga á leik | 0,6 | 1,8 |
| Mt. mörk skoruð | 0,7 | 1,1 |
| Mt. mörk fengin | 2,1 | 0,6 |

| VINÁTTULEIKIR | ÍSL | FIN |
|---|---|---|
| Fjöldi leikja | 2 | 7 |

| ÞJÁLFARARNIR | ÍSL | FIN |
|---|---|---|
| Fjöldi leikja | 9 | 15 |
| Sigurhlutfall | 11% | 27% |
| Markatala | -12 | 0 |

| LEIKMENNIRNIR | ÍSL | FIN |
|---|---|---|
| Fjöldi atvinnum. | Um 50 | Um 70 |
| Enska úrvalsdeildin | 7 | 4 |
| Spænska úrvalsd. | 1 | 0 |
| Þýska úrvalsd. | 1 | 1 |
| Ítalska úrvalsd. | 0 | 3 |
| Hollenska úrvalsd. | 2 | 2 |
| Sænska úrvalsd. | 8 | 7 |
| Norska úrvalsd. | 14 | 6 |
| Danska úrvalsd. | 0 | 2 |

**Risa tilboð, aðeins þessa helgi 500.000 kr afsláttur**

Sunlight

**Þýsk gæðaframleiðsla frá Hymer fjölskyldunni**




Sunlight T63, verð 5.990.000
Nú aðeins 5.490.000
* tilbúnir til afhendingar í byrjun júli.

**Gerið verðsamanburð, sambærilegir bílar um 7.000.000,-**

**Opnunartími**
Mán - Fös 10.00-18.00
Lau 13.00-17.00 • Sun 13.00-16.00

**Hobbyhúsið**
Dugguvogi 12 • 104 Reykjavík • Sími 517 7040 • www.hobbyhusid.is

**Ford Transit 2,2 TDCI**

2,2 L Diesel
130 Hestöfl
Skriðstillir
Öryggispúðar í mælaborði

ABS hemlakerfi
Varadekk/tjakkur
Heildarlengd 668 cm

Heildarbreidd 230 cm

Útdregið rafmagnsþrep

Rafdrifnar rúður
Rafdrifnir speglar
Útvarp með CD,fjarsýring í stýri

Stöðuleikatjakkar
Loftkæling
Toppgrind og stigi
Stór þakgluggi
Baðherbergi með klósetti
og aðskilinni sturtu

Undankeppni EM 2008 er rétt rúmlega hálfnuð:

## Sex þjóðir steinlegið oftar en einu sinni

**FÓTBOLTI** Sænska pressan hefur gert mikið grín af íslenska landsliðinu eftir frammistöðuna á Råsunda-vellinum í fyrrakvöld og á fleirum en einum stað mátti finna umræðu um hvort að svokallaðar C-þjóðir eigi að fara í sérstaka undankeppni. Það þarf ekki að taka það fram að þeir skella íslenska knattspyrnulandsliðinu í hóp slökustu þjóða álfunnar.

Það er kannski ekki auðvelt að alhæfa um hvaða þjóðir teljist vera í hópi C-þjóða en ein leiðin er að skoða hvaða þjóðir hafa steinlegið oftar en einu sinni í undankeppninni sem stendur nú yfir. Að steinliggja í leik telst hér vera að tapa leik með fjórum mörkum eða meira. Eftir 0-4 tap gegn Lettum og 0-5 tap gegn Svíum er íslenska landsliðið í hópi með aðeins sex öðrum þjóðum. Fjórar af þessum þjóðum er enn stigalausar í undankeppninni og ein þeirra hefur ekki náð að skora eitt einasta mark í sjö leikjum. Þær þjóðir sem standa best eru Ísland og Liechtenstein sem hafa báðar hlotið fjögur stig í 7 leikjum. Lúxemborg gæti vel talist til þessa hóps en liðið hefur ekki tapað með meira en þremur mörkum þrátt fyrir að hafa tapað öllum sjö leikjum sínum.

- óój



**ERFITT** Grétar Rafn Steinsson glímir við Freddie Ljungberg á miðvikudaginn. NORDICPHOTOS/AFP

**FLEST STÓRTÖP Í EM TIL ÞESSA:**

**4 SAN MARÍNÓ (0-13, 0-7, 0-5, 0-6)**
3 FÆREYJAR (0-6, 0-6, 0-5)
**3 ANDORRA (0-5, 1-7, 0-4)**
2 ÍSLAND (0-4, 0-5)
**2 MOLDAVÍA (0-5, 0-4)**
2 EISTLAND (0-4, 0-4)
**2 LIECHTENSTEIN (0-4, 0-4)**

# Ótrúlegt verð

Öll raftæki fást í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum



**29.990kr**
Verð áður 39.990,-

**United 15" LCD skjár** LTV15L52
• 15" 4:3 LCD Sjónvarp • Digital Comb Filter • 8w Nicam stereó hljóðkerfi • 12V og 220V • Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • Svefnrofi og fjarstýring • Borðstandur fylgir • Stærð í cm (bxhxd): 38,3x31,6x6,5



**3.990kr**
Verð áður 4.990,-

**Lenco ferðatæki** SCD24
Lítið og nett ferðatæki með útvarpi og geislaspilara.



**4.990kr**
Verð áður 6.990,-

**Philips ferðatæki** AZ1022
Einfalt og gott ferðatæki með geislaspilara, útvarpi og segulbandi.



**26.990kr**
Verð áður 32.995,-

**Lenco ferða DVD spilari með tveimur 7" LCD skjám** MES210
• Tveir 7" LCD breiðtjaldskjáir • Fjölkerfa DVD spilari
• Spilar DVD, DVD+R/RW • Spilar CD, CD+R/RW, MP3 og JPEG
• Innbyggðir hátalarar • Heyrnartólstengi • Dolby Digital
• Hristivörn • 12v • Fjarstýring fylgir



**16.990kr**
GOTT VERÐ

**Dantax glæsilegur ferða DVD spilari með 7" LCD skjá** DVDP7
• Fjölkerfa DVD spilari - Silfurlitaður
• 7" LCD breiðtjaldsskjár
• Spilar DVD, DVD-R/RW, DVD+R/RW og (S)VCD
• Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
• Dolby Digital
• Heyrnartólstengi
• Coaxal útgangur
• Hleðslurafhlaða fylgir
• Spennubreytir fylgir
• Taska og fjarstýring fylgja



**24.990kr**
GOTT VERÐ

**Philips glæsilegur ferða DVD spilari með 7" LCD skjá** PET706
• Fjölkerfa DVD spilari - Silfurlitaður
• 7" LCD breiðtjaldsskjár með 480x234 pixela upplausn
• Hristivörn
• Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD
• Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
• Dolby Digital
• AV inn/út og 2 heyrnartólstengi
• Digital coaxal útgangur
• Hleðslurafhlaða fylgir sem endist í allt að 2 klukkutíma
• Spennir fyrir 110-240V - 50/60Hz og tengi í bíl fylgir
• Fjarstýring fylgir



**49.990kr**
GOTT VERÐ

**20" Dantax LCD skjár** 20LCDV7
• 20" 4:3 LCD sjónvarp
• Upplausn: 800x600 punktar
• Svartími: 8ms og sjónsvið (h/v): 150/130°
• Skerpa: 700:1 og 500cd/m2
• 12v og 220v
• Nicam stereó hljóðkerfi
• 2 Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
• VGA tengi
• Textavarp með 7 síðna minni
• Barnalæsing og fjarstýring
• Borðstandur og veggfesting fylgja
• Mál í cm (bxhxd): 52,3x43,5x7,9 og þyngd: 9kg

Gildir til 14. júní eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## > Zach Braff

Er um þessar mundir talinn ein mesta vonarstjarna Hollywood enda hefur Braff sannað hæfileika sína svo um munar í sjónvarpsþáttunum Scrubs og einnig í myndinni Garden State sem hann leikstýrði sjálfur. Fyrsta kvikmyndin sem Braff lék í var Woody Allen-myndin Manhattan Murder Mystery frá árinu 1993 en sú síðasta var The Ex sem frumsýnd var í síðasta mánuði í Bandaríkjunum. Braff hefur nýja mynd á prjónunum en hún heitir Open Hearts og verður forvitnilegt að sjá hvort hún standist hinni frábæru mynd Garden State snúninginn en sú mynd er einmitt sýnd á Stöð 2 Bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS TEITSSON ÚTFÆRIR SNJALLA HUGMYND

# Þú hefur ekki misst af neinu



Allt fram streymir endalaust á tölvuöld og enginn veit sína ævina fyrr en öll er. Allt er á hverfanda hveli og breytingum háð. Svo er það og þannig er það nú. Breytingar eru það eina sem er stöðugt, ekki síst í hinum síkvika sjónvarpsheimi. Nýjar stöðvar spretta fram og deyja og hinar umturnast í takt við kröfur nýrra kynslóða.

Ein merkilegasta breytingin sem hefur átt sér stað síðari ár í ljósvakamiðlum er Plúsinn. Stöð 2 reið á vaðið með Stöð 2 Plús, sem sýndi nákvæmlega sama efni og móðurstöðin nema bara klukkutíma síðar. Tímaferðalög hafa löngum verið mannskepnunni hugleikin og þarna varð sá draumur að veruleika að geta farið heilan klukkutíma aftur í tímann og horft á dagskrána eins og maður væri staddur í Síerra Leóne og væri með áskrift að Stöð 2. Með 22 plúsrásum í viðbót væri búið að dekka öll tímabelti jarðarinnar og allir væru sáttir. Plúsinn svínvirkar og þú hefur ekki misst af neinu þó þú sért upptekin(n) á auglýstum tíma dagskrárliðsins. VHS-upptökutækið er orðið óþarft.

Plúsinn var þvílíkt snilldarbragð að hver ljósvakamiðillinn á eftir öðrum hefur beitt sama bragðinu og bætt við sig heilli rás án þess að þurfa að framleiða meira efni. Nú er hins vegar kominn tími til að aðrar tegundir fjölmiðla sláist í hópinn. Ég hef því stungið upp á því við yfirmenn 365 að plúshugmyndin verði yfirfærð á prentmiðilinn sem þú ert nú með í höndunum. Þannig yrði til nýr og glæsilegur hliðarmiðill, Fréttablaðið Plús, sem væri einfaldlega sama blað borið í sömu hús sólarhring síðar fyrir þá sem náðu ekki eða nenntu ekki að lesa blaðið í fyrsta umgangi. Undirtektirnar hafa til þessa verið dræmar en ég er þess fullviss að hugmyndin verði að veruleika. Þetta á ekki að geta klikkað.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** One Tree Hill SKJÁREINN



▶ **21.15** Flightplan STÖÐ 2



▶ **22.00** Garden State STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.20** Analyze That RÚV



▶ **22.45** Bones SIRKUS

## SJÓNVARPIÐ

**6.35 14-2**
**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Músahús Mikka** (10:28)
**18.30 Ungar ofurhetjur** (4:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Pollýanna** Bandarísk fjölskyldumynd frá 1960 um kraftmikla og bjartsýna stúlku sem hefur góð áhrif á alla sem hún hittir. Leikstjóri er David Swift og meðal leikenda eru Hayley Mills, Jame Wyman, Agnes Moorehead og Adolphe Menjou.
▶**22.20 Meiri sálgreining** (Analyze That) Bandarísk gamanmynd frá 2002. Mafíuforingi sem þarf á sálfræðiaðstoð að halda þegar hann losnar úr fangelsi kemst að því að sálfræðingurinn hans er sjálfur þjakaður af streitu og hjálpar þurfi. Leikstjóri er Harold Ramis og meðal leikenda eru Robert De Niro, Billy Crystal og Lisa Kudrow. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.55 Vaxtarverkir** (Igby Goes Down) Bandarísk bíómynd frá 2002 um 17 ára strák sem sækir í faðm eldri kvenna eftir að mamma hans fær krabbamein og pabbi hans veikist á geði. Leikstjóri er Burr Steers og meðal leikenda eru Kieran Culkin, Claire Danes, Jeff Goldblum, Amanda Peet, Ryan Phillippe, Bill Pullman og Susan Sarandon. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**01.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Be Cool** (Vertu svalur)
**08.00 Blue Sky** (e)
**10.00 Lóa og leyndarmálið** (e)
**12.00 13 Going On 30**
**14.00 Blue Sky** (e)
**16.00 Lóa og leyndarmálið** (e)
**18.00 13 Going On 30**
**20.00 Be Cool** Framhald hinnar geysivinsælu gáskafullu glæpamyndar Get Shorty.
▶**22.00 Garden State** Gráglettin og áhrifamikil verðlaunamynd með Zack Braff úr Scrubs og Natalie Portman.
**00.00 Nine Lives**
**02.00 House of 1000 Corpses**
**04.00 Garden State** (Garðríkið)

## STÖÐ 2

**07.20 Myrkfælnu draugarnir**
**07.30 Barney**
**07.55 Myrkfælnu draugarnir**
**08.10 Í fínu formi 2005**
**08.25 Oprah**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Forboðin fegurð**
**10.15 Derek Acorah´s Ghost Towns**
**11.00 Fresh Prince of Bel Air 5**
**11.25 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Forboðin fegurð** (13:114)
**13.55 Forboðin fegurð** (14:114)
**14.40 The Apprentice LOKAÞÁTTUR**
**15.50 Kringlukast** (BeyBlade)
**16.13 Batman**
**16.38 Titeuf**
**17.03 Justice League Unlimited**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons** (18:22) (e)
**20.05 The Simpsons** (19:22)
▶**20.30 Leitin að strákunum** ÚRSLITAÞÁTTUR
**21.15 Flightplan** Kyle er nýorðin ekkja og ákveður að fljúga með dóttur sína frá heimili þeirra í Berlín til Bandaríkjanna. Kyle sofnar í flugvélinni en þegar hún vaknar aftur er dóttir hennar horfin. Martröðin hefst þó ekki fyrir alvöru fyrr en Kyle er sagt að hún eigi enga dóttur. Aðalhlutverk: Jodie Foster. 2005. Bönnuð börnum.
**22.55 The Last Minute** Dularfull spennumynd. 2001. Stranglega bönnuð börnum.
**00.35 Trail of the Pink Panther** Frábær gamanmynd þar sem hinn ótrúlega snjalli rannsóknarlögreglumaður Clouseau sýnir allar sínar bestu hliðar. Aðalhlutverk: Peter Sellers, David Niven. Leikstjóri. Blake Edwards. 1982. Leyfð öllum aldurshópum.
**02.10 Equilibrium** Hágæðaframtíðartryllir þar sem tilfinningar fólks eru fótum troðnar. 2002. Stranglega bönnuð börnum.
**03.55 Leitin að strákunum** (8:9)
**04.40 The Simpsons**
**05.00 The Simpsons**
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá á samtengdum rásum Stöðvar 2 og Sirkuss.
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The War at Home** (6:22) Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu. Þar er alltaf líf og fjör enda sjá foreldrarnir ekki hlutina sömu augum og unglingarnir gera. Geta Vicky og Dave virkilega skammað krakkana sína fyrir að gera eitthvað sem þau gerðu sjálf í æsku? Drepfyndnir gamanþættir um heimilislífið og vandamálin þar á bæ.
**20.10 Entertainment Tonight**
**20.40 Daisy Does America** (7:8) Í þáttunum um Daisy ferðast breska gamanleikkonan Daisy Donovan um Bandaríkin í þeim tilgangi að uppfylla ameríska drauminn og tileinka sér hina undarlegustu siði Bandaríkjamanna. Hún gerir grín að sjálfri sér og hinum ýmsu furðufuglum sem verða á vegi hennar. Aðalframleiðandi þáttanna er leikkonan Courteney Cox úr Vinum.
**21.10 Night Stalker** (5:10) (Burning Man) Þættirnir eru endurgerð samnefndra þátta sem slógu í gegn á áttunda áratug síðustu aldar. Bönnuð börnum.
**22.00 Standoff** (13:18) Matt og Emily þurfa að skipta liði þegar tvö gíslatökumál koma upp á sama tíma. Þau eru vön því að leita stuðnings hvort hjá öðru og því verður þetta sérlega erfitt. 2006.
▶**22.45 Bones** (6:21) Þegar stór sprenging verður á hóteli í Miami mæta Brennan og Booth á staðinn og reyna að komast til botns í því hvað gerðist. Bönnuð börnum.
**23.30 American Inventor (11.15) (e)**
**00.15 The War at Home (6:22) (e)**
**00.40 Entertainment Tonight** (e)
**01.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**14.00 European Open Poker** (e)
**15.30 Vörutorg**
**16.30 Queer Eye for the Straight Guy**
**17.30 Beverly Hills 90210** Bandarísk unglingasería.
**18.15 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 All of Us - NÝTT** Fjölmiðlamaðurinn Robert James er nýskilinn við eiginkonu sína og barnsmóður, Neesee, en hann er staðráðinn í að afsanna þjóðsöguna um að skilnaður útiloki að hægt sé að láta sér lynda við þá fyrrverandi.
▶**20.00 One Tree Hill** Bandarísk unglingasería þar sem húmor, dramatík og bullandi rómantík fara saman. Unglingarnir halda í ferðalag til að bjarga Mouth úr vandræðum. Haley og Nathan fá annað tækifæri til að vera saman og Lucas og Payton ákveða að færa sambandið á næsta stig.
**21.00 The Bachelor** (2:8) Þetta er níunda þáttaröðin og piparsveinninn að þessu sinni er ítalskur prins. Hann heitir Lorenzo Borghese og er mikill sjarmör. Það eru 12 stúlkur eftir og þær koma sér fyrir í lúxusvillu í Toskana. Lorenzo hefur aðeins níu rósir og sendir því þrjár stelpur heim í kvöld.
**22.00 Kidnapped** (8:13) Syni milljónamærings er rænt og hann ræður sérfræðing til að endurheimta strákinn. Sá starfar utan ramma laganna og kemst fljótt á sporið. Lífvörður Leopolds óttast að það sé verið að gera hann að blóraböggli og er staðráðinn í að finna strákinn sjálfur.
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 European Open Poker (15.16)**
**00.45 The Dead Zone (e)**
**01.35 Beverly Hills 90210 (e)**
**02.20 Tvöfaldur Jay Leno (e)**
**04.00 Vörutorg**
**05.00 Óstöðvandi tónlist**




LEYNILEIKHÚSIÐ
www.leynileikhusid.is
Langar þig að verða leikari þegar þú ert orðinn stór ?
Frábær leiklistarnámskeið hefjast 18. júní.

| 9-10 ára: | 11-12 ára: | 13-15 ára: |
|---|---|---|
| 18.-22. júní<br>25.-29. júní<br>16.-20. júlí | 2.-6. júlí<br>23.-27. júlí | 9.-13. júlí |

Kennsla fer fram í Tjarnarbíói alla virka daga frá kl. 10 - 14.
Kennarar frá leikhópnum Vesturporti.
Verð kr. 22.900.- 20% systkina-afsláttur.

SKEMMTILEG OG KREFJANDI NÁMSKEIÐ fyrir áhugasama og duglega krakka og unglinga sem ólga af sköpunarkrafti. Persónuleg kennsla atvinnuleikara og –leikstjóra í atvinnuleikhúsi. Valdir þátttakendur verða kallaðir í leikprufur fyrir næsta leikrit Barna- og unglingaleikhússins. Nemendur fara sjálfkrafa inn á umboðsvef leynileikhússins.

Skráning á www.leynileikhusid.is og í símum 5511742 / 8498877.

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.30
### Leitin að strákunum ÚRSLITAÞÁTTUR!!!

Í kvöld sýnir Stöð 2 æsispennandi úrslitaþátt í Leitinni að strákunum. Leitin hófst með sprenghlægilegum áheyrnarprufum á Akureyri og Hótel Loftleiðum. Aðeins tíu einstaklingar voru valdir til þess að taka þátt í þessum hressilega og alíslenska raunveruleikaþætti en í hverri viku hefur einn keppandi verið sendur heim. Í úrslitaþættinum fá keppendurnir fjórir lokatækifærið til að sýna hvað í þeim býr. Þeir semja og taka upp tvö atriði sem lögð verða fyrir dómnefndina í lok þáttarins. Dómnefndin samanstendur að þessu sinni af upprunalegu Strákunum, þeim Auddu, Sveppa og Pétri.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### THE BACHELOR
### Skjáreinn kl. 21.00

Tilvalið fyrir alla þá sem hafa ekkert að gera á föstudagskvöldi og vilja láta dagdraumana ráða för. Í kvöld verður nóg að gera hjá ítalska sjarmatröllinu Lorenzo. Hann fer á sitt stefnumót og gefur þeirri heppnu gjöf sem vekur upp öfund og afbrýðissemi hjá hinum stelpunum. Lorenzo fer síðan á tvö hópstefnumót með stelpunum sem eftir eru og þar gengur á ýmsu. Tólf stelpur slást um hylli ítalska kappans en þær verða aðeins níu þegar þættinum lýkur í kvöld.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Samtöl um Jökuldalsheiði
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Lífsjátning
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Flakk
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá 1
**8.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Himnaför heilagra mæðgina
**20.00** Valsakóngurinn
**21.00** Kampavín og kalóríur
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Brot af eilífðinni
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07.00 NBA 2006/2007 - Playoff games** (San Antonio - Cleveland)

**17.40 Það helsta í PGA-mótaröðinni** Fylgst er með gangi mála í mótaröðinni, birt viðtöl við kylfinga auk þess sem þeir gefa áhorfendum góð ráð.

**18.05 Gillette World Sport 2007** Íþróttir í lofti, láði og legi. Fjölbreyttur þáttur þar sem allar greinar íþrótta eru teknar fyrir. Þáttur sem sýndur hefur verið í áraraðir við miklar vinsældir.

**18.35 Spænski boltinn - upphitun** Upphitun fyrir alla leiki helgarinnar í spænska boltanum. Hvaða lið mætast? Hvernig hafa síðustu viðureignir þeirra farið? Viðtöl við leikmenn, þjálfara og áhorfendur.

**19.00 Pro bull riding** (Dallas, TX - Frito-Lay Invitational)

**20.00 NBA 2006/2007 - Playoff games** (San Antonio - Cleveland)

**22.00 World Supercross GP 2006-2007**

**23.00 Heimsmótaröðin í Póker 2006** (World Series of Poker 2006)

**23.50 Heimsmótaröðin í Póker 2006**

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**11.55** Aftenshowet **12.20** Hjerterum **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.05** Med rygsæk **13.30** Boogie Listen **14.30** Svampebob Firkant **14.55** Rutsj Klassik **15.30** Fredagsbio **15.40** Pinky Dinky Doo **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** aHA! **19.00** TV Avisen **19.30** The Long Kiss Goodnight **21.25** Nikita **23.20** Boogie Listen

## NRK 1

**12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Dinotopia **13.45** Kid Paddle **14.00** Siste nytt **14.03** Bingo! **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Kos og kaos **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Franklin **16.15** Mekke-Mikkel **16.25** Lure Lucy **16.30** Sauen Shaun **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Retro **18.55** 20 spørsmål **19.25** Inspektør Lynley **21.00** Kveldsnytt **21.15** Colditz **22.45** Pet Shop Boys: Et liv med pop

## SVT 1

**9.15** Kaksi/två **10.00** Rapport **10.05** Hundra år av dansk trädgårdshistoria **12.40** Mitt i naturen **13.10** Vägen till marknaden **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Hundkoll **15.30** Vi i femman **16.00** Lantmusen och stadsmusen **16.30** Tillbaka till Vintergatan **17.00** Polleke **17.30** Rapport **18.00** Doobidoo **19.00** En främling i familjen **20.50** Rapport **21.00** Kulturnyheterna **21.10** Entourage **21.40** Red Planet **23.25** Sändningar från SVT24





Íslensk orkumál og virkjanir – alþjóðleg fyrirmynd í umhverfismálum

Landsvirkjun býður landsmönnum að heimsækja sex stöðvar í sumar þar sem bæði er hægt að kynna sér staðreyndir um umhverfisvæna íslenska orku og skoða fjölbreyttar sýningar um menningu, list og sögu.



„Hvað er með Ásum?"
Ævintýraferð í goðheima fyrir alla fjölskylduna. Goðastyttur Hallsteins Sigurðssonar við texta Árna Björnssonar, þjóðháttafræðings.
**Laxárstöðvar í Aðaldal**



Orka í iðrum jarðar!
Heimsækið gestastofuna í Kröflu, sjáið myndir frá Kröflueldum. Kynnist jarðvarma og orkuvinnslu.
**Kröflustöð í Mývatnssveit**
Opnar 11. júní



Kraftverk
Listaverk sem sjaldan hafa komið fyrir almenningssjónir – mörg hver með áhugaverða sögu sem tengist Landsvirkjun og orkumálum. Kjarval, Ásgrímur, Gunnlaugur Blöndal og fleiri.
**Ljósafossstöð við Sog**



Kynnist Kárahnjúkavirkjun!
Upplýsingar um Kárahnjúkaframkvæmdirnar ásamt ferðamennsku og útivist norðan Vatnajökuls. Góður viðkomustaður áður en haldið er upp á Fljótsdalsheiði.
**Végarður í Fljótsdal**



Líf í Þjórsárdal
Ómissandi viðkomustaður á leiðinni inn á Sprengisand og í Veiðivötn.
**Sultartangastöð ofan Þjórsárdals**



Heimsókn í Húnaþing
Kynnið ykkur orkumál og starfsemi Blöndustöðvar í starfsmannahúsi stöðvarinnar.
**Blöndustöð, Húnaþingi**

Kynnist okkur af eigin raun
Heimsækið Landsvirkjun í sumar.
Stöðvarnar eru opnar alla eftirmiðdaga í sumar.

Nánari upplýsingar á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000

Landsvirkjun

PIPAR • SÍA • 71131

## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Ingibjörg Sólrún verður alltaf mjög meyr og tilfinninganæm á gamlárskvöld og ég nota þá tækifærið til að innræta henni eitthvað af jafnaðarstefnu.“*

Össur Skarphéðinsson, alþingismaður, í Pressunni 1992.

„Mér tókst ekki að fá svilkonu mína í flokk jafnaðarmanna þá en tíminn og örlögin hafa nú leitt okkur saman. Og hún hefur meyrnað með aldrinum,“ segir Össur í dag.

# Arnar Grant klökkur þegar dóttirin fæddist

„Ég hugsa að ég sé hamingjusamasti maður á jörðinni í dag,“ sagði líkamsræktarfrömuðurinn Arnar Grant um miðjan dag í gær. Hálfur sólarhringur var þá liðinn frá því að Arnar eignaðist annað barn sitt. Um fimmleytið í gærmorgun ól unnusta Arnars, Tinna Róbertsdóttir, honum dóttur sem var 16 merkur og 53 sentímetrar. Fæðingin gekk að sögn Arnars „hægt og rólega.“ Öllum í fjölskyldunni heilsast vel.

Arnar átti erfitt með að hemja gleði sína í samtali við Fréttablaðið. „Þetta er einfaldlega það sem lífið gengur út á, maður kemst ekkert lengra en þetta,“ segir hann.

Eins og flestir vita er Arnar annálaður afreksmaður í fitness og hefur getið sér gott orð sem einkaþjálfari. Vöðvabúntið er þó ekki feimið við að sýna tilfinningar á stundu sem þessari: „Það geta allir orðið klökkir, sama hversu stórir og sterkir þeir eru.“

-hdm



**HRIKALEGUR** Arnar klökknaði þegar dóttir hans fæddist.



**STOLTIR FORELDRAR** Arnar Grant með barnsmóður sinni, Tinnu Róbertsdóttur.



**LÁRÉTT**
**2.** hrjúf, 6. ryk, 8. örn, 9. loka, 11. bardagi, 12. þvílíkt, 14. leikur, 16. ætíð, 17. tunnu, 18. hrópa, 20. gangþófi, 21. flokka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** kvenflík, 3. guð, 4. eilífð, 5. húðsepi milli táa, 7. talsmaður, 10. sigti, 13. knæpa, 15. lap, 16. haf, 19. til.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. gróf, 6. ím, 8. ari, 9. lás, 11. at, 12. slíkt, 14. parís, 16. sí, 17. ámu, 18. æpa, 20. il, 21. raða. **LÓÐRÉTT:** 1. pils, 3. ra, 4. óratími, 5. fit, 7. málpípa, 10. sía, 13. krá, 15. sull, 16. sær, 19. að.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8.

1. Heiligendamm
2. Davíð Oddsson
3. Páll Gunnar Pálsson









**KÁTIR SJÓARAR** Hér sést áhöfn Bjarts við bátinn í höfninni í Neskaupstað.

PÉTUR RÚNAR GUÐMUNDSSON: BÝR TIL BJARTAN BJÓR

# Sérmerktur áhafnarbjór fyrir sjómannadagshelgina

„Það var mjög fínt að fá bjórinn fyrir sjómannahelgina,“ segir Pétur Rúnar Guðmundsson, sjómaður á bátnum Bjarti frá Neskaupstað. Áhöfn Bjarts lét sérmerkja bjór fyrir sig fyrir sjómannadaginn. Bjórinn er kallaður Bjartur bjór. Það er mynd af bátnum Bjarti og einkennisstafir Síldarvinnslunnar framan á flöskunni og mynd af Neskaupsstað aftan á. „Bátarnir hjá Síldarvinnslunni eru margir búnir að gera þetta síðustu ár og okkur fannst tími til kominn að fá svona fyrir okkur líka. Þetta er mjög skemmtilegt.“

Það reyndist ekki erfitt að fá bjórinn merktan. Pétur hafði samband við Vífilfell og Álprent, fyrirtæki á Akureyri sem sér um að prenta á bjórflöskur fyrir Vífilfell og allt gekk þetta eins og í sögu.




**SKIPSBJÓRINN** Pétur Rúnar Guðmundsson skipverji með bjórinn sem áhöfn Bjarts lét gera fyrir sig.

„Þetta vekur athygli og flestir eru ánægðir með þetta,“ segir Pétur. Margir sem hafa verið um borð á Bjarti einhvern tíma hafa haft samband við núverandi áhöfn til að eignast eina eða tvær flöskur til að eiga. „Þeir eru að fá flöskur til að geyma og stilla upp á hillu heima hjá sér.“

Áhöfnin á Bjarti verður reyndar líka að geyma bjórinn heima því ekki er tími til að sitja að sumbli út á rúmsjó. „Við megum auðvitað ekki drekka á bátnum svo bjórinn bíður bara eftir okkur í ísskápnum heima.“

Áhöfnin á Bjarti telur 15 til 20 manns og er báturinn gerður út af Síldarvinnslunni í Neskaupstað.

Pétur reiknar með að gera þetta að árlegum viðburði. „Við ætlum að gera þetta aftur fyrir sjómannadaginn á næsta ári. Það verður að vera þá. Það er dagurinn okkar.“

jara@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Ljósmyndarinn **Silja Magg** flyst bráðum af landi brott en hún hyggur á nám í ljósmyndun í Parsonskólanum í New York. Silja hefur verið vinsæll tískuljósmyndari eins og bróðir hennar **Ari Magg**. Silja verður þó ekki ein í New York borg því búast má við að unnusti hennar, **Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson**, muni oft og iðulega heimsækja hana. Sigurður Pálmi er á flakki út um allan heim en hann stýrir útgáfufyrirtækinu From Nowhere Records sem gaf meðal annars út plötu með **Barða** í Bang-Gang ytra.



Eins og Fréttablaðið greindi frá í vikunni mun **Selma Björnsdóttir** leikstýra Gosa, stóra barnasöngleik Borgarleikhússins næsta vetur. Nokkrar vangaveltur hafa verið um hver muni hreppa hlutverk söguhetjunnar sjálfrar og hafði nafn **Rúnars Freys Gíslasonar**, eiginmanns Selmu, heyrst nefnt í því sambandi. Af því mun hins vegar ekki verða því Rúnar Freyr mun leika eitt aðalhlutverkanna í Skilaboðaskjóðunni, stóra barnasöngleik Þjóðleikhússins í vetur. Það verður því bullandi samkeppni um leikhúsgesti á milli hjónanna í vetur og heitar umræður við eldhúsborðið á heimili þeirra í Barmahlíðinni.



-kh/vig

# Sjónvarpsupptökur í eldhúsi Árna Johnsen

Nýr raunveruleikaþáttur, sem kokkarnir Völundur Snær Völundarson og Sigurður Gíslason koma fram í, var að hluta til tekinn upp að Höfðabóli, heimili Árna Johnsen þingmanns. Þátturinn heitir Meal Ticket og verður sýndur í haust en hann er framleiddur af sjónvarpsstöðinni Mojo Network.

„Þau ætluðu í Útey til eggjatöku en það gaf ekki veður og því var ákveðið að leika af fingrum fram,“ útskýrir Árni. „Ég átti nokkur svartsfugls- og fýlsegg svo ég bauð þeim heim og aðalkokkur þáttarins tók yfir eldhúsið.“

Stjórnandi Meal Ticket heitir Ralph Pagano. Þættirnir ganga út á það að Ralph er skilinn eftir í ókunnugu landi og þarf að vinna sér fyrir fargjaldinu heim. Hann leitar því á náðir innlendra kokka, sem í þessu tilfelli voru Völundur Snær og Sigurður.

„Hann bjó til ommelettu úr eggjunum sem ég átti. Eggjakakan var einstaklega falleg - eins og kvöldsólin - enda er rauðan úr langvíueggjunum svo sterk,“ segir Árni. Meðal þess sem Ralph notaði í eggjakökuna var púrrulaukur, sveppir, heimatilbúin rúllupylsa, appelsína og tómatar. „Þetta var forlát ommeletta,“ segir þingmaðurinn sem fékk kokkinn til að drekka eitt hrátt langvíuegg. Og kokkurinn lét sér ekki segja það tvisvar: „Hann drakk það með stæl,“ segir Árni. -kh



**ÁRNI JOHNSEN** Þingmaðurinn bauð kokkinum Ralph heim til að elda

**ÚR RAUNVERULEIKAÞÆTTINUM** Ralph Pagano fékk aðstoð frá þeim Völundi Snæ og Sigurði Gíslasyni við að elda úr íslensku hráefni.

Veldu speltkökurnar frá Myllunni
3 nýjar tegundir

**Nýtt!**




# Myllu Speltkökur

## Kauptu bragðgóðar og nærandi Myllu-speltkökur

Speltkökurnar frá Myllunni eru bakaðar úr spelti sem margir velja fremur en annað korn til matargerðar vegna næringargildis síns og hollustu. Spelti er ævaforn, harðgerð og einstök korntegund, sem ræktuð hefur verið í þúsundir ára og er nú afar vinsæl um allan heim vegna jákvæðra eiginleika sinna fyrir líkamlegt atgerfi.

***Komdu við í næstu búð og veldu speltkökurnar frá Myllunni - fást með þremur bragðtegundum: gulrótum, eplum og múslí.***

Spelti er óhemju góð uppspretta ríbóflavíns (B2 vítamín), ríkt af þíamíni (B1) og níasíni (B3) auk þess að vera uppspretta ýmissa steinefna, s.s kopars, járns, mangans og zinks. Spelti inniheldur mikilvæg steinefni og hyaluronsýru, sem inniheldur m.a. hið fátíða snefilefni, kísil. Hyaluronsýra og kísill þess gegna mikilvægu hlutverki við að viðhalda eðlilegri vökvastarfsemi í augum og liðum líkamans. *Sjá nánar á www.myllan.is*




Myllu Spelt KAKA

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

**Hafðu það reglulega gott. Kauptu Myllu-speltköku reglulega.**

www.isam.is ÍSAM Merki ÍSAM tryggir íslenskum heimilum hagkvæmar og góðar vörur. Myllan er eitt af gæðavörumerkjum ÍSAM.

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR



BAKÞANKAR

KRISTÍNAR SVÖVU TÓMASDÓTTUR

# *Hugmyndir Svía um nútímann*

Það er viss passi í kringum hina árlegu fegurðarsamkeppni Ungfrú Ísland að henni sé mótmælt, einkum af ljótu og bitru femínistunum sem enginn vildi sofa hjá. Alltaf eru aðstandendur keppninnar jafn gáttaðir á gagnrýninni, enda frjálst val ungu stúlknanna með vaselínsmurðu skelfingarbrosin að taka þátt í viðkomandi skrokkasýningu. Sem er alveg rétt. Ekki fá þær pening fyrir. Í mesta lagi þrjátíu kíló af nælonsokkum, ef þær eru nógu vinsælar.

**TITILLINN** vinsælasta stúlkan sannar að þetta snýst ekki bara um að þegja og vera sæt. Aðstandendur keppninnar leggja áherslu á að alltaf sé dæmt út frá bæði útliti og persónuleika, og ekki bara sem sárabót fyrir stelpurnar sem komu ekki nógu vel út úr læramælingunum en eru samt geðveikt hressar.

**ÞAÐ** virðist skipta suma máli að einnig sé dæmt út frá ágæti persónuleika, en ég get ekki séð að slíkt sé neitt minna umdeilanlegt en útlitsfegurð. Allavega hefði ég átt í mesta basli með þann hluta dómgæslunnar í Ungfrú Ísland, enda jákvæðni, bjartsýni og köllun til hjálparstarfs í Afríku ekki efst á mínum lista yfir mannkosti.

**SUMIR** femínistar vilja hér sem annars staðar fara „sænsku leiðina“. „Sænska leiðin“ þýðir nokkurn veginn alltaf „sænsku leiðindin“, enda leiðir Svía aldrei órannsakanlegar. Nema mögulega í fegurðarbransanum.

**SVÍAR** hafa sumsé neitað að senda fulltrúa sinn í Ungfrú Alheim, þar sem þeir telja alþjóðlegu keppnina ekki vera í takt við nútímann. Þar sé enn lögð of mikil áhersla á niðurlægjandi og yfirborðskennt bikinístripl. Í Svíþjóð hafa verið þróaðar aðrar og nútímalegri aðferðir. Ungfrú Svíþjóð verður ekki lengur kjörin með hefðbundnum hætti heldur er sótt um titilinn eins og hvert annað starf og aukin áhersla lögð á andlegt atgervi og menntun, enda þarf fegurðardrottningin að vera verðugur fulltrúi lands og þjóðar.

**FULLTRÚI** lands og þjóðar? Munaðarleysingjahæli og kokkteilboð? Eigum við ekki svoleiðis? Það er orðum aukið að kalla forsetakosningarnar fegurðarsamkeppni (enda hefði Ástþór þá rústað Ólafi) – ætli þær séu ekki meira í ætt við kosninguna um vinsælustu stúlkuna. Förum íslensku leiðina. Ungfrú Ísland beri loks nafn með rentu og sé einfaldlega kjörin forseti. Með sprota og kórónu. Í sokkabuxum frá Oroblu.




